








# FRÉTTABLAÐIÐ

**HELGARBLAÐ**
5. apríl 2014
81. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**BIÐIN EFTIR BARNI GETUR BREYST Í ERFIÐA BARÁTTU**
Ásta Sól Kristjánsdóttir, Jessica Leigh Andrésdóttir og Berglind Ósk Birgisdóttir tala um ófrjósemi og skilningsleysið í samfélaginu. ▶ 24















## FRÉTTIR 2→12



**HÁLFKÆRINGUR Í TÖLVUPÓSTUM 4**
Fyrrverandi yfirmaður Glitnis skýrði texta tölvupósta í Aurum-málinu þannig að þeir hefðu verið settir fram í hálfkæringi.

**KENNARADEILAN LEYST 6**
Samninganefnd framhaldsskólakennara skrifaði undir nýjan kjarasamning í gær og mun kennsla hefjast í framhaldsskólunum á mánudag.

**RÉTTA YFIR KOSOVO-ALBÖNUM 10**
Evrópusambandið ætlar að stofna alþjóðlegan dómstól til að fjalla um ofbeldisverk Kosovo-Albana á árunum 1998 og 1999.

**UNDIR HÆL MELLUDÓLGA 12**
Þjónusta við vændiskonur sem vilja komast úr aðstæðum sínum snarminnkaði eftir að Kristínarhúsi var lokað.

## SKOÐUN 16→19



**LAGABÓT 16**
Þorsteinn Pálsson um frumvarp að einni mestu lagabót síðari ára.

**ER STYTTING NÁMS TIL STÚDENTSPRÓFS TIL HAGSBÓTA FYRIR NEMENDUR? 18**
Yngvi Pétursson um fyrirhugaðar kerfisbreytingar.

**FISKVEIÐIDEILUR SÆMA EKKI NORÐURLÖNDUM 19**
Formaður og varaformaður umhverfis- og auðlindanefndar Norðurlandaráðs um makríldeiluna.

## HELGIN 20→50



**FLÓAMARKAÐUR HÁSKÓLANEMA 20**
Háskólanemar tæma geymslur og selja af sér spjarirnar á Háskólatorgi í dag.

**VILL LÆKKA SKATTA 46**
Halldór Halldórsson vill bjóða raunverulega valkosti í borginni.

**METSÖLUHÖFUNDAR OG ORRUSTUSKIP 44**
Illugi Jökulsson fjallar um Alistair McLean í flækjusögu dagsins.

## MENNING 58→61



**ÚR ÖSKJUHLÍÐ Á GRANDAGARÐ 95**
Sögusafnið er flutt úr hitaveitutankinum vestur á Fiskislóð.

**VEISLA Í CAFÉ LINGUA 95**
Asísk tungumál og menning er í brennidepli í apríl.

## LÍFIÐ 62→74



**HLJÓMAR VÍGJA HLJÓMAHÖLLINA 61**
Mikil opnunarhátíð fer fram í dag þegar Hljómahöllin verður formlega opnuð.

**GÆLT VIÐ PUNGINN 67**
Sigga Dögg ráðleggur lesendum Fréttablaðsins.

**FER Á BUFFALÓ-SKÓNUM Á SELFOSS 74**
Erpur Eyvindarson kemur fram með nýrri hljómsveit.

## SPORT 68



**MITT ERFIÐASTA ÁR HJÁ DREKUNUM 68**
Körfuboltakappinn Jakob Örn Sigurðarson segir frá vetrinum í Svíþjóð.

**STELPURNAR ÆTLA AÐ SÆKJA TIL SIGURS 68**
Ísland mætir Ísrael í undankeppni HM 2015.







## FIMM Í FRÉTTUM GJALDTAKA OG VERKFALL



**Ögmundur Jónasson**, þingmaður VG, heimsótti Geysissvæðið um síðustu helgi. Hann hefur ítrekað lýst þeirri skoðun að gjaldtaka á svæðinu sé ólögleg. Ögmundur hefur boðað aðra heimsókn á svæðið.



**Þuríður Helga Kristjánsdóttir**, verkefnastjóri í Norræna húsinu, vakti athygli á að 30 prósentum af þeim mat, sem kemur í verslanir hér á landi, er hent óskemmdum. Hún hvetur til hugarfarsbreytingar.



**Sigrún Eva Jónsdóttir** fyrirsæta hefur vakið mikla athygli upp á síðkastið fyrir framgöngu sína á tískupöllunum í Reykjavík. Hún starfar nú hjá Wilhelmina Models og hefur nóg að gera.



**Aðalheiður Steingrímsdóttir**, formaður samninganefndar Félags framhaldsskólakennara, stóð í eldlínunni alla vikuna við að ná viðunandi samningum fyrir kennara.



→ **Óskar Bergsson**, frambjóðandi framsóknarmanna í Reykjavík, ákvað að draga framboð sitt til baka. Með því vildi hann axla ábyrgð á slöku gengi flokksins í könnunum í borginni. Samkvæmt könnunum á flokkurinn nokkuð langt í land með að koma inn manni í borginni.

# Nýr sæstrengur ekki tekinn í notkun í ár

Sæstrengur sem á að tengja Ísland við Evrópu og Norður-Ameríku verður ekki tekinn í notkun á árinu eins og gert var ráð fyrir. Mikilvægur þáttur í uppbyggingu gagnaversiðnaðar. Tvö félög skoða lóðir undir gagnaver í Reykjanesbæ.

**VIÐSKIPTI** Sæstrengur Emerald Networks, sem á að tengja Ísland við Evrópu og Norður-Ameríku, verður ekki tekinn í notkun á seinni hluta þessa árs eins og áætlanir forsvarsmanna verkefnisins gerðu ráð fyrir. Áætlað er að taka strenginn í notkun á næsta ári en nákvæm tímasetning liggur ekki fyrir.

Björn Brynjúlfsson, framkvæmdastjóri Emerald Networks á Íslandi og starfsmaður Thule Investments, segir fjármögnun verkefnisins hafa seinkað lagningu strengsins.

„Við höfum verið að vinna í forsölum á bandvídd á strengnum og náð í nokkra stóra viðskiptavini og það gengur vel,“ segir Björn.

Strengurinn, sem nefnist Emerald Express, hefur verið í undirbúningi frá árinu 2011. Verkefnið er alþjóðlegt en Thule Investments sér um fjármögnun þess hér á landi og Vodafone á Íslandi hefur þegar gert samning um notkun á strengnum. Fjárfestingin hljóðar upp á 45 milljónir dala, jafnvirði 5,1 milljarðs króna. Verkið verður að sögn Björns að mestu fjármagnað ef erlendum fjárfestum en innlend fjármögnun gæti numið allt að tíu prósentum.

Strengurinn á að sögn forsvarsmanna Emerald að auka fjarskiptaöryggi hér á landi og skapa samkeppni innan geira þar sem einokun hafi ríkt. Hann eigi einnig að stuðla að áframhaldandi uppbyggingu gagnaversiðnaðar hér á landi.

Borealis Data Center ehf., sem forsvarsmenn Thule Investments koma að, og upplýsingatæknifyrirtækið Advania, skoða nú byggingu nýrra gagnavera og þar er meðal annars horft til komu sæstrengsins. Nokkrar lóðir eru sagðar koma til greina en bæði Borealis og Advania horfa til svæðis við Fitjar í Reykjanesbæ og Borealis hefur nú þegar fengið úthlutað lóðum þar.

„Við lítum á þetta sem spennandi svæði þar sem eru að verða til innviðir fyrir gagnaver og við erum að taka þátt í þeirri uppbyggingu meðal annars í gegnum Emerald,“ segir Björn.

Eyjólfur Magnús Kristinsson, framkvæmdastjóri hjá Advania, staðfestir að fyrirtækið sé að skoða lóðir á svæðinu undir nýtt tvö þúsund fermetra gagnaver.

„Við höfum verið að skoða þessa staðsetningu en það hefur ekki verið gengið frá neinu og aðrir staðir koma einnig til greina,“ segir Eyjólfur. haraldur@frettabladid.is



**SÆSTRENGUR LAGÐUR** Áætlað er að strengur Emerald Networks komi í land við Grindavík. NORDICPHOTOS/AFP

→ **Lóðirnar sem koma til greina í Reykjanesbæ**




Hæstiréttur féllst ekki á þá niðurstöðu héraðsdóms að ákæra væri óskýr:

# Aserta-málið sent aftur í hérað

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur snúið við frávísun Héraðsdóms Reykjaness í Aserta-málinu svokallaða þar sem Karli Löve Jóhannssyni, Gísla Reynissyni, Markúsi Mána Michaelssyni Maute og Ólafi Sigmundssyni er gefið að sök að hafa brotið gjaldeyrislög.

Málinu var vísað frá þann 14. mars þar sem ákæra sérstaks saksóknara þótti ekki nægilega skýr. Á það féllst Hæstiréttur ekki. Málið fer því aftur fyrir héraðsdóm sem mun taka það efnislega fyrir.

„Í málinu er af hálfu sóknaraðila byggt á því að varnaraðilar hafi haft með sér samverknað auk þess sem framsetning ákærunnar hefur að geyma lýsingu á framhaldsbroti. Að þessu gættu þykir verknaðarlýsing ákærunnar fullnægjandi, enda verður ekki gerð sú krafa þegar um er að ræða brot af því tagi að lýst sé sérstaklega samkynja eða eðlislíkum brotum í framhaldandi röð,“ segir í dómi Hæstaréttar.

Í dómi Hæstaréttar í dag kemur fram að ekki sé réttmætt að gera þá kröfu til sérstaks saksóknara að þætti hvers varnaraðila sé lýst sérstaklega þegar byggt sé á því að þeir hafi unnið saman.



**FYRIR DÓM Á NÝ** Héraðsdómur mun þurfa að fjalla um Aserta-málið á ný eftir dóm Hæstaréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þá breytir engu sú verknaðarlýsing í ákæru að varnaraðilar hafi ráðið yfir því erlenda félagi sem þar greinir, enda getur sakfelling ekki ráðist af formlegum tengslum þeirra við það félag,“ líkt og segir í dómnum. - ktd, bj



GJÖF SEM GLEÐUR
Gjafakort
Kringlan
VISA
Gjafakort Kringlunnar er gjöf af öllu hjarta. Þú færð kortið á þjónustuborðinu á 1. hæð við Hagkaup eða á kringlan.is.
Kringlan
KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
AF ÖLLU HJARTA
OPIÐ 10-18 LAUGARDAG
OPIÐ 13–18 SUNNUDAG

## 29.03.2014 → 04.04.2014

**8** verkefni í Helguvík eru nú á borðinu. Þau hafa samtals kostað tugi milljarða króna. Ekkert þeirra er í hendi.





**28%** aukning er á sölu páskabjórs miðað við sama tíma í fyrra.

**30%** af matvörum verslana er fleygt í ruslið hér á landi.



**2000** innflytjendur án ríkisborgararéttar voru á kjörskrá í Reykjavík fyrir sveitarstjórnarkosningarnar árið 2010.



**15 sentimetra** hefur Höfn í Hornafirði risið frá árinu 1997. Ástæðan er bráðnun Vatnajökuls.





**38%** atkvæða fengi nýtt framboð hægrimanna hugsanlega í næstu kosningum samkvæmt könnun MMR

**66 MILLJÓNIR KRÓNA** greiddu Íslendingar til Sjúkratrygginga Íslands í iðgjöld vegna slysatrygginga við heimilisstörf. Bæturnar voru 22 milljónir.



Mál Geirs til Strassborgar:

## Sex starfsmenn þýddu skjölin

**DÓMSMÁL** Alls tóku sex starfsmenn Þýðingarmiðstöðvar utanríkisráðuneytisins þátt í að þýða Landsdóminn yfir Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, og úrskurði tengda honum. Samanlagt tók verkefnið um þrjá mánuði, þar af fóru tæpir tveir mánuðir í þýðingarnar.



GEIR H. HAARDE

Skjölin verða send út til Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg ásamt sex spurningum sem dómstóllinn óskaði eftir svörum við. Fresturinn til þess rann út á mánudag, eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær. Innanríkisráðuneytið átti að senda skjölin út 6. mars en fékk mánaðarfrest vegna þess hve langan tíma tók að þýða Landsdóminn. - fb

Vilja afstýra kennaraverkfalli:

## Stúdentar skora á ríkisstjórn

**MENNTAMÁL** Stúdentaráð Háskóla Íslands skorar á ríkisstjórn að leysa kjaradeilu við Félag háskólakennara áður en boða þarf til verkfalls. Þetta kemur fram í tilkynningu frá ráðinu.



MARÍA RUT KRISTINSDÓTTIR

Stúdentaráð harmar jafnframt að félagið telji sig knúið til þess að fara í verkfall. Ráðið segir afleiðingar verkfalls fyrir stúdenta vera hrylling einn og að frestun próftímabils muni setja allt úr skorðum fyrir stúdenta.

Fyrirhugað verkfall stæði yfir á próftímabili, frá 25. apríl til 10. maí. - bá

# Segir tölvupósta hafa verið setta fram í hálfkæringi

Jón Ásgeir Jóhannesson gagnrýndi saksóknara við skýrslutöku í Aurum-málinu í gær. Starfsmaður Glitnis sagði áhættunefnd hafa haft efasemdir um lánveitinguna og að virðismatið á Aurum Holding hefði verið of hátt.

**DÓMSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson, fjárfestir og einn ákærðu í Aurum-málinu, gagnrýndi sérstakan saksóknara harðlega í héraðsdómi í gær. „Það er greinilegt að það er ekki verið að rannsaka málið til sýknu, einungis til sektar,“ sagði hann við skýrslutöku.

Í málinu eru auk Jóns þeir Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, Magnús Arnar Arngrímsson og Bjarni Jóhannesson, sem báðir voru starfsmenn Glitnis, ákærðir fyrir umboðssvik vegna sex milljarða króna láns sem Glitnir veitti félaginu FS38 ehf. sem var í eigu Pálma Haraldssonar, vegna kaupa á félaginu Aurum Holdings Ltd.

Jón sagðist hafa haft stöðu grunaðs manns í tólf ár hjá sérstökum saksóknara og fyrirrennara hans. Hann sagði að svo virtist sem sérstakur saksóknari kynni ekki ákveðnar reglur um saksókn; að þeir sem rannsaki saksókn skuli vinna að því að hið sanna komi í ljós og gæta jafnt að því sem leiði til sektar og sýknu.

Jón er ákærður fyrir hlutdeild í broti Lárusar með því að hafa með fortölum og hvatningu stuðlað að því að brotið var framið. Hann sagði við skýrslutökuna að hann hefði ekki haft neina yfirsýn yfir hvernig Glitnir hagaði sínum lánamálum. Ekkert óeðlilegt væri við það að ýta á eftir málum.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, spurði Jón hvort hann hefði verið í þeirri aðstöðu að geta haft áhrif á framgang lánamála Glitnis. „Nei, enda kemur það fram í gögnum. Það er ekki glæpur að koma með hugmyndir,“ sagði Jón. Aðspurður sagðist hann ekki hafa fengið neina sérmeðferð hjá Glitni. „Ef eitthvað er þá fékk ég verri meðferð en annars.“

> → Einar Örn Ólafsson, fyrrverandi yfirmaður fyrirtækjaráðgjafar bankans, sagði að tölvupóstar sem hann hefði sent frá sér væru oft skrifaðir í hálfkæringi.

Eftir skýrslugjöf Jóns báru fyrrverandi starfsmenn Fons og Glitnis vitni. Einar Örn Ólafsson, fyrrverandi yfirmaður fyrirtækjaráðgjafar bankans, sagði að tölvupóstar sem hann hefði sent frá sér væru oft skrifaðir í hálfkæringi. Hann hefði sérstakan stíl og væri oft hvatvís. Ekki mætti túlka póstana of bókstaflega.

Einar Sigurðsson, fyrrverandi starfsmaður fyrirtækjaráðgjafarinnar, sagði í sínum vitnisburði að hann hefði merkt breytingar í bankanum eftir að nýir eigendur og forstjóri komu inn. „Það var meiri áhugi á því að vaxa og hraðari ákvarðanataka,“ sagði Einar í héraðsdómi í gær. Hann sagði einnig að áhættunefnd bankans hefði haft efasemdir um lánveitinguna sem og að honum sjálfum hefði þótt virðismat bankans á Aurum vera hátt.

fanney@frettabladid.is
freyr@frettabladid.is



**Í DÓMSALNUM** Jón Ásgeir Jóhannesson í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Hann gagnrýndi sérstakan saksóknara harðlega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### ORÐRÉTT ÚR RÉTTARSAL Í AURUM-MÁLINU

**„Já, eins og margar eiginkonur.**
*Jón Ásgeir Jóhannesson aðspurður um hvort eiginkona Lárusar Welding hefði unnið hjá sér.*

**„Þeir mættu vera fleiri.**
*Ólafur Þór Hauksson þegar Jón Ásgeir sagði Bjarna Jóhannesson vera þrjóskasta bankamanninn.*

**„Ég þekki þetta Aurum-mál ekki rassgat.**
*Einar Örn Ólafsson í tölvupósti.*

**„Þeir skiptu um forstjóra, auðvitað hefur það áhrif.**
*Einar Sigurðsson um nýja eigendur Glitnis.*

**„Það er ekkert óeðlilegt við það að menn ýti á eftir málum.**
*Jón Ásgeir Jóhannesson um meintan þrýsting hans á starfsmenn Glitnis.*




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 23° | Friedrichshafen | 18° | New York | 13° |
| Aþena | 21° | Gautaborg | 10° | Orlando | 29° |
| Basel | 23° | Kaupmannahöfn | 10° | Ósló | 9° |
| Berlín | 16° | Las Palmas | 21° | París | 20° |
| Billund | 10° | London | 16° | San Francisco | 17° |
| Frankfurt | 23° | Mallorca | 18° | Stokkhólmur | 9° |



**Á MORGUN**
5-13 m/s S- og SV-til, annars fremur hægur vindur



**MÁNUDAGUR**
8-15 m/s NV- til, annars fremur hægur vindur

**VÆTA UM HELGINA** einkum á S-verðu landinu. Súld SA-til í dag en bætir í úrkomu um allt S-vert landið síðdegis og í kvöld. A-læg átt í dag og á morgun, strekkingur SV- og V-til, annars hægari. Milt í veðri, að 11 stigum en heldur svalara á mánudag.

**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is,
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# VORIÐ er komið

## Í HÚSASMIÐJUNA OG BLÓMAVAL

**Háþrýstidæla C105**
**10.995 kr.**
14.995 kr

**Háþrýstidæla C105.6-5**
105bar,5m slanga.
5254249

**Orkidea**
**1.499 kr**
~~1.990 kr~~

**Hortensía**
**1.499 kr**
~~1.990 kr~~

**Páskaliljur**
Tet a tet
**399 kr**
~~479 kr~~

**Author Vectra**
**32.900 kr.**
Reiðhjól 26"

**Reiðhjól Vectra**
18 gírar Shimano Revoshift.
3899998

**Gasgrill Omega**
**19.900 kr.**
2 brennarar

**Omega 100**
Grillflötur 500x360mm,
Tvískiptur brennari
3000226

**Hleðsluborvél**
**9.995 kr.**
~~13.995 kr~~

**Rafhlöðuborvél**
Black&Decker EPC12CAB
2 rafhlöður
5245999

**Páskagreinar**
**899 kr.**
Búnt

**Mold**
45 ltr.
**799 kr**
~~999 kr~~

**Ástareldur**
**579 kr**
~~999 kr~~

**Alparós**
**1.499 kr**

**Gasgrill Weber**
**39.890 kr.**
Q120 svart ferðagrill

**Weber Q120**
Brennari: 2,64 kW
Grillflötur: 42x32 cm
3000244

**Keðjusög**
**15.995 kr**
~~18.895~~

**Rafmagnskeðjusög 2000-40**
Texas 2000W - 40cm blað.
Mjúkt grip, þyngd 4.5kg
5083575

**Hekkklippur**
**9.995 kr**
Rafmagns TEXAS 550W

**Hekkklippur EH550**
Texas 550W - 51cm blað.
Klippigeta 20 mm, þyngd 4.2kg
5083600

**Hekkklippur**
**1.499 kr**
Frábært verð

**Hekkklippur**
5084715

**Höfum opnað nýja gólfefnadeild í Skútuvogi**

PARKET

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

Við höfum stofnað lögmannsstofu undir nafninu:

VestNord lögmenn

Eyjólfur Ármannsson hdl. og LL.M.
eyjolfur@vestnord.is
Farsími: 777 1710

Gísli Tryggvason hdl. og MBA
gt@vestnord.is
Farsími: 897 3314

VestNord lögmenn, Hverfisgötu 18 (gegnt Þjóðleikhúsinu), 101 Reykjavík,
sími: 533 3050, fax 533 3055, vestnord@vestnord.is
www.vestnord.is · facebook.com/Vestnord

Flugmálastarfsfólk og fulltrúar Isavia freista þess að ná saman um kjörin:

# Út fyrir kassann í flugvalladeilu

**KJARAMÁL** „Það var lagt upp með að spóla aðeins til baka og hugsa út fyrir kassann,“ segir Kristján Jóhannsson, formaður Félags flugmálastarfsmanna ríkisins, um fund í gær í kjaradeilu við Isavia.

Það virðist því breyttur tónn í deilunni eftir nokkrar ýfingar undanfarna daga þar sem andstæðar fullyrðingar um ánægju starfsmanna hjá Isavia hafa verið í forgrunni.

„Menn reyndu að nálgast hvorir aðra með jákvæðum hætti og það tókst. Við ætlum að hittast aftur á mánudaginn og vonandi verður þá eitthvað lagt fram til að vinna úr. Ég ætla að leyfa mér að að vera bjartsýnn þar til ég sé tillögur þeirra,“ segir Kristján.

Félag flugmálastarfsmanna ásamt Stéttarfélagi í almannaþjónustu og Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna hefur boðað til þriggja vinnustöðvana félagsmanna sinna hjá Isavia í apríl. Fátt virðist geta komið í veg fyrir vinnustöðvun á þriðjudag. - gar



**Í KARPHÚSINU** Samninganefnd frá flugvallastarfsmönnum réð ráðum sínum hjá ríkissáttasemjara í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HÖNNUN FYRIR LÍFIÐ

ÞÝSK ÍSLENSK SAMVINNA



Miele EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Nemendurnir aftur í skólann á mánudag

Framhaldsskólakennarar munu greiða atkvæði um nýjan kjarasamning, sem undirritaður var í gær, þann 23. apríl. Skólastjórnendur hvers skóla ákveða hvort, og þá hvernig nemendum verður bætt upp að hafa misst þrjár vikur úr námi.

**MENNTAMÁL** Kennsla í framhaldsskólum hefst aftur á mánudag en þá verður gert hlé á verkfalli framhaldsskólakennara. Verkfallið hefur staðið yfir í þrjár vikur, frá miðnætti þann 17. mars.

Skrifað var undir nýjan kjarasamning framhaldsskólakennara á fimmta tímanum í gær í húsnæði ríkissáttasemjara. Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um samþykki félagsmanna í Félagi framhaldsskólakennara og ríkisins. Kennarar munu greiða atkvæði um samninginn þann 23. apríl. Verði samningurinn samþykktur mun hann gilda út september 2016.

Nákvæm efnisatriði samningsins verða kynnt kennurum á næstunni. Eftir því sem næst verður komist hækka laun kennara í áföngum. Fyrst um 2,8 prósent, en samtals 6,8 prósent yfir samningstímann. Breytingar á vinnumati sem samningarnir fela í sér gera kennurum þó kleift að fá allt að því 29 prósenta hækkun á launum.

„Þetta er merkur áfangi í umbótum á skólastarfi í framhaldsskólum landsins,“ sagði Gunnar Björnsson, formaður samninganefndar ríkisins, eftir að samningarnir höfðu verið undirritaðir í gær.

Hann sagði kostnað ríkisins við samningana ekki liggja fyrir. „Það liggur ekki ljóst fyrir hver kostnaðurinn verður nákvæmlega fyrir þjóðarbúið en til lengri tíma litið sjáum við verulegan ávinning. Námið verður fjölbreyttara og meira svigrúm er til staðar til að stytta það eða lengja. Við erum ágætlega sátt við niðurstöðuna þó við höfum ekki náð fram öllu sem við vildum.“

Ólafur H. Sigurjónsson, formaður Félags stjórnenda í framhaldsskólum, tekur í svipaðan streng. „Þessir samningar verða okkur til heilla til mjög langs tíma en þeir marka tímamót í rekstri framhaldsskólanna.“

Hann segir að líta megi svo á að í samningunum felist ákveðin umbun fyrir þá skóla sem kjósa að stytta námið til stúdentsprófs.

„Í samningnum er ákveðið ákvæði sem gildir ef skólar kjósa að stytta námið í þrjú ár því þá þarf að þjappa því saman, en nýjar og mikilvægar breytingar á vinnulagi valda því að það skilar sér með hærri launum,“ segir Ólafur.



**HANDSALAÐ** Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður samninganefndar Félags framhaldsskólakennara, og Gunnar Björnsson, formaður samninganefndar ríkisins, handsöluðu kjarasamninginn undir vökulu auga Magnúsar Péturssonar ríkissáttasemjara. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta er alveg frábær dagur, það er frábær tilfinning að klára loksins verk sem staðið hefur í svo langan tíma,“ segir Guðríður Arnardóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara.

Hún segir að ljóst verði á næstu dögum hverjar afleiðingar verkfallsins hafa verið fyrir framhaldsskólanemendur. Stjórnendur hvers skóla verði að ákveða fyrir sinn skóla hvernig verði brugðist við því að nemendur hafi misst úr kennslu.

„Til að koma til móts við 15 daga verkfall var samþykkt heimild um að kenna að minnsta kosti fimm auka kennsludaga í vor. Hvort kennt verði á laugardögum eða námið lengist inn í vorið er útfærsluatriði sem hver skóli ákvarðar. Komi til þess að kennarar þurfi að vinna lengur en þessa fimm daga munu við þeir fá greitt fyrir alla umframvinnu sem verkfallið krefst af þeim.“

Guðríður segir að nú taki við nokkurra mánaða vinna við að skilgreina vinnu kennara. Þar verði tekið tillit til þátta á borð við hópastærðir, hvort kennari sé að kenna einn eða fleiri áfanga, hvort hann sé að kenna áfangann í fyrsta skipti, og fleira.

„Þessi vegferð felur í sér að móta breytingarnar. Þær verða bornar undir kennara í atkvæðagreiðslu í febrúar á næsta ári, og verði þær felldar teljast kjarasamningar lausir á ný,“ segir Guðríður. julia@frettabladid.is



**Til að koma til móts við 15 daga verkfallið má nýta þessa 5 daga heimild sem nýir samningar kveða á um að bæta megi inn í skólaárið. Hvort kennt verði á laugardögum eða námið lengist inn í vorið er útfærsluatriði sem hver skóli ákvarðar.**

*Guðríður Arnardóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara.*

## Nemendur eru aðalsigurvegararnir



**ILLUGI GUNNARSSON**

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra er ánægður með niðurstöðu kjarasamninganna og segir að í þeim hafi verið stigið fyrsta skrefið í átt að styttingu náms til stúdentsprófs.

Hann leggur áherslu á að við gerð samninganna hafi náðst kerfisbreytingar í framhaldsskólum sem feli í sér kjarabætur fyrir kennara og að samningurinn sé tímamótasamningur. Aðalsigurvegara nýrra samninga segir Illugi vera nemendur.

„Stór hluti samningsins snýr að kerfisbreytingu í framhaldsskólakerfinu, sem gerir okkur kleift að nútímavæða það. Þannig nýtum við betur tíma nemenda og þar með líka fjármuni, og með því rökstyðjum við þá hækkun sem kennararnir fá.“

Launin hækka en á móti verður skólakerfið betra, kennsludögum fjölgar og skil á milli prófa og kennslutíma verða afnumin.

„Síðan er auðvitað gríðarstórt atriði sem snýr að breytingum á vinnumati kennara. Það er þannig búið um það í samkomulaginu, að fram þarf að fara samvinna á milli stjórnvalda og kennara sem lýkur svo með atkvæðagreiðslu kennara í febrúar.“

Illugi segir að breytingar á vinnumati komi til með að auka allan sveigjanleika í framhaldsskólakerfinu sem verði með þeim betra, og að þær muni fela í sér ávinning fyrir alla þjóðina. - hmp






SMÁRALIND

Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á facebook



VATNSMÝRIN Meðlimir í Fuglaverndarfélagi Íslands hittast í Vatnsmýrinni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fuglaverndarfélag Íslands tínir rusl í Vatnsmýri:

# Bera hag Tjarnarinnar fyrir brjósti

**LÍFRÍKI** Meðlimir í Fuglaverndarfélagi Íslands ætla að fjölmenna í friðlandinu í Vatnsmýrinni í dag og tína þar rusl og fleira.

„Hluti af friðlandinu er að breytast í skóglendi. Það þarf að klippa runna og fjarlægja trjáplöntur af hluta svæðisins. Þetta á að vera votlendi, ekki skógur. Síðan eru síkin og bakkarnir hálffull af rusli," segir Ólafur Karl Nielsen, fuglafræðingur við Náttúrufræðistofnun Íslands, aðspurður.

„Ég held að mikilvægið í þessum litla viðburði sé að vekja fólk til vitundar um að framtak þess skiptir máli. Það eiga allir að bera hag Tjarnarinnar í brjósti. Ekki sitja bara þegjandi heldur, ef þeir mögulega geta, að taka til hendinni og láta sig málið varða," segir Ólafur Karl.

Fuglavernd stofnaði í fyrra með Norræna húsinu hópinn Hollvini Tjarnarinnar sem hefur þann tilgang að hlúa að lífríki Reykjavíkurtjarnar. „Við áttum ágæta stund í fyrra. Ef þetta heldur áfram eru menn að hugsa stærra en bara að hirða rusl. Eitt af þeim verkum er að eyða hvönninni í Torfinnshólmi. Kríurnar verpa þar en hvönnin er nokkurn veginn að úthýsa henni," segir Ólafur.

Í nýlegri skýrslu kom fram að aldrei frá upphafi mælinga á fuglalífi Tjarnarinnar hafa andapör verið jafn fá og í fyrra. „Ástandið hefur verið mjög dapurlegt en það eru metnaðarfull plön í gangi. Borgin hefur verið eins og sofandi risi gagnvart Tjörninni en núna er eins og hún sé að fara að rumska."

**- fb**











KOMDU OG PRÓFAÐU VOLVO V40, ÖRUGGASTA BÍL Í HEIMI

VOLVO V40 FÉKK HÆSTU EINKUNN SEM HEFUR VERIÐ GEFIN Í ÖRYGGISPRÓFUNUM EURO NCAP.

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I volvo.is

Volvo V40 D2 115 hö, tog 285 Nm, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,4 l/100 km. $CO_2$ 88 g/km.
Volvo V40 D2 115 hö, tog 285 Nm, 6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,9 l/100 km. $CO_2$ 102 g/km.
Volvo V40 búinn D2 dísilvél uppfyllir þau skilyrði sem þarf til að fá frítt í stæði í miðbæ Reykjavíkur í 90 mínútur í senn.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Viðarvörn

## fyrir íslenskar aðstæður




## Notaðu sumarið til að verja viðinn!

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

**Kjörvari - fyrir íslenskar aðstæður**

málning
*- það segir sig sjálft -*




*Útsölustaðir Málningar:* BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BAUHAUS • BYKO Akranesi Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Virkið Hellissandi • Málningarbúðin Ísafirði Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • G.T. VÍK Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • N1 verslun Grindavík



# Hvernig líður þjóðinni?

## Meistara- og doktorsnám í lýðheilsuvísindum

### Meistaranám í lýðheilsu

(MPH, Master of Public Health)

er tveggja ára þverfræðilegt nám sem veitir hagnýta þekkingu á framkvæmd heilbrigðisrannsókna og útfærslu forvarnaraðgerða. Námið er mikilvægur undirbúningur fyrir þá sem ætla sér forystuhlutverk á hinum fjölmörgu sviðum heilbrigðismála.

**Í boði er:**

» kennsla frá helstu sérfræðingum Íslands á sviðum lýðheilsu
» valnámskeið úr fjölmörgum fræðasviðum Háskóla Íslands, þar á meðal: heilsuhagfræði, heilsusálfræði, næringarfræði, opinberri stjórnsýslu, umhverfisfræði og vinnuvernd
» kennslu- og rannsóknarsamstarf við fremstu menntastofnanir heims, þar á meðal Harvardháskóla í Boston og Karolinska Institutet í Stokkhólmi
» rannsóknarsamstarf við innlendar stofnanir, þar á meðal: Hjartavernd, Krabbameinsfélag Íslands, LSH og Embætti landlæknis

**Kynningarfundur 9. apríl kl. 11:40 í stofu 210 í Stapa við Hringbraut**



**Drífa Pálín Geirsdóttir**, BA í Félagsfræði
Meistaraverkefni:
Notkun örvandi lyfja við ADHD meðal fullorðinna á Íslandi 2003–2012



**Ólöf Sunna Gissurardóttir**, BS í sálfræði
Meistaraverkefni:
Andleg líðan í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli



**Guðlaugur Birgisson**, sjúkraþjálfari
Meistaraverkefni:
Atferlismeðferð með eða án magahjáveituaðgerðar hjá alvarlega offeitum



**Þuríður Anna Guðnadóttir**, hjúkrunarfræðingur
Meistaraverkefni:
Tengsl líkamsþyngdarstuðuls og reykinga á meðgöngu við háþrýstingssjúkdóma barnshafandi kvenna

Verið velkomin í öflugan nemendahóp!
**Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2014**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MIÐSTÖÐ Í LÝÐHEILSUVÍSINDUM

www.publichealth.hi.is




**STYTTA AF HETJU** Fánar Kosovo og Albaníu blakta fyrir aftan styttu af félaga úr Frelsisher Kosovo í höfuðborginni Pristina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþjóðlegur dómstóll tekur til starfa á næsta ári:

# Réttað verður yfir Kosovo-Albönum

**KOSOVO, AP** Evrópusambandið hyggst setja á stofn alþjóðlegan dómstól sem fær það hlutverk að fjalla sérstaklega um ofbeldisverk sem Kosovo-Albanar frömdu í stríði þeirra við Serba á árunum 1998 og 1999.

Með þessu viðurkennir Evrópusambandið í raun að Vesturlöndum hafi ekki tekist að draga albanska bandamenn sína til ábyrgðar fyrir stríðsglæpi.

Albanskir uppreisnarmenn í Kosovo nutu óskoraðs stuðnings Vesturlanda í baráttu sinni fyrir því að segja skilið við Serbíu og stofna sjálfstætt ríki.

Serbar hafa frá upphafi sætt mikilli gagnrýni fyrir stríðsglæpi sem þeir frömdu í stríðinu, en Kosovo-Albanir hafa ekki fyrr en á seinni árum verið krafðir um reikningsskil gerða sinna. Þeir hafa meðal annars verið sakaðir um að hafa stundað sölu á líffærum úr fólki, sem einfaldlega var látið „hverfa“.

Kosovo lýsti yfir sjálfstæði árið 2008 og hafa meira en 100 ríki viðurkennt ríkið, en þó hvorki Serbar né Rússar.

Dómstóllinn á að hefja störf á næsta ári. Hann verður að formi til staðsettur í Kosovo þótt starfsemin verði að mestu í Hollandi.

- gb





50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is

Ford F350 Super Duty 4x4 Crew Cab 6,7 Power Stroke V8 440 hö dísil, tog 1166 Nm, 6 þrepa sjálfskiptur TorqShift® SelectShift Automatic™.
Verð inniheldur hraðatakmarkara. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.


Vodafone RED er komið til Íslands
Ótakmörkuð símtöl og SMS óháð kerfi í alla farsíma og heimasíma á Íslandi
Skiptu yfir í Vodafone RED á vodafone.is
Vodafone
Góð samskipti bæta lífið
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA






**NÝTT HÚSNÆÐI** Stígamót fluttu nýverið í nýtt húsnæði við Laugaveg 170. Þjónusta við vændiskonur hefur snarminnkað eftir að Kristínarhúsi var lokað. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Undir hæl melludólga

Kristínarhúsi, sem var athvarf vændiskvenna í rúm tvö ár, hefur verið lokað. Aðeins fékkst fjármagn fyrir eitt og hálft stöðugildi en mikil sjálfboðavinna var unnin á tímabilinu. Enginn fer nú með umsjón með málaflokknum.

**FÉLAGSMÁL** Síðan Kristínarhúsi var lokað í ársbyrjun hefur þjónusta við vændiskonur sem vilja komast úr aðstæðum sínum snarminnkað. Þetta kom fram í máli Guðrúnar Jónsdóttir, talskonu Stígamóta, við kynningu ársskýrslu samtakanna á föstudag.

Guðrún sagði að Stígamót hefðu reynt að fá stjórnvöld til að koma á fót verkefni til að aðstoða konur sem vilja losna úr vændi. „Við stungum upp á því við innanríkisráðherra og félagsmálaráðherra að komið yrði á fót miðlægu teymi sem aðstoðar konurnar betur en við gátum gert. Þær þurfa allar lögfræðiaðstoð, þær þurfa heilbrigðisaðstoð og félagsaðstoð og við gætum svo komið inn til að takast á við sjálft vændið.“

Guðrún segir að nú sé í raun enginn með málaflokkinn á sínum herðum. „Það er mikil hætta á að mansalsmál verði ósýnileg aftur því það er enginn sem heldur utan um þau eða ákveður miðlægt á hvaða þjónustu hver kona hefur rétt. Við viljum allra helst vinna með stjórnvöldum en það hefur ekki tekist í þessum málum og af því höfum við áhyggjur.“

Kristínarhúsi var komið á fót í september árið 2011. Samkvæmt ársskýrslu Stígamóta fyrir síðasta ár dvöldu ellefu konur og fimm börn í húsinu. Vandi þeirra var fjölþættari en starfskonur Stígamóta bjuggust við.

„Hópurinn sem við fengum í húsið var miklu verr settur en við höfðum átt von á. Þar vorum við að glíma stanslaust við mikla fíkniefnaneyslu og alvarlega geðræna kvilla,“ segir Guðrún.

Hún segir að erfitt hafi reynst að koma konunum undan melludólgum. „Íslensku konurnar voru undir hælnum á skipulögðum íslenskum glæpasamtökum og hinar erlendu undir bæði íslenskum og erlendum gengjum.“ Í ársskýrslu Stígamóta kemur þó fram að stærsta áskorunin hafi verið að sjá um þau börn sem komu í Kristínarhús með mæðrum sínum og oft hafi þurft að tilkynna barnaverndaryfirvöldum um alvarlega vanrækslu. Það hafi í þremur tilfellum leitt til þess að börn voru vistuð í tímabundið fóstur, fjarri mæðrum sínum.



> **Íslensku konurnar voru undir hælnum á skipulögðum íslenskum glæpasamtökum og hinar erlendu undir bæði íslenskum og erlendum gengjum.**
>
> *Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta*

snaeros@frettabladid.is


















SKRÁÐU ÞIG Í
GARÐHEIMAKLÚBBINN
Á GARDHEIMAR.IS OG FÁÐU
10% AFSLÁTT
AF ÖLLUM VÖRUM STRAX

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is og á

# 20% AFSLÁTTUR AF ALLRI SMÁVÖRU TIL PÁSKA!




HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17 O

# SÓFAR FYRIR LIFANDI HEIMILI!

NÝ SENDING AF DÖNSKUM HÚSGÖGNUM



199.990
FULLT VERÐ 219.990

**CLEVELAND**
HORNSÓFI MEÐ TUNGU
Stærð: 308x203 H 81 cm.
Grátt áklæði. Krómlappir.



119.990
FULLT VERÐ 139.990

**CLEVELAND** TUNGUSÓFI Stærð: B 231 D 86/140 H 81 cm.
Grátt áklæði. Krómlappir. Vinstri eða hægri tunga.
Höfuðpúði seldur sér.



**CLEVELAND** TUNGUSÓFI Stærð: B 231 D 86/140 H 81 cm.
Svart leður. Krómlappir. Vinstri eða hægri tunga.
Höfuðpúði seldur sér.

139.990
FULLT VERÐ 169.990

**UMBRIA** sófar eru fáanlegir í ótal útfærslum. 2ja og 3ja sæta, hornsófar, með og án tungu. Þeir eru fáanlegir bæði í ákæði og leðri og mörgum litum.



**UMBRIA** HORNSÓFI MEÐ TUNGU
Stærð: 326 x 261 H 78 cm.
Slitsterkt áklæði í mörgum litum. Höfuðpúðar seldir sér.

369.990
FULLT VERÐ 419.990



**BRIGHTON** 3ja sæta sófi.
Svart leður á slitflötum.
Eikargrind. Stærð: 208x80 cm
H: 80 cm. Einnig fáanlegur 2ja
sæta leður og hornsófi. Einnig
fáanlegur í dökkgráu áklæði.

289.990
FULLTVERÐ 319.990

**HÚSGAGNAHÖLLIN**
REYKJAVÍK | AKUREYRI

G Dalsbraut 1 • Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 **EITT SÍMANÚMER** 558 1100

Neytendasjónarmið ná ekki inn á ríkisstjórnarborðið:

# Hlýr faðmur Framsóknar

Allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, að undanskildum ráðherrunum og forseta Alþingis, eru flutningsmenn þingsályktunartillögu um að móta viðskiptastefnu Íslands, sem feli í sér lægra vöruverð til hagsbóta fyrir neytendur. Með öðrum orðum eigi að lækka tolla, vörugjöld og skatta.

Í greinargerð með tillögunni er margt sagt af viti. Þar er bent á að íslenzk stjórnvöld hafi fullt forræði á að lækka tolla einhliða. „Fram til þessa hefur stefna stjórnvalda verið að lækka ekki tolla nema á grundvelli gagnkvæmra ívilnana í gegnum Alþjóðaviðskiptastofnunina, EFTA eða með tvíhliða samningum,“ segja sjálfstæðisþingmennirnir. Það þýðir að stjórnvöld hafa ekki viljað fella niður tolla einhliða, heldur viljað fá tollalækkanir í viðskiptalöndum Íslands í staðinn.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

„Um leið og taka má undir mikilvægi þess að fjölga eigi fríverslunarsamningum og ýta undir fríverslun í heiminum á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana á sú viðleitni ekki að girða með öllu fyrir að íslensk stjórnvöld lækki álögur einhliða og án gagnkvæmra ívilnana,“ segja sjálfstæðisþingmennirnir tólf.

„Það sjá allir fáránleika núverandi ástands,“ sagði Guðlaugur Þór Þórðarson, fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögunnar, í Fréttablaðinu fyrr í vikunni. Þar var til umfjöllunar ástandið í tollamálum, þar sem ofurtollar eru lagðir á alls konar innfluttar búvörur, jafnvel þótt engar slíkar vörur séu framleiddar á Íslandi og innflutningurinn því ekki í samkeppni við neina innlenda framleiðslu.

Þegar Guðlaugur Þór mælti fyrir þingsályktunartillögunni á Alþingi síðastliðið haust, sagði hann að þingmenn ættu að geta sameinazt um nýja stefnu í þessum efnum. „Ég mundi ætla að það eigi að vera forgangsmál hjá okkur að ganga þannig fram að eðlilegar nauðsynjavörur séu á jafnhagkvæmu verði og mögulegt er hér á landi,“ sagði Guðlaugur og bætti við: „Er einhver hér inni á móti þessu? Er einhver á móti þessu?“

Svarið fékkst skýrt og skorinort á Alþingi á mánudaginn, þegar Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra svaraði fyrirspurn frá Árna Páli Árnasyni, um hvort Sjálfstæðisflokkurinn styddi „svona hörmungarumgjörð um frjáls viðskipti og milliríkjaviðskipti í landinu“. Þingmaðurinn vísaði þar meðal annars til dæma um ofurtolla sem Félag atvinnurekenda og Samtök atvinnulífsins hafa gagnrýnt upp á síðkastið.

Svar fjármálaráðherrans var skýrt og bergmálaði svör Sigurðar Inga Jóhannssonar landbúnaðarráðherra í þinginu viku fyrr: „Stefnan er sú að við gerum minna af því sem hv. þingmaður talar um, þ.e. að fella einhliða niður tolla, og gerum meira af því að gera tvíhliða eða marghliða samninga um að opna markaði fyrir þær afurðir sem við framleiðum í landinu og stóraukin eftirspurn er eftir, ekki bara í Evrópu heldur á mörgum öðrum mörkuðum.“

Stefna formanns Sjálfstæðisflokksins og fjármálaráðherrans er með öðrum orðum sú sem meirihluti þingflokks hans telur úrelta.

Af hverju ætli neytendasjónarmiðin í Sjálfstæðisflokknum nái ekki inn á borð ríkisstjórnarinnar? Líður sjálfstæðisráðherrunum svona vel í hlýjum faðmi Framsóknar?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## SPOTTIÐ



### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Lagabót



Í vikunni lagði fjármálaráðherra fyrir Alþingi frumvarp að einni mestu lagabót síðari ára. Heiti hennar er yfirlætislaust: Frumvarp til laga um opinber fjármál. Það fær að sönnu ekki nokkurn lifandi mann til að hrökkva í kút. En efni þess er ætlað að koma böndum á loforðagjarna þingmenn og ráðherra. Sumir þeirra ættu að hrökkva í kút.

Hefði þessi lagabót verið orðin að veruleika fyrir ári hefði loforð um stærstu skuldaniðurfellingu í heimi trúlega fallið um sjálft sig í kosningabaráttunni. Eins og það var fram sett á þeim tíma rúmaðist það ekki innan þess ramma sem nýja frumvarpið setur. Það getur því orðið að auðnubót í ríkisfjármálum og bragarbót í stjórnmálaumræðunni.

Ráð er fyrir því gert að sett verði lágt þak á hallarekstur ríkissjóðs. Jafnframt verða skuldasöfnun ríkisins og sveitarfélaga settar ákveðnar skorður og mjög strangar kröfur gerðar um niðurgreiðslu skulda. Hér er fylgt þeirri ábyrgu línu í ríkisfjármálastjórn sem lögð hefur verið á evrusvæðinu.

Vinna við frumvarpsgerðina hófst í tíð vinstri stjórnarinnar og á rætur í samstarfi Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um viðbrögð við efnahagshruninu. Um þetta stóra framfaraskref ætti því að verða góð eining á Alþingi.

Hér er á ferðinni ein mesta aðlögun að evrópsku regluverki eftir að Ísland sótti um aðild. Einnig er rétt að hafa hugfast að ný forysta Framsóknarflokksins lagði til á öndverðu síðasta kjörtímabili að öllu samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn yrði slitið. Í þessu ljósi er stuðningur Framsóknarflokksins við málið áhugaverður.

## Huglægri hindrun rutt úr vegi

Að öllu jöfnu væri rökrétt að geta sér þess til að í stuðningi Framsóknarflokksins sæist vísir að stefnubreytingu. En það er of snemmt að fagna. Loforðaflaumur félagsmálaráðherrans fellur enn fram eins og stríðasta jökulfljót. Hann er til marks um að ríkisstjórnin hefur ekki öll náð þeirri nýju hugsun sem boðuð er. Á þeim bæ er greinileiga ekki talið að í frumvarpinu felist mikil fyrirstaða. Það veikir tilgátuna um raunverulega stefnubreytingu.

Annað er að ríkisstjórnarflokkarnir líta alls ekki þannig á að frumvarpið sé aðlögun að regluverki Evrópusambandsins. Þeir kjósa að taka frumvarpið sem dæmi um að án aðildar megi setja sambærilega löggjöf og þar gildir. Það er vitaskuld rétt. En kenningin er sú að við getum gert allt það ein á báti sem aðrar þjóðir sjá sér ekki fært nema fleiri leggist saman á árarnar.

Meginmálið er að eftir framlagningu þessa frumvarps um opinber fjármál verða þau umskipti að enginn ágreiningur er um að Ísland fylgir sömu stefnu í þeim efnum og Evrópusambandið. Aðild leggur því engar nýjar kvaðir á okkur á þessu sviði.

Að því leyti markar framlagning frumvarpsins tímamót. Fram til þessa hafa andstæðingar aðildar haldið því fram að það sé andstætt íslenskum hagsmunum að undirgangast þann aukna aga í ríkisfjármálum sem felst í nýjum reglum Evrópusambandsins. Nú geta menn aftur á móti ekki lengur borið fyrir sig rök af því tagi að íslensk stjórnvöld þurfi að hafa meira svigrúm í þessum efnum en aðrar þjóðir.

Ríkisstjórnin hefur því rutt úr vegi einni af mörgum huglægum hindrunum fyrir framhaldi viðræðna. Svo er hitt að aginn verður meiri í alþjóðlegu samstarfi um sameiginlega stefnu. Líkurnar á árangri eru að sama skapi betri.

## Meira þarf til

Í þessu samhengi skiptir þó mestu að ríkisfjármálastefnan og peningastefnan þurfa að virka saman. Sú ríkisfjármálastefna sem fjármálaráðherra leggur upp með í frumvarpinu er þungt lóð á vogarskálina. Verkurinn er aftur á móti sá að hún dugar ekki til að breyta krónunni í gjaldgenga stöðuga mynt. Það þarf meira til.

Eina færa leiðin í þeim efnum er þátttaka í evrópska myntbandalaginu. Sú samvinna hefur reynst þeim þjóðum haldreipi sem sporðreistust með svipuðum hætti og Ísland. Allir spádómar um að erfiðleikarnir myndu knýja þær úr samstarfinu hafa orðið að engu.

Öll rök hníga til þess að líta á nýja frumvarpið um reglu og ábyrgð í ríkisfjármálum sem mikilvægt skref í aðlögun að alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði. Það er ekki efnislegur ágreiningur um markmiðið. Ágreiningurinn snýst um það eitt hvort samvinna við aðrar þjóðir sem einnig nær til sameiginlegs gjaldmiðils auðveldar okkur að ná því.

Okkar eigin reynsla sýnir að hvert nýtt skref í alþjóðasamvinnu hefur styrkt stöðu landsins bæði inn á við og út á við. Grannþjóðir okkar hafa sömu reynslu. Þegar svo breið samstaða er orðin um opinbera fjármálastefnu sem byggir á sameiginlegri hugmyndafræði Evrópusambandsríkjanna ætti það að draga úr hræðslu manna við að láta reyna á aðildarsamninga sem einnig ná til gjaldgengrar myntar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




# Gjafir, gróska og mannlíf í miðborginni

**LANGUR LAUGARDAGUR 5. APRÍL**

Apríl er yfirfullur af viðburðum og lífi. Vorið er á næstu grösum og páskahátíðin setur svip á umhverfið. Auðvelt er að finna réttu fermingargjöfina í einhverri af fjölmörgum verslunum miðborgar eða ganga um og njóta menningar og mannlífs.

**Vertu þar sem hjartað slær.**

**Snorri Helgason kemur fram:**

- **14:00 – Skólatorgi, Skólavörðustíg 2**
- **15:00 – Laugatorgi, við Kjörgarð**
- **16:00 – Barónstorgi, Laugavegi 77**

**Dagskrá í apríl:**

| | |
|---|---|
| 3. - 9. apríl | Shorts & Docs |
| 3. - 9. apríl | Hestadagar í Reykjavík |
| 12. - 17. apríl | Blúshátíð Reykjavíkur |
| 1. apríl - 9. maí | List án landamæra |
| 24. apríl - 4. maí | Barnamenningarhátíð |




MIÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR

— WWW.MIDBORGIN.IS —







# Er stytting náms til stúdentsprófs til hagsbóta fyrir nemendur?

**Seinni hluti**

Íslenski framhaldsskólinn er bæði góður og mjög sveigjanlegur þar sem nemendum býðst að velja um fjölbreyttar námsleiðir sem henta hverjum og einum. Ég vil minnast á áfangakerfið við Menntaskólann við Hamrahlíð sem olli straumhvörfum á sínum tíma og síðustu ár hafa fleiri skólar bæst við sem bjóða upp á námsleiðir með styttri námstíma eins og t.d. Kvennaskólinn í Reykjavík. Þannig gefst nemendum kostur á styttri námstíma standi hugur þeirra til þess.

Hafa þarf í huga að stytting framhaldsskólans hefur væntanlega í för með sér lengingu skólaársins og aukið álag á nemendur, sem án vafa kemur niður á félagslífi þeirra. Það tel ég afleitt því að virkni í félagslífi stuðlar ekki hvað síst að þroska einstaklingsins. Annað atriði sem vert er að huga sérstaklega að eru námskröfur erlendra háskóla. Nú þegar hafa nemendur sem hyggjast stunda nám erlendis lent í vandræðum vegna ónógs undirbúnings, t.d. vegna háskólanáms í Danmörku og Svíþjóð. Samtök framhaldsskólanema þurfa að vera á varðbergi fyrir því að nýtt skipulag námsins festi ekki nemendur í nokkurs konar átthagafjötrum þannig að þeir standist ekki lengur kröfur erlendra háskóla.

Nú innleiðir hver deild Háskóla Íslands á fætur annarri inntökupróf. Það er gert vegna þess að stúdentspróf er ekki lengur sú trygging fyrir nægilegum undirbúningi undir háskólanám sem hún áður var. Í nýjasta tölublaði Tímarits um menntarannsóknir sem Háskólaútgáfan gefur út er sagt frá rannsókn Önnu Helgu Jónsdóttur og fleiri háskólakennara um gengi nýnema í stærðfræði á Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands. Sú rannsókn gefur til kynna að þau áhrif, sem fyrirhugaðar breytingar geta haft á tækninám í landinu, eru verulega mikið áhyggjuefni. Vart þarf að deila um mikilvægi tæknimenntunar í ljósi væntinga þjóðarinnar til aukinnar hagsældar á Íslandi.

**Skólar þrói eigin námskrár**

Ég tel farsælast að skólar fái, eins og reyndar nýju framhaldsskólalögin gera ráð fyrir, að þróa eigin námskrár, rækta sína styrkleika og bjóða nemendum upp á skýrt val. Hingað til hef ég talið að það væri pólitískur vilji á Alþingi fyrir því að þingmenn beiti sér fyrir því að standa gegn allri miðstýringu í tilhögun náms en styddu í stað þess við sjálfstæði, sveigjanleika og val í námi. A.m.k. virtist mér slíkur vilji koma fram í aðdraganda lagasetninga á Alþingi um heildstæð lög fyrir öll skólastigin árið 2008.

Í samtölum mínum um kerfisbreytingu námsins við nemendur mína og foreldra þeirra er oftast bent á að beinast liggi við að stokka upp námið í efstu bekkjum grunnskólans. Eins og ég hef áður sagt eru öll rök sem mæla með því að hafa kerfið sveigjanlegt og opið. Það er brýn þörf í slíkri uppstokkun námsins á að bjóða nemendum upp á að velja nám til undirbúnings verknámi í framhaldsskóla.

Á árunum 2007 og 2008 vann Menntaskólinn í Reykjavík að þróunarverkefni þar sem nemendum úr 9. bekk bauðst að taka námsefni 10. bekkjar grunnskólans og fyrsta bekk framhaldsskólans á sama árinu. Þessi tilraun gekk afar vel og var það samdóma álit nemenda og foreldra sem tóku þátt að vel hefði tekist til. Í haust sótti ég, fyrir hönd skólans, um leyfi til mennta- og menningarmálaráðuneytis til þess að halda þróunarverkefninu áfram með því að bjóða nemendum úr 9. bekk að þreyta inntökupróf og taka þannig þátt í þróunarverkefni skólans. Með þessu móti gæfist þeim nemendum möguleiki á því að stytta námstíma sinn til stúdentsprófs um eitt ár.

Að lokum vil ég leggja áherslu á að það er skýr afstaða Menntaskólans í Reykjavík að með tilliti til farsæls ferils nemenda í háskólanámi sé ekki rétt – heldur beinlínis rangt – að svipta nemendur bestu hugsanlegu möguleikunum til þess að öðlast þann undirbúning sem opnar þeim sem flestar dyr inn til framtíðar. Ég hvet stjórnmálamenn til þess að huga að skólakerfinu í heild sinni allt frá leikskóla til háskóla í þeim kerfisbreytingum sem fyrirhugaðar eru. Með framtíð þjóðarinnar í huga er mikilvægt að hlúa að æsku landsins og vonandi berum við gæfu til þess að láta nemendur njóta forgangs í ákvörðun um menntastefnu þjóðarinnar.

**MENNTUN**



**Yngvi Pétursson**
rektor Menntaskólans í Reykjavík

**➔ Þannig gefst nemendum kostur á styttri námstíma …**





NÆSTA FERÐ ER ÆVINTÝRIÐ.

Meðan þú leitar að skemmtilegri upplifun, leitar BMW að tæknilegri fullkomnun. Allar aðstæður eru kjöraðstæður fyrir BMW XDrive fjórhjóladrifskerfið í BMW X3. Þótt veðrið sé óútreiknanlegt er akstursánægjan í X línunni eitthvað sem þú getur treyst á.

ENNEMM / SÍA / NM61143

BMW X3 xDrive20d - 5,6 l/100 km*
Verð frá 6.990 þús. kr.

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

BL

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

# Fiskveiðideilur sæma ekki Norðurlöndum

ESB, Norðmenn og Færeyingar undirrituðu 13. mars 2014 samning um makrílveiðar til fimm ára. Það er ámælisvert að samkomulagið skuli ekki ná til allra sem málið varðar. Deilur norrænna þjóða eru því óleystar samtímis því að ókleift er að standa saman að fiskveiðistjórnun þegar ekkert sameiginlegt samkomulag liggur fyrir. Norræna ráðherranefndin verður að leggja sitt af mörkum til lausnar á sífelldum fiskveiðideilum Norðurlandaþjóða á milli.

Eftir fjögurra ára ágreining náðu ESB, Norðmenn og Færeyingar samkomulagi 13. mars 2014 um makrílveiðar til fimm ára.

Samningurinn hefur sína kosti: Hann greiddi fyrir lausn á ýmsum tvíhliða deilum undanfarinna ára um veiðar í Norður-Atlantshafi; milli ESB og Norðmanna, milli Færeyinga og Norðmanna og milli Færeyinga og ESB. Þannig gæti hann einnig rutt brautina fyrir lausn á síldardeilunni. Samkomulagið kveður einnig á um að frá árinu 2015 virði samningsaðilar veiðiráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um leyfðan heildarafla (TAC).

Þá má nefna svonefnt „opt-in"-ákvæði í samkomulaginu sem gerir öðrum aðilum – það er Íslendingum og Grænlendingum – kleift að gangast undir samkomulagið síðar og er verulegur hluti kvótans einmitt eyrnamerktur í þeim tilgangi.

Almennt er samkomulagið þó ekki viðunandi út frá norrænu sjónarhorni.

Með samkomulaginu hafa ráðamenn ákveðið að afli ársins 2014 verði langt umfram þau mörk sem Alþjóðahafrannsóknaráðið mælir með.

En það sem er einkum gagnrýnisvert er sú staðreynd að samningurinn nær ekki til allra málsaðila. Enn eru óleystar veiðideilur á milli Norðurlandaþjóða og ókleift er að standa að sameiginlegri fiskveiðistjórnun ef ekkert samkomulag liggur fyrir.

**Leiðbeiningar skortir**

Norðurlandasamstarfið er til fyrirmyndar á flestum sviðum en þegar kemur að skiptingu auðlinda og verðmæta fer að reyna á samstarfsviljann. Á síðari árum hafa þjóðirnar ekki staðið sig of vel í þeim efnum. Í stað þess að semja um skiptingu fiskveiðikvótans mætast stálin stinn þegar norrænar frændþjóðir beita hver aðra viðskiptaþvingunum og refsiaðgerðum.

Slíkt er okkur ósæmandi. Lausnin felst ekki í samkomulagi sem sum löndin koma að en önnur ekki.

Ríki sem lúta Alþjóðasamningi SÞ um úthafsveiðar hafa skuldbundið sig til samstarfs um að tryggja sjálfbærar veiðar. Samningurinn kveður þó ekki skýrt á um hvernig skipta eigi fiskveiðikvótum milli strandríkja.

Deilur um makrílveiðar og síldveiðar eru lýsandi dæmi þess að umgjörð skortir á fiskveiðistjórnun í norðaustanverðu Atlantshafi.

**Þróttmikið samkomulag**

Við þurfum samkomulag til lengri tíma um sameiginlega fiskveiðistjórnun á ákveðnum fiskistofnum. Samkomulag sem nær til allra strandríkja og þar sem samstarf og sjálfbærni er í öndvegi.

Skipting kvótans má ekki ráðast af öflugri markaðsstöðu ákveðinna aðila og áhrifamætti refsiaðgerða sem þeir beita aðra. Hún má heldur ekki ráðast af pólitískum aflsmunum. Þá er ástæða til að einblína minna á aflatölur en tíðkast hefur fram að þessu.

Sjálfbær lausn felst ekki í kyrrstöðu heldur er hún þróttmikil og sveigjanleg og getur því tekið mið af ástandi vistkerfanna hverju sinni.

Aðgerða er þörf til þess að deiluaðilar leiti nýrra leiða.

Þeir eru Grænlendingar, Íslendingar, Færeyingar, Norðmenn og ESB (Danir).

Norræna ráðherranefndin verður því að láta til sín taka.

SJÁVARÚTVEGUR



**Christina Gestrin**
formaður umhverfis- og auðlindanefndar Norðurlandaráðs



**Sjúrður Skaale**
varaformaður umhverfis- og auðlindanefndar Norðurlandaráðs

**➜ Við þurfum samkomulag til lengri tíma um sameiginlega fiskveiðistjórnun á ákveðnum fiskistofnum. Samkomulag sem nær til allra strandríkja og þar sem samstarf og sjálfbærni er í öndvegi. Skipting kvótans má ekki ráðast af öflugri markaðsstöðu ákveðinna aðila og áhrifamætti refsiaðgerða sem þeir beita aðra.**

## UMMÆLI VIKUNNAR
**29.03.2014 ➜ 04.04.2014**



**„Og Ísland var eitt af þessum átta löndum framtíðarinnar. Bent er á að það séu augljóslega að opnast mjög mikil tækifæri á Norðurslóðum varðandi siglingaleiðir, varðandi olíu og gasvinnslu og önnur hráefni og ekki hvað síst til matvælaframleiðslu."**

*Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði að þótt fregnir af loftslagsbreytingum væru alvarlegar sköpuðu þær tækifæri fyrir Íslendinga og vitnaði í bók eftir Laurence C. Smith.*





Nafnávöxtun tryggingadeildar Sameinaða lífeyrissjóðsins var 10% á árinu 2013, sem jafngildir 6,1% raunávöxtun. Raunávöxtun sjóðsins frá stofnun hans árið 1992 er 3,7%. Eignir tryggingadeildar voru 138,8 milljarða króna í árslok 2013 og jukust um 13,5 milljarða króna á árinu.

Nafnávöxtun ávöxtunarleiða séreignardeildar sjóðsins var frá 4,4% til 12% á árinu 2013, sem jafngildir 0,7% til 8% raunávöxtun. Eignir séreignardeildar voru 5,7 milljarðar króna og þrátt fyrir tímabundnar úttektarheimildir jukust eignir deildarinnar um 300 milljónir króna á árinu.

**Helstu tölur úr ársreikningi**

| | 2013 | 2012 |
|---|---|---|
| Heildariðgjöld | 5.424 millj. kr. | 5.257 millj. kr. |
| Heildarlífeyrisgreiðslur | 4.493 millj. kr. | 4.155 millj. kr. |
| Nafnávöxtun | 10,0% | 13,5% |
| Hrein raunávöxtun | 6,1% | 8,6% |
| Hrein raunávöxtun – 5 ára meðaltal | 3,4% | -2,9% |
| Hrein raunávöxtun frá stofnun sjóðsins árið 1992 (árlegt meðaltal) | 3,7% | 3,6% |
| Fjárfestingartekjur | 13.204 millj. kr. | 15.580 millj. kr. |
| Fjárfestingargjöld | 185 millj. kr. | 157 millj. kr. |
| Rekstrarkostnaður | 161 millj. kr. | 144 millj. kr. |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 144.511 millj. kr. | 130.722 millj. kr. |
| Tryggingafræðileg staða | -4,9% | -6,3% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga | 9.288 | 9.476 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 5.875 | 5.543 |
| Fjöldi stöðugilda | 17 | 16 |

**Eignasamsetning tryggingadeildar í árslok 2012 og 2013**




**Tryggingafræðileg staða**

Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur það að markmiði að meta eignir sjóðsins á móti þeim skuldbindingum sem felast í áunnum og framtíðarréttindum sjóðfélaga til lífeyris. Tryggingafræðileg staða sjóðsins í árslok 2013 var -4,9%, sem er innan þeirra heimilda sem lög leyfa án þess að grípa þurfi til réttindabreytinga. Mun stjórn sjóðsins ekki leggja fram tillögu til réttindabreytinga á komandi ársfundi.

**Séreignardeild**

Ávöxtun séreignarsparnaðar sjóðsins á síðasta ári var eins og taflan sýnir:

| | Aldursleið 1 | Aldursleið 2 | Aldursleið 3 | Aldursleið 4 | Innlánsleið |
|---|---|---|---|---|---|
| Nafnávöxtun 2013 | 12,0% | 9,5% | 6,7% | 4,4% | 5,5% |
| Raunávöxtun 2013 | 8,0% | 5,7% | 2,9% | 0,7% | 1,7% |
| Raunávöxtun sl. 5 ár | 7,4% | 7,0% | 6,1% | 5,6% | 3,7% |

**Stjórn sjóðsins:**

Jón Bjarni Gunnarsson, *formaður*
Þorbjörn Guðmundsson, *varaformaður*
Bolli Árnason
Dagmar Viðarsdóttir
Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir
Gylfi Ingvarsson
Hanna Þórunn Skúladóttir
Unnur María Rafnsdóttir

**Framkvæmdastjóri:** Kristján Örn Sigurðsson

**Ársfundur 2014**

Ársfundur sjóðsins verður haldinn þriðjudaginn 20. maí nk. kl. 16.00 á Hilton Reykjavík Nordica. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn

Sundagörðum 2 / 104 Reykjavík / 510 5000 / lifeyrir.is

ENNEMM / SÍA / NM62195

# HELGIN



**Solla Eiríksdóttir, kokkur**

## Kynjakattasýning og bíó

„Í dag fer ég til Grindavíkur á Kynjakattasýninguna, ég ELSKA kisur og mamma mín er með nokkra ketti á sýningunni. á morgun er samhjól Tinds í Kríu og Gló og við á Gló bjóðum upp á súpu, brauð og hummus að loknu hjóli, síðan ætla ég að skella mér á Nóa um kvöldið.“



**Stefán Karl Stefánsson, leikari**

## Spamalot, humar og ferðalag með amerískri vinkonu

ÉG ætla að ferðast um Suðurland með vinkonu okkar frá Ameríku og vinnur með mér í Grinch-söngleiknum. Svo er ég að leika í Spamalot og fæ mér humar á Stokkseyri með fjölskyldunni.



**Unnur Eggertsdóttir, söngkona og dagskrárgerðarkona**

## Afmæli og notalegheit

„Í kvöld er afmæli hjá vini mínum, sem ég er mjög spennt fyrir því partíin hjá honum eru yfirleitt tryllt. Á morgun hef ég það svo notalegt með Nínu, stelpunni sem ég er aðstoðarkona hjá.“.



**Alexander Briem, leikari**

## Sex and the City og stúdíó

„Ég er að fara í stúdíó með stórvini mínum, Áskeli Harðarsyni, að taka upp tónlist. síðan ætla ég bara að kaupa mér snakk og horfa á Sex and the City. Annars er ég laus ef einhver vill heyra í mér.“

GEÐVERND

Aðalfundur
Geðverndarfélags Íslands

Aðalfundur Geðverndarfélags Íslands verður haldinn laugardaginn 12. apríl nk. að Hátúni 10, 9. hæð, kl. 10.
**Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.**

Að loknum aðalfundi heldur **Tytti Solantaus,** barna- og unglingageðlæknir frá Finnlandi, erindi:
***Working with parents with mental health issues in different settings – experiences and research.***

Stjórnin



**LÍF OG FJÖR** Ástrós Erla er ein af aðstandendum Háskólaports, flóamarkaðs sem leggur undir sig Háskólatorg í dag og lofar mikilli stemmingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Leggja undir sig Háskólatorg

**Háskólanemar ætla að tæma skápa og geymslur á flóamarkaði á Háskólatorgi í dag. Markaðurinn er haldinn í viku þar sem áhersla er lögð á umhverfisvakningu innan skólans enda vel við hæfi að gefa gömlum hlutum nýtt líf.**

**Álfrún Pálsdóttir**
alfrun@frettabladid.is

Það fylltust öll pláss strax svo það er óhætt að segja að eftirspurnin eftir viðburði á borð við þennan meðal háskólanema hafi verið mikil,“ segir Ástrós Erla Benediktsdóttir, nemi í félagsráðgjöf og meðlimur í félags- og menningarnefnd Stúdentaráðs. Þau standa að hinum árlega flóamarkaði á Háskólatorgi, Háskólaporti, sem fer fram í dag. Sannkölluð flóamarkaðsstemming verður á torginu en um 40 básar verða á svæðinu. „Það komust færri að en vildu og erum við að leggja undir okkur allt torgið. Ég býst við góðri stemmingu í anda Kolaportsins,“ segir Ástrós.

Í ár stendur þannig á að markaðurinn fer fram í miðju átakinu Grænir dagar 2014 sem fer fram í Háskólanum. „Það á vel við hæfi að hafa svona markað og hugsa um endurnýtingu og endurvinnslu á meðan maður tæmir geymsluna,“ segir Ástrós, sem sjálf ætlar að taka þátt í markaðnum. „Ég verð með bás ásamt vinkonu minni og er búin að stútfylla þrjá kassa af dóti til að taka með mér.“ Allt frá bókum, húsgögnum til fata verða til sölu og segir Ástrós viðburðinn vera að festa sig í sessi meðal háskólanema enda góður tími til að gera eitthvað skemmtilegt og selja dótið sitt frítt í leiðinni. Hún er viss um að viðburðinn verði stærri á næsta ári svo að fleiri komist að.

Einnig verður Stúdentakjallarinn opinn þar sem hægt verður að kaupa veitingar og jafnvel horfa á knattspyrnuleiki með öðru auganu á meðan.

**Hvað?** Flóamarkaðurinn Háskólaport
**Hvar?** Háskólatorg
**Hvar?** Í dag frá 13-17

# FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU…



á safnaleiðsögn ætlaða börnum um helgina. Á morgun verður sérstök leiðsögn á Listasafni Sigurjóns Ólafssonar við Laugarnestanga sem hefst klukkan 14.30 og á Þjóðminjasafni Íslands sem hefst klukkan 14.

**BÓKINA HEIÐUR** eftir Elif Shafak. Dramatísk saga um gamlar rætur og átök ólíkra menningarheima. Saga af ást og trú, ótryggð og heiðri.






á plötuna Pure Heroine með nýsjálensku **SÖNGKONUNNI LORDE** sem hefur slegið í gegn út um allan heim. Lögin Team, Royals og Tennis Court hafa öll toppað vinsældalista.

á stórstjörnur framtíðarinnar koma fram á Söngkeppni framhaldsskólanna sem fer fram í kvöld og verður sýnd í beinni á RÚV kl. 20.45. Kynnar eru þeir Benedikt og Fannar í Hraðfréttum.



10 ÁRA FERMINGARDAGAR 10 ÁRA

TJÖLD
KÚLUTJALD
2-3ja manna tjald
SCOUT, 2500mm vatnsheld
~~24.995~~ kr. 19.996 kr.

SVEFNPOKAR
Trekking
Kuldaþol: -20°C
þyngd: 1,65 kg.
~~13.995~~ kr. 11.196 kr.

Aura
Kitchen-to-go
Ferðaeldhús

SALOMON snjóbrettapakkar með 35% afslætti
BLACK DRAGON snjóbrettapakkar með 30% afslætti

BAKPOKAR
Mikið úrval af bakpokum
PINGUIN Explorer 75 ~~24.995~~ kr. 19.996 kr.
PINGUIN Activent 55 ~~22.995~~ kr. 18.396 kr.

Góð gæði
Betra verð

Íslensku ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA
Faxafen 8 • 108 Reykjavík • Sími 534 2727
2004 - 2014

# ALMENNT HLUTAFJÁRÚTBOÐ

HB GRANDI

## Hefst mánudaginn 7. apríl kl. 16.00 og lýkur fimmtudaginn 10. apríl kl. 16.00

Almennt útboð á hlutum í HB Granda hf. hefst kl. 16.00 mánudaginn 7. apríl og lýkur kl. 16.00 fimmtudaginn 10. apríl og hefur fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. umsjón með útboðinu. Í útboðinu hyggjast Arion banki, Vogun hf. og Fiskveiðahlutafélagið Venus hf. selja 27–32% hlut í HB Granda. Markmið seljenda með útboðinu er annars vegar að það geri HB Granda kleift að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland hf. um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði kauphallarinnar og hins vegar horfa seljendur til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði.

## Tvær áskriftarleiðir eru í boði með mismunandi fjárhæðarmörkum og verðmyndun

### Tilboðsbók A

- 8,5% eignarhlutur boðinn til sölu
- Áskrift að andvirði 100.000–25.000.000 kr.
- Verðbil áskrifta 26,6–32,5 kr./hlut
- Heildarsöluandvirði 4,1–5,0 milljarðar kr.
- Öllum hlutum úthlutað á sama verði, sem verður jafnt eða lægra en í tilboðsbók B

### Tilboðsbók B

- 18,5% eignarhlutur boðinn til sölu
- Áskrift að andvirði frá 15.000.000 kr. en að hámarki 5% eignarhlutur
- Lágmarksverð áskrifta 26,6 kr./hlut
- Heildarsöluandvirði að lágmarki 9,0 milljarðar kr.
- Öllum hlutum úthlutað á sama verði, sem verður jafnt eða hærra en í tilboðsbók A

Seljendur hafa rétt til að fjölga boðnum hlutum til sölu í allt að 32% eða um 5% af útgefnum hlutum. Ákvörðun um endanlega stærð útboðsins og skiptingu þess milli tilboðsbóka mun taka mið af eftirspurn í útboðinu, bæði hvað varðar verð og magn.

## Áskrift er skilað rafrænt á áskriftarvef á arionbanki.is

**Aðgangur að áskriftarvef fæst með:**

- aðgangsauðkennum fjárfestis að netbanka Arion banka, eða
- lykilorði sem óskað er eftir á arionbanki.is og sent er í heimabanka, eða
- lykilorði sem nálgast má hjá umsjónaraðila gegn undirritun vottaðrar umsóknar um lykilorð.

## Áskriftir verða skertar komi til þess að eftirspurn verði umfram þann fjölda hluta sem boðnir eru til sölu

Í tilboðsbók A er meginreglan sú að áskriftir yfir 500.000 kr. verða skertar um allt að 75% af upphaflegri áskrift. Þurfi að koma til frekari niðurskurðar verður hámark allra áskrifta fært enn neðar með flötum niðurskurði. Hámarksúthlutun getur því orðið lægri en 500.000 kr.

Í tilboðsbók B er meginreglan sú að meta áskriftir á grundvelli verðs.

**Þátttaka í útboðinu** er heimil aðilum með íslenska kenntölu sem eru fjárráða og ráða búi sínu sjálfir og með þeim takmörkunum sem kunna að leiða af lögum. Athygli er vakin á að ákvæði laga nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri koma í veg fyrir að erlendum aðilum, samkvæmt 1. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sé heimil þátttaka í útboðinu.

**Eindagi kaupverðs** er áætlaður 23. apríl 2014. Stefnt er að því **að fyrsti dagur viðskipta** með hluti í HB Granda á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. verði 25. apríl 2014.

## Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um HB Granda og skilmála útboðsins sem er að finna í lýsingu félagsins dagsettri 27. mars 2014 sem gefin er út á íslensku. Fjárfestum er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti.

Lýsinguna má nálgast rafrænt á hbgrandi.is og arionbanki.is. Hana má einnig nálgast innbundna í höfuðstöðvum HB Granda að Norðurgarði 1 í Reykjavík og hjá Arion banka í Borgartúni 19 í Reykjavík.

Arion banki



Vnr. 41616081
Garðsett, borð
og tveir stólar.

**8.995kr.**

Almennt verð 13.995 kr.





Vnr. 50630082
Excel 200 gasgrill, tvöfaldur
álbrennari 6,2 kW.

**19.995kr.**

Almennt verð 39.995 kr.

**50 stk.**

**OPNUNAR-TILBOÐ**

# Grænland



Vnr. 54930605
DAYE slöngukefli, 15 m
slanga, tengi og úðari.

**3.995kr.**

Almennt verð 6.995 kr.



Vnr. 54935115
DAYE garðslanga,
15 m, 13 mm.

**995kr.**

Almennt verð 1.490 kr.



Vnr. 55900033
Stórklippur með
trefjaplastskafti.

**2.995kr.**

Almennt verð 4.595 kr.



BOSCH
Vnr. 74890041
BOSCH keðjusög AKE 35 S,
1800W, lengd blaðs 35 cm.

**19.995kr.**

Almennt verð 26.995 kr.



Vnr. 53521026
Sorppokar,
750x1150 mm, 25 stk.

**595kr.**

Almennt verð 895 kr.





Vnr. 55097032
Gróðurmold, 40 l.

**595kr.**

Almennt verð 995 kr.

Vnr. 55530710
Stígvél - lituð.

**4.995kr.**

Almennt verð 6.595 kr.





Vnr. 55530521
Mjólkurbrúsi,
33 cm.

**1.995kr.**

Almennt verð 2.995 kr.



Vnr. 55092144
Friðarlilja.

**895kr.**

Almennt verð 1.095 kr.



Vnr. 55092137
Campanula.

**895kr.**

Almennt verð 995 kr.



Vnr. 55092139
Ástareldur.

**595kr.**

Almennt verð 645 kr.



Vnr. 55092140
Orkídea.

**1.995kr.**



Vnr. 55092061
Chrysanthemum.

**595kr.**

Almennt verð 695 kr.



Vnr. 55092162
Dvergpáskalilja.

**395kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

HÖFUM OPNAÐ GLÆSILEGA ÁRSTÍÐADEILD Í BYKO BREIDD



KYNNING KL. 13-16 Á JOSERA DÝRAFÓÐRI

20% KYNNINGARAFSLÁTTUR ALLA HELGINA

Josera

JOSERA hágæða fóður, hefur mjög hátt kjöthlutfall. Kjötið er 100% rekjanlegt frá sláturhúsi og er hæft til manneldis. JOSERA notar ekki hveiti, soja, mjólkurvörur eða sykur í sínar vörur og þær eru framleiddar án litar-, bragð- og rotvarnarefna.



Vnr. 49620201
26" götureiðhjól, kvenhjól, 6 gírameð brettum og bögglabera.
24.995 kr.
Almennt verð 29.995 kr.

Fæst einnig á Granda

# BYKO BREIDD

Opnunartilboðin gilda 5. - 6. apríl.



Vnr. 59680107
KÄRCHER háþrýstidæla.
14.995 kr.
Almennt verð 17.995 kr.



Vnr. 51400100
Hitamælir og veðurstöð.
2.495 kr.
Almennt verð 4.995 kr.

## LJÚFFENGAR VEITINGAR

Í tilefni opnunar á Grænlandi verður boðið upp á skúffuköku og kaffi eða Svala laugardaginn 5. apríl frá kl. 12-15.



Josera ROYAL CANIN

Kynningar verða á JOSERA og ROYAL CANIN gæludýrafóðri frá kl. 13-16.

Steinn Kárason garðyrkjufræðingur kynnir bókina sína GARÐVERKIN frá kl. 14-16 og veitir ráðgjöf um val á trjáklippum.



Vnr. 55095066
Bókin Garðverkin.
2.995 kr.
Almennt verð 5.690 kr.

Vnr. 55095063
DVD trjáklippingar.
1.495 kr.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

KENT
GÆÐA REIÐHJÓL FRÁ USA



Vnr. 49620060-1
STREET RACER 12" reiðhjól.
15.995 kr.
Almennt verð 21.995 kr.



Vnr. 49620068
SAFARI reiðhjól 26".
32.995 kr.
Almennt verð 42.995 kr.



Vnr. 49620055
LUXUS reiðhjól 26", 21 gíra.
32.995 kr.
Almennt verð 42.995 kr.



Vnr. 49620066-7
Reiðhjól TRAIL BLASTER 24".
23.995 kr.
Almennt verð 31.995 kr.

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

## BARNLEYSI HÁIR UM 15% PARA OG ER ÓFRJÓSEMI SKILGREINT SEM SJÚKDÓMUR

Um **30% árangur er af frjósemismeðferðum**.

Að meðaltali þurfa pör að fara í **3-4 meðferðir** áður en árangur næst.

Sumum tekst að verða barnshafandi í fyrstu tilraun og öðrum tekst það aldrei þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

### Helstu ástæður ófrjósemi

**♂ KARLAR**
- Æðagúlpur eða æðaflækja við eistu
- Lélegt eða vanskapað sæði
- Vanþroska sæði
- Ekkert sæði

**♀ KONUR**
- Legslímuflakk (e. endometriosis)
- Fjölblöðru eggjastokkaheilkenni
- Hormónaójafnvægi
- Snemmbúin tíðarhvörf
- Stíflur eða samgróningar í eggjaleiðurum
- Síendurtekin fósturlát
- Léleg eða engin egg

### Dæmi um kostnað

Par þarf 3 tæknisæðingar, 3 glasameðferðir og 1 uppsetningu á frystum fósturvísum.

**Kostnaður fyrir meðferðir og lyf er að lágmarki um 1.060.000 kr.**

Ef þau vilja eignast annað barn eru þær meðferðir ekkert niðurgreiddar. Ef þau þurfa tvær meðferðir er kostnaðurinn um 805.000 kr.

### Hvað kostar glasafrjóvgun?

| | Glasafrjóvgun | Smásjárfrjóvgun |
|---|---|---|
| **Par sem á ekki barn saman** | | |
| Hver meðferð | 376.055 kr. | 449.660 kr. |
| Önnur til fjórða meðferð | 171.721 kr. | 204.811 kr. |
| Fimmta meðferð eða meira | 376.055 kr. | 449.660 kr. |
| **Par sem á barn saman** | | |
| Hver meðferð | 376.055 kr. | 449.660 kr. |

Einn skammtur af gjafasæði kostar 37.500 kr. og gjafaeggjameðferð 250.000 kr.

# Óttuðust að verða aldrei mæður

Þær eiga þrennt sameiginlegt: þær börðust í mörg sársaukafull ár við að verða óléttar, eru nýbúnar að eignast barn og sitja saman í stjórn Tilveru, samtaka um ófrjósemi. **Ásta Sól Kristjánsdóttir, Jessica Leigh Andrésdóttir** og **Berglind Ósk Birgisdóttir** tala um ófrjósemi og allar þær tilfinningar sem fylgja því að þurfa að berjast fyrir því sem öðrum þykir sjálfsagt – að eignast barn.



Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



**MEÐ BÖRNUNUM** Ásta Sól með tveggja mánaða syninum, Nóa Hrafni, Jessica er í miðjunni en dóttir hennar, Elísabet Anna, er enn á vökudeild og gat því ekki verið með í myndatöku og Berglind með mánaðargamla dótturina Köru. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Eftir margra ára baráttu eru þær allar loksins búnar að eignast barn og því bíða þeirra allra hvítvoðungar á meðan á viðtalinu stendur. Tveir bíða heima en dóttir Jessicu er enn á vökudeild því hún fæddist eftir eingöngu 25 vikna meðgöngu. Fyrsta merki þess að þær eru nýbakaðar mæður er að þær sleppa varla símunum úr hendi sér og kíkja reglulega á þá. Eitthvað sem flestar mæður kannast við og þær hafa látið sig dreyma um í fjöldamörg ár. Ásamt andvökunóttum, bleyjuskiptingum, að deila reynslusögum af brjóstagjöf og meðgöngu.

Skilgreining á ófrjósemi er þegar par hefur reynt að eignast barn í eitt ár án árangurs. Ásta Sól hefur verið í ferlinu í níu ár en meðferð hefur aldrei gengið upp hjá henni – synir hennar tveir komu báðir undir heima. Jessica og Berglind fóru í meðferð eftir meðferð í sex ár áður en þær eignuðust sitt fyrsta barn. Þær hafa allar misst fóstur á þessum tíma og fengið ítrekað hið ömurlega „nei“ eftir misheppnaðar meðferðir.

### Konur virkari í baráttunni

Þær sitja saman í stjórn Tilveru sem stendur fyrir vitundarvakningu um ófrjósemi í næstu viku. Henni er ætlað að vekja athygli á hversu mikið andlegt og líkamlegt álag fylgir því að eiga í erfiðleikum með að eignast barn auk fjárhagsáhyggja. Það eru fjórar aðrar konur með þeim í stjórninni og því vaknar strax upp spurningin hvort ófrjósemi sé kvennavandi?

**Berglind:** Jafnvel þótt líkamlegi vandinn liggi hjá karlmanninum þá virðast konur taka virkari þátt í baráttunni. Þær virðast líka eiga auðveldara með að tjá sig um vandann. Rannsóknir sýna að karlmenn mælist tveimur árum á eftir konum á kvíða- og þunglyndisskala vegna ófrjósemi. Þeir finna sem sagt sömu tilfinningar en bara seinna.

**Jessica:** Það er líka lítið sem karlmaðurinn getur gert. Konan þarf að fara í meðferðirnar, fara í mikla hormónagjöf og það er ekkert gaman að búa með manni á meðan á því stendur. Mennirnir finna mögulega til hjálparleysis því þeir geta lítið gert annað en að vera stuðningur við konuna. Ég held að þetta annað hvort styrki sambandið eða það brotnar.

**Ásta Sól:** Við hjónin höfum bæði verið mjög samtaka og ósamtaka í þessu ferli sem getur valdið togstreitu í hjónabandinu. Eftir misheppnaða meðferð vildi hann kannski hætta en ég vildi ólm vaða áfram í næstu meðferð.

### Óviðeigandi athugasemdir

Fyrir utan álagið sem fylgir meðferðunum, hvað er erfiðast við að eiga erfitt með að eignast barn?

**Berglind:** Skilningsleysið sem maður mætir í samfélaginu. Það er ekki tekið tillit til að maður sé að syrgja og líði illa. Fáir spyrja beint út hvernig manni líði og hvernig ferlið gangi, sem er betra en að maður þurfi sífellt að setja upp grímu.

**Jessica:** Svo koma óviðeigandi ráð og athugasemdir frá sjálfskipuðu sérfræðingunum.

**Ásta Sól:** Já, góðu ráðin. Maður er nýbyrjaður í meðferð og er spurður hvort maður hafi íhugað ættleiðingu. Það er ekki eitthvað sem maður vill heyra þegar maður er í miðri baráttu. Svo á maður að slaka á því þá kemur þetta frekar en ég held ég hafi aldrei verið jafn illa haldin af streitu þegar eldri sonurinn kom loks undir.

**Berglind:** Já, eða fá sér hund. Það er eitt ráðið, örugglega eina ráðið sem ég hef ekki prófað.

**Jessica:** Mér fannst líka erfitt að sitja undir barnatalinu þar til ég leitaði mér hjálpar hjá sálfræðingi. Eftir það breyttist allt því það var svo gott að fá viðurkenningu á að allar tilfinningar sem ég upplifði væru eðlilegar og ég væri svo sannarlega ekki sú eina.

**Ásta:** Stundum gat líka verið drullusárt að heyra af pari sem átti algjörlega óvænt von á barni og maður sjálfur búinn að reyna mjög lengi. Ég samgladdist alveg en maður spurði sjálfan sig „hvenær kemur að mér?“. Það er hræðileg tilfinning að óttast að verða aldrei móðir. Maður byrjar í ferlinu fullur af von og trú. Síðan þegar ekkert gengur, meðferð eftir meðferð, verður þetta sífellt erfiðara. Ég held þó að það erfiðasta sem ég upplifði í þessu ferli hafi verið þegar mér var ráðlagt að fara að huga að gjafaeggi – og þurfa mögulega að gefa upp vonina um að eignast mín eigin börn.

### Barnleysið verður að hugsýki

Þær eru sammála um að lífið snúist eingöngu um að eignast barn á meðan á ferlinu stendur.

**Berglind:** Ég tók ekki frí frá vinnu í fimm ár nema það væri í tengslum við glasameðferðir. Svo hefur mastersnámið setið á hakanum. Þetta er sett í algjöran forgang.

**Jessica:** Ég hef ekki farið í það nám sem ég hefði viljað því ég einbeitti mér bara að því að eignast barn. Það eru fimm ár sem ég gerði bara ekki neitt annað en að hugsa um þetta.

**Ásta Sól:** Mér var boðið til Kúbu en ég hafnaði tilboðinu því ég var mögulega með egglos á sama tíma. Hvað ef þetta er eggið? Ég gat ekki tekið sjénsinn.

**Berglind:** Sama á við um meðgönguna. Maður var alveg hugsjúkur og ég þorði ekki að leyfa mér að vona að þetta myndi ganga upp fyrr en í lokin. Ég var með hlustunartæki að hlusta á hjartsláttinn hennar á hverjum degi og átti erfitt með að slaka á og njóta.

**Jessica:** Ég held ég hafi grátið mig í svefn þriðju hverju nótt alla meðgönguna og bað allan tímann: „Leyfðu mér að eiga hana.“

**Ásta Sól:** Það er ekki á það bætandi að hafa misst fóstur áður. Þá er maður meðvitaðri um að maður geti misst aftur. Mér finnst að tala megi meira um fósturlát í samfélaginu vegna sársaukans og leyndarinnar sem fylgir þeim. Mér var til dæmis ekki boðið upp á neina ráðgjöf, ekki einu sinni þegar ég hringdi og spurði um það.

### Ferlið hefur kostað níu milljónir

Á Íslandi er eingöngu ein læknastöð sem sérhæfir sig í ófrjósemismeðferðum. Þær eru sammála um að samkeppnin mætti vera meiri eða sérfræðingarnir opnari fyrir nýjungum í fræðunum.

**Jessica:** Mig grunaði alltaf að ég væri með PCOS (fjölblöðrueggjastokkaheilkenni). Það var ekki fyrr en ég leitað álits hjá þriðja kvensjúkdómalækninum að það var hlustað almennilega á mig og mína verkjasögu. Eftir það fékk ég viðeigandi meðferð og varð ólétt í kjölfarið. Í mörg ár var mér sagt að verkirnir stöfuðu af ofþyngd minni.

**Berglind:** Ég endaði á að leita til lækna erlendis. Ég hef farið í ellefu meðferðir  og mitt ferli hefur kostað mig níu milljónir. Ég er með legslímuflakk og öll fjölskyldan lagðist í rannsóknir og greinar á netinu. Við fundum út að ég væri með mörg einkenni sjálfsofnæmis, sem veldur því að varnarkerfi líkamans heldur að fósturvísirinn sé krabbameinsfrumur og ræðst á hann. En enginn var tilbúinn að rannsaka mig með tilliti til þessa galla, mér var sagt að þetta væru bara kenningar og engar rannsóknir styddu þær. Ég fór að lokum í rannsókn í Bretlandi og fór að taka lyf sem bæla niður ónæmiskerfið, í kjölfarið varð ég ólétt. Meðferðin er ekki viðurkennd á Íslandi en vonandi mun hún verða aðgengilegri fyrir þá sem á eftir mér koma.

### Út úr skápnum með ófrjósemi

Baráttumál Tilveru eru meðal annars endurskoðun á niðurgreiðslu ríkisins vegna ófrjósemismeðferða. Einnig að opna umræðuna til að ófrjósemi hætti að vera tabú í samfélaginu.

**Berglind:** Ófrjósemin hefur líka áhrif á marga, og alla fjölskyldu þeirra sem eiga við vandann. Þetta er ekki bara spurning „verð ég aldrei mamma“ heldur líka „verð ég aldrei amma“.

**Ásta Sól:** Ég hvet þá sem eiga við ófrjósemi að stríða að rjúfa þögnina. Þetta er allt of mikil byrði að ganga með einn eða ein.

Jessica lítur á símann sinn í miðri setningu Ástu Sólar og þýtur upp. „Ég verð að fara,“ segir hún enda kominn tími á brjóstagjöf á vökudeildinni. Það vakna allir upp úr djúpum samræðum og hugurinn fer beinustu leið til litlu óskabarnanna sem leyfðu þessum þremur konum að upplifa stærsta draum sinn.

### Rjúfum þögnina

„Ég hvet þá sem eiga við ófrjósemi að rjúfa þögnina. Þetta er allt of mikil byrði að ganga með einn eða ein.“
*Ásta Sól Kristjánsdóttir*

### Grét sig í svefn

„Ég held ég hafi grátið mig í svefn þriðju hverju nótt alla meðgönguna og bað allan tímann: „Leyfðu mér að eiga hana.“
*Jessica Leigh Andrésdóttir*

### Ellefu meðferðir og níu milljónir

„Ég hef farið í ellefu meðferðir  og mitt ferli hefur kostað mig níu milljónir. Ég fór að lokum í rannsókn í Bretlandi og fór að taka lyf sem bæla niður ónæmiskerfið, í kjölfarið varð ég ólétt. Meðferðin er ekki viðurkennd á Íslandi en vonandi mun hún verða aðgengilegri fyrir þá sem á eftir mér koma.
*Berglind Ósk Birgisdóttir*


ringo®
GLÆSILEGAR
HURÐIR
STERKAR OG HLJÓÐEINANGRANDI
Sértilboð á hvítlökkuðum hurðum.
Verð frá kr. 29.990. með karmi.
Mælum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.
Það er ódýrara en þú heldur að skipta um innihurðir.
Ringo 25 ár á Íslandi
Þýsk gæðavara
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is
Hjartalag

# Tilfinningaskalinn alltaf til taks

Hin sænsk-íslenska söngkona **Edda Magnason** og hinn íslenski leikari **Sverrir Guðnason** sem býr og starfar í Svíþjóð eru stödd á landinu vegna frumsýningar myndarinnar Monica Z. Bæði hlutu þau sænsku gullbjölluna fyrir leik sinn. Edda þreytti frumraun sína sem leikkona í titilhlutverki myndarinnar sem fjallar um ævi sænsku djasssöngkonunnar Monicu Zetterlund.

**Gunnþóra Gunnarsdóttir**
gun@frettabladid.is



Monica Z var opnunarmynd norrænu kvikmyndahátíðarinnar í Norræna húsinu og í tilefni þess komu aðalleikarar hennar, Edda Magnason og Sverrir Guðnason, hingað og njóta þess því bæði tengjast landinu sterkum böndum.

Sverrir: „Foreldrar mínir búa hér og öll ættin, nema systir mín sem býr í Gautaborg. Ég átti heima á Grenimelnum til tólf ára aldurs og hef alltaf reynt að halda í málið, tala til dæmis íslensku við dætur mínar þrjár.“

**Edda:** „Pabbi bjó lengi í Svíþjóð en það var alltaf töluð sænska heima. Nú er hann dýralæknir á Egilsstöðum og ég kem yfirleitt einu sinni á ári að heilsa upp á hann og frændur og frænkur. Amma mín dó fyrir nokkrum árum en hjá henni var fastur viðkomustaður fjölskyldunnar. Hún átti alltaf pönnukökur og fleira góðgæti. Mér finnst gaman að versla í Reykjavík og svo nær pabbi oft í mig á jeppanum. Ég drekk kaffi og borða súkkulaði meðan hann keyrir austur, ýmist norður- eða suðurleiðina.“

*Hafið þið einhvern tíma unnið hér á landi?*

Edda: „Ég hef unnið í fiski og selt ís og pylsur á Egilsstöðum.“

**Sverrir:** „Fyrir utan að leika í Borgarleikhúsinu þegar ég var ellefu ára vann ég í unglingavinnunni og kirkjugörðunum. Ég lék líka lítið hlutverk í Tíma nornarinnar, seríu sem Friðrik Þór gerði. En ég gæti alveg hugsað mér að leika meira hér. Það virðist mikið að gerast hér í kvikmyndabransanum. Ég held ég hafi aldrei verið í sama herbergi og sex leikstjórar en það gerðist í gærkveldi og allir voru með einhver verkefni í pípunum.“

### Byrjuðu á hjónaerjum

*Þau Edda og Sverrir þekktust ekki áður en þau byrjuðu að leika saman í Monicu Z. Var það tilviljun að tveir Íslendingar lentu saman í þeirri mynd?*

**Sverrir:** „Ég held ekki að það hafi verið tilviljun. Ég man þegar ég hitti Eddu fyrst á hótelherbergi í Köben, þá voru prufutökur að hefjast fyrir myndina. Það var svolítið gaman.“

**Edda:** „Já, við byrjuðum á hjónabandserjum. Spunnum í einhverja tvo tíma og allt var tekið upp. Enda fengum við hlutverkin!“

*Þið sýnið sterkar tilfinningar í myndinni. Eruð þið tilfinningaríkar manneskjur?*

**Edda:** „Já, líklega. Sem leikari verður maður að minnsta kosti að hafa greiða leið að tilfinningum sínum og draga þær fram til skiptis eftir þörfum. Allur skalinn þarf alltaf að vera til taks. Ég var ansi tilfinninganæm meðan á upptökunum stóð en nú er ég smátt og smátt að verða venjuleg aftur!“

**Sverrir:** „Sem leikari hefur það virkilegan tilgang að vera tilfinningaríkur. Tilfinningaríkur og músíkalskur. Það eru góðir eiginleikar.“

*Tökur á Monicu Z tóku tvo mánuði að sögn Sverris.*

**Edda:** „En undirbúningstíminn var langur. Líklega fjögur ár frá því hugmyndin fæddist. Ég fékk svona hálft ár til að undirbúa mig. Það var mjög stíft. Ég þurfti að leggja skánskuna á hilluna og æfa mig að tala Stokkhólmssænsku fyrir utan að breyta söngröddinni minni þannig að hún væri sem líkust hennar. Svo reyndi ég að setja mig inn í tíðarandann sem myndin gerist í og hugsanagang Moniku og æfa hreyfingar hennar og tjáningu. Síðan fór hellings tími í fataprufur, og hár og sminkprófanir.“

**Sverrir:** „Já, í búningaherberginu sá ég myndir í hundraðatali af Eddu í ólíkum fatnaði og hugsaði: Vá, þetta hefur verið vesen. Sjálfum leiðist mér að þurfa að máta föt þegar ég fer í búð að versla.“

**Edda:** „Þetta var bara liður í að lifa mig inn í heim Moniku Zetterlund.“

*Þú spilar á bassa í myndinni, Sverrir. Ertu hljóðfæraleikari?*

**Sverrir:** „Nei. Ég spila á gítar og æfði á trompet þegar ég var lítill en ég þurfti að læra á bassann til að spila á hann í myndinni. Fékk þrjá mánuði. Það var mjög gaman. Ég er að hugsa um að kaupa mér bassa.“

(Edda tekur nokkra bassatóna.)

Sverrir: „Það er gaman að segja frá því að við tókum hluta af myndinni utan við alvöruhúsið hennar Monicu Zetterlund. En svo var íbúðin byggð upp í stúdíói, eftir sömu teikningum.

### Nývöknuð að leika í partíi

*Í upphafi ætlaði Per Fly, leikstjóri Monicu Z, alls ekki að fá manneskju sem líktist Moniku til að leika hana og heldur ekki djasssöngkonu en svo var honum bent á Eddu, sem þá hafði aldrei leikið, ekki einu sinni á skólaskemmtun. Var hún ekki hissa þegar henni var boðið hlutverkið?*

**Edda:** „Ég var beðin að koma í prufu og varð svolítið forvitin en bjóst alls ekki við að verða valin. Allt í einu var ég komin í þetta krefjandi verkefni en samtímis var það skemmtilegt.“

*Föruð þið til New York?*

**Edda:** „Ég fór þangað. Upptökurnar byrjuðu þar. Í Harlem innan um fullt af aukaleikurum og leikurum, meðal annars í hlutverki Miles Davis, Ellu Fizgerald og fleiri frægra.“

*Þið keðjureykið í myndinni, sérstaklega þú, Edda. Eruð þið reykingafólk?*

„Ég var með gervisígarettur en stundum var ég svo þreytt að ég fékk mér eina alvöru. Það gat verið strembið að mæta nývöknuð í tökur á morgnana til að leika í partíi, reykja, djamma og djúsa alveg á fullu!“

*Hvað var í glösunum?*

„Mest epladjús eða vatn með soja. En þegar opnaðar voru freyðivínsflöskur þá var það alvöru.“

*Er erfitt að sleppa Zetterlund og verða Edda aftur?*

„Nei, ég er byrjuð að finna fyrir fortíðarþrá þegar ég horfi á myndina, mér finnst svo langt síðan ég var að vinna í henni og það var svo skemmtilegur tími. En ég fór til Kanada strax eftir að tökum lauk, var þar með vinum í nýju umhverfi og það flýtti fyrir því að ég kæmist úr hlutverkinu. En auðvitað fylgir Monica mér. Hér sit ég til dæmis tveimur og hálfu ári eftir tökurnar og tala um hana.“

### Ný plata og þrjár myndir

*Heldur þú söngskemmtanir sem Monica Zetterlund, Edda?*

**Edda:** „Meðan á kynningu myndarinnar stóð, til dæmis í sjónvarpi, tók ég oft lögin hennar, söng jafnvel með stórsveit og það var gaman. En nú vinn ég með mína eigin tónlist sem er meira poppuð.“

*Heldurðu oft tónleika sem Edda Magnason?*

„Já, ég er með nýja hljómsveit og gef út nýja plötu í sumar. Eftir um það bil mánuð set ég á fulla ferð með að kynna hana og verð að spila og syngja í allt sumar. Það væri gaman að koma hingað í þeim erindum.“

*Bíða ekki leikaraverkefnin í bunkum eftir henni nú þegar hún hefur slegið í gegn á hvíta tjaldinu?*

„Jú, ég er búin að fá slatta af tilboðum en á eftir að hugsa mig um. Akkúrat núna er ég fókuseruð á nýju plötuna og allt sem henni fylgir.“

*En hvenær megum við eiga von á að heyra nafnið þitt nefnt næst í fjölmiðlum, Sverrir? Eru nýjar myndir í farvatninu eða stór hlutverk á sviði?*

**Sverrir:** „Ég er búinn að taka upp þrjár myndir sem eftir er að frumsýna. Það eru Blow Fly Park, sem Jens Östberg leikstýrir. Hann er ballettdansari og danshöfundur og þegar hann var 24 ára vann hann stærstu verðlaun sem hægt er að vinna fyrir dans. Þetta er hans fyrsta bíómynd. Mjög spennandi verkefni. Þar leik ég mann sem vinnur á leikskóla og getur hafa valdið því að vinur hans dó. Önnur sem ég leik í og er óútkomin er My So Called Father í stjórn Ulf Malmroos. En stærsta verkefnið er Gentleman sem Mikael Marcimain stýrir og kostar um 100 milljónir sænskra króna. Það er bæði bíómynd sem kemur í október og svo var tekin upp sex klukkustunda sjónvarpssería. Ég leik þar ljóðskáld. Gentlemen er eftir samnefndum metsölubókum Klas Östergrens. Þær spanna tímabilið frá 1943 til 2005 og myndin gerir það líka.“

Meðan Sverrir fer fram að sækja kaffi með 28% af mjólk fyrir Eddu! trúir hún mér fyrir því að þótt hún tali ekki mikla íslensku sé hljómfall tungumálsins henni nærtækt og leyfir mér að heyra: „Neei, Gvuuð!“ „Þetta kallaði amma upp þegar hún var búin að missa af flugvélinni heim til Íslands!“



**Í VATNSMÝRINNI** Edda og Sverrir hafa gaman af að koma til landsins öðru hvoru og gætu alveg hugsað sér að leika hér og syngja. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## EDDA MAGNASON

**Nafn** Edda Karin Hjartardóttir en notar Edda Magnason.
**Aldur** 29 ára.
**Foreldrar** Hjörtur Ögmundur Magnason og Karin Eva Margit Lindström.

- Fædd og uppalin í Fyldalen á Skáni í Svíþjóð.
- Spilar á píanó, semur tónlist og syngur.
- Fyrsta sólóplatan, Edda Magnason, kom út árið 2010 með eigin lögum Eddu sem hún söng og spilaði á píanó.
- Plata númer tvö var Goods, árið 2011. Edda samdi, söng og spilaði og hannaði auk þess umslagið.
- Fyrsta og eina kvikmyndin til þessa Monica Z sem var frumsýnd í september 2013. Myndin var sú vinsælasta í Svíþjóð á síðasta ári og hefur verið seld til 23 landa. Edda fékk sænsku Gullbjölluna sem besta leikkona í aðalhlutverki.
- Platan Monica Z – Musiken från filmen er orðin gullplata. Edda var tilnefnd til Grammi-verðlauna fyrir hana.

## SVERRIR PÁLL GUÐNASON

**Aldur** 35 ára
**Foreldrar** Guðni Albert Jóhannesson orkumálastjóri og Bryndís Sverrisdóttir starfsmaður Þjóðminjasafns.

- Fyrsta hlutverk í stóru leikhúsi var drengur í Heimsljósi í Borgarleikhúsinu 1989. Kom líka fram í áramótaskaupi 1989.
- 1996 fékk hann hlutverk í fyrstu sjónvarpsseríunni, Sexton.
- Hefur leikið Pontus í 11 Kurt-Wallander myndum.
- Fékk verðlaun sem besti karlleikari fyrir hlutverk sitt í dansk/sænsku myndinni Original á alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Shanghai 2009.
- Lék aðalhlutverk í Storstadsljus í Borgarleikhúsi Gautaborgar 2008 og í Paraplyerna í Cherbourg í Borgarleikhúsinu í Stokkhólmi 2011.
- Fékk Gullbjölluna 2014 sem besti karlleikari í aukahlutverki í myndinni Monica Z.




# Forsala á SKI-DOO OG LYNX vélsleðum 2015 árgerð

**100 þús. í bensínúttekt!**
Einn heppinn viðskiptavinur sem pantar sleða vinnur gjafabréf

**Verulegur afsláttur** ef pantað er í apríl

PIPAR\TBWA • SÍA • 140937

Skelltu þér í Ellingsen og kynntu þér **2015 árgerðina af Ski-Doo og Lynx** á frábæru forsöluverði.
Það hefur aldrei gefist betra tækifæri til að endurnýja sleðann.



## SKI-DOO Freeride
154 800R E-TEC
**2015 árgerð**

2015 Freeride sleðinn er fyrir þá sleðamenn sem líta á sportið sem mikla áskorun við erfiðar aðstæður enda fátt sem er sleðanum ofviða. Hvort sem þú ert að vippa, stökkva stór stökk, klifra eða skera erfiðan hliðarhalla þá er Freeride rétti sleðinn við allar þessar aðstæður.

| Vél: | ROTAX® 800R E-TEC® |
|---|---|
| Bensíntankur: | 40 l |
| Rúmtak: | 799,5 |
| Olíutankur: | 3,7 l |
| Breidd beltis: | 406 mm |
| Þyngd: | 222 kg |

FORKAUPSVERÐ
**3.190.000 KR.**
FULLT VERÐ 3.390.000 KR.



## LYNX BoonDocker
Re 3700 800R E-TEC ( E )
**2015 árgerð**

Fyrir þá sem vilja harðjaxlinn í hópnum er PPS2 afturfjöðrunin sniðin að íslenskum aðstæðum. Lynx BoonDocker sameinar styrk, lipurð og áreiðanleika sem á sér vart hliðstæðu.

| Vél: | ROTAX® 800R E-TEC® |
|---|---|
| Bensíntankur: | 38 l |
| Rúmtak: | 799,5 |
| Olíutankur: | 3,7 l |
| Breidd beltis: | 406 mm |
| Þyngd: | 222 kg |

FORKAUPSVERÐ
**2.990.000 KR.**
FULLT VERÐ 3.250.000 KR.



## SKI-DOO Summit X
154 800R E-TEC
**2015 árgerð**

Hannaður með vana vélsleðamenn í huga sem vilja eyða meiri tíma utan slóða og vilja kraftmikinn sleða með nokkrum góðum „race"-fídusum.

| Vél: | ROTAX® 800R E-TEC® |
|---|---|
| Bensíntankur: | 40 l |
| Rúmtak: | 799,5 |
| Olíutankur: | 3,7 l |
| Breidd beltis: | 406 mm |
| Þyngd: | 208 kg |

FORKAUPSVERÐ
**2.895.000 KR.**
FULLT VERÐ 3.190.000 KR.



## SKI-DOO Summit X T3
174 800R E-TEC
**2015 árgerð**

2015 Summit X 174 T3 sleðinn er lengsti fjallasleðinn til þessa. Frábær klifursleði og meðfærilegasti brekku- og hliðarhallasleði sem Ski-Doo hefur framleitt. Hann er tilvalinn í krefjandi landslagi þar sem lítið má út af bregða.

| Vél: | ROTAX® 800R E-TEC® |
|---|---|
| Bensíntankur: | 40 l |
| Rúmtak: | 799,5 |
| Olíutankur: | 3,7 l |
| Breidd beltis: | 406 mm |
| Þyngd: | 210 kg |

FORKAUPSVERÐ
**3.150.000 KR.**
FULLT VERÐ 3.350.000 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

ÚR KJÖTBORÐI



1.198 kr./kg

**SVÍNAHNAKKI ÚRB.**
verð áður 1.598 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



1.598 kr./kg

**SVÍNALUNDIR**
verð áður 2.398 kr./kg

1.298 kr./kg



**FJALLALÆRI**
verð áður 1.498 kr./kg

1.198 kr./kg



**LAMBALÆRI FROSIÐ**
verð áður 1.298 kr./kg

1.745 kr./kg



**LAMBAHRYGGUR FROSINN**
verð áður 2.049 kr./kg

979 kr./kg



**HANGIFRAMPARTUR Í BITUM**
verð áður 1.298 kr./kg

1.198 kr./kg




**BAYONNE SKINKA**
verð áður 1.495 kr./kg

898 kr./kg



**KINDAHAKK FROSIÐ**
verð áður 1.189 kr./kg

FJARÐARKAUP

# HELGAR-TILBOÐ

4. – 5. APRÍL

739 kr./kg



**SÚPUKJÖT FROSIÐ**
verð áður 858 kr./kg

1.398 kr./kg



**HAMBORGARHRYGGUR**
verð áður 1.598 kr./kg

2.079 kr./kg



**SKYNDIGRILL**
verð áður 2.549 kr./kg

998 kr.




**PÁSKA OSTAKAKA M/PIPP SÚKKULAÐI**
verð 998 kr.

836 kr./kg



**KINDABJÚGU**
verð áður 937 kr./kg

898 kr.




**COCA COLA 4X2L**
verð áður 1.098 kr.

149 kr./stk.




**PÁSKA JÓGÚRT EÐA ENGJAÞYKKNI**
verð 149 kr./stk.

598 kr.

298 kr.




**PIK-NIK 255G**
verð áður 659 kr.

**PIK-NIK 113G**
verð áður 348 kr.

598 kr.




**MERRILD KAFFI NR 103**
verð áður 698 kr.

VISA

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort

OPIÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. www.fjardarkaup.is

598 kr.




**NÓA PIPP EGG FYLLT**
verð 598 kr.

898 kr.




**EGILS APPELSÍN 4X2L**
verð áður 998 kr.

**25 % VERÐLÆKKUN**
af völdum DUNI vörum

1.349 kr.

1.349 kr.

336 kr.



321 kr.

**SERVÉTTUR 24 CM**
verð áður 428 kr.

**KUBBAKERTI 6X13 CM**
verð áður 448 kr.

**DÚKUR 120X180 CM**
verð áður 1.798 kr.

**DÚKALENGJA 0,4X4,8M**
verð áður 1.798 kr.

**25 % VERÐLÆKKUN**




**LEE STAFFORD HÁRVÖRUR**
25% verðlækkun

1.995 kr./pk.




**PICCOLINIS MINI PIZZUR**
verð áður 2.495 kr./pk.

**25 % VERÐLÆKKUN**

398 kr.

860 kr.



**STÓRT KERTI**
verð áður 1.147 kr.

**SERVÉTTUR 33 CM**
verð áður 538 kr.

998 kr.



**PÁSKAEGGJAKARFA**
verð áður 1.188 kr.

298 kr./kg



**ERLENDIR TÓMATAR**
verð 298 kr./kg

379 kr.




**NÓA GULLEGG 6 STK. Í PK.**
verð 379 kr.

792 kr.




**OERLEMANS BROKKOLI MIX**
verð 792 kr.

598 kr.




**GEVALIA KAFFI 500G**
verð áður 668 kr.

288 kr./kg



**RAUÐ EPLI**
verð 288 kr./kg

398 kr.




**KÓKÓMJÓLK 6X250ML**
verð 489 kr.

3.498 kr.




**QUALITY STREET 2KG**
verð áður 3.998 kr.

998 kr.




**ANDREX WC 9+3**
verð áður 1.398 kr.

FK
FJARÐARKAUP

# Litli prinsinn gefur brjóst í pásum



**Þórunn Arna Kristjánsdóttir** stígur á svið í hlutverki Litla prinsins í Kúlunni í dag. Hún hefur átta vikna gamla dóttur sína með sér á æfingar og skýst til að gefa brjóst í pásum. Litli prinsinn verður síðasta hlutverk hennar í Þjóðleikhúsinu því hún er komin á samning hjá Borgarleikhúsinu þar sem hún byrjar í haust.



**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is

Þórunn tekur á móti mér með nýfædda dótturina í fanginu og meðan við spjöllum saman gefur hún brjóst og vaggar litlunni í svefn. Hún er að frumsýna í dag þótt dóttirin sé ekki nema átta vikna og eðlilegt að sú spurning vakni hvort leikkonur fái ekki fæðingarorlof eins og aðrar konur. „Jú, jú, ef þær vilja. Mig bara langaði að takast á við þetta verkefni og gerði sérstakan samning við Þjóðleikhúsið um það. Við æfðum á meðan ég var ólétt, svo fór ég í smá fæðingarorlof og undanfarnar tvær vikur höfum við bara verið að fínpússa og leggja lokahöndina á sýninguna."

En er ekkert erfitt að fara að vinna frá svona nýfæddu kríli? „Nei, nei, hún kemur bara með mér á æfingar og í öllum pásum fer ég fram, dáist að henni og gef henni brjóst."

**Hollt að breyta til**

Fram kom í vikunni að Þórunn hefur skrifað undir samning við Borgarleikhúsið og hefur þar störf í haust. Hún hefur verið fastráðin við Þjóðleikhúsið síðan hún útskrifaðist, hvers vegna er hún að skipta um vinnustað? „Það var bara kominn tími til að breyta til, ég held það sé nauðsynlegt fyrir alla. Ekki það að ég kveð Þjóðleikhúsið með söknuð í hjarta því það hefur verið ótrúlega gaman að vinna þar þessi fjögur ár. En það er svo auðvelt að festast í einhverju fari og nauðsynleg áskorun að hreyfa sig, vinna með nýju fólki á nýjum vettvangi þannig að ég er rosalega spennt og hlakka til."

Hún vill ekki gefa upp hvaða verkefni verði hennar fyrsta í Borgarleikhúsinu, en lofar að það verði spennandi og ekki barnasýning. „Verkefnin skipta auðvitað máli en það er samt fyrst og fremst fólkið sem maður er að vinna með sem ræður því hvort það er gaman að vera með í einhverri sýningu. Að leika í Macbeth var til dæmis eitthvað það skemmtilegasta og lærdómsríkasta sem ég hef gert, þótt ég væri bara með örfáar setningar. Það var svo frábær leikstjóri, frábær leikhópur og skemmtileg vinna."

**Gat ekki gert upp á milli**

Þórunn er fædd og uppalin á Ísafirði og byrjaði að leika og syngja þar sjö ára gömul. Hún segist ekki hafa verið viss um hvort hún vildi verða leikkona eða söngkona þannig að hún sótti bæði um í söng- og leikaranámi við Listaháskólann og komst inn í söngnámið. „Ég hafði stóra söngkonudrauma þegar ég var lítil og gat bara ekki gert upp á milli söngsins og leiksins. Þannig að ég var í tónlistardeild LHÍ í þrjú ár og útskrifaðist þaðan sem söngkona. Hins vegar sannfærðist ég um það í því námi að söngkonuferillinn heillaði mig ekkert svakalega mikið. Þú ert miklu meira einn að vinna að þínu í tónlistinni á meðan þú ert alltaf að vinna með fullt af fólki í leikhúsinu. Það finnst mér svo gefandi. Ég hafði heldur ekki agann í það að vera ein inni í æfingaherbergi endalaust. Svo ég sótti um í leiklistardeildinni og var í LHÍ í fjögur ár í viðbót til að verða leikkona."

Þótt Þórunn hafi ekki gert sönginn að aðalstarfi þá er hún ennþá virk á því sviði og mun meðal annars troða upp með hljómsveit Skúla mennska á Aldrei fór ég suður um páskana. „Við höfum verið að vinna svolítið saman og Skúli er rosalega duglegur að draga mig með sér í verkefni. Hann er svo skemmtilegt tónskáld og textahöfundur, það skiptir mig miklu máli. Mér finnst ekkert endilega skipta máli að söngurinn sé fullkominn heldur er það hvernig fólk kemur textanum til skila sem kveikir í mér."

**Listin í genunum**

Þórunn þakkar áhugann á söng og leiklist alfarið því að hafa alist upp á Ísafirði. Þar gekk hún í Tónlistarskólann, lærði á fiðlu og píanó auk söngsins og tók þátt í leiksýningum Litla leikklúbbsins. Hún er þó eini meðlimur fjölskyldunnar sem hefur farið út á listabrautina.

„Ég held að ef þú býrð á Ísafirði þá smitistu ósjálfrátt af menningunni þar. Tónlistarmenningin er auðvitað rosalega sterk en það er leiklistin líka. Mamma og pabbi voru samt ekki tónlistar- eða leiklistarfólk, höfðu bara brennandi áhuga á að njóta þessara lista, og hvorugt systkina minna hefur farið út á listabrautina. Mamma segir reyndar að þetta sé í genunum og komi úr móðurfjölskyldunni hennar. Arngrímur málari var langalangafi minn og ég heiti í höfuðið á honum og Þórunni konu hans. Hún var mikil söngkona og allar hennar systur þannig að þessi baktería hefur alltaf verið í ættinni, þótt fæstir hafi fylgt henni alla leið, enda fá tækifæri til þess á þeim tíma. Það þótti nógu mikið flipp hjá Þórunni langalangömmu minni sem var prestsdóttir að giftast málara."

Þórunn segist aldrei munu sjá eftir því að hafa látið bakteríuna heltaka sig og gert listina að ævistarfi, hana hafi bara aldrei langað að gera neitt annað. „Ég veit auðvitað að ég verð aldrei rík af þessu, enda langar mig ekkert til þess. Það fylgir þessu starfi lítið öryggi og þótt ég hafi verið að skrifa undir samning í Borgarleikhúsinu fyrir næsta ár þá er engin trygging fyrir því að ég hafi vinnu næsta leikár þar á eftir. Ég var ótrúlega heppin að fá samning strax eftir útskrift og er þakklát fyrir það. Þess vegna reyni ég alltaf að gera það sem ég geri eins vel og ég get og taka aldrei neinu sem gefnu."





**ÞÓRUNN ARNA KRISTJÁNSDÓTTIR** Móðurhlutverkið er æðislegt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Langar í eitthvað fullorðins**

Eitt af fyrstu hlutverkum Þórunnar eftir útskrift úr Listaháskólanum var prinsessan á Bessastöðum í samnefndu leikriti. Síðan hefur hún leikið í ýmsum barnasýningum og þá oftast leikið börn. Er hún ekkert hrædd um að festast í barnahlutverkunum? „Það er nú bara þannig að þegar maður hefur barnalega rödd og er undir einum og sextíu á hæð þá er manni ósjálfrátt kastað í barnahlutverk. Það hefur auðvitað bæði kosti og galla, en kostirnir eru miklu fleiri. Þetta er samt aðeins að breytast, enda er ég orðin þrítug, en ég hef samt fengið ótrúlega mikið að gera einmitt af því að ég er svona lítil. Það er gaman að hafa möguleikann á því að geta leikið allt frá börnum og upp úr en auðvitað þyrstir mig núna í að fara að gera meira af fullorðins hlutum. Mér finnst samt ofsalega skemmtilegt að leika fyrir börn og mikilvægt að maður vandi sig við það og líti ekki á það sem eitthvað annars flokks."

**Allir græða**

Sambýlismaður og barnsfaðir Þórunnar er Vignir Rafn Valþórsson, leikari og leikstjóri, sem hefur verið að hasla sér völl í leiklistinni í vetur. Var ekkert erfitt að taka þá ákvörðun að fara út í barneignir núna þegar ferill beggja er að komast á flug? „Ég held það sé enginn réttur eða rangur tími til að eignast barn. Þetta var góð ákvörðun og rétt og það kemur mér á óvart hvað mér finnst svakalega gaman að vera mamma. Það er æðislegt. Ég held það þurfi ekkert að trufla ferilinn. Maður hefur val um það hversu mikið maður flækir líf sitt og mér finnst best að hafa hlutina einfalda og búa ekki til vandamál fyrirfram. Það var brött ákvörðun að fara að sýna Litla prinsinn svona stuttu eftir fæðinguna og margir eru mjög hissa á mér, en eftir frumsýningu sýnum við bara um helgar og barnið fær ánægðari mömmu sem er að gera eitthvað sem henni finnst skemmtilegt, þannig að ég held að allir græði. Auðvitað er þetta alltaf púsluspil þar sem vinnutími leikara er aðallega á kvöldin alla jafna, en þessi stelpa á frábæran pabba, ömmur og afa, frænkur og frændur svo það væsir alls ekkert um hana á meðan mamma er að vinna."

> **Það var brött ákvörðun að fara að sýna Litla prinsinn svona stuttu eftir fæðinguna og margir eru mjög hissa á mér, en eftir frumsýningu sýnum við bara um helgar og barnið fær ánægðari mömmu**
>
> *Þórunn Arna Kristjánsdóttir, leikkona*

Markhönnun ehf

# netto

Kræsingar & kostakjör

# PÁSKAEGG










**COKE**
**4X2 L**

**998,–**




**PÁSKAEGG NO 9**
FREYJU RÍS-EÐA DRAUMAEGG

**1.998,–**






**DORITOS**
**4 TEG**
VERÐ PER POKA
VERÐ ÁÐUR 239,-

**195,–**



**BOOGIE**
PÁSKAFÍGURA

**349,–**




**ONLY**
PÁSKAEGG 500 G

**599,–**



**ONLY**
PÁSKAEGG 100 G

**179,–**

# PÁSKAÖL




**PÁSKAÖL**
VERÐ PER DÓS
**156,–**

**MALT &APPELSÍN**
VERÐ PER DÓS
**175,–**

**HÁTÍÐAR-BLANDA**
VERÐ PER DÓS
**87,–**




**MILKYBAR**
SÚKKULAÐIKANÍNA

**149,–**

**SMARTIES**
SÚKKULAÐIUNGI

**149,–**




**CADBURY**
DAIM EGG 86 G

**249,–**

**Tilboðin gilda 5. - 6. apríl 2014 eða á meðan birgðir endast**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Afganar láta enn reyna á lýðræðið

Forsetakosningar verða haldnar í Afganistan í dag. Þrátt fyrir efasemdir um gildi þeirra hefur kosningabaráttan verið býsna lífleg. Átta frambjóðendur sækjast eftir að taka við af Hamid Karzai, sem fer frá sjálfviljugur eftir rúmlega tólf ár í embætti.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Skoðanakannanir sýna að mikill meirihluti Afgana er áhugasamur um kosningarnar sem haldnar verða í dag. Margir binda vonir við að þær leiði til breytinga, spillingin minnki og árásum fækki. Óvissan er hins vegar mikil og vonirnar veikburða. Ástandið gæti þess vegna versnað til muna.

Átta frambjóðendur hafa undanfarnar vikur keppst við að ná til kjósenda. Einn þeirra tekur við af Hamid Karzai, sem fer sjálfviljugur frá eftir rúmlega tólf ár í embætti.

Ólíklegt er að neinn þeirra fái hreinan meirihluta, þannig að væntanlega þarf innan fárra vikna að efna til seinni umferðar þar sem kosið verður á milli þeirra tveggja sem flest atkvæðin fá.

### Áhyggjuefnin

Áhyggjuefnin eru af tvennum toga: landlæg spilling og þrálát átök og árásir sem vekja ótta meðal kjósenda en ekki síður meðal frambjóðenda sjálfra sem og þeirra sem eiga að sjá um framkvæmd kosninganna og eftirlit með þeim.

Almennt virðist reiknað með því að kosningasvindl verði stundað í miklum mæli. Frambjóðendur hafi þurft að tryggja sér velvild áhrifamanna heima í héruðunum, sem geti séð til þess að talning upp úr kjörkössum skili þeim niðurstöðum sem óskað er eftir.

Talibanar hafa hótað að gera allt sem þeir geta til að skemma fyrir kosningunum, og hafa undanfarið gert hverja árásina á fætur annarri til að minna á sig og fæla fólk frá því að mæta á kjörstað.

Spennan er töluverð og síðast í gær létu lífið tveir útlendingar, þekktur ljósmyndari frá AP-fréttastofunni ásamt fréttamanni. Þau sátu í bifreið sinni í austurhluta landsins þegar afganskur lögreglumaður tók upp á því að skjóta á þau.

### Sumt lofar góðu

Það lofar hins vegar góðu að kosningabaráttan virðist hafa verið tekin alvarlega. Frambjóðendur hafa efnt til kosningafunda og tekið þátt í sjónvarpsumræðum. Kosningaspjöld eru áberandi og fólk hefur flykkst á kosningafundina.

Kosningabaráttan hefur því verið harla vestræn að yfirbragði, sem er nokkuð sem almenningur í Afganistan hafði ekki átt að venjast fyrr en eftir að talibanastjórnin féll fljótlega upp úr aldamótum.

Annað sem lofar góðu er að konur hafa verið óvenju áberandi í kosningabaráttunni. Þær hafa mætt á kosningafundi og jafnvel tekið þar til máls. Meðframbjóðandi eins frambjóðendanna er kona og eiginkona annars frambjóðanda hefur iðulega ávarpað kosningafundi hans.

Þetta skiptir máli í landi, þar sem réttindi kvenna voru barin niður á tímum talibanastjórnarinnar fyrir aðeins rétt rúmum áratug.

### Karzai

Þótt óvissa sé um bæði útkomu og mikilvægi kosninganna, þá markar það engu að síður ótvíræð tímamót að Hamid Karzai forseti fer frá eftir rúmlega tólf ár í embætti.

Hann hefur ítrekað verið sakaður um að vera á kafi í þeirri landlægu spillingu, sem loðað hefur við landið. Hann hafi grímulaust hyglað sínum mönnum og notfært sér völd sín til að kaupa fólk til stuðnings við sig.

Hann má þó eiga það að hann stígur sjálfviljugur til hliðar og styrkir þar með lýðræðisvitund landsmanna.

### Pastúnar

Allir frambjóðendurnir átta, sem sækjast eftir forsetastarfinu, eru af þjóðflokki pastúna. Pastúnar eru langfjölmennasti þjóðflokkur landsins. Þeir eru 42 prósent landsmanna, en búa einkum í austur- og suðurhluta þess.

Til þess að ná til annarra þjóðernishópa hafa þeir með sér tvo meðframbjóðendur hver, til að skipa embætti varaforseta og varavaraforseta. Þessir meðframbjóðendur koma úr ýmsum áttum.

Pastúnar hafa síðustu aldirnar undantekningarlítið farið með völdin í Afganistan, en þó gengið misjafnlega vel að fá aðra landsmenn til að lúta stjórn sinni í reynd.

Talibanar eru flestir pastúnar og þeim tókst aldrei að ná öllu landinu á sitt vald, ekki frekar en Sovétmönnum á níunda áratug síðustu aldar.

### Unga fólkið

Fréttaskýrendur hafa bent á að nærri tveir þriðju afgönsku þjóðarinnar séu yngri en 25 ára. Hlutirnir geta því breyst frekar hratt, ef aðstæður skapast til þess.

„Unga fólkið í Afganistan er mikilvægur hluti kjósendahópsins. Þannig að þrátt fyrir allt þetta óöryggi og hótanir, allar þessar árásir á síðustu vikum, þá höfum við séð allt þetta unga fólk flykkjast í biðraðir til að fá kosningaskírteinin sín,“ hefur arabíski fréttavefurinn Al Jazeera eftir Abdul Waheed Wafa við háskólann í Kabúl.



**KOSNINGAFUNDUR Í KABÚL** Stuðningsmenn Ashrafs Ghani Ahmadzai hlusta á hann flytja ræðu á kosningafundi í Kabúl á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## FRAMBJÓÐENDURNIR ÁTTA

### → Þrír virðast eiga mesta möguleika



**Abdullah Abdullah**

Fyrrverandi utanríkisráðherra, sem bauð sig fram gegn Hamid Karzaí árið 2009 og hlaut nærri þriðjung atkvæða. Hann er sagður njóta mikils stuðnings meðal Tadsjíka, en síður meðal pastúna. Dró framboð sitt til baka áður en seinni umferð var haldin, að eigin sögn vegna þess að hann treysti því ekki að framkvæmdin yrði með eðlilegum hætti.

Meðframbjóðendur hans eru Mohammad Khan og Mohammad Mohaqiq.



**Ashraf Ghani**

Fyrrverandi fjármálaráðherra og starfaði lengi hjá Alþjóðabankanum. Hann bauð sig fram fyrir forseta árið 2009 en hlaut aðeins þrjú prósent atkvæða. Hann hefur lagt sig fram um að höfða til sem flestra hópa samfélagsins og fékk stríðsherrann Abdul Rashid Dostum, til liðs við sig, en hann barðist á sínum tíma gegn talibönum og á fylgi meðal Úsbeka.

Meðframbjóðendur hans eru Abdul Rashid Dostum og Sarwar Danish.



**Abdul Rasul Sayyaf**

Íhaldssamur íslamisti og áhrifamikill þingmaður. Mælskumaður mikill sem á auðvelt með að fá fólk til fylgis við sig. Aðhyllist Wahabista-afbrigði íslamskrar trúar, barðist gegn Sovétmönnum í Afganistan og stofnaði með Osama bin Laden æfingabúðir sem síðar voru notaðar af Al Kaída. Sat um skeið í fangelsi Sovétmanna.

Meðframbjóðendur hans eru Mohammad Ismaíl Khan og Abdul Wahab Urfan Erfan.

### → Fimm aðrir halda enn í vonina



**Zalmai Rassoul**

Læknir, menntaður í Frakklandi. Fyrrverandi utanríkisráðherra. Sagður njóta stuðnings Hamids Karzai forseta.



**Gul Agha Sherzai**

Komst til valda sem leiðtogi herskárra íslamista. Fyrrverandi ríkisstjóri í Kandahar og Nangarhar.



**Qutbuddin Hilal**

Styður Hizb-i-Islami, hreyfingu herskárra íslamista sem Gulbuddin Hekmatyar stýrir.



**Mohammad Daud Sultanzoy**

Fyrrverandi flugmaður, fór til Bandaríkjanna eftir innrás Sovétmanna. Sneri aftur eftir fall talibanastjórnarinnar



**Hidayat Amin Arsala**

Starfaði hjá Alþjóðabankanum í 18 ár, sneri heim til að berjast gegn Sovétmönnum. Ráðgjafi Karzaís forseta.

## HELSTU ÞJÓÐERNISHÓPARNIR




Pastúnar í austur- og suðurhluta Afganistans eru langfjölmennastir og hafa öldum saman farið með völdin í landinu. Karzai, fráfarandi forseti, er pastúni. Allir forsetaframbjóðendurnir eru einnig pastúnar, en meðframbjóðendur þeirra koma úr ýmsum áttum allt eftir því til hverra helst á að höfða. Talibanar koma sömuleiðis úr röðum pastúna.




SAMSTÖÐUFUNDUR 6
Fjölmennum á Austurvöll kl. 15-16
laugardaginn 5. apríl
Slástu í hóp
53.382
hagsmunaðila!
Spurningin um aðild að Evrópusambandinu er stærri og mikilvægari en svo að einstakir stjórnmálaflokkar eða ríkisstjórnir eigi að ráða svarinu.
Alþingi ber að sýna þjóðinni þá virðingu að leggja framhald aðildarviðræðna Íslands og Evrópusambandsins í dóm allra Íslendinga.
Þess vegna er hafin undirskriftasöfnun á vefnum Þjóð.is þar sem skorað er á Alþingi að leita þjóðarviljans.
Alþingismenn starfa í umboði okkar. Látum þá vita hvað við viljum og skrifum undir.
www.þjóð.is
JÁ, ÉG VIL
KJÓSA!

# HELGAR

## LAU. 11-16 og SUN. 13-17




## GLÆSILEG HÖNNUN
MEÐ ÖRÞUNNUM RAMMA

**Philips 47PFL7108S**
47" 3D Smart LED Full HD sjónvarp með 1920 x 1080p upplausn. Pixel Precise HD. Dual-Core örgjörvi. Ambilight Spectra 3 XL baklýs. 700 Hz Perfect Motion Rate (Micro Dimming). Perfect 3D Natural Motion. Easy 3D. 2D-3D conversion. 24 W RMS Incredible Surround hljóð. Smart TV nettenging. Wi-Fi Miracast. Wi-Fi Þráðlaus móttakari. Ljósnemi. 500.000:1 skerpa. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Gerfihnattamóttakari. 3x USB tengi. USB upptaka. 4 HDMI tengi, Scart, Component og heyrnatólstengi. Ethernet, Optical út, CI rauf. Skype myndavél innbyggð. EasyLink. App semsamhæfir fjarstýringu við iPhone/Android síma.

TILBOÐ
**299.995**
FULLT VERÐ 399.995




**PHILIPS 42"**
TILBOÐ
**99.995**
FULLT VERÐ 129.995

**PHILIPS 46"**
TILBOÐ
**129.995**
FULLT VERÐ 159.995

**Philips 42PFL3108T/ Philips 46PFL3108T**
42" Full HD LED sjónvarp með 1920 x 1080p upplausn. 100Hz Perfect Motion Rate. Digital Crystal Clear. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Ljósskynjari. USB, 2 HDMI tengi o.fl.

PHILIPS



**Philips FC8652**
Performer ryksuga með 400w sogkrafti og 2000w hljóðlátum mótor. Airflow Max tækni. HEPA 10 og AirSeal filter sem má þvo. 6m snúra. Gúmmí hjól.

TILBOÐ
**15.995**
FULLT VERÐ 22.995



Whirlpool

**Whirlpool AWOD8244**
1400sn 8kg þvottavél með 6th Sense Infinite Care. 56L tromla. Rafeindastýrður kerfisveljari og hitastillir. LCD skjár. Clean+ blettakerfi. 15 þvottakerfi ásamt 15 mín hraðkerfi. Stafræn niðurtalning. Hljóðlátur kolalaus mótor. Þvotthæfni A. Vinduhæfni B. Orkunýting A+++.

*Íslenskt stjórnborð og leiðarvísir*

TILBOÐ
**99.995**
FULLT VERÐ 119.995

## CLEANAER
## STARTPAKKI



cleanaer

Pakkinn inniheldur Cleanaer lofthreinsitæki og statíf ásamt hylki. Hreinsar loftið og hægt að fá hylki með lykt einnig.

TILBOÐ
**4.995**
FULLT VERÐ 9.995

## WASSERMAXX
## KOLSÝRUTÆKI



Wassermaxx Triton - 3LITIR **Kolsýruhylki fylgir!**

TILBOÐ
**12.995**
FULLT VERÐ 14.995

www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ

# RTILBOÐ

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT



## PÁSKATILBOÐ Á PHILIPS SENSEO

PHILIPS Senseo

5 pakkar af dýrindis Cappuccino og 5 pakkar af rjúkandi Hot Choco súkkulaði fylgja með öllum Senseo vélum. **Verðmæti kaupauka er 6.200kr.**



NÝTT

**Philips HD7810SV**
1450w Senseo kaffivél sem hellir upp á 1 eða 2 bolla í einu. Hver bolli er ferskur og með lag af froðu. Tekur aðeins 30 sek. að laga. Auðvelt að hreinsa.

VERÐ **14.995**
FRÁBÆRT VERÐ



KYNNINGARVERÐ
Ný Senseo kaffivél sem var að lenda!
Philips HD788010 og HD788080

TILBOÐ **16.995**
FULLT VERÐ 19.995

## PHILIPS HEIMABÍÓ

**Philips HTL2160T**
Heimabíó með 60w RMS 80cm Soundbar hátalara. Dolby Digital og Virtual Surround Sound. MP3 Link, AUX in, coaxial/optical in og USB. Þráðlaus Bluetooth tenging. Bassahátalari fylgir. Hægt að festa á vegg.



Bluetooth

ÓTRÚLEGT TILBOÐ

TILBOÐ **29.995**
FULLT VERÐ 39.995

## HÖGG- OG VATNSHELD!



Nikon

**Nikon S31**
10,1 MegaPixla upplausn. Höggheld að 1,2 m. Vatnsheld að 5 m. 2,7 tommu LCD skjár. NIKKOR linsa. 3x Optical og 5x Digital Zoom. Rafræn titringsjöfnun. 4x hristivörn. HD hreyfimyndataka. Rafhlaða endist allt að 260 myndir. 26 MB innra minni og rauf fyrir SD/ SDHC/ SDXC kort. Íslenskur leiðarvísir.

TASKA FYLGIR Í KAUPBÆTI

TILBOÐ **17.995**
FULLT VERÐ 22.995

## VÖFFLUJÁRN
20% AFSLÁTTUR



## TÖFRASPROTAR
20% AFSLÁTTUR



## iRobot



SKÚRINGAVÉLMENNI
RYKSUGUVÉLMENNI
20% AFSLÁTTUR



Heimilistæki
ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# ÞRJÚ MÖGNUÐ HELGARTILBOÐ

## HAGSTÆÐASTA 10" DUAL CORE SPJALDTÖLVA Í SÖGU TÖLVULISTANS !

**5.000 króna aukaafsláttur um helgina á vinsælustu spjaldtölvunni okkar. 10" skjár og sprækur A20 Allwinner Dual Core örgjörvi ásamt nýja Android 4.2 stýrikerfinu. Langlægsta verð sem við höfum náð á sambærilegri spjaldtölvu.**



**SÉRSTAKT**
**HELGARTILBOÐ**

# 14.990

**FULLT VERÐ 19.990**
**AÐEINS 1 STK. Á MANN**

Google play

Android 4.2
Jelly Bean

## UNITED
United TAB 1023

**Ný og endurhönnuð 10" United spjaldtölva með nýja A20 Dual Core örgjörvanum og Mali 400MP2 grafíkkjarna. 1GB DDR3 vinnsluminni og 8GB Flash minni sem hægt er að stækka um 32GB með SD minniskorti. Android 4.2 Jelly Bean stýrikerfið, myndavél að aftan og framan og HDMI tengi fyrir sjónvarpið.**

**Leiktæki fyrir börn og fullorðna**
Spjaldtölvur eru einfaldar og þægilegar í notkun fyrir bæði börn og fullorðna. Hægt er að nálgast tugþúsundir ókeypis leikja og smáforrita, fara á netið, horfa á bíómyndir, hlusta á tónlist og lesa rafbækur.

**Android 4.2**
Nýleg uppfærsla Android stýrikerfisins sem býður upp á nýja möguleika og skemmtilegri valmyndir. Nú er hægt að stofna fleiri notendur inn á eina tölvu þar sem hver getur búið til sitt svæði.

**Google Play**
Aðgangur að þúsundum ókeypis og hagkvæmra smáforrita opnast með Google Play. Og með Android 4.2 þá fæst aðgangur að kröfuhörðustu smáforritunum.

**8GB minni stækkanlegt í 40GB**
Kemur með 8GB innbyggðu Flash minni sem hægt er að stækka í 40GB með 32GB MicroSD minniskorti.

**Myndavél að framan og aftan**
Tvær myndavélar til að taka ljósmyndir eða myndbönd. 2MP að aftan og VGA upplausn að framan.

**HDMI og USB**
Með HDMI er hægt að tengja spjaldtölvuna í bestu gæðum við sjónvarp eða hljómtæki og USB tengi fyrir gagnamiðlun.

**Capacative fjölsnertiskjár**
Næmur og hraðvirkur skjár með 1024x600 punkta upplausn. 16:9 skjáhlutföll.

**2 ára traust ábyrgð**
Tölvulistinn hefur rekið sitt eigið þjónustuverkstæði og veitt ábyrgðarþjónustu sem hægt er að treysta í 20 ár.

**Létt og meðfærileg**
Skemmtilega hönnuð með grárri bakhlíf og svartri framhlið. Þunn og vegur lítið þannig að auðvelt er að taka hana með sér hvert sem er á ferðina.




## PÁSKALEIKUR

**3 TOSHIBA FARTÖLVUR OG 100 PÁSKAEGG AF STÆRSTU GERÐ FRÁ NÓA SÍRÍUS Í VINNING !**




**0% VEXTIR**
**Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI**

**8 VERSLANIR**
**UM ALLT LAND**

**REYKJAVÍK**
**SUÐURLANDSBRAUT 26**
**Sími 414 1700**

# GILDIR AÐEINS UM HELGINA!

**OPNUNARTÍMI**
LAU. 11 - 16
SUN. 13 - 17




## 23" ASUS SKJÁTÖLVA

### 40.000 KRÓNA AFSLÁTTUR!

Stílhrein og glæsileg skjátölva fyrir heimilið eða fermingabarnið í herbergið. 23" snertiskjár með IPS skjátækni sem skilar meiri litadýpt og 1080p upplausn í háskerpu. 1GB Nvidia GeForce GT 740M skjákort ásamt Intel Haswell i3 örgjörva sem keyrir kröfuharða tölvuleiki í flottri grafík. 6GB vinnsluminni sem hægt er að stækka í 16GB og stór 1 TB harður diskur fyrir gagnageymslu. Kemur með HDMI inn og út og 6 USB tengjum. Vandað þráðlaust lyklaborð og mús fylgir.

**159.990**
ÁÐUR 199.990




## INTEL i5 HASWELL FARTÖLVA Á 89.990

### 30.000 KRÓNA AFSLÁTTUR!

Þessi rýkur út um helgina. Löng rafhlöðuending vegna framúrskarandi orkunýtingar Intel Haswell i5 örgjörvans og lágvolta vinnsluminni. Glæsilega hönnuð og nett með 15,6" skjá og 1TB hörðum diski. Stórt og þægilegt lyklaborð með bili milli takka gerir ásláttinn hraðari og þægilegri. Ótrúlegt verð sem gildir aðeins um helgina.

**89.990**
ÁÐUR 119.990

PROMENNT

### ÓKEYPIS WINDOWS 8.1 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM!

Allir sem versla fartölvu hjá Tölvulistanum fá í kaupbæti ávísun á fræðandi og skemmtilegt Windows 8.1 námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Á þessu vinsæla námskeiði fara Microsoft sérfræðingar Promennt yfir nýtt viðmót Windows 8.1 og hvernig best er að fullnýta möguleika þess. Gagnlegt og fræðandi námskeið sem viðskiptavinir hafa verið mjög ánægðir með.

tl.is

TÖLVU LISTINN

| AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 | Sími 414 1750 |

# Fagurkerar á fáum fermetrum

Það getur verið snúið að koma sér vel fyrir á Stúdentagörðunum þar sem gólfdúkurinn er skær, skápar eru festir við gólf og bannað er að negla í veggi. Fréttablaðið fékk að líta inn til tveggja fagurkera sem hafa notað sniðugar lausnir og fallega muni til að koma sér vel og smekklega fyrir í litum íbúðum á Stúdentagörðunum þar sem hver krókur og kimi er nýttur.



**Rósa María Árnadóttir**
Sálfræðinemi
23 ára.

**„Þurfti að finna eitthvað til að lífga upp á veggina.**

## Skreytir heimilið með fallegum fatnaði

Það tók á að venjast þessum bláa lit á gólfinu sem ég þoldi ekki til að byrja með. Mér er, sem betur fer, farið að líka betur við hann með hverjum deginum sem líður og hefur hann þróað með sér svolítið blátt þema, áður en ég vissi af var ég farin að kaupa blá kerti og kodda,“ segir sálfræðineminn Rósa María Árnadóttir sem býr á 22 fermetrum á nýju Stúdentagörðunum við Sæmundargötu.

Þar sem Rósa býr er sameiginlegt eldhús á ganginum sem allir þurfa að skiptast á að taka til í og fara út með ruslið. „Einnig má ekki þvo þvott eftir klukkan 22 og svo er harðbannað að halda partí, regla sem afar fáir fylgja,“ segir Rósa María sem hefur búið í íbúðinni síðan í janúar. Íbúðinni fylgdi skrifborð, rúm, stóll og skápar sem er fastir svo Rósa segist ekki hafa þurft að gera mikið þegar hún flutti inn. Það vekur athygli að hún skreytir heimilið með fallegum fatnaði. „Ég á ekki mikið af málverkum og er ekki nógu dugleg að láta framkalla myndir svo ég þurfti að finna eitthvað til að lífga upp á íbúðina. Ég á nóg af litríkum kjólum svo mér fannst tilvalið að hengja þá upp, mér finnst það koma nokkuð skemmtilega út.“







➜ Rósa býr í nýju Stúdentagörðunum við Sæmundargötu þar sem er sameiginlegt eldhús, ekki má þvo þvott eftir 22 á kvöldin og harðbannað að halda partý.



FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL





➜ Bannað er að negla í veggi í íbúðum á Stúdentagörðunum. Þess í stað eru notuð önglar og girni. Þetta er fest á þartilgerðan lista í loftinu og er girnið nógu sterkt til að halda þynglsum. Helga segir þetta gera myndaveginn óreglulegan sem gefur heimilinu skemmtilegan blæ.









**Helga Geirsdóttir**
Mannfræðinemi
24 ára

**„Mér fannst mjög mikilvægt að þetta væri ekki herbergi heldur heimili.**

## Orðin mjög góð í tetris

Ég er búin að búa hérna síðan í júlí í fyrra, þar áður var ég í sams konar stúdentaíbúð á Eggertsgötunni,“ segir Helga Geirsdóttir mannfræðinemi sem hefur hreiðrað um sig í 35 fm íbúð á Stúdentagörðunum á Lindargötunni.

Hún segir það hafa verið smá áskorun að koma sér vel fyrir í litlu rými. „Ég er orðin mjög góð í tetris enda örugglega búin að færa öll húsgögn fram og til baka svona hundrað sinnum. Mér fannst svo mikilvægt að þetta væri ekki herbergi heldur heimili. Á heimili getur maður sest til borðs og boðið fólki svo yfir í betri stofuna, það var smá vandi að finna útúr því.“

Helga hugsaði út fyrir kassann til að finna sniðugar lausnir innan veggja heimilisins. „Ég er búin að ná, að ég held, bestu uppröðuninni núna með bókahillurnar inní eldhúsi, eldhúsborðið fyrir framan fataskápinn og sófann upp við rúmið. Ekkert af þessu lá beint við en maður þarf bara að prófa sig áfram.“

Það fylgja því þó nokkrar reglur að búa á Stúdentagörðunum, til dæmis má ekki negla í veggina. Það er þó leyst með önglum og girni. „Önglarnir eru festir í lista í loftinu og girnið er nógu sterkt til að halda þyngslum. Ég og Hnokki, kærastinn minn, erum óvenjulega rík af málverkum og eigum mörg falleg sem hefði verið synd að láta liggja ofan í kassa. Þess vegna var myndaveggnum komið upp. Uppröðunin á honum var smá óvissuatriði af því að þegar maður vinnur með öngla og veiðisnæri lenda myndirnar ekki endilega nákvæmlega þar sem maður ætlaði. Mér finnst það samt bara skemmtilegt.“

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

**VIÐ SLAGHÖRPUNA**
**Píanóleikarinn kunni John O'Conor heldur tónleika í Salnum í Kópavogi í dag klukkan 16. Tilefnið er sjötugsafmæli hins ástsæla tónlistarmanns Jónasar Ingimundarsonar.**




NÁMSAÐSTOÐ
í páskafríinu
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – franska – spænska – þýska – stafsetning o.fl
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233


# BETRI MELTING MEÐ BIO-KULT CANDÉA

**ICECARE KYNNIR** *Bio-Kult Candéa hefur hjálpað mörgum sem hafa átt við meltingarvandamál að stríða eða barist við candida-sveppasýkingar.*

Ég er með mjólkuróþol og var mjög oft með magaverki,“ segir Andrea Óskarsdóttir. „Ég var slæm í maganum, með uppþembu og einnig fékk ég oft ristilkrampa. Mér finnst Bio-Kult Candéa hafa hjálpað mér töluvert, mér líður betur í maganum, ég er minna uppþembd og hef ekki fengið ristilkrampa frá því að ég byrjaði að nota Bio-Kult Candéa. Mér líður almennt betur, meltingin er komin í jafnvægi og er ánægð með hvernig mér líður núna í maganum,“ segir Andrea.



**ÁNÆGÐ** Andrea Óskarsdóttir segist hafa fengið bata eftir að hún byrjaði að taka inn Bio-Kult Candéa. MYND/VALLI

### HELDUR MÉR Í JAFNVÆGI

„Fyrir einu og hálfu ári keypti ég fyrsta pakkann af Bio-Kult Candéa. Ég hafði í fjöldamörg ár glímt við mikla uppþembu og meltingarvanda. Mér leið oftast hálfilla eftir máltíðir og var búin að reyna eitt og annað,“ segir Alma Lilja Ævarsdóttir. „Fljótlega eftir að ég byrjaði á Bio-Kult hvarf þessi vanlíðan. Ég tek inn tvö hylki á dag í hádeginu. Kláði og pirringur í húðinni hefur stórbatnað og nánast horfið, kláði sem var virkilega að gera mér lífið leitt auk mikilla þurrkubletta í húðinni heyrir sögunni til. Sykurlöngun hefur horfið eftir að ég byrjaði á Bio-Kult Candéa-hylkjunum. Ég hef farið á sterka sýklalyfjaskammta án þess að þurfa að stríða við sveppasýkingu í kjölfarið. Ég hef aldrei hætt að taka inn Bio-Kult Candéa á þessum tíma, það er orðið hluti af rútínu hjá mér og ég get heilshugar mælt með því við alla og geri það,“ segir Alma Lilja.






**ALMA LILJA ÆVARSDÓTTIR**

### VIRKAR Á SVEPPASÝKINGAR

Bio-Kult Candéa er öflug blanda vinveittra gerla, hvítlauks og greipaldinfrækjarna. Það virkar sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla.

### BETRI LÍÐAN

Bio-Kult Candéa hylkin henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur og börn. Þau fást í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

***Hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar í íslenskum bæklingi á heimasíðu Icecare, icecare.is.***


Rauðrófu„extrakt“
í hylkjum
Láttu verðið koma þér á óvart!
2 hylki á dag með mat


100% náttúrulegt
www.gengurvel.is
Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaðanna
Gengur vel



9.ára afmæli

20% afsláttur
af meðgöngu- og brjóstagjafafatnaði
10% afsláttur
af öllum öðrum vörum
Lukkuleikur og léttar veitingar.
Komdu og fagnaðu með okkur.
Föstudag og Laugardag
tvö líf
opið virka daga 11-18
laugardaga 12-17
Holtasmári 1 · © 517 8500 www.tvolif.is
( í Hjartarverndarhúsinu ) /barnshafandi




Fallegur fatnaður fyrir fermingarnar.
Stærðir 36-52
Vertu vinur okkar á Facebook
hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16



LG
BOGIÐ OLED SJÓNVARP
Heimsins fyrsta bogna OLED sjónvarpið

LG Life's Good
Sjónvarpsmiðstöðin
SÍÐUMÚLA 2 • WWW.SM.IS






HELGARSPJALLIÐ | REYNIR ÞÓR EGGERTSSON



**SIGURVISS** Reynir Þór Eggertsson er viss um að Pollapönk komist upp úr forkeppni Eurovision og endi í einu af tíu efstu sætunum í aðalkeppninni. MYND/GVA

# POLLAPÖNK ÁFRAM

**HELGIN** *Dönsku- og íslenskukennarinn Reynir Þór Eggertsson hefur verið í verkfalli undanfarnar þrjár vikur. Hann býr yfir sérgáfu í Eurovision-söngvakeppninni og mætir til leiks í Eurovision-þættinum Alla leið á RÚV í kvöld.*

**Hvað er það sem þú gerir alltaf um helgar?** Ég reyni mitt besta til að sofa út og slaka á. Þegar Liverpool spilar í enskunni fylgist ég með því; stundum horfi ég á leikina eða bara fylgist með lýsingum á netinu. Oft þarf ég að fara yfir ritgerðir og önnur verkefni, en ég reyni að halda því í lágmarki. Svo hitti ég fjölskyldu og vini, fer í partí eða út á lífið. Oft fer ég líka í sumarbústað fjölskyldunnar.

**Hvað ætlar þú að gera sérstakt um þessa helgi?** Ég vona að verkfallið klárist svo að ég geti byrjað að kenna eftir helgi. Ætli helgin fari þá ekki í undirbúning fyrir næstu viku. Það er ýmislegt sem þarf að gera á þeim stutta tíma sem er fram að prófum. Ef ekki hefur leyst úr verkfallinu verður helgin jafn skrítin og undanfarnar vikur. Svo fer ég í fermingarveislu á sunnudaginn, en ætli gjöfin fari ekki eftir stöðu mála í kjaradeilunni, svo að fermingarbarnið hlýtur að vonast eftir samningum!



**Hvar finnst þér best að vera um helgar?** Í sumarbústað sem foreldrar mínir eiga í sameiningu með Elsu móðursystur minni og hennar manni. Bústaðurinn er norður í Hrútafirði, í landi Mela, og stendur við stórkostlegt árgljúfur. Þar getur orðið kalt á veturna en á sumrin myndast þar algjör pottur í skjólinu sunnan við húsið svo að freknukall eins og ég verður stöðugt að bera á sig vörn.

**Vakirðu lengur um helgar og þá við hvað?** Ég vaki yfirleitt lengi um helgar. Stundum horfi ég á sjónvarp með vinum eða spjalla, stundum vaki ég við lestur eða er á netinu. Svo fer ég líka stundum á djammið. Og kemur fyrir að ég fari yfir ritgerðir fram á nótt.

**Ertu árrisull eða sefur út um helgar?** Ég sef út, nema nauðsynlegt sé að vakna snemma.

**Hver er draumamorgunverðurinn?** Spælt egg, steiktir sveppir og franskt horn.

**Hvernig er dæmigert laugardagskvöld í þínu lífi?** Ég sit og spjalla við vini og/eða horfi á sjónvarp. Í kvöld hefst Alla leið í sjónvarpinu og þá er ég auðvitað límdur við skjáinn að dást að eigin fegurð og visku.

**Ertu með nammidag og hvert er uppáhaldssælgætið þitt?** Eins og útlitið bendir til eru nammidagarnir heldur margir. Ég fæ árlega Mars-tarnir sem endast í nokkra daga, en besta sælgætið er líklega Galaxy Caramel.

**Hvað maularðu í sjónvarpssófanum?** Mér finnst saltstangir voða góðar og svo er það súkkulaði.

**Heldurðu hvíldardaginn heilagan?** Ef í því felst að hvílast eins og hægt er, þá er svarið já. Annars geri ég oft eitthvað sem flokkast undir vinnu á sunnudögum.

**Ferðu til kirkju eða hlustar á útvarpsmessuna á sunnudögum?** Það er afar sjaldgæft.

**Hvað verður með sunnudagskaffinu og með hverjum drekkur þú það?** Ég drekk ekki kaffi, en ætli fermingarveislan verði ekki sunnudagskaffið að sinni. Ég hlakka til að hitta fermingarbarnið og fjölskyldu hans, sem eru gamlir vinir. Þá er alltaf mikið hlegið.

**Til hvers eru helgarfrí, að þínu mati?** Til að kúpla sig frá amstri hverdagsins og gera eitthvað allt

## AÐDÁUN

„Í kvöld hefst Alla leið í sjónvarpinu og þá er ég auðvitað límdur við skjáinn að dást að eigin fegurð og visku."



annað en hina dagana. Ég vil gjarnan nota þau í slökun og ferðalög.

**Hvað ertu búinn að gera af þér í kennaraverkfallinu?** Ég hef verið í kynningarnefnd fyrir Félag framhaldsskólakennara. Við höfum gefið út Verkfallspóstinn sem er daglegt fréttabréf. Þar fyrir utan sat ég aðalfund FF þar sem ég tók sæti í nýrri stjórn. Svo tókum við upp Alla leið í síðustu viku. Þannig að ég hef ekki setið auðum höndum, en síðasta vika hefur verið erfið, svona andlega.

**Hver vinnur Eurovision og hvernig mun Pollapönki vegna þegar út er komið?** Margir spá Armeníu sigri, en ég vona að það verði Svíþjóð eða Ungverjaland – svona fyrirfram – og ætla að spá Ungverjum sigri. Pollapönk á eftir að standa sig með miklum sóma. Ég er viss um að þeir komast upp úr forkeppninni og þá ættu þeir að komast inn á topp 10. Þeir eru allavega í miklu uppáhaldi hjá mér!

■ thordis@365.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**


Jazz - Sófi 228 cm kr. 208.800
Jamaica - Sófi 230 cm kr. 229.900
Avignon - Sófi 208 cm kr. 189.900
Edge - 200x280 kr. 253.000
Leon - Sófi 245x153 kr. 262.200
Avignon - 237x258 kr. 366.400
Retro - Sófi 170 cm kr. 169.900
Vintage leður
Glasgow - Sófi 166 cm kr. 299.800
Avignon - Sófi 208 cm kr. 308.600
Ami - Borðstofustóll kr. 24.900
Daphne - Armstóll kr. 99.400
Yumi - Smáborð
2 saman í setti 50 / 40 cm
kr. 28.700
Yumi - Sófaborð 130x65 kr. 55.800
Betina - Skenkur
kr. 151.700
160x20
Einnig til
í hvítu
Tímaritahilla
kr. 16.900
Retro - Klukkur
kr. 7.990
Kubis kommóða 4 skúffur kr. 69.900
Kubis kommóða 3 skúffur kr. 52.800
SVEFNSÓFAR
Unfurl- Svefnsófi 120x200 kr. 109.900
Recast - Svefnsófi 140x200 kr. 129.900
40%
Afsláttur
nú kr. 89.000
örfá stk. til
Clubber - Svefnsófi 115x210 kr. 148.700
LÍNAN
BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARD. 11 - 16

# HESTAFÓTBOLTI, GLENS OG GLEÐI

**FRÍ HESTASÝNING** *Sýningin Æskan og hesturinn verður haldin á sunnudaginn í Reiðhöllinni í Víðidal. Þar sýna krakkar úr ýmsum hestamannafélögum fjölbreytt atriði auk þess sem Pollapönk spilar. Krakkarnir úr Fáki munu til að mynda spila fótbolta á hestbaki.*

Við viljum ekki aðeins höfða til hestamanna heldur til allra þeirra sem áhuga hafa á hestum,“ segir Helga Björg Helgadóttir, formaður æskulýðsnefndar Landssambands hestamanna, sem kemur að skipulagningu sýningarinnar Æskunnar og hestsins. Æskan og hesturinn hefur verið fastur liður í starfi hestamannafélaganna á höfuðborgarsvæðinu í hartnær tuttugu ár, en þá er öllum áhugasömum boðið að koma og njóta skemmtiatriða án endurgjalds.

„Þegar mest var voru fjórar sýningar sömu helgina en nú bjóðum við upp á tvær á sunnudaginn, klukkan 13 og 16. Að sjálfsögðu verður frítt inn eins og venjulega,“ segir Helga Björg, en iðulega er fullt út úr dyrum og því um að gera að koma tímanlega til að fá sæti.

Á sýningunni, sem stendur í um tvo tíma, er margt skemmtilegt að sjá. „Krakkarnir sjálfir finna upp á atriðunum og æfa þau, en síðustu ár hefur æ meiri áhersla verið lögð á grín og glens,“ segir Helga Björg og bendir á að Pollapönk muni skemmta krökkum strax eftir hlé. „Svo fáum við gesti úr Reiðskóla fatlaðra sem sýnir vel breiddina í hestamennskunni. Við fáum gestaatriði alla leið frá Sindra í Vík í Mýrdal og svo má nefna töltslaufur, þrautabrautir og leiksýninguna Skúlaskeið sem krakkarnir í Herði í Mosfellsbæ setja upp,“ telur hún upp en í sýningunni taka þátt krakkar allt frá nokkurra ára gömlum og upp í ungmenni.

**SPILA HESTAFÓTBOLTA**

Eitt af þeim atriðum sem sýnt verður á Æskunni og hestinum er hestafótbolti sem krakkarnir í hestamannafélaginu Fáki sjá um. „Það verða fjórir í hverju liði og fótboltinn er svokallaður jógabolti,“ segir Hilmar Guðmannsson hjá æskulýðsnefnd Fáks. „Svo verða tvö mörk sitt hvorum megin í reiðhöllinni en einn dómari og eitt lukkudýr munu hjálpa til ef boltinn festist úti í horni,“ lýsir hann. Hilmar segir æfingu atriðisins hafa gengið vel en mesta vinnan var fólgin í því að venja hestana við boltann. „Það eru ekki allir hestar sem þola svona og því fórum við varlega til að byrja með,“ segir Hilmar en mikil spenna ríkir hjá krökkunum fyrir sýningunni. „Það hefur verið mikið fjör á síðustu æfingum og þetta verður örugglega mjög skemmtilegt.“



**FRÍTT INN** *Tvær sýningar verða á sunnudaginn, klukkan 13 og 16. Frítt er inn á þær báðar.*








# TÍMI FYRIR KRYDD

Með hækkandi sól og bjartari og lengri dögum eru margir farnir að huga að ræktun kryddjurta í heimahúsum. Ræktun kryddjurta bætir matargerðina og sparar peninga, auk þess að gefa góðan ilm í eldhúsið. Þær eru auk þess mjög hollar og því allt sem mælir með ræktun þeirra.

Hægt er að rækta ýmsar kryddjurtir allt árið um kring en flestir hefja ræktun snemma vors. Nokkrar tegundir af basilíku fást og þær er tilvalið að rækta í eldhúsglugganum þar sem hún þolir illa að vera úti við. Af öðrum kryddjurtum sem henta vel til inniræktunar má nefna timjan, óreganó og rósmarín.



Kryddjurtir sem þrífast vel úti hérlendis eru til dæmis steinselja, graslaukur, kóríander, dill, piparmynta og salvía.

Það er ágætis byrjun að forrækta kryddjurtir inni við áður en þær eru settar út. Fyrstu dagana er síðan skynsamlegt að taka þær inn yfir nóttina svo þær venjist kuldanum smátt og smátt. Eftir það ættu kryddplönturnar að lifa góðu lífi fram á haust.

Fyrir þá sem hafa ekki þolinmæði til að bíða eftir að fræin verði að fullvaxta kryddplöntum er einfalt mál að kaupa kryddjurtir í pottum. Þær fást víða, til dæmis í garðyrkjustöðvum og stórmörkuðum. Þeim er þá umpottað í hentugri potta með aukamold og komið fyrir á björtum stað, til dæmis í eldhúsglugganum eða settar beint út.

# ÞÚ

Berocca®

# UPP Á ÞITT BESTA!

**Berocca® Performance** er einstök samsetning af B vítamínunum, C vítamíni, magnesíum og zínki.

**Bættu frammistöðu þína** með Berocca - rannsóknir hafa sýnt að það ber árangur.

SYKURLAUST











**GÓÐUR STUÐNINGUR** „Allir eiga rétt á að geta unnið og það er frábært að fá stuðning fyrstu skrefin,“ segir Anna Kristín Gunnlaugsdóttir. MYND/GVA

# FYRIRMYNDARFÓLK Á GÓÐUM DEGI

**GOTT TÆKIFÆRI** *Hópur einstaklinga með skerta starfsgetu tók þátt í Fyrirmyndardeginum í gær. Þar fylgdu þeir starfsmanni eftir í starfi í einn dag.*

Fyrirmyndardagurinn var haldinn í fyrsta sinn hérlendis í gær. Þá buðu ýmis fyrirtæki og stofnanir atvinnuleitendum með skerta starfsgetu að fylgja starfsmanni eftir í starfi sínu í einn dag eða hluta úr degi. Í ár tóku atvinnuleitendur þátt sem eru á skrá hjá Vinnumálastofnun á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum en stefnt er að því að halda daginn framvegis á landsvísu. Auk þeirra tóku fyrirtæki þátt sem nú þegar eru í samvinnu við Vinnumálastofnun vegna átaksins Atvinna með stuðningi auk fyrirtækja sem eru aðilar að Festu – miðstöðvar um samfélagslega ábyrgð.

Einn þeirra þátttakenda sem hóf störf í gær er Anna Kristín Gunnlaugsdóttir en hún starfaði á leikskólanum Loga í Grafarvogi. „Það er búin að vera mikil tilhlökkun eftir þessum degi og að takast á við verkefnið. Ég vann í leikskólanum frá kl. 9-12 og starfsmaður skólans kynnti fyrir mér starfsemi hans og þau ólíku verkefni sem þar eru unnin. Þessi dagur fer svo sannarlega í reynslubankann hjá mér.“

Anna er „fötluð í námi“ eins og hún orðar það sjálf og er haldin lesblindu. Hún útskrifaðist af starfsbraut úr Borgarholtsskóla og stundar nám í vetur við Fjölmennt og stefnir á útskrift í vor af heilsubraut. Auk þess sótti hún námskeið í vetur í Háskóla Íslands um réttindabaráttu fatlaðs fólks og sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

„Dagurinn er frábært tækifæri fyrir mig til að kynna mig á vinnumarkaði og sjá hvernig er að vinna á leikskóla. Allir eiga rétt á að geta unnið og það er frábært að fá stuðning fyrstu skrefin og maður veit að það er tekið tillit til manns á vinnustað. Í framtíðinni stefni ég á nám við Kennaraháskólann enda finnst mér mjög gaman að vinna með börnum. Einnig hef ég áhuga á að vinna að réttindabaráttu fatlaðs fólks og fólks með minnkaða starfsgetu.“

# TVÖFÖLD OPNUN Í ANARKÍU

*Tvær sýningar verða opnaðar í Anarkíu listasal í Kópavogi í dag. Í efri sal sýnir Bjarni Bernharður Bjarnason olíu- og akrýlmálverk undir yfirskriftinni Á HÁSLÉTTU HINNA DEYJANDI AUGNABLIKA en í þeim neðri sýnir Aðalsteinn Eyþórsson olíumálverk undir heitinu UM RENNINGAR.*

Bjarni er kunnur fyrir ljóðagerð og hefur alla tíð lagt stund á málaralist meðfram skriftum. Hann hefur haldið níu einkasýningar á Mokkakaffi frá árinu 1988. Myndir Bjarna eru allt frá því að vera náttúrustemningar til þess að vera geómetrík og abstrakt. Hann er kunnur fyrir eftirtektarverða litameðferð þar sem línum og formum er teflt saman.

Aðalsteinn hefur sinnt útgáfustörfum og orðhengilshætti á ýmsum vettvangi, sótt námskeið í Myndlistarskóla Kópavogs og sýnt verk sín í Hafnarfirði og Reykjavík. Þetta er fjórða einkasýning hans. Hann lýsir verkum sínum svo: „Mannsbelgurinn geymir sundurleitan hrærigraut úr hugsunum, athöfnum, ímyndunum, viti og órum. Margt af því er góss sem við stingum á okkur hugsunarlítið á leið gegnum lífið. Ævilangt safnast í belginn. Sumt sekkur og gleymist en annað flýtur ofan á.“

Verk Aðalsteins eru hávaxin eða 90x300 sentimetrar þar sem einfeldningslega teiknuð myndbrot fljóta ofan á óreiðukenndum grunni. „Verkin byggjast á hugdettum og hugrenningum sem kvikna í vinnuferlinu, án markaðrar stefnu, og bjóða áhorfandanum upp á sams konar ferðamáta, að láta augu og huga reika eins og umrenninga um heim verkanna og eigin hugarheim.“

Opnunin í dag stendur yfir frá 15-18 en báðar sýningarnar verða opnar til 4. maí. Anarkía listasalur er til húsa í Hamraborg 3 í Kópavogi. Gengið er inn norðanmegin.



**HÁVAXIN VERK** Verk Aðalsteins eru hávaxin eða 90x300 sentimetrar. Þar fljóta einfeldningslega teiknuð myndbrot ofan á óreiðukenndum grunni.



**EFTIRTEKTARVERÐ LITAMEÐFERÐ** Myndir Bjarna eru allt frá því að vera náttúrustemningar til þess að vera geómetrík og abstrakt.

# Bókari

ORF LÍFTÆKNI BIOEFFECT EGF

*ORF Líftækni er íslenskt líftæknifyrirtæki sem hefur skipað sér í fremstu röð á sínu sviði í heiminum. ORF hefur þróað einstaka erfðatækni til að framleiða vaxtarþætti og önnur líftækniprótein í byggi. Fyrirtækið framleiðir og selur ISOkine™ vaxtarþætti sem eru notaðir í stofnfrumurannsóknir um allan heim. Vaxtarþættirnir eru einnig notaðir í EGF og BIOEFFECT® húðvörur dótturfyrirtækisins Sif Cosmetics, sem náð hafa einstökum árangri á alþjóðlegum snyrtivörumarkaði.*

*Hjá ORF Líftækni og Sif Cosmetics starfa nú 37 starfsmenn. ORF Líftækni hf. er ungt og vaxandi fyrirtæki, þar sem frumkvöðlaandi ríkir með mikla möguleika á framþróun í starfi fyrir dugmikla og áhugasama starfsmenn.*

*www.orf.is og www.egf.is*

ORF Líftækni hf. og dótturfélag þess, Sif Cosmetics ehf., leita að öflugum bókara með góðan skilning á innleiðingu, uppsetningu og notkun á bókhaldskerfinu Microsoft Dynamics AX.

Um er að ræða nýtt starf hjá spennandi og ört vaxandi fyrirtæki.

**Starfssvið:**

- Ábyrgð á bókhaldi félagsins ásamt dótturfélagi (launabókhald undanskilið)
- Umsjón með innleiðingu og uppsetningu á nýju bókhaldskerfi
- Umsýsla með reikninga
- Afstemmningar og uppgjör
- Uppgjör virðisaukaskatts
- Aldursgreining viðskiptaskulda og viðskiptakrafna
- Innheimta
- Miðlun upplýsinga úr bókhaldskerfi
- Önnur tengd verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Viðurkenndur bókari eða sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af notkun bókhaldskerfisins Microsoft Dynamics AX
- Góður almennur skilningur á bókhaldi og tengslum þess við rekstur félagsins
- Nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

*Nánari upplýsingar um starfið veita Helga Rún Runólfsdóttir (**helga@intellecta.is**) og Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Umsókn um starf þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.*

***Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.***

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
ráðgjöf ráðningar rannsóknir

---

Hagsýni Liðsheild Heilindi nordural.is



# VAKTSTJÓRI Í KERSKÁLA

**VERKSVIÐ OG ÁBYRGÐ:**

- Umsjón með daglegum rekstri vaktarinnar
- Öryggismál
- Mannauðsmál vaktarinnar
- Umsjón og eftirlit með tækjabúnaði
- Skýrslugerð og tölfræðileg úrvinnsla
- Þátttaka í stefnumótun og ýmsum sameiginlegum verkefnum innan fyrirtækisins

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**

- Leiðtogahæfni og reynsla af stjórnun
- Menntun á tæknisviði, vélfræðimenntun eða sambærileg menntun
- Öryggisvitund og snyrtimennska
- Færni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af vinnu í iðnaðarumhverfi æskileg
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta

Norðurál leitar að metnaðarfullum og reyndum stjórnanda í kerskála fyrirtækisins. Um er að ræða framtíðarstarf við margþætt og krefjandi verkefni.

Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna, endurmenntun og starfsþróun, frábæran starfsanda og samstarfsfélaga. Starfinu fylgir góð starfsaðstaða í lifandi umhverfi þar sem metnaður og fagmennska er í fyrirrúmi.

**Umsóknarfrestur til og með 13. apríl.** Leggja skal inn umsókn á www.nordural.is. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

Almennar upplýsingar um starfið veitir Valka Jónsdóttir, starfsmannastjóri, í síma 430 1000.

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 500 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Árleg framleiðslugeta er um 300 þúsund tonn af hágæða áli.

bsi. OHSAS 18001 Occupational Health and Safety Management
bsi. ISO 14001 Environmental Management
bsi. ISO 9001 Quality Management

NORÐURÁL




# Spennandi störf í upplýsingatækni

VÍS leitar að öflugum liðsmönnum í spennandi störf í upplýsingatækni á Þróunarsviði. Í samræmi við jafnréttisstefnu VÍS hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.

**Rekstrarstjóri UT**

VÍS hefur útvistað tækniþjónustu sinni og leitar að aðila til að fylgja eftir framþróun og nýtingu upplýsingatækni í starfseminni og leita nýrra tækifæra til hagræðingar og sveigjanleika. Viðkomandi heyrir undir deildarstjóra Upplýsingatækni og kemur að mótun stefnu um hagnýtingu upplýsingatækni í rekstri fyrirtækisins.

**Starfssvið:**

- Ber ábyrgð á og hefur eftirlit með útvistunar- og þjónustusamningum m.t.t. þjónustugæða og kostnaðar
- Mótun stefnu um notendabúnað starfsmanna og innkaupastýring
- Umsjón með fjarskiptasamningum fyrirtækisins
- Almennt kostnaðareftirlit og samþykkt reikninga
- Samskipti við innlenda og erlenda tæknibirgja
- Verkefnastjórn í upplýsingatækniverkefnum
- Ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Krafa um haldgóða reynslu af útvistun og gerð útvistunarsamninga
- Hefur frumkvæði og leggur áherslu á stöðugar umbætur
- Greinir og metur tækifæri út frá tölulegum gögnum
- Setur fram upplýsingar á skipulegan og skilmerkilegan hátt
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund

**Sérfræðingur í vöruhúsi gagna**

Leitað er að öflugum einstaklingi til að taka þátt í frekari uppbyggingu á vöruhúsi gagna. Viðkomandi tilheyrir teymi innan Upplýsingatækni sem sérhæfir sig í hagnýtingu gagnagrunna.

**Starfssvið:**

- Innleiðing og umsjón með skýrsluskilum til FME
- Umsjón og ábyrgð á framsetningu á mælikvörðum félagsins
- Ráðgjöf og aðstoð við ýmis verkefni þar sem vöruhús gagna nýtist við ákvarðanatöku og vinnslu
- Ýmis ferlavinna til að samræma gögn úr vöruhúsi gagna
- Þróa gagnasöfn vegna tölfræðilegra greininga og stuðla að aukinni og skilvirkari notkun gagnanna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, tölfræði eða stærðfræði skilyrði
- Haldgóð reynsla af ferlavinnu, tölfræði og gagnagrunnum
- Þekking og reynsla af MS-SQL eða Oracle
- Reynsla af XBRL er kostur
- Mikil þjónustulund og metnaður í starfi

capacent

Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

VÍS er framsækið þjónustufyrirtæki með 40 þjónustuskrifstofur víðsvegar um landið. Markmið VÍS er að vera alltaf í fremstu röð tryggingafélaga á Íslandi og er ánægja starfsfólks og viðskiptavina lykilatriði í velgengni félagsins. Hjá VÍS starfar framúrskarandi hópur einstaklinga sem saman myndar sterka liðsheild. Mikil áhersla er lögð á að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu til að veita viðskiptavinum góða þjónustu. VÍS felur starfsfólki störf við hæfi, þannig að hæfileikar þess og frumkvæði fái notið sín við áhugaverð og krefjandi verkefni.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS

ENNEMM / SÍA / NM62259

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI

## Vélamaður - Bílstjóri

**Malbikunarstöðin Höfði h.f. óskar eftir:**

1. Vélamanni á malbikunarvél
2. Bílstjóra á trailer

Upplýsingar veitir verkstjóri í síma 693 5870 milli kl. 7.30 og 17.00 virka daga.

**Malbikunarstöðin Höfði HF**
Sævarhöfða 6-10 • 110 Reykjavík • Sími: 587 5848 • Fax: 587 5576
Pósthólf 10032 • 130 Reykjavík • Kt. 581096-2919 • Vsk: 52200

## VAKTSTJÓRI Í ELDHÚS

### Tapas barinn sækist eftir öflugum vaktstjóra í eldhús.

Við leitum af lærðum matreiðslumanni með reynslu af stjórnunarstörfum. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, vinna vel í hóp og undir miklu álagi.

**Upplýsingar í síma 551 2344.**

Tapas barinn RESTAURANT- BAR

Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | **www.tapas.is**

101 hotel reykjavik

## Matreiðslumaður á 101 Restaurant

101 hotel óskar eftir að ráða matreiðslumann á veitingastað hótelsins. Unnið er á 2-2-3 vöktum.

Starfshlutfall er **100%**.

Leitað er að sjálfstæðum, stundvísum og áreiðanlegum einstaklingi sem hefur áhuga á að vinna á spennandi og framsæknum veitingastað.

Áhugasamir sendi umsókn og ferilskrá á **job@101hotel.is fyrir 14. apríl 2014.**

Capacent Ráðningar

## SÉRFRÆÐINGUR Í TÖLVUDEILD

ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON

**Ölgerðin óskar eftir að ráða sérfræðing í tölvudeild. Viðkomandi starfar náið með upplýsingatæknistjóra og sinnir fjölbreyttum og krefjandi verkefnum upplýsingatæknisviðs.**

**Starfssvið:**
- Umsjón með viðskiptakerfi – AX, sérfræðiaðstoð við deildir og kerfi
- Fjarskiptamál – samskipti við fjarskiptabirgja, viðhald á skráningum léna, pantanir ofl.
- Verkefnastjórnun
- Þátttaka í gæðastarfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Tölvunarfræði, kerfisfræði
- Reynsla af þjónustu á AX viðskiptakerfi
- Reynsla af tölvuumsjón
- Reynsla af verkefnastjórnun og þekking á vörustjórnun
- Góð samningatækni og samskiptahæfni

**Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

## VERKEFNASTJÓRI

VALSMENN FJÁRFESTINGAFÉLAG

**Undirbúningur framkvæmda vegna uppbyggingar á Hlíðarendareit í Reykjavík er hafinn og skipaður hefur verið starfshópur, sem mun bera ábyrgð á samþættingu, skipulagi og undirbúningi uppbyggingarinnar.**

**Starfshópurinn óskar eftir að ráða verkefnisstjóra, sem jafnframt verður formaður hópsins og hefur umsjón með þeim fjölmörgu og ólíku verkþáttum sem skipuleggja þarf við uppbyggingu Hlíðarendareitsins.**
Um er að ræða samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Valsmanna hf. og unnið verður í verktöku þar sem í upphafi má gera ráð fyrir allt að 80% starfshlutfalli sem lækkar eftir því sem undirbúningi og framkvæmdum miðar áfram. Sjá nánar um fyrirhugaðar framkvæmdir á www.hlidarendabyggd.is

**Helstu verkefni:**
- Skipulag og samþætting verkefna
- Samskipti við framkvæmdaaðila, verktaka, hagsmunaaðila og stjórnsýslu
- Umsjón með gerð útboðsgagna og verksamninga
- Umsjón með verkefnaframvindu
- Umsjón með gerð framkvæmda-, fjárhags- og tímaáætlana

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist við verkið æskilegt, t.d. verk-, tækni- viðskipta- eða rekstrarfræði
- Haldgóð og fjölþætt starfsreynsla á sviði framkvæmda nauðsynleg
- Reynsla af stórum byggingarverkefnum
- Reynsla af verkefnastjórnun skilyrði
- Reynsla af áætlanagerð, æskilegt þekking á Project
- Almenn tölvufærni og hæfni í ritun texta og framsetningu gagna
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi

**Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Umsjón með úrvinnslu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

# Ert þú að leita að fjölbreyttu og spennandi framtíðarstarfi?

MENNTAVÍSINDASVIÐ

## Hefur þú lokið háskólaprófi? (B.A./B.S./B.Ed.)

Við Menntavísindasvið Háskóla Íslands er boðið upp á tveggja ára meistaranám sem veitir þér **starfsréttindi** að námi loknu

» **Leikskólakennari**
Menntunarfræði leikskóla M.Ed. er tveggja ára 120 eininga nám og ætlað þeim sem lokið hafa B.A./B.S./B.Ed. prófi. Hægt er að velja á milli stað- og fjarnáms en skyldumæting er í staðlotur og vettvangsnám.

» **Grunnskólakennari**
Kennslufræði grunnskóla er 120e meistaranám í náms- og kennslufræði og er ætlað þeim sem hafa lokið bakkalárgráðu (B.A./B.S./B.Ed.) sem felur í sér að minnsta kosti 120e í kennslugrein grunnskóla. Gráðan veitir einnig heimild til að kenna viðkomandi grein í fyrstu áföngum framhaldsskóla. Hægt er að velja á milli stað- og fjarnáms en skyldumæting er í staðlotur og vettvangsnám.

» **Framhaldsskólakennari**
Námið er ætlað þeim sem vilja afla sér réttinda til að kenna sérgrein sína í framhaldsskóla og heimildar til að kenna hana á unglingastigi í grunnskóla. Í náminu fléttast saman bóklegt nám og starfsþjálfun á vettvangi. Gráðan veitir heimild til að kenna í framhaldsskóla. Námið veitir réttindi til að kenna sérgrein í framhaldsskóla og heimild til að kenna hana á unglingastigi í grunnskóla.

Kjarnanámskeið eru kennd í staðnámi en að öðru leyti er val milli stað- og fjarnáms.

Við inntöku í framhaldsnám á meistarastigi gildir sú meginregla að umsækjandi hafi lokið fyrstu háskólagráðu (B.A./B.S./B.Ed.).

Kennsla á þessum námsleiðum fer fram á íslensku og er kennt í staðnámi og fjarnámi.

» Nánari upplýsingar veitir Sigríður Pétursdóttir deildarstjóri Kennaradeildar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands í síma 525 5917 eða í tölvupósti kennaradeild@hi.is

Umsóknarfrestur er til **15. apríl**
Sótt er um á heimasíðu Háskóla Íslands **www.hi.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

---

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Aðstoðarleikskólastjóri

**Leikskólinn Hulduheimar auglýsir eftir aðstoðarleikskólastjóra frá og með 1. júní 2014.**

**Meginverkefni:**
- Staðgengill leikskólastjóra.
- Ber ásamt leikskólastjóra ábyrgð á rekstri leikskólans.
- Vinnur ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu skólastarfsins.

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennararéttindi áskilin.
- Menntun og reynsla í stjórnun æskileg.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti.

Frekari upplýsingar veitir Kristrún Hafliðadóttir, sími 480 3283 og kristrunh@arborg.is.
Áhugasamir geta sent umsóknir á netfang hennar og/eða í pósti merktum Leikskólinn Hulduheimar v/aðstoðarleikskólastjóra, Erlurima 1, 800 Selfoss.

**Umsóknarfrestur er til 23. apríl 2014.**
Starfið hentar jafnt körlum sem konum.
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

---

## STARFSMAÐUR ÓSKAST

Óskum eftir að ráða starfsmann í pappírsskurð og frágang sem fyrst.
Upplýsingar gefur Erlingur í síma 897 6848 eða á erlingur@litrof.is.

LITRÓF prentsmiðja

---

Capacent Ráðningar

# FJÁRMÁLASTJÓRI

GMR endurvinnsla ehf. er sérhæfð stálverksmiðja á alþjóðamarkaði með aðsetur á Grundartanga. Fyrirtækið var stofnað árið 2010 og hófst starfsemin árið 2013. Hjá fyrirtækinu starfa í dag rúmlega 40 manns. Framleiðslugetan er 30.000 tonn á ári. Áætluð velta er 1,5 milljarður ISK.

**GMR endurvinnsla ehf. óskar eftir að ráða fjármálastjóra. Leitað er að reynslumiklum og metnaðarfullum einstaklingi sem hefur vilja og getu til að ná árangri í starfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf mjög fljótlega.**

**Helstu verkefni:**
- Ábyrgð á fjármálalegri stjórnun, bókhaldi, launavinnslu og innheimtu
- Gerð ársreikninga og milliuppgjöra
- Gerð áætlana og frávikagreininga
- Umsjón með skýrslugerð og upplýsingagjöf til stjórnar fyrirtækisins
- Kostnaðareftirlit og samningagerð
- Samskipti við banka og endurskoðendur

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf á sviði viðskiptafræði, rekstrarverkfræði, hagfræði eða sambærilegu
- Reynsla af fjármálastjórnun skilyrði
- Mjög góð þekking á reikningshaldi, uppgjörum og áætlanagerð
- Reynsla af breytingastjórnun
- Greiningarhæfni og metnaður til að ná árangri
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Áreiðanleiki, sjálfstæði, frumkvæði og lipurð í mannlegum samskiptum

**Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Umsjón með úrvinnslu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

## Labelling Manager

Lyfjaupplýsingadeild (Prescribing and Patient Information) tilheyrir skráningarsviði og ber ábyrgð á gerð lyfjaupplýsinga þegar verið er að sækja um markaðsleyfi fyrir lyf á alþjóðavísu sem og viðhald á lyfjaupplýsingum eftir veitingu markaðsleyfa. Til lyfjaupplýsinga telst samantekt um eiginleika viðkomandi lyfs, áletrun umbúða og upplýsingar í fylgiseðli sem ætlaður er notendum lyfsins. Megin samskiptatungumál deildarinnar er enska og lyfjaupplýsingatextar eru unnir á ensku. Um er að ræða tímabundið starf til eins árs.

**Helstu verkefni:**

- Gerð lyfjaupplýsinga vegna umsókna um markaðsleyfi
- Viðhald lyfjaupplýsinga eftir veitingu markaðsleyfa
- Tryggja að reglum, leiðbeiningum og fyrirmælum ESB/EES sé fylgt hvað varðar lyfjaupplýsingar
- Eftirfylgni með að verklagsreglum Actavis sé fylgt hvað varðar lyfjaupplýsingar

**Við leitum að einstaklingi**

- með háskólamenntun í lyfjafræði, læknisfræði eða öðrum heilbrigðis-/lífvísindum
- með mjög góða enskukunnáttu, önnur tungumálakunnátta er kostur
- með reynslu af textagerð
- sem er nákvæmur og sjálfstæður í vinnubrögðum
- með góða almenna tölvukunnáttu
- með þekkingu á lyfjaskráningum, lyfjagát eða klínískum rannsóknum

## Officer

Starfið tilheyrir deildinni DRA Life Cycle Management sem er á skráningarsviði. Hlutverk deildarinnar er að sjá um breytingaumsóknir og almennt viðhald á markaðsleyfum Actavis lyfja bæði fyrir viðskiptavini Actavis og eigið vörumerki hvort sem er innan eða utan Evrópusambandsins.

**Helstu verkefni:**

- Aðstoð við almenna skipulagningu breytingaumsókna
- Uppfærslur í gagnagrunna
- Aðstoð við upplýsingagjöf og ráðgjöf
- Önnur verkefni er varða breytingaumsóknir

**Við leitum að einstaklingi**

- með stúdentspróf eða lyfjatæknimenntun og reynslu sem nýtist í starfi
- með mjög góða enskukunnáttu
- með reynslu af skrifstofustörfum og erlendum samskiptum
- sem er nákvæmur og sjálfstæður í vinnubrögðum
- með góða tölvukunnáttu

**Hjá Actavis bjóðum við upp á:**

- snyrtilegan og öruggan vinnustað
- fjölskylduvænt starfsumhverfi
- góðan starfsanda
- gott mötuneyti
- fræðslu og þjálfun
- iðjuþjálfa, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna
- árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
- öflugt starfsmannafélag



MEDIS

## Business Development Manager

Medis leitar að öflugum liðsmanni til að slást í hóp um 100 starfsmanna á Íslandi og erlendis. Medis er eitt af dótturfyrirtækjum Actavis Group og annast sölu á lyfjum og lyfjahugviti fyrir samstæðuna til annarra lyfjafyrirtækja. Velta fyrirtækisins er um 300 milljónir USD á ári og meðal viðskiptavina Medis eru öll stærstu samheitalyfjafyrirtæki heims. Medis varð í þriðja sæti 462 fyrirtækja á Íslandi sem uppfylltu skilyrði sem Creditinfo setti til að fá vottun sem Framúrskarandi fyrirtæki 2013. Medis lenti í fyrsta sæti árið 2011 og árið 2012.

Starfið tilheyrir Business Development deild Medis sem ber ábyrgð á markaðssetningu og sölu á lyfjatengdu hugviti og lyfjum Actavis til annarra lyfjafyrirtækja um allan heim.

**Ferilskrár fyrir þetta starf skulu vera á ensku.**

**Helstu verkefni:**

- Tilboðsgerð og samskipti við viðskiptavini
- Samningaviðræður
- Leit að nýjum viðskiptatækifærum, auk virkrar þátttöku í áætlanagerð
- Samskipti við starfsfólk Medis og Actavis hérlendis sem erlendis

**Við leitum að einstaklingi**

- með háskólamenntun í lyfjafræði eða sambærilega menntun
- með starfsreynslu á sviði samningagerðar og krefjandi samskipta (kostur)
- með mjög góða ensku- og tölvukunnáttu
- sem vinnur vel undir álagi og hefur hæfni til að fylgja verkefnum eftir
- sem býr yfir mikilli samstarfs- og skipulagshæfni
- sem er sveigjanlegur og setur ferðalög ekki fyrir sig



Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir Störf í boði fyrir **13. apríl nk**.

Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Actavis. Nánari upplýsingar um störfin veita Jenný Sif Steingrímsdóttir, jsteingrimsdottir@actavis.is og Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir, risaksdottir@actavis.is

Kíkið á fleiri laus störf á www.actavis.is

Actavis

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði
s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is
w www.actavis.is

## Verkefnastjóri hjá Coromatic AS í Noregi

intellecta

ráðgjöf ráðningar rannsóknir

Óskum eftir að komast í samband við verkefnastjóra á sviði bygginga- eða rafmagnsverkfræði. Fyrirtækið er leiðandi á sínu sviði og er staðsett á Oslóarsvæðinu.

Sjá nánari upplýsingar á www.intellecta.is

Síðumúla 5 ■ 108 Reykjavík ■ sími 511 1225 ■ www.intellecta.is




## VILT ÞÚ SPENNANDI OG LÍFLEGT STARF Í FERÐAÞJÓNUSTU?

**Bílaleigur AVIS og Budget óska eftir liðsmönnum**

## Vaktstjóri í Reykjavík

**Helstu verkefni:**
- Eftirlit og ábyrgð með leigustöðvum félagsins í Reykjavík ásamt stöðvarstjóra
- Þjálfun starfsmanna
- Önnur störf í samráði við stöðvarstjóra

**Almennar hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, framúrskarandi þjónustulund, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og reglusemi
- Tungumálakunnátta er skilyrði (að lágmarki 2 tungumál)
- Tölvuþekking
- Jákvæðni, snyrtimennska, frumkvæði og dugnaður
- Bílpróf og hreint sakavottorð

Um framtíðarstarf er að ræða þar sem unnið er á 2-2-3 vöktum.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir sendist á atvinna@alp.is merkt „Vaktstjóri".**

## Sölu- og þjónustufulltrúi í þjónustuveri

**Helstu verkefni:**
- Sala og bókanir
- Símsvörun og svörun fyrirspurna frá viðskiptavinum
- Aðstoð við viðskiptastjóra
- Önnur þjónustu- og söluverkefni

**Almennar hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Tungumálakunnátta er skilyrði (að lágmarki 2 tungumál)
- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum ásamt góðri tölvuþekkingu
- Lipurð í mannlegum samskiptum ásamt framúrskarandi þjónustulund
- Jákvæðni, frumkvæði og dugnaður
- Bílpróf og hreint sakavottorð

Starfið er framtíðarstarf, en viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Á sumrin er um vaktastarf að ræða, þar sem unnið er á 2-2-3 vöktum frá kl. 08-18. Frá 1. september er um 100% starf að ræða þar sem unnið er alla virka daga. Þjónustuver fyrirtækisins er staðsett í Reykjavík.

**Umsóknir sendist á atvinna@alp.is merkt „Þjónustuver".**
**Umsóknarfrestur er til 13. apríl 2014.**
**Reynsla og áhugi á ferðaþjónustu er kostur.**

AVIS Budget

Bílaleiga AVIS og Budget er ein stærsta bílaleiga í heimi og starfar í 180 löndum með yfir 5.000 leigustöðvar. Á Íslandi er AVIS og Budget ört vaxandi fyrirtæki með leigustöðvar um allt land og geta viðskiptavinir AVIS og Budget leigt bíla við öll tækifæri. Hjá AVIS og Budget starfar öflugur og reyndur hópur fólks sem vinnur ávallt með þjónustu og áreiðanleika að leiðarljósi. Leitast er við að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu en ánægja starfsfólks og viðskiptavina er lykilatriði í velgengni AVIS og Budget.

prentmet HRAÐÞJÓNUSTA

## Öflugur sölumaður óskast

Prentmet ehf. óskar eftir öflugum sölumanni til starfa.

**Meðal verkefna er eftirfarandi:**
- Fyrirtækjaheimsóknir.
- Taka á móti viðskiptavinum.
- Ráðgjöf til viðskiptavina.
- Afla nýrra viðskiptavina.

**Þekking og hæfni:**
- Reynsla og þekking á prentverki.
- Reynsla og þekking á sölumennsku.
- Jákvæðni, metnaður og fagmennska.
- Frumkvæði og dugnaður.
- Heiðarleiki.

Við mat á umsóknum verður tekið sérstakt tillit til reynslu og þekkingar umsækjenda.

Prentmet býður upp á hágæða prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Lögð er rík áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað.

Nánari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri mannauðssviðs, ingasteina@prentmet.is, s. 856 0601.

Atvinnuumsókn er á prentmet.is/um-okkur/atvinnuumsokn.
Umsóknarfrestur er til 16. apríl n.k.

Prentmet er framsækin prentsmiðja með höfuðstöðvar að Lynghálsi 1 í Reykjavík og útibú á Akranesi og Selfossi

## Laus er staða skólastjóra Súðavíkurskóla á næsta skólaári (2014-2015) vegna námsleyfis.

Súðavíkurskóli er samrekinn grunn- leik- og tónlistardeild með samtals 35 nemendur. Samkennsla árganga er í flestum fögum. Í starfssviði felst fagleg stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri. Gert verður ráð fyrir kennslu á sérsviði umsækjanda í allt að 12 stundir á viku. Ráðingartíminn er eitt ár, frá 1. ágúst 2014 til 1. ágúst 2015. Laun eru samkvæmt kjarasamningum SÍ.

Súðavíkurskóli vinnur eftir skólastefnu uppbyggingarstefnunar, **„Uppeldi til ábyrgðar".**

Nánari upplýsingar um starfið veitir sveitarstjóri í síma 450-5900.

**Hæfniskröfur:**
- Kennsluréttindi á grunnskólastigi, framhaldsmenntun í sérkennslufræðum æskileg.
- Þekking og reynsla af stjórnun, fjármálum og rekstri.
- Góð samskiptahæfni, skipulagshæfni og þekking á verkferlum.
- Góð íslensku- og tölvukunnátta.
- Hreint sakavottorð.

Náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af leyfisbréfi fylgi umsókn.
Umsókn um starfið skal send bréflega til Súðavíkurhrepps, Grundarstræti 3, 420 Súðavík, merkt:
**Fræðslu og tómstundanefnd.**

**Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl 2014.**

***Mat á umsóknum og forgangur til starfsins.***
*Við ráðningu verður tekið tillit til menntunnar, starfsferils, stjórnunarreynslu, viðbótarmenntunnar og starfshæfni umsækjanda. Grunnskólakennari sem hefur sérhæft sig til sérkennslu mun hafa forgang við ákvörðun um ráðningu.*

# Viltu þjóna flugi með okkur?

## VERKEFNASTJÓRI Í FJÁRREIÐUDEILD – REYKJAVÍK

Isavia óskar eftir að ráða öflugan verkefnastjóra í fjárreiðudeild félagsins í Reykjavík. Umsækjendur skulu hafa lokið prófi í viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði, hafa gott vald á Excel, reynslu af notkun gagnagrunna og fyrirspurnartóla og starfsreynslu í fjármálum eða af fjármálamarkaði.

**Helstu verkefni:**
Á meðal verkefna eru áhættumat og greiningar, úrvinnsla og greining gagna, fjárhagslegir mælikvarðar og skýrslugjöf, arðsemisgreiningar, gjaldeyrisviðskipti, lausafjárstýring og gerð sjóðsáætlunar.

## UMSJÓNARMAÐUR RÆSTINGA – KEFLAVÍK

Isavia leitar að umsjónarmanni ræstinga í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Umsækjendur þurfa að vera skipulagðir og úrræðagóðir með lipra og þægilega framkomu og geta unnið undir álagi.

**Helstu verkefni:**
Eftirlit og skipulagning ræstinga í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í gegnum gæða- og eftirlitskerfi ásamt umsjón með lóðum og nærliggjandi svæðum. Heildarflatarmál fasteigna í eigu og umsjá eignaumsýslu er um um 56 þúsund fermetrar.

## VERKEFNASTJÓRI EIGNAUMSÝSLU – KEFLAVÍK

Leitað er að öflugum tæknimenntuðum verkefnastjóra eignaumsýslu. Umsækjendur skulu hafa lokið prófi í verk- eða tæknifræði, hafa þekkingu á samningagerð og kostnaðareftirliti, reynslu í stjórnun verklegra framkvæmda auk þess sem sveinsbréf í rafvirkjun eða rafeindavirkjun er kostur.

**Helstu verkefni:**
Greiningar og áætlanagerð í rekstri á mannvirkjum, rafkerfum og eignum Isavia í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og á Keflavíkurflugvelli ásamt eftirliti og umsjón með rafkerfum, viðhalds- og rekstrarferlum. Heildarflatarmál fasteigna í eigu og umsjá eignaumsýslu er um 56 þúsund fermetrar.

## STARFSMAÐUR Í MÖTUNEYTI – REYKJAVÍK

Isavia óskar eftir að ráða starfsmann í mötuneyti í Reykjavík. Menntun eða reynsla af sambærilegu starfi er nauðsynleg.

**Helstu verkefni:**
Að laga morgunverð og hádegisverð fyrir starfsmenn og hafa umsjón með kaffi og meðlæti eftir því sem þörf krefur.

Umsóknum skal skilað inn á rafrænu formi á **www.isavia/atvinna**, þar sem einnig er að finna nánari upplýsingar.
Umsóknarfrestur er til og með **24. apríl**.

**Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna**

Hjá Isavia og dótturfélögum starfa um 850 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbyggingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

isavia



14-0870 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Aðfanga- og birgjastjóri (Strategic Purchaser)

Aðfanga- og birgjastjóri tilheyrir alþjóðlegu teymi innkaupaaðila sem móta og viðhalda aðfangakeðju Marel í samræmi við innkaupastefnu fyrirtækisins.

Starfið getur falið í sér talsverð ferðalög erlendis.

**Starfssvið:**

- Mótun innkaupastefnu fyrir vöruflokka Marel
- Val og mat á birgjum og þjónustuaðilum
- Samningar og samskipti við birgja og þjónustuaðila og eftirfylgni með samningum
- Greining á markaði og mat á framtíðarmöguleikum í innkaupum
- Þarfagreining og mat á gæðum aðkeyptrar vöru og þjónustu

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun eða tæknimenntun
- Reynsla af aðfanga - og innkaupastjórnun er nauðsynleg
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Geta til að vinna í alþjóðlegu umhverfi

Umsóknarfrestur er til og með 21. apríl nk. Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel, **www.marel.com/jobs**.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Tómas Örn Sigurbjörnsson, **tomas.sigurbjornsson @marel.com**, í síma **563 8000**.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 4000 manns í fimm heimsálfum, þar af um 500 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

www.marel.com




marel

14-0907 – HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

---

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 14-0911



Fjölbreytt verkefni






Góður starfsandi






Skemmtilegt vinnuumhverfi

# TJÓNAMATSMAÐUR ÖKUTÆKJATJÓNA

**Vilt þú vinna við bíla en forðast að óhreinka hendurnar?**

Við leitum að aðila í starf tjónamatsmanns ökutækjatjóna. Starfið felst í að þjónusta viðskiptavini okkar sem lenda í ökutækjatjóni. Í boði er krefjandi starf þar sem samstilltur hópur vinnur saman að því að veita frábæra þjónustu.

**Helstu verkefni:**

- Samskipti við viðskiptavini og verkstæði
- Að yfirfara tjónamat frá verkstæðum
- Kaup og sala á ökutækjum eftir tjón
- Þátttaka í mótun verklags og þjónustu til viðskiptavina

**Hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði bílgreina, s.s. bifreiðasmíði, bílamálun eða bifvélavirkjun
- Reynsla af tjónaviðgerðum og/eða vélaviðgerðum
- Reynsla eða þekking af viðskiptum með notuð ökutæki
- Rík þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta og reynsla af Cabas tjónamatskerfinu er kostur

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Ingi Þorsteinsson, forstöðumaður ökutækjatjóna, í síma 844 2075 eða gudmundur.thorsteinsson@sjova.is. Umsókn skal fylla út á www.sjova.is og merkja „Tjónamatsmaður ökutækjatjón“ Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl nk.

SJÓVÁ

---

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

# Fyrirtæki í ferðaþjónustu óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldbær reynsla af stjórnunarstörfum
- Reynsla og þekking á sviði ferðaþjónustu
- Áhugi á útivist og fjallamennsku
- Frumkvæði, sjálfstæði og góð skipulagsfærni
- Sveigjanleiki og hæfni til að vinna undir álagi
- Færni í samskiptum og framkomu
- Góð tungumálakunnátta
- Góð Excel-kunnátta

**Starfssvið**
- Daglegur rekstur
- Starfsmannamál
- Sölu-, markaðs- og kynningarmál
- Sókn á nýja markaði, innlenda og erlenda
- Vöruþróun og samningagerð
- Opinber samskipti fyrir hönd fyrirtækisins

**Upplýsingar veitir:**

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl.**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12   105 REYKJAVÍK   SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



DHL býður viðskiptavinum sínum upp á sveigjanlegar heildarlausnir sem byggja á sérþekkingu á sviði hraðsendinga, sjó- og flugfraktar. Þjónustunet fyrirtækisins nær til meira en 220 landa og svæða. Yfir 93.000 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu um heim allan. Hjá DHL á Íslandi starfa um 50 manns og góður starfsandi einkennir vinnustaðinn sem býður upp á alþjóðlegt og krefjandi starfsumhverfi.

# DHL leitar að umsjónarmanni fraktdeildar

**Starfssvið**
- Yfirsýn, daglegur rekstur og stýring á DHL Global Forwarding, flug- og sjófrakthluta DHL Express Iceland í samvinnu við sölustjóra
- Ábyrgð á að fraktdeildin nái tilsettum markmiðum (þjónustugæði, framleiðni, tekjur, kostnaður)
- Samskipti við birgja/farmflytjendur, innlenda sem erlenda
- Ábyrgð á bakvinnslu

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Haldbær reynsla af flutningsmarkaði skilyrði
- Háskólamenntun æskileg
- Leiðtogahæfileikar eða reynsla af stjórnun
- Áreiðanleiki, metnaður og drifkraftur
- Framúrskarandi þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku, töluðu og rituðu máli
- Góð almenn tölvukunnátta, kunnátta í Navision æskileg

**Upplýsingar veita:**

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl.**

Hreint sakavottorð er skilyrði

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12   105 REYKJAVÍK   SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

CCP

CCP was founded in the summer of 1997 with the goal of becoming a leading massively multiplayer game company. With the launch of EVE Online in May 2003, CCP has established itself as one of the leading companies in the field, winning numerous awards and receiving critical acclaim worldwide.

# Bookkeeper

CCP is looking for a bookkeeper to fill a temporary position through March 2015 to cover maternity leave and that likes working in a casual, dynamic environment surrounded by imaginative people in the computer gaming industry. The person in this role needs to be familiar with basic accounting practices and procedures, checks and balances, segregation of duties and be comfortable working within those parameters.

**Duties**
- Purchase order and payables processing for approval and posting
- Assisting with investigating and resolving purchase order and payable invoice discrepancies and deficiencies
- Assisting with accounts payable and cash reconciliations
- Reconciling general and subsidiary ledger accounts' detail with external data sources
- Assisting team in monthly financial reporting and the annual audit processes
- Performing various administrative tasks in conjunction with others in the accounting department
- Generate various reports and provided contextual analysis for senior management team, Ad hoc projects as assigned

**Education/Experience /Skills**
- Minimum of two year experience in bookkeeping including accounts payable, general ledger and financial reports.
- Experience in performing bookkeeping duties in multi-national company or previous experience in an accounting firm a plus
- Experience with Microsoft Dynamics NAV ERP system preferred
- Good understanding of VAT and tax requirements in Iceland required
- Strong MS Excel skills required
- Strong overall computer skills
- Excellent interpersonal/communication abilities
- Must have excellent time management, organizational and analytical skills
- Strong attention to detail
- Be able to speak and write English fluently

**For more information:**

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Leifur Geir Hafsteinsson
leifurgeir@hagvangur.is

**To submit your application please visit ccpgames.com/jobs**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12   105 REYKJAVÍK   SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Árbæjarskóli skólaárið 2014 – 2015

Árbæjarskóli er einn stærsti grunnskóli landsins, staðsettur í einstöku umhverfi Elliðaárdalsins. Árbæjarskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk og eru nemendur um 630 talsins. Skólinn er safnskóli á unglingastigi en til náms í 8. bekk koma saman nemendur þriggja skóla, Árbæjarskóla, Ártúnsskóla og Selásskóla. Starfsmenn skólans eru um 90 sem sinna mismunandi stöfum í þágu nemenda.
Allt starf Árbæjarskóla byggir á teymisvinnu þannig að mikil samvinna ríkir um alla þætti skólastarfsins.

**Lausar eru eftirtaldar kennarastöður við Árbæjarskóla:**
- **Staða stærðfræðikennara á mið - og unglingastigi**
- **Staða textílkennara**
- **Staða kennara á mið - og unglingastigi til kennslu íslensku, samfélagsfræði og stærðfræði.**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Annast kennslu nemenda í samráði við skólastjórnendur, fagstjóra og stigstjóra viðkomandi skólastigs.
- Vinna að þróun skólastarfs með stjórnendum og samstarfsmönnum.
- Stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk.

**Hæfniskröfur:**
- Menntun og hæfni til kennslu á öllum aldursstigum grunnskóla.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Faglegur metnaður.
- Reynsla og áhugi á að vinna með börnum.

Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Sæberg, skólastjóri, í síma 4117700 eða með því að senda fyrirspurnir á thorsteinn.saeberg@reykjavik.is
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

**Umsóknarfrestur er til 23. apríl 2014.**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

ÍSLENSKA SIA.IS VOR 68610 04/14

# VEISTU HVAÐ ÞÚ VILT?

## SÖLUSTJÓRI

**Vörður leitar að öflugum og þjónustulunduðum einstaklingi til að vinna í hópi metnaðarfullra starfsmanna sem sinna sölu og þjónustu við fyrirtæki, einstaklinga og stofnanir. Starfið er í senn fjölbreytt og krefjandi. Sölustjóri starfar undir stjórn framkvæmdastjóra sölu og þjónustu og í samvinnu við önnur svið fyrirtækisins.**

**Starfssvið**
- Uppbygging og stýring á sölumálum félagsins.
- Greining á markaði og þörfum viðskiptavina.
- Utanumhald sem snýr að innri og ytri dreifileiðum.
- Aðkoma að fræðslu er varðar sölu og þjónustumál.

**Hæfniskröfur**
- Menntun á sviði viðskiptafræða eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af sölu- og þjónustumálum nauðsynleg.
- Samskiptahæfni.
- Frumkvæði og árangurssækni.
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 11. APRÍL.**
Nánari upplýsingar um starfið veitir Atli Örn Jónsson, framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs, **atli@vordur.is** og Harpa Víðisdóttir mannauðsstjóri, **harpa@vordur.is**
**Vinsamlega fyllið út umsóknir á vordur.is.**

Vörður tryggingar hf. er alhliða vátryggingafélag í eigu BankNordik. Félagið hefur vaxið hratt á undanförnum árum og í dag starfa um 70 starfsmenn hjá félaginu. Vörður er áhugaverður vinnustaður fyrir fólk sem vill taka þátt í frekari uppbyggingu og vexti félagsins á komandi árum. Hjá Verði er gildandi jafnréttisstefna sem stuðlar að því að einstaklingar njóti sömu launakjara og starfstækifæra óháð kyni. Félagið hefur hlotið Jafnlaunavottun VR sem staðfestir það launajafnrétti sem ríkir hjá félaginu.

JAFNLAUNA-VOTTUN VR
VR-13-019

**VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR**

vörður

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar
Borgartún 34, 105 Reykjavík, S: 511 1515

## GUÐMUNDUR JÓNASSON EHF
**óskar eftir að ráða**
## FORSTÖÐUMANN REKSTRARSVIÐS

Guðmundur Jónasson ehf er eitt af elstu ferðaþjónustufyrirtækjum landsins. Fyrirtækið rekur öfluga ferðaskrifstofu, gerir út fjölda hópferðabifreiða og rekur auk þess gistiheimili. Hjá fyrirtækinu starfar samhentur hópur starfsfólks með breiða þekkingu og reynslu af ferðaþjónusturekstri.

Til rekstrarsviðs heyrir rekstur hópferðabifreiða, rekstur verkstæðis og rekstur fasteigna félagsins. Hlutverk forstöðumannsins er að leiða starf rekstrarsviðs undir yfirstjórn framkvæmdastjóra félagsins.

**Helstu verkefni forstöðumanns eru eftirfarandi:**
- dagleg stjórnun og rekstur sviðsins
- gerð rekstrar- og viðhaldsáætlana
- þátttaka í stefnumótun og innleiðing gæðakerfa
- mannauðsmál

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- víðtæk reynsla og þekking af rekstri og stjórnun
- menntun sem nýtist í starfi
- hæfni í að leiða verkefni og innleiða breytingar
- reynsla í áætlanagerð og færni í notkun töflureikna (excel)
- nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- samskipta- og leiðtogahæfileikar

**Umsóknarfrestur er til og með 18. apríl.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja kynningarbréf á umsækjanda ásamt ítarlegri starfsferilskrá.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Stefán Gunnarsson, framkvæmdastjóri, en umsóknum skal skilað á netfangið stefan@gjtravel.is

Hjallastefnan

**Hjallastefnan auglýsir eftir körlum og konum til starfa með leik- og/eða grunnskólakennaramenntun.**

**Einnig er óskað eftir fólki til starfa sem er með aðra sambærilega menntun sem og ófaglærðum barngóðum einstaklingum.**

Hjallastefnan rekur nú tólf leikskóla og fimm grunnskóla víða um land. Allir skólar Hjallastefnunnar starfa að sameiginlegu markmiði en sjálfstæði skólanna er mikið.

Jafnréttisuppeldi, jákvæðni, agi, skapandi hugsun, félagsþjálfun og einstaklings styrking eru innviðir í hugmyndafræði Hjallastefnunnar, öllum börnum til hagsbóta.

Starfsfólk Hjallastefnunnar trúir því staðfastlega að starf þeirra skipti miklu máli og að það sé með vinnu sinni að skapa betri framtíð fyrir komandi kynslóðir.

**Hæfniskröfur og viðhorf**
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Gleði og jákvæðni.
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.
- Frumkvæði, áræðni og metnaður.
- 18 ára aldurstakmark.
- Brennandi áhugi fyrir jafnrétti.
- Stundvísi.
- Snyrtimennska.

Umsóknarfrestur er til og með **28. apríl 2014.**

**Vinsamlegast sækið um starf með því að senda tölvupóst á starf@hjalli.is. Ef óskað er eftir að vinna í ákveðnum skóla Hjallastefnunnar þá eru umsækjendur beðnir um að senda umsókn á netfang þess skóla sem um ræðir.**

Nánari upplýsingar um hvern skóla má finna á heimasíðunni **www.hjalli.is**

Um er að ræða framtíðarstarf.

Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

*Hlökkum til að fá umsókn frá þér!*

**www.hjalli.is**

## Kvarnir ehf. óska eftir starfsmanni

á þungavörulager. Sumarstarf, en möguleiki á framtíðarstarfi. Kröfur eru um hreint sakarvottorð, almenn ökuréttindi, lyftararéttindi, mjög gott vald á íslensku, heiðarleika, stundvísi og líkamlega hreysti og styrk. Réttindi á byggingarkrana til bóta, en ekki nauðsynleg. Uppl á virkum dögum milli kl. 8 og 17 í símum **861-6665 og 896-6652**.

# DÖGUN

## Skipstjóri / Vélstjóri

Dögun ehf. leitar að skipstjóra og yfirvélstjóra á rækjuskipið RÖST SK-17. Leitað er að skipstjóra með reynslu af togveiðum, helst á rækju.
Vélstjóri þarf að vera með a.m.k. VS-III réttindi og með reynslu til sjós, helst sem yfirvélstjóri.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir, með upplýsingum um menntun og fyrri störf, með tölvupósti til: reyktal@reyktal.is.
Nánari upplýsingar veita Hjálmar Vilhjálmsson og Ólafur Óskarsson í síma 588-7666.

*Dögun ehf. var stofnað árið 1983. Fyrirtækið stundar rækjuvinnslu og útgerð, og er með aðsetur á Sauðárkróki.*

CAPACENT RÁÐNINGAR

**Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.**
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, **www.capacent.is**

capacent

MAST Matvælastofnun

# Dýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma

**Matvælastofnun óskar eftir að ráða dýralækni í 100% starf sérgreinadýralæknis nautgripa- og sauðfjársjúkdóma með aðsetur á aðalskrifstofu stofnunarinnar á Selfossi.**

Hlutverk dýralæknisins er að hafa yfirumsjón með málum er lúta að sjúkdómum nautgripa, sauð- og geitfjár og almennu heilbrigði og velferð þeirra, auk einstaklingsmerkinga þessara dýra. Meðal verkefna er skipulag sjúkdómavöktunar, úrvinnsla niðurstaðna rannsókna og skipulag viðbragða við uppkomu sjúkdóma auk stjórnunar á sjúkdómavörnum nautgripa og sauðfjár. Gerð og eftirfylgni eftirlitsáætlunar með heilbrigði og velferð þessara dýrategunda og samræming eftirlits. Þátttaka í innlendu sem erlendu samstarfi er varðar nautgripi og sauðfé og önnur tilfallandi störf sem starfsmanni kunna að vera falin.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Dýralæknismenntun
- Sérstök þekking á sjúkdómum, heilbrigði og velferð nautgripa og sauðfjár
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar
- Nákvæmni, frumkvæði, fagleg vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku

*Árvekni*
*Framsækni*
*Gegnsæi*
*Traust*

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir sigurborg.dadadottir@mast.is í síma 530 4800. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur fyrir starfið. Umsóknir skulu sendar í tölvupósti á netfangið starf@mast.is. Umsóknarfrestur er til og með **21. apríl 2014**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna.



***Matvælastofnun sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla. Hjá stofnuninni starfa 80 starfsmenn.***

www.mast.is



Sæktu um fyrir 20. apríl

# Stærsti skemmtistaður í heimi óskar eftir besta fólki í heimi!

### Sölu- og þjónusturáðgjafar í verslun og þjónustuver

Við leitum að framúrskarandi skemmtilegum starfsmönnum til að taka dansinn með okkur í verslunum og þjónustuveri Nova. Draumastarf fyrir þá sem hafa gaman að því að umgangast fullt af fólki og hafa nóg að gera. Í þjónustuverinu er ekki verra að elska að tala í síma. Framtíðarstarf, fullt starf og unnið er á vöktum.

**Hæfniskröfur:**

Lífsgleði, metnaður og keppnisskap! Söluhæfileikar og þjónustulund. Góð tölvukunnátta. Áhugi á snjallsímum og dótinu sem við erum að selja er nauðsynlegur. Stúdentspróf eða sambærileg menntun.

### Viðmótsþýður viðmótshönnuður

Hjá Nova eru þróaðar ótal skemmtilegar lausnir fyrir vefinn. Við leitum að grúskara sem er snillingur í nytsemi notendaviðmóta og elskar Wireframe. Veit allt um aðgengismál, greinir aðalatriði frá aukaatriðum og er skipulagður. Reynsla af viðmótshönnun er algjörlega nauðsynleg.

### Sendill (Alltmögulegtmanneskja)

Við ætlum að ráða sendil, sem þarf ekki að vera ratvís en kann á Google maps. Snöggur og léttur á fæti, vel skipulagður og stundvís. Í starfinu felst að redda, græja og gera. Viðkomandi mun sendast út um hvippinn og hvappinn. Ofurþjónustulund er nauðsynleg. Við gerum ráð fyrir að umsækjendur hafi bílpróf.

**Áhugasamir sæki um á www.radum.is fyrir 20. apríl.
Allar nánari upplýsingar veitir Hildur Erla Björgvinsdóttir, hildur@radum.is, sími 519 6770.**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

RÁÐUM Atvinnustofa

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2013

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA




## Tvær lausar stöður hjá Parlogis

### Staða í þjónustuveri Parlogis
Við leitum að þjónustuliprum lyfjatækni, sjúkraliða eða aðila með sambærilega þekkingu til starfa í þjónustuverið.

### Staða í vöruhúsi Parlogis
Við þurfum á duglegum starfsmanni að halda í vöruhúsið, sem er nákvæmur í vinnubrögðum og góður liðsmaður.

**Við leitum** að áreiðanlegu og jákvæðu fólki sem hefur áhuga á að vera hluti af öflugri liðsheild í traustu fyrirtæki. Viðkomandi starfsmaður þarf að vera nákvæmur í vinnubrögðum, samviskusamur og tilbúinn að leggja sig fram í annasömu starfi.

**Vinnutími** er samkvæmt samkomulagi, kl. 07:00 - 15:00 eða kl. 08:00 - 16.00. Við erum með gott mötuneyti, öflugt starfsmannafélag og metnaðarfullan vinnustað.

Ef þú hefur áhuga á að starfa með okkur biðjum við þig að senda umsókn fyrir 13. apríl á parlogis.is eða með tölvupósti:
sirra@parlogis.is fyrir starf í þjónustuveri.
arna@parlogis.is fyrir starf í vöruhúsinu.

Við bjóðum upp á hvetjandi starfsumhverfi fyrir öflugt fólk og viljum gjarnan sjá umsóknir frá fólki á öllum aldri og af báðum kynjum.

Parlogis veitir víðtæka vörustjórnun fyrir fyrirtæki sem sérhæfa sig í markaðssetningu á heilsutengdum vörum.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

parlogis

Parlogis | Krókhálsi 14 | 110 Reykjavík | Sími 590 0200 | Fax 590 0201

---

HÖFÐASKÓLI

Höfðaskóli Skagaströnd
Sími: 452 2800, fax: 452 2782,
íþróttahús: 452 2750,
www.hofdaskoli.skagastrond.is
Netfang: hofdaskoli@skagastrond.is

**Höfðaskóli auglýsir:**

## Lausar stöður

**Leitað er eftir aðstoðarskólastjóra og kennurum á mið- og unglingastig.**

Höfðaskóli á Skagaströnd er lítill skóli með 100 nemendum. Skólinn er vel búinn til kennslu og er vinnuaðstaða kennara góð. Á heimasíðu skólans, www.hofdaskoli.skagastrond.is má sjá allar helstu upplýsingar um skólastarfið.

**Barnvænt umhverfi, gott samstarfsfólk og lág húsaleiga!**

Skagaströnd er kauptún með um 530 íbúum í tæplega þriggja klst. fjarlægð frá Reykjavík. Þar er öll almenn þjónusta í boði, s.s. leikskóli, íþróttahús og heilsugæsla.

Nánari upplýsingar veita Hildur Ingólfsdóttir skólastjóri, vs. 452 2800, gsm 849 0370.

Hægt er að senda umsóknir á netfangið **hofdaskoli@skagastrond.is**

**Umsóknarfrestur er til 19.apríl.**

---



## VAKTSTJÓRAR ÓSKAST

**SMÁRABÍÓ OG HÁSKÓLABÍÓ ÓSKA EFTIR AÐ RÁÐA VAKTSTJÓRA Í FULLT STARF.**

**STARFIÐ FELUR Í SÉR**
- Umsjón með vöktum á kvöldin og um helgar
- Uppgjör eftir vaktir
- Samskipti og skipulag í samráði við rekstrarstjóra
- Önnur spennandi verkefni sem kom upp

**HÆFNISKRÖFUR**
- Við leitum að einstaklingi sem er eldri en 25 ára
- Reynsla af vaktstjórn / verkstjórn er æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta t.d. á Word og Excel
- Hafa metnað til að standa sig í krefjandi aðstæðum

Kvikmyndahúsin eru lifandi og skemmtilegur vinnustaður sem er síbreytilegur. Verkefnin eru fjölbreytt og krefjandi en um leið skemmtileg. **Umsóknarfrestur er til 13. apríl. Umsóknum ásamt ferilskrá skal skila á netfangið joneir@sena.is.**

HÁSKÓLABÍÓ SMÁRABÍÓ

---

## CAPACENT RÁÐNINGAR

**Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.**
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, **www.capacent.is**

capacent

---

## Stöðvarstjóri

**566221**
**Klausturbleikja ehf. á Kirkjubæjarklaustri óskar eftir að ráða stöðvarstjóra.**

Klausturbleikja

Í starfinu felst m.a. dagleg stjórnun stöðvarinnar, fóðrun, slátrun eldisfiskjar, pantanir, samskipti við birgja og flutningsaðila. Starfsmenn sem starfa við eldið og vinnsluna eru að jafnaði 5 talsins.

Leitað er að starfsmanni sem hefur reynslu af stjórnun og ábyrgð, kostur ef viðkomandi hefur fiskeldismenntun eða reynslu af fiskvinnslu. Viðkomandi þyrfti að hefja störf í kringum 1. júlí n.k.

Fyrirtækið útvegar íbúðarhúsnæði á staðnum endurgjaldslaust fyrir utan rafmagn og hita. Einnig er möguleiki á starfi við fiskvinnsluna fyrir maka stöðvarstjóra.

Fiskeldisstöðin er reist í einum af gömlu farvegum Hverfisfljóts. Undan hrauninu spretta upp margar tærar lindir þar sem hluti Hverfisfljóts síast í gegn. Þannig hefur hraunið síað vatnið og lindirnar mynda ár og læki og hluti af þessu bergvatni er notað til bleikjueldisins.
Kirkjubæjarklaustur er þéttbýlis- og þjónustukjarni Skaftárhrepps og miðstöð samgangna í fjórðungnum og þar er fjölbreytt þjónusta við ferðafólk, gistiaðstaða og veitingastaðir.
Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á www.klausturbleikja.is

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU Á WWW. VINNA.IS

vinna.is
S: 511 1144

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

### Aðstoðarleikskólastjóri

**Staða aðstoðarleikskólastjóra við leikskólann Álfastein er laus til umsóknar.** Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að leiða áfram og taka þátt í góðu faglegu samstarfi í skólanum og hafa að leiðarljósi að gott leikskólastarf má ávallt bæta. Unnið samkvæmt SMT skólafærni.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Leikskólakennarapróf
- Framhaldsmenntun og/eða reynsla á sviði stjórnunar æskileg
- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sé reiðubúinn til að leita nýrra leiða í leikskólastarfi.
- Hafi áhuga og/eða reynslu til að leiða þróunarstarf

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna stjórnunarstarfi.

Allar upplýsingar um stöðuna veitir Inga Líndal leikskólastjóri í síma 555 6155/ 664 5839 alfasteinn@hafnarfjordur.is

**Umsóknarfrestur til og með 22. apríl 2014.**

*Fræðslustjórinn í Hafnarfirði*

TOLLSTJÓRI

# Fulltrúi í þjónustuver

**Staða fulltrúa í þjónustuver Tollstjóra er laus til umsóknar**

Hjá Tollstjóra starfar hópur hæfileikaríks starfsfólks sem hefur það að markmiði að veita góða og skilvirka þjónustu og standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs. Lögð er áhersla á símenntun starfsmanna, heilsueflingu og góðan aðbúnað.

**Starf fulltrúa felur m.a. í sér:**

- Afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini.
- Upplýsingagjöf og úrlausn mála í tengslum við almenn tollamálefni og innheimtu skatta og gjalda.
- Símsvörun í þjónustuveri og/eða skiptiborði.
- Afgreiðslu aðsendra erinda í gegnum síma, tölvupóst eða svarbox.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Stúdentspróf eða samsvarandi menntun.
- Staðgóð almenn tölvukunnátta.
- Gott vald á íslensku.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Kurteisi og þjónustulund.
- Nákvæmni, traust vinnubrögð og stundvísi.
- Hreint sakavottorð.

Um er að ræða fjölbreytt verkefni sem hæfa jafnt körlum sem konum. Við upphaf starfs er boðið upp á markvissa þjálfun í sérhæfðum þáttum sem tengjast tolla- og innheimtumálum. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Unnur Ýr Kristjánsdóttir, forstöðumaður mannauðssviðs, í síma 560-0300.

**Umsóknarfrestur er til 22 apríl nk.** Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir merktar **„fulltrúi þjónustuver"** ásamt ferilskrá skal skila til mannauðssviðs embættisins að Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík eða í gegnum tölvupóst: **starf@tollur.is**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.




# STÖRF HJÁ HJÁ EIMSKIP FLYTJANDA Á NORÐUR- OG AUSTURLANDI

Hjá Eimskip Flytjanda starfar öflugur hópur fólks sem hefur gildi fyrirtækisins; *árangur, samstarf og traust* að leiðarljósi. Nú leitum við að nýjum liðsmönnum á Norður- og Austurland. Um er að ræða tímabundin störf við sumarafleysingar á Egilsstöðum, Reyðarfirði og Húsavík og eitt framtíðarstarf á Húsavík.

HÚSAVÍK

## VÖRUHÚSAÞJÓNUSTA – SUMARAFLEYSING

Helstu verkefni eru vörumóttaka og vöruafgreiðsla. Almennt gildir að fastur vinnutími er frá kl. 08:00–16:00 alla virka daga en viðkomandi aðili þarf að hafa sveigjanleika til að geta unnið lengur ef verkefnastaða er þannig. Æskilegt er að umsækjendur hafi lyftararéttindi (J).

## AKSTUR – SUMARAFLEYSING OG FRAMTÍÐARSTARF

Eimskip Flytjandi leitar að tveimur bílstjórum, annars vegar í sumarafleysingu og hins vegar í framtíðarstarf, við akstur dráttar- og flutningabíla. Hefðbundinn vinnutími er frá kl. 08:00–16:00 alla virka daga en viðkomandi aðilar þurfa að hafa sveigjanleika til að geta unnið lengur ef þörf er á. Meirapróf (C) er skilyrði fyrir ráðningu og réttindi til að aka með tengivagn (CE) eru æskileg.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Þorgrímur Friðrik Jónsson, verkstjóri Eimskips á Húsavík í síma 525 7853, *tfj@eimskip.is.*

EGILSSTAÐIR OG REYÐARFJÖRÐUR

## AKSTUR – SUMARAFLEYSING

Eimskip Flytjandi leitar að bílstjórum í sumarafleysingar við akstur dráttar- og flutningabíla.

Helstu verkefni eru lestun og losun bíla, útkeyrsla, vörumóttaka og vöruafgreiðsla. Um er að ræða bæði dag- og vaktavinnu. Meirapróf (C) er skilyrði fyrir ráðningu, réttindi til að aka með tengivagn (CE) og lyftararéttindi (J) eru æskileg.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Rúnar Már Gunnarsson, þjónustustjóri Eimskips á Austurlandi í síma 525 7977, *rmg@eimskip.is.*

Umsjón með ráðningunum hefur Erla María Árnadóttir, sími 525 7131, *era@eimskip.is.*

Tekið er á móti umsóknum í gegnum heimasíðu Eimskips, www.eimskip.is til og með 12. apríl.

JANÚAR

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.
Hreint sakavottorð og 18 ára aldur er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.

www.eimskip.is

EIMSKIP

YFIR HAFIÐ OG HEIM Í 100 ÁR

LAGNATÆKNI
Hönnunar- og ráðgjafarstofa / FRV

# LAGNA- OG LOFTRÆSIHÖNNUÐUR

*Lagnatækni er í hópi leiðandi verkfræðistofa á sviði lagna- og loftræsikerfa. Fyrirtækið byggir á mikilli reynslu og hefur unnið í fjölda ára að mörgum flóknum og krefjandi verkefnum innanlands og utan. Fyrirtækið er staðsett í Hamraborg í Kópavogi en frekari upplýsingar er að finna á www.lagnataekni.is*

Vegna spennandi og krefjandi verkefna höfum við hug á að bæta manni í hópinn. Leitað er eftir öflugum verk- eða tæknifræðingi með mikla reynslu á sviði lagna- og loftræsihönnunar.

Við mat á hæfni verður einnig horft til:
- Frumkvæðis og góðra samskiptahæfileika
- Kunnáttu á íslensku og ensku í ræðu og rituðu máli

Frekari upplýsingar veitir Sæbjörn Kristjánsson í síma 692 5091 eða saebjorn@lagnataekni.is
Farið verður með allar fyrirspurnir og upplýsingar sem trúnaðarmál.

*LAGNATÆKNI ehf, Hamraborg 12, 200 Kópavogur.*

# TALNASNILLINGUR ÓSKAST Í BÓKHALD

**Bílaumboðið Askja** ehf. er framsækið þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á Mercedes-Benz og Kia bifreiðum. Við leitum að framúrskarandi einstaklingi í teymið okkar sem mun leiða Öskju áfram inn í spennandi framtíð.

ASKJA

**Starfið:** Um er að ræða fullt starf í fjármáladeild Bílaumboðsins Öskju ehf.

**Starfið felst í:**
- Færslu og afstemmingu fjárhagsgagna
- Tölulegum greiningum á fjárhag og skilvirkni rekstrar
- Birgða- og sölugreiningum
- Innri skýrslugerð til stjórnenda
- Undirbúningi á gögnum fyrir endurskoðendur félagsins
- Sérstökum verkefnum á fjármálasviði

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði viðskiptafræði
- Þekking og reynsla á sviði bókhalds og fjármála
- Nákvæmni og vandvirkni í vinnubrögðum
- Afbragðsþekking á Excel nauðsynleg
- Gott vald á íslensku og ensku
- Þekking á Axapta / DAX er kostur

Umsóknir sendist á **atvinna@askja.is**

Umsóknarfrestur er til **14. apríl 2014.**

Nánari upplýsingar veitir fjármálastjóri félagsins, Birgir Karl, í síma **590-2100** **(birgir@askja.is)**

Bílaumboðið Askja ehf • Krókhálsi 11 • 110 Reykjavík • Sími 590-2100 • askja@askja.is

# Lektor í ferðamálafræði

**Laust er til umsóknar starf lektors í ferðamálafræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.**

Á **Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands** starfa um 300 manns við rannsóknir á heimsmælikvarða og við fjölbreytta og metnaðarfulla kennslu á sviði verkfræði og náttúruvísinda.

Starfsumhverfið er alþjóðlegt enda eykst sífellt hlutfall erlendra nemenda og starfsmanna við sviðið. Deildir Verkfræði- og náttúruvísindasviðs eru sex og heyrir ferðamálafræðin undir Líf- og umhverfisvísindadeild. Öflugt samstarf er milli deildanna.

Rannsóknaraðstaða lektorsins er við Líf- og umhverfisvísindastofnun en jafnframt býðst áhugavert þverfaglegt samstarf við aðrar rannsóknarstofnanir háskólans sem og við erlenda háskóla og rannsóknarstofnanir.

- Rannsóknarsvið lektorsins skal ná yfir skipulag og stefnumótun ferðamennsku og þróun ferðamannastaða með sjálfbærni að leiðarljósi.
- Lektornum er ætlað að taka þátt í að efla kennslu og rannsóknir í ferðamálafræði við Háskóla Íslands.
- Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi í ferðamálafræði eða skyldum greinum.

Sjá nánar **www.starfatorg.is** og **www.hi.is/laus storf**.

Upplýsingar um starfið veitir **Anna Dóra Sæþórsdóttir**, forseti Líf- og umhverfisvísindadeildar í síma **525 4287** og í netfangi **annadora@hi.is**.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA · SÍA · 140899

LÍFLAND
• FRÁ 1917 •

## Sölumaður á matvælasviði Líflands

**Lífland óskar eftir að ráða sölumann til að þjónusta neytendamarkað.**

**Helstu verkefni:**
- Ráðgjöf og sala til viðskiptavina
- Viðhald og öflun nýrra viðskiptavina
- Miðlun upplýsinga til viðskiptavina
- Móttaka pantana
- Undirbúningur söluferða
- Heimsóknir í verslanir
- Utanumhald skannasölu
- Áætlanagerð
- Eftirfylgni

**Hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölustörfum
- Söluhæfileikar og góð hæfni í mannlegum samskiptum
**Sunnudaginn 6 apríl 15:00-15:30** | **Verð: 57.900.000**

Fallegt og vel staðsett parhús við Heiðarhjalla í suðurhlíðum Kópavogs. Stórar flísalagðar suðursvalir, gott hellulagt bílaplan, hiti í plani. Stór afgirt verönd með heitum potti. Vandaðar innréttingar. Fjögur svefnherbergi. Tvö baðherbergi. Eldhús er með fallegri innréttingu, granít borðplötu og góðu skápaplássi. Rúmgóð stofa með útgengi út á suðursvalir. Gestasnyrting. Fjögur svefnherbergi. Fataherbergi inn af hjónaherbergi. Glæsilegt baðherbergi. Mjög rúmgóð verönd með heitum potti. Bílskúr.

Kristín
Sölufulltrúi
**8244031**
kristin@remax.is

Þórunn Gísladótt
Lögg. fasteignasali
**510 7900**
thorunn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Álfholt 32
220 Hafnarfjörður
Björt og vel nýtt 4.herb á 2.hæð

Stærð: 101,8 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1993
Fasteignamat: 20.950.000

RE/MAX Lind




**OPIÐ HÚS sunnudag 6.apríl kl.14 -14:30** | **Verð: 25.900.000**

Virkilega björt og falleg 4.herb íbúð á 2.hæð í góðu fjölbýli með stórum svölum.
Eignin hefur verið endurnýjuð að hluta til og býður uppá marga möguleika.
Eignin skiptist í: opna forstofu/hol, rúmgott herbergi, opið eldhús með góðum borðkrók, opið og bjart sjónvarpshol/herbergi, baðherbergi með baðkari, glugga og tengi f. þvottavél, rúmgott hjónaherbergi, bjarta og opna stofu með útgengi á 9,7fm suðvestur svalir og 7,2fm geymslu í kjallara.
Nánari uppl. um eignina veitir Anton Máni í s.615-0005

Anton Máni Svans
Sölufulltrúi
**615 0005**
antonmani@remax.is

Þórunn Gísladótt
Lögg. fasteignasali
**510 7900**
thorunn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## LOGAFOLD 30
112 Reykjavík
Glæsieign á sjávarlóð

Stærð: 309,3 fm
Fjöldi herbergja: 8
Byggingarár: 1985
Fasteignamat: 68.650.000

RE/MAX Lind




**Þriðjudaginn 8.apríl kl 17:15-17:45** | **Verð: 69.900.000**

Stórglæsilegt einbýlishús á á tveimur hæðum á útsýnisstað við Grafarvog. Stórar og bjartar samliggjandi stofur og eldhús. Sólstofa, fimm svefnherbergi, fjögur baðherbergi, stórt þvottahús og góðar geymslur. Opið bílskýli sem létt væri að breyta í tvöfaldan skúr. Fallegur garður. Auðvelt að hafa sér íbúð í kjallara. EINSTAKLEGA VEGLEG EIGN. Allar upplýsingar veitir Þórunn Pálsd., sölufulltrúi/byggingarverkfr,MBA s:773-6000 og í thorunnp@remax.is

Þórunn Pálsdóttir
Sölufulltrúi
**773 6000**
thorunnp@remax.is

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
**5107900**
thorunn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Lindargata 37
101 Reykjavík
Tvær íbúðir eftir!!!!

Stærð: 175,5 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2013
Fasteignamat: 0
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter




**Opið hús á sunnudag 6 apríl kl 15.00-15.30** | **Verð: 85.900.000**



Aðeins tvær íbúðir eftir í þessu glæsilegu eign við Lindargötu 37.

Íbúðirnar eru á 7 og 8 hæð (702 kr.85.9m - 802 kr.89.9m)
Nýjar og stórglæsilegar 4ra herbergja 173,9 fm íbúðir á 7-8. hæð. Íbúðinar verður afhentar fullbúnar án gólfefna.
Fullbúin sýningaríbúð á staðnum á 7 hæð.
Íbúðunum fylga sér stæði í bílageymslu.
Húsið er hannað af arkitektastofunum Schmitdt, Hammer og Larssen, og Hornsteinum.
Alla nánar upplýsingar veita Gunnar Sverri í síma 8622001 eða á gunnar@remax.is og Ástþór Reynir í síma 8996753 eða á arg@remax.is

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Brekkubyggð 89
210 Garðabær
Útsýnisíbúð með sérinngangi

Stærð: 67,5 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1983
Fasteignamat: 20.100.000

RE/MAX Alpha




**Sunnudaginn 6. apríl kl 15 - 15:30** | **Verð: 24.900.000**

Falleg 2ja herbergja íbúð með sérinngangi af jarðhæð við Brekkubyggð í Garðabæ. Velumgengin og snyrtileg eign. Fallegt útsýni er frá íbúð. Húsið er staðsett innst í botnlanga við opið og gróið svæði. Hellulagt smekklegt garðými. Sólríkt og kyrrlátt umhverfi. Áhvílandi yfirtakanlegt langtíma lán er 16-17 m.kr.Forstofa með stórum fataskáp, þvotta -og geymsluherbergi, opið eldhús við stofu með góðri innréttingu, stofa með góðu útsýni, rúmgott svefnherbergi Gólefni: Parket og flísar.

Hörður Sverrisson
Lögg. fasteignasali
**8995209**
hordur@remax.is

## Kjarrmóar 31
210 Garðabær
Fallegt sérbýlishús

Stærð: 84,8 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1982
Fasteignamat: 25.000.000

RE/MAX Alpha




**Sunnudaginn 6. apríl kl 14 - 14:30** | **Verð: 32.900.000**

Fallegt raðhús á tveimur hæðum við Kjarrmóa í Garðabæ.
Frábær staðsetning í kyrrlátu og rólegu hverfi. Húsið er skráð 85 fm hjá FMR en gólfflötur er um 123 fm. Hér er um að ræða einstaklega fallegt og velviðhaldið hús sem búið er að endurnýja að innan á afar smekklegan hátt þar sem engu hefur verið til sparað. Að utan er húsið snyrtilegt og nýlega málað. Lóð er hellulögð að framan þar sem mjög rúmt er um allt og að aftan er fallegur garður og sólpallur. Bílskúrsréttur fylgir eigninni.

Hörður Sverrisson
Lögg. fasteignasali
**8995209**
hordur@remax.is

## Aratún 17
210 Garðabær
Fallegt einbýli á einni hæð

Stærð: 192,8 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1966
Fasteignamat: 47.000.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind




**OPIÐ HÚS sunnudag 6.Apríl kl.15 -15:30** | **Verð: 49.900.000**

Fallegt og töluvert endurnýjað einbýlishús á einni hæð á góðum stað í Garðabæ.
Eignin er alls 192,8fm að stærð sem skiptist þannig, húsið er 132.8 fm og bílskúr er skráður 60fm.
Búið er að útbúa ca.35fm aukaíbúð í bílskúr þannig að raunstærð bílskúrs er um 25fm.
Eignin skiptist í: forstofu, fataherbergi/fatahengi, forstofuherbergi, herbergisgang, þrjú herbergi, baðherbergi, stofu, borðstofu, verönd, eldhús, þvottahús og bílskúr sem er að hluta til einstaklingsíbúð.

Hannes
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is

Anton Máni Svans
Sölufulltrúi
**615 0005**
antonmani@remax.is

Þórunn Gísladótt
Lögg. fasteignasali
**510 7900**
thorunn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**







# BB krem frá Garnier

**5 frábærir eiginleikar**

- Jafnar húðlit
- Rakagefandi
- Hylur
- Gefur ljóma
- Sólarvörn SPF 15

**Hvað er BB krem?**
BB krem (Blemish Balm) er fegurðarleyndarmál frá Asíu með byltingarkenndri formúlu sem sameinar í einu skrefi það besta í húðumhirðu og örfínar litaragnir sem láta húðina ljóma.

**Miracle Skin Perfector**
Kraftaverkakremið frá Garnier- 5-í-1 fyrir fullkomna húð á augnabliki.

**Miracle** Skin Perfector
**5-í-1**-KREMIÐ

Take care.
GARNIER

# Á ÞRIÐJA TUG FYRIR-LESTRA UM SAMLÍÐAN

*Ráðstefnan Empathy in language, literature and society eða Samlíðan í máli, bókmenntum og samfélagi hófst í Háskóla Íslands í gær og stendur til morguns. Markmiðið er að beita aðferðum bókmenntafræði, málfræði og sálfræði til að varpa ljósi á ýmsa þætti samlíðanar.*

Hugtakið samlíðan (empathy) hefur verið notað innan sálfræðinnar í um hundrað ár, en heimspekingar og listamenn hafa velt fyrirbærinu fyrir sér um aldir. Umræða um samlíðan í fræðaheiminum og rannsóknir á henni hafa aukist verulega síðustu ár og hugtakið hefur líka fengið meiri athygli í fjölmiðlum og í samfélagslegri umræðu.



**UMRÆÐAN UM SAMLÍÐAN AÐ AUKAST** Fyrirlestrarnir í dag og á morgun verða í Árnagarði.

Skrif taugasérfræðinga, heimspekinga og sálfræðinga um tengsl samlíðunar og taugaboða kalla á nýja nálgun á spurninguna um hvernig bókmenntir og tungumál kalla fram samlíðan. Á ráðstefnunni verður sjónum meðal annars beint að því hvernig samlíðan birtist í eldri textum og menningu svo og í bókmenntum og fræðitextum í samtímanum.

Á þriðja tug fyrirlestra eru á dagskrá. Þeir eru haldnir í samstarfi við Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og eru öllum opnir. Aðalfyrirlesarar eru þau Dirk Geeraerts frá Leuven-háskóla í Belgíu og Suzanne Keen frá Washington og Lee University í Bandaríkjunum. Nánari upplýsingar er að finna á www.hi.is.





**HEILSUMAMMAN** Oddrún Helga Símonardóttir heldur úti síðunni heilsumamman.com og birtir þar uppskriftir að girnilegum mat í hollari kantinum. Hún gefur uppskrift að laugardagsnammi. MYND/VILHELM

# LAUGARDAGSNAMMIÐ

*Þetta er nýjasta æðið á heimilinu, hnetu-hrískex," segir Oddrún Helga Símonardóttir matgæðingur og eldheit áhugamanneskja um hollustu. Við fengum hana til að gefa okkur uppskrift að laugardagsnamminu.*

Þetta er afskaplega fljótlegt þegar sætuþörfin gerir vart við sig og okkur langar í eitthvað gott en um leið erum við að fá góða fitu úr hnetusmjörinu, ásamt andoxunarefnum og vítamínum úr mórberjunum og sólberjunum. Það má að sjálfsögðu setja það sem til er í skápunum og leika sér með uppskriftina."

Oddrún heldur úti blogginu Heilsumamman.com þar sem hún birtir reglulega uppskriftir að alls konar kræsingum, í hollari kantinum.

**HNETU-HRÍSKEX**

6 msk. kókosolía (við stofuhita)
4 msk. kakó
4 msk. hlynsíróp
2,5 msk. hnetusmjör (án sykurs)
3 hrískökur
2 msk. sólblómafræ eða pekanhnetur
2 -3 msk. mórber (má sleppa en hvet ykkur til að prufa)

**AÐFERÐ**

Blandið saman kókosolíu, hlynsírópi, kakói og hnetusmjöri. Myljið hrískökurnar saman við og blandið vel. Bætið sólblómafræjum eða smátt söxuðum pekanhnetum saman við ásamt mórberjunum.

Setjið blönduna í sílíkonmót eða leggið bökunarpappír ofan í mót og setjið blönduna ofan á bökunarpappírinn. Setjið inn í frysti í a.m.k. 30 mínútur.

Best að geyma inni í frysti (ef það verður afgangur).

Það má alveg sleppa hnetusmjörinu og setja þá aðeins minna af hrískökunum.









# OPIÐ HÚS Í DAG

## FRÍTT Í ALLA HÓPATÍMA!

**KL9** **CARDIOFIT** · HAFDÍS

**KL10** **KRAKKAYOGA** · UNNAR
**SPINN THE PUMP** · MAGGA OG PALLI
**HOT BALANCE** · GURRÝ

**KL11** **HOTYOGA** · ELVA
**ZUMBA** · ÞÓRA
**BUTTLIFT** · JENNÝ

**KL13** **SÉRDAGSKRÁ**

KEPPENDUR Í **BIGGEST LOSER,** ÞAU ANNA LÍSA, HRÖNN, JÓNAS OG ÞÓR MÆTA Á SVÆÐIÐ. KEPPENDUR TALA UM REYNSLU SÍNA!

KYNNING Á **NÝTT LÍF +20KG NÁMSKEIÐ** FYRIR FÓLK Í OFÞYNGD MEÐ GURRÝ OG ÖNNU LÍSU.

BESTI DÍLLINN Í BÆNUM
**ENGIN BINDING!**

**NÝTT LÍF +20KG NÁMSKEIÐ**



**Upplýsingar og skráning á reebokfitness.is**
Holtagörðum | 2.hæð | 104 Reykjavík | reebokfitness@reebokfitness.is

Reebok FITNESS

## BÍLAR & FARARTÆKI


bilaborg.is
Sími 517-1111




BÁTUR Valiant 570. Árgerð -1, ekinn -1 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Rnr.133748. Er á staðnum



YAMAHA JET 1800 bátur árgerð 2003, ný uppgerðið báðir mótorar, 310hö, kerra fylgir. Bein sala, skipti ódýrari YAMAHA Jet 1800. Árgerð 2003, ekinn -1 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.133798.

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**


Bílalíf




HONDA Accord sport. Árgerð 2005, ekinn 87 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 1.390.000. Rnr.351421.



**EINSTAKT EINTAK AF**

M.Benz ML 320 cdi Árgerð 2008, ekinn aðeins 58 þkm. Ríkulega útbúinn aukahlutum. Til sýnis og sölu um helgina. Verð 7.490.000. Rnr.390459.

**Bílalíf**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 og lau 12-16**
**www.bilalif.is**


bilfang.is
S.5672000




M.BENZ B 150 150/160 (231) Árgerð 2006. Ekinn 138 Þ.KM Verð kr. 1.480.000.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**


TOYOTA
Toyota Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakletthalsi.is




VOLVO Xc70 v-awd. Árgerð 2006, ekinn 98 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Rnr.203622.

**Toyota Kletthálsi**
**Kléttháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotaklettthalsi.is**


Bílás
Bílasala Akranes




HYUNDAI I30 1,6 wagon comfort. 10/2009, ekinn 54 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. einn eigandi Tilboðsverð 2.090.000. Rnr.123838. Uppl. í síma 4312622/8932621/8632622

**Bílasalan Bílás Akranes**
**Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes**
**Sími: 431 2622**
**www.bilas**


MB bílar




Skoda Octavia Ambiente Combi TDI árgerð 2012Ekinn 45þkm. Dísil sjálfskipturVerð kr. 3.790.000



VW Golf Trendline árgerð 2012 Ekinn 31þkm. Bensín sjálfskiptur Topp bíll. Verð kr. 2.950.000



VW Passat ECHOFUEL árgerð 2012 Ekinn 41þkm. Bensín/METAN sjálfskiptur Verð kr. 3.890.000

**MB Bílar**
**Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið virka daga 10-18, laugard. 12-16**
**http://www.mbbilar.is**


PLANIÐ bílasala 517 0000




SUBARU Impreza wagon gx 4wd. Árgerð 2007, ekinn 130 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.300442. Flott þjónustubók. Á staðnum.



SUZUKI Baleno glx wagon 4x4. Árgerð 2000, ekinn 173 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 390.000. Rnr.105060.



A LINER Chalet arrowhead. Árgerð 2007, sólarsella og nýr rafgeymir. Verð 1.490.000. Rnr.300371. Á staðnum.



FLEETWOOD Colonial. Árgerð 2005, sólarsella. Verð 1.190.000. Rnr.300621.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið virka daga mán - fös 10-18 & lau 12-16**
**www.planid.is**


BVA.is




M.Benz G 270D. Árgerð 2004, ekinn 170.þ km. Dísel, sjálfskiptur. Ótrúlega fallegur og vel með farinn bíll. Ásett verð 5.690.000 kr. Rnr: 211249



Toyota Land Cruiser 120 VX. Árgerð 2006, ekinn 179.þ km. Dísel, sjálfskiptur. Ljóst leður. Skoðar skipti á ódýrari Ásett verð 3790.000 kr. Rnr: 211205



Skoda Octavia Combi 4x4. Árgerð 2008, ekinn 142.þ km. Dísel, beinskiptur. Ný tímareim, topp eintak. Ásett verð 2.550.000 kr. Rnr: 211096

**Bílaverkstæði Austurlands**
**Miðás 2, 700 Egilsstaðir**
**Sími: 4705073**
**Opið virka daga 9-18**
**www.bva.is**


BÍLALIND.is




HONDA CR-V i V-tec. 09/2008, ekinn 113 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Skipti skoðuð á ódýrari

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**www.bilalind.is**


ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR




SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2007, ekinn 108 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.790.000. Rnr.210323.



AUDI Q7 quattro. Árgerð 2006, ekinn 133 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.990627.



KIA Ceed w/g lx 1.6 disel sjálfsk.. Árgerð 2011, ekinn 87 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.190.000. Rnr.990710. 4 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES BENZ E 300 cdi. Árgerð 2010, ekinn 154 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.990562.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**


ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR




**NÝ A-LINER EXPEDITION**

ÚTSALA, A-liner Expedition, Léttur toppur, Ísskápur, Truma, álfelgur ofl, ATH aðeins 4 stk í boði á þessu frábæra verði, Verð aðeins 2.490.000kr, Er í salnum hjá okkur,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15**
**http://www.isband.is**


hjól.is
bestir í hjólum...


**NÚ ER TÍMINN !!**

**Besti sölutíminn framundan, mikil sala, vantar allar gerðir af hjólum á skrá og staðinn !!**



YAMAHA XV19 STRATOLINER árg. 2008 ek. 4 Þkm, Custom breytt, hrikalega flott með fullt af aukahlutum, tilboðsverð 1490 Þús Rnr 135067 gsm 899-8471

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**


BILO.IS
HÖFÐAHÖLLIN




OPEL ASTRA ENJOY TURBO 09/2008, ekinn 82 Þ.km, 6 gíra, ný tímareim. Verð 1.890.000. Raðnr.251732 á www. BILO.is Er í salnum!



NISSAN QASHQAI SE 06/2013, ekinn 22 Þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.190.000. Raðnr.310825 á www.BILO. is - Er á staðnum!



NISSAN QASHQAI SE NÝR BÍLL, dísel, 6 gíra. Verð 4.990.000. Raðnr.251978 á www.BILO.is - Er í salnum!



BMW 645 CI Árgerð 2004, ekinn 89 Þ.km, sjálfskiptur, mattsvartur. Raðnr.284382 á www.BILO.is - Töffarinn er í salnum!

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**


VAKA




Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**


bilauppbod.is


**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**


LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777




LAND ROVER Discovery series ii. Árgerð 2002, ekinn 230 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.700.000. Rnr.132692.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

## Bílar til sölu




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000



**LÍTIÐ EKINN - RENAULT SCENIC**

Renault Megane Scenic árg 2007, beinskiptur 6 gíra, ek. 46 þús. Mjög rúmgóður og snyrtilegur bíll, aðeins 2 eigendur. Áhvílandi 860þús, afborgun ca 26 þús á mán. Verð 1.400.000 Uppl í síma 896-0753



**290.000 KR. !**

Til sölu er: VW Transporter 2,0l. árg'00 ek.137.000km. nýjar bremsur, ný kerti, ný tímareim, cd, auka dekk ofl. Svavar s. 616-6049

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Hljóðfæri



Harmonikur og harmonikkugeisladiskar í úrvali. Tökum harmonikur í umboðssölu. Borsini Super star. www.egtonar.is Sími 824 7610 & 660 1648.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun



**WE-VIBE II, III OG IV**
Unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar o.fl. 50 Shades of Grey vörurnar og allt það vinsælasta í dag. Millifærsla, greiðslukort og netgíró. Sendum um allt land www.hush.is




## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE næðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Námskeið

**SCHOOL OF ICELANDIC**

**NORSKA - ICELANDIC - STUNDASKRÁ:**
NORSKA I & II - NORSKA f. heilbrigðisgeira, ENSKA f. fullorðna. ICELANDIC - ÍSLENSKA f. útlendinga. Byrja/Starting: 7/4, 5/5, 2/6, 30/6: Morgna/Síðdegi /Kvölds. Mornings/Afternoons/Evenings. 4 vikur/5 x í viku- 4 weeks/5 days a week. Aukatímar: STÆ,TÖL, EÐL, EFN. www. iceschool.is. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s.588 1160.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Dýrahald



Shihtzu rakki til sölu. Foreldrar með frábæra dóma á sýningu Hrfí. Frábærir fjölskylduhundar! Uppl. í sima 6910938



Dv.Schnauser hvolpar til sölu vanir börnum, fara lítið úr hárum, geðgóðir, skráðir hjá HRFÍ uppl 8620690



Toy Poodle til sölu. Er með yndislega Toy poodle hvolpa til sölu. 3 Rakkar leita að framtíðar heimili. Með ættbók frá HRFÍ. s. 865-7830.



2 Papillon tíkur skráðar hjá HRFÍ til sölu á hálfum fóðursamning. Uppl. í s. 698 9894

## Fyrir veiðimenn



**LAX-BLEIKJA-GÆS**
Til sölu veiðileyfi í Hjaltadalsá og Kolku í Skagafirði. Veiðileyfi frá 8.700.- stöngin m/húsi. Einnig úvegum við veiðileyfi í kornakur í haust. Uppl. á www.svfr.is og í s. 868 4043.

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.

**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

**ÍBÚÐASKIPTI ÍSLAND-SVISS**
**FRÁ 9.ÁGÚST TIL 26. ÁGÚST**
Íslenskt par í Lausanne, Sviss, óskar eftir að skipta á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu frá 9.ágúst til 26.ágúst.
**Áhugasamir hafi samband við Ólöfu (ole3@hi.is) eða í síma +41 77 505 7863.**

Til leigu berbergi í Vesturbæ Rvk. Kjallari. Uppl. í s. 6991221

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

2.herb. íbúð í 101 til leigu. Uppl. í s. 8600360

Rooms for rent, good for 2 in 101 Reykjavik. Phone: 862 1846 SMS

## Húsnæði óskast

Bílskúr/geymsluhúsnæði óskast. sími 8992760

Óska eftir 2-3 herb íbúð í RVK. Er móðir með 5 ára strák og er traust og reglusöm. Endilega hafið samband í 771-5887

Einstæð tveggja barna móðir leitar eftir íbúð í Seljahverfinu frá 1. maí, í langtíma leigu. Uppl. í s. 8238095

Vantar strax einstaklingsíbúð m. lítilli GEYMSLU eða litla tveggja til þriggja herb. íbúð. 90-115? þús. gr. geta. Uppl. í S: 5514421/6634421

## Húsnæði til sölu



**HÚS TIL FLUTNINGS.**
Til sölu fallegt og vandað 83 fm 5 herb. timburhús fullbúið að innan sem utan. Húsið er í mjög góðu ástandi og er laust nú þegar. V. 17,5 milj fyrir utan flutning. Uppl. S:8997262

## Sumarbústaðir





Til sölu 35m2 sumarhús. Verð 6.9m Einnig 25m2 geymsla. Fullbúið. Verð 3.9m. Undirstöður fylgja. Skipti ath á hjólhýsi/bíl sem hluta af verði. Uppl. í s. 898-1598.



**STÓRT SUMARHÚS TIL LEIGU Í GRÍMSNESI!**
12 manns. Verð 39þús kr nóttin lágmark 2 nætur. Laust um páskana. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 sjá heimasíðu og myndir á. www. summer-house.weebly.com

**SUMARBÚSTAÐUR TIL SÖLU**
Sumarbústaður til sölu ca. 50 fm. Heitur pottur. Við Meðalfellsvatn í Kjós. Uppl. 8209550

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 130 m2 versl. og skrifs. húsnæði á 1.hæð við umferðargötu Ártúnshöfða. Stórir gluggar, mikil lofthæð, flísalagt gólf, góð aðkoma. s 8922030

Til leigu að Melabraut í hf, ca. 90fm salur, ca. 30fm kaffistofa/skrifstofa & wc. Mjög fallegt og hreint. Stór inn.k.hurð og gönguh. 3 fasa raf. Uppls. s. 898-8577.

Til leigu tvö pláss, 170 fm og 315 fm vel staðsett við Lynghåls. Aksturshurðir og útipláss. Laust. Uppl. Í síma 618 2050

Til leigu 150fm Iðnaðarhúsnæði á skemmuvegi í Kóp, Stórar innkeyrsludyr, lofthæð tæpir 4m, uppl. í síma: 699 0778.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

**ÆTLAR ÞÚ TIL DANMERKUR Í SUMAR?**
Nýuppgerður, vel staðsettur bóndabær á Miðsjálandi til leigu viku í senn - Gisting fyrir 8 manns í 4 herbergjum - stutt í allskyns afþreyingu.

www.oevej18.dk

Ásgeir Páll : 004522122252

## Atvinna í boði

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ
BAKARÍ

**KORNIÐ BAKARÍ**
Gott fólk óskast í bakaríin okkar á virkum dögum. Umsóknir sendist á netfangið umsokn@kornid.is eða kornid.is

HUMARHÚSIÐ
RESTAURANT

**HUMARHÚSIÐ**
Óskar eftir starfsfólki í sal, eingöngu vant fólk kemur til greina.
**Umsóknir sendist á humarhusid@humarhusid.is**

The Laundromat Cafe

**THE LAUNDROMAT CAFE**
The Laundromat Cafe leitar að vönum kokkum að aðstoð í eldhúsi. Góð laun í boði fyrir rétta aðila.

The Laundromat Cafe is looking for experienced chefs and kitchen help, Competitive salary
**Ferilskrár sendist á laundromatjob@gmail.com**




**STARFSKRAFTUR ÓSKAST**
Í rótgróna veiðibúð í Rvk. Um sumarstarf er að ræða. Þekking á veiðiskap stundvísi og góð framkoma skilyrði
**Ferilskrá sendist á zircon@simnet.is**

Olíudreifing

**MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI**
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða vana bílstjóra með CE meirapróf í sumarstarf með aðsetur í Reykjavík eða á Snæfellsnesi. Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða.
**Nánari upplýsingar veitir Helgi M. Egonsson í síma 550-9937. Umsóknir berist til odr@odr.is**

Óskum eftir að ráða þjónustufólk í sal, unnið á kokkavöktum hádegi og kvöld. Ísl. kunnátta skilyrði. Aðeins 20 ára og eldri. Umsóknir sendist á frakkar@islandia.is

Óskum eftir að ráða til okkar vanan mann í trjáklippingar í fulla stöðu, einnig erum við að leita eftir vönum manni í hellulagningar. Áhugasamir sæki um á www.gardlist.is

**VÉLSTJÓRI**
Vélstjóri td. á eftirlaunum, óskast í létt vélaviðhald og viðg. Hlutastarf í RVK. Uppl. á: vel@simnet.is

**HJÓLBARÐAVERKSTÆÐIÐ NÝBARÐI**
Okkur vantar starfsfólk m. reynslu á hjólbarðaverkstæðið Nýbarða í Garðabæ. Uppl. í s. 565 8600 & 692 6669.

Vélstjóra vantar á 200 tonna rækjubát. Uppl. í s. 845 3480

Heildsala miðsv.í Reykjavík óskar eftir starfsfólki til frambúðar. Umsóknir sendist til thjonusta@365.is merkt „skólafólk"

**ÓE- DRIVER-GUIDE**
Fyrir dagsferðir á ensku úr Rvk. Stór rútu próf er nauðsynlegt. Jarðfræði þekking væri æskileg. C.V. til geoiceland.hr@gmail.com

## Atvinna óskast

65 ára mann vantar vinnu. Margt kemur til greina. Húsasmiður að mennt. S. 844 7901.

Smiður óskar eftir vinnu, vanur byggingavinnu, flísalögn, málun & gipsvinnu. S. 846 3632.

## Tilkynningar



Fyrir 20 árum síðan áttu sér stað hörmuleg þjóðarmorð í Rúanda í Afríku. Lýst hefur verið yfir þjóðarsorg í Rúanda mánudaginn 7. apríl til að minnast þessa. Kaffi Kigali (á Ingólfsstræti 8) hefur ákveðið að bjóða gestum og gangandi frítt kaffi af þessu tilefni frá mánudaginn 7. apríl til miðvikudaginn 9. apríl.

## Einkamál




## til sölu

**Til sölu vélar og verkfæri til plastglugga og hurðaframleiðslu.**

**Upplýsingar í síma 893 6859**

## skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI

**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**LEIKIR HELGARINNAR:**

**LAUGARDAGURINN 5. APRÍL**
11:35 MAN. CITY - SOUTHAMPTON
13:50 NEWCASTLE - MAN.UNITED
13:50 ASTON VILLA - FULHAM
16:20 CHELSEA - STOKE CITY

**SUNNUDAGURINN 6. APRÍL**
12:20 EVERTON - ARSENAL
14:50 WESTH.UNITED - LIVERPOOL




**HLJÓMSVEITIN KLETTAR RÚNAR ÞÓR, RÚNAR VILLA VALLA, SIGGI ÁRNA OG BJÖRGVIN GÍSLA.**

*Allir velkomnir*

http://www.facebook.com/cafecatalina

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu

# HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Erluás 84. - Einbýli/glæsilegt útsýni.



stærra þar sem óuppfyllt rými á neðri hæðinni er ekki skráð inni í fermetratölu, fjögur svefnherb. Björt stofa og borðstofa og fl. Glæsilegt óskert útsýni, seljendur skoða skipti á minni eign í Rvk á sv. 101,105 og 107. **V. 74,9 millj.**

## Drekavellir 38 - Efrihæð með bílskúr.

Opið hús á morgun sunnudag milli 13:00 til 13:30




Falleg efri hæð í fjórbýlishúsi á fínum stað í Vallarhverfinu í Hafnarfirði, Íbúðin er íbúðin er 116,2 fm auk bílskúrs sem er 24,4 fm. 3 svefnherberg. Björt stofa og borðstofa. Rúmgott baðherb. Fallegar innréttingar og tæki. Gott skipulag, Finn bílskúr. Stutt í skóla og leikskóla. Nánari uppl. Veitir Hlynur Halldórsson sölumaður s.698-2603 **V. 35,9 millj.**

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

---

105 Reykjavík

# Víðihlíð 8



**OPIÐ HÚS**

Þriðjudag 8. apríl 17:00 - 17:30

Fallegt 236,4 fm parhús með bílskúr
Glæsilegur garður með heitum potti
Fjögur svefnherbergi
Sérsmíðaðar innréttingar

Nánari upplýsingar veita
**Davíð Jónsson,** sölufulltrúi
david@miklaborg.is **sími:** 697 3080

**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **67,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

---

# 101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Daði Leifur

Tjarnargata 4 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

## Lindarvað 17 - 110 Reykjavík

OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 6. APRÍL KL 15:00-15.30




Glæsileg efri sérhæð með bílskúr í tengihúsi við Lindarvað 17 í Norðlingaholti. Íbúðin er með fjórum svefnherbergjum og glæsileg í alla staði. **V-45,9 millj.**

---

# Stakfell

:: 535_1000

Fasteignasala . Íbúðarhúsnæði . Skúlatún 2 . 105 Rvk

**Grétar Haraldsson**
Hrl. Lögg.fast.fyrirt.og skipasali
**Aðalheiður Karlsdóttir**
Lögg.fast.fyrirt.og skipasali
**Berta Bernburg**
Lögg. fasteignasali og leigumiðlari

Dreymir þig um Spán?
- Þar sem sólin skín

# La Zenia Beach



Glæsilegar nýjar íbúðir, raðhús og einbýlishús í lokuðum sundlaugagarði á frábærum stað. Hannað og byggt af EUROMARINA, viðurkenndum byggingaraðila á Spáni, með yfir 40 ára reynslu Um 50 mín. akstur í suður frá Alicante flugvelli. Örstutt göngufæri á ströndina, La Zenia Boulevard, nýju verslanamiðstöðina, ótal veitingastaði, verslanir og útimarkað. Fjölmargir góðir golfvellir á svæðinu.

**Íslenskur sölumaður á staðnum frá 16. – 28. apríl.**
**Upplýsingar í síma 893 2495 eða á www.eignir.is**

**Hafið samband og bókið tíma á skoðun.**

**Aðalheiður Karlsdóttir Löggiltur fasteignasali adalheidur@stakfell.is**

---

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

---




# STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 12.000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Fasteignir.is fylgir Fréttablaðinu á mánudögum.

Félag Fasteignasala

vísir

RE/MAX Lind
Sími 699 5008



LANDMARK
FASTEIGNASALA
Sími 512 4900
landmark.is

**Landmark leiðir þig heim!**





# Ástún 6, 200 Kópavogur.

**14 íbúða hús - Lúxus 3ja herbergja íbúðir stærðir frá 79,8 fm. - 97,8 fm. Allar íbúðir með stæði í bílageymslu. Afar vandaðar innréttingar, granít í borðplötum í eldhúsi og sólbekkjum. Dyrasími með myndavél. Verð frá 29,9 millj. - 37,9 millj. Afhending sumar 2014**






**Hannes Steindórsson**
Sölustjóri
Sími 699 5008



**Þórunn Gísladóttir**
Löggiltur fasteignasali
Sími 699 5008

**Þórarinn Thorarensen**
Sölustjóri
Sími 770 0309



**Íris Hall**
Löggiltur fasteignasali
Sími 770 0309



Markhönnun ehf

# netto Danskir dagar!



-30%

GRÍSASKANKAR
KÍLÓVERÐ
ÁÐUR 698
**489,-**



ÚRBEINUÐ PURUSTEIK Á FRÁBÆRU VERÐI!

-40%

GRÍSAHRYGGUR
PURUSTEIK-ÚRBEINUÐ
KÍLÓVERÐ
ÁÐUR 2.298
**1.379,-**



-42%

SVÍNASÍÐA MEÐ PURU
KÍLÓVERÐ
ÁÐUR 1.698
**985,-**




KJÚKLINGAPOPP
DANPO-240 G/PK
FROSIÐ
VERÐ PER PK
**498,-**




KJÚKLINGABORGARAR
DANPO-240 G/PK
FROSIÐ
VERÐ PER PK
**498,-**



-40%

BAYONNESKINKA
KÍLÓVERÐ
ÁÐUR 1.992
**1.195,-**

KJÖTSEL




CORDON BLEU
DANPO-240 G/PK
FROSIÐ
VERÐ PER PK
**598,-**




KJÚKLINGANAGGAR
DANPO-320 G/PK
FROSIÐ
VERÐ PER PK
**598,-**

Danpo

Danskir dagar!




ARLA BUKO
3 TEGUNDIR
VERÐ PER PK
VERÐ FRÁ
**382,-**




SNOFRISK
125 G
VERÐ PER PK
ÁÐUR 498
**423,-**




COCIO
SÚKKULAÐIMJÓLK 250 ML
VERÐ PER STK
**199,-**

**Tilboðin gilda 3 – 6. apríl 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



















FINTHAKKET SKINKESALAT
175 G
389 KR STK



ÆGGESALAT
175 G
298 KR STK



KYLLING&BACON SALAT
175 G
398 KR STK



REJE SALAT
175 G
389 KR STK






MIKIÐ ÚRVAL AF HÁGÆÐA DÖNSKUM KJÖTVÖRUM FRÁ TULIP

# METSÖLUHÖFUNDURINN SEM RÉÐST Á ORRUSTUSKIPIÐ

FLÆKJUSAGA



**Illugi Jökulsson** uppgötvaði að rétt 70 ár eru liðin frá afdrifaríkri loftárás á þýska orrustuskipið Tirpitz sem metsöluhöfundurinn Alistair MacLean tók þátt í.

Þegar ég var á aldrinum 11-14 ára og hættur að lesa Íslendingasögurnar, þá fór ég að lesa Alistair MacLean. Þá voru komnar út á íslensku eitthvað um tíu tólf bækur eftir þennan skoska höfund sem var þá áreiðanlega meðal vinsælustu spennubókahöfunda heimsins, og naut alveg sérstakra vinsælda á Íslandi. Í tíu eða fimmtán ár voru bækurnar hans undantekningarlaust meðal þeirra allra söluhæstu í hverju jólabókaflóði, þær vinsælustu fóru í tíu þúsund eintökum og voru svo endurprentaðar margoft, sumum fannst það hálfgerð niðurlæging fyrir „bókaþjóðina“ hvað hann seldist ótrúlega vel, en fyrir aðdáendur Skotans var alltaf tilhlökkunarefni að fá nýja bók eftir hann í hendurnar, og titlar þeirra flestra gleymast ekki: Byssurnar í Navarone, Nóttin langa, Til móts við gullskipið, Arnarborgin, Spyrjum að leikslokum, Síðasta skip frá Singapore…

Ég hef ekki þorað að líta í bækur MacLeans síðan ég hætti að lesa þær á unglingsaldri, það væri náttúrlega frekar vandræðalegt ef ég kæmist að því að hafa eytt tíma mínum og smekk í eitthvert algjört rusl, jafnvel þó svo ég hafi verið ungur að árum, en í rauninni held ég að bækurnar hans hafi verið afskaplega heiðarlegir karlareyfarar eins og þá tíðkuðust: drifnar áfram af hröðum söguþræði, óvæntum atburðum, engum málalengingum, hnefahöggin glumdu og mikið bitið á jaxlinn og karlmennskan löðrandi upp um alla veggi. Sumar gerðust í seinni heimsstyrjöldinni og maður kynntist Schmeisser-handvélbyssum náið, en aðrar í kalda stríðinu og illskeyttir sovéskir útsendarar gátu leynst hvarvetna.

## Djúpir og magnaðir karakterar

En hvort sem bækur MacLeans myndu teljast læsilegar nútildags eða ekki, þá fannst mér þá að ein þeirra skæri sig nokkuð frá hinum. Hún var ekki drifin áfram af forvitni lesanda um hvað myndi gerast næst, því frá því var greint strax á fyrstu blaðsíðunum hvernig hún myndi enda. Og persónusköpunin var alls ekki eins einföld í sniðum og í öðrum bókum MacLeans, þarna voru ekki á ferð einfaldar hetjur og enn einfaldari skúrkar, heldur manneskjur sem reyndu af vanmætti að takast á við hinar ferlegustu aðstæður. Ég veit svo sem ekki hvort sú persónusköpun myndi hafa dugað mér á seinni árum, eftir að hafa kynnst meiri ritsnillingum, en í þá daga, beint í kjölfarið á Íslendingasögunum, þá fannst mér persónur eins og kapteinn Vallery og Starr flotaforingi bæði djúpir og magnaðir karakterar.



HMS ROYALIST ÖÐRU NAFNI ÓDYSSEIFUR.

Vallery, Starr, hver er þá bókin? Jú, kannski rumska þessi nöfn í minni fleiri gamalla lesenda: hér er auðvitað um að ræða Skip hans hátignar Ódysseif. Bók sem fjallar um áhöfnina á bresku beitiskipi sem fer í sína hinstu för á stríðsárunum seinni, Ódysseifur á að fylgja stórri skipalest um Norðuríshafið frá Íslandi til Múrmansk á Kólaskaga, framhjá Noregi sem þá er undir stjórn Þjóðverja – og í norsku fjörðunum bíða þýskir kafbátar, þýskar sprengjuflugvélar og síðast en ekki síst hið tröllaukna orrustuskip Tirpitz. Skipin í lestinni flytja skriðdreka, flugvélar og önnur bráðnauðsynleg hergögn handa Sovétmönnum í baráttu þeirra gegn þýskum nasistum Hitlers. Ef kafbátarnir, flugvélarnar og þó einkum Tirpitz komast í færi við skipalestina verður tjónið ægilegt fyrir stríðsreksturinn gegn Þjóðverjum.



ARTHUR LA TOUCHE BISSET



ALISTAIR MACLEAN

En áhöfninni á HMS Ódysseifi er ætlað að verjast Tirpitz og öðrum tólum Hitlers fram í rauðan dauðann. Sem hún og gerir.

Ég komst að því löngu eftir að ég var hættur að lesa Alistair MacLean að bókin hans um beitiskipið Ódysseif var fyrsta skáldsaga hans, hún var því væntanlega skrifuð af svolítið öðrum hvötum en hinar seinni bækur sem hann framleiddi eins og af færibandi til að eiga fyrir salti í grautinn og líka öllu því viskíi sem hann mun hafa drukkið ótæpilega fram á grafarbakkann. Ætli láti ekki nærri að bókina um Vallery, Starr og þá félaga hafi MacLean skrifað af einhvers konar innri þörf, það held ég sé augljóst, enda kom líka á daginn að þarna var hann reyndar að lýsa sínu eigin lífi á stríðsárunum, bókin er sannsöguleg.

Beitiskipið HMS Ódysseifur er sagt í hinni samnefndu bók MacLeans vera af Dido-gerð en það voru um 7.000 tonna skip, 156 metrar að lengd (tveir Hallgrímskirkjuturnar!) og vopnuð ýmist átta eða tíu fallbyssum með hlaupvídd 133 millimetrar. Bretar brúkuðu sextán svona skip í seinni heimsstyrjöldinni og fimm þeirra var sökkt. Ekkert þeirra hét HMS Ódysseifur, en eitt þeirra hét hins vegar HMS Royalist og á því sigldi ungur sjóliði að nafni Alistair MacLean. Og hann var meðal annars um borð veturinn 1943-44 þegar Royalist var í hópi herskipa sem fylgdu nokkrum skipalestum frá Íslandi til Múrmansk. Hann kynntist því sjálfur þeim aðstæðum sem sjómennirnir í þessum íshafssiglingum máttu búa við, hinum hrikalegu veðrum yfir vetrartímann, kuldanum, ísingunni, loftárásum sprengjuflugvéla og tundurskeytaárásum kafbáta, og síðast en ekki síst: óttanum við Tirpitz.

Tirpitz var 45.000 tonna orrustuskip, systurskip Bismarcks sem sökkti HMS Hood, stolti breska flotans, í fimm mínútna orrustu djúpt út af Reykjanesi í maí 1941. Þjóðverjar höfðu komið Tirpitz fyrir í Noregi til að freista þess að stöðva skipalestirnar til Múrmansk og í byrjun júlí 1942 bárust fregnir um að Tirpitz hefði lagt úr höfn í Altafirði nyrst í Noregi og ætlaði að ráðast á skipalestina PQ-17 sem þá var komin langleiðina frá Íslandi til Múrmansk. Svo mikill ótti greip um sig meðal Breta við þessar fréttir að skipalestin var leyst upp með hraði og urðu kaupskipin síðan auðveld bráð fyrir kafbáta og flugvélar Þjóðverja, en Tirpitz gat snúið aftur til hafnar án þess að þurfa að beita byssum sínum.

Hin skelfilega reynsla af PQ-17 varð til þess að Bretar lögðu næstu misserin allt kapp á að gera Tirpitz skaðlausan og voru gerðar stöðugar loftrásir á stöðvar hans í Noregi og í eitt skiptið meira að segja beitt dvergkafbátum. En þessar árásir tókust þó ekki sem skyldi og veturinn sem Alistair MacLean sigldi þessar slóðir með HMS Royalist, þá var Tirpitz ennþá stöðug ógn fyrir skipalestirnar og fylgdarskip þeirra.

Og nú fer ég að komast að kjarna málsins. Í fyrradag voru nefnilega liðin rétt 70 ár frá afdrifaríkri árás sem breski flotinn gerði á Tirpitz í Altafirði. Öflug bresk flotadeild sigldi langt norður í íshaf, sex flugvélamóðurskip studd rúmlega 20 öðrum herskipum, og síðan voru í morgunsárið 3. apríl 1944 gerðar loftárásir á þýska orrustuskipið sem leyndist í þröngum Kåfirðinum út af Altafirði.

## Vel heppnaðar árásir

Þessi mikla og djarfa aðgerð kallast Operation Tungsten í munni Breta og bresku skipunum var skipt í tvo flokka. Í öðrum flokknum voru fimm flugvélamóðurskip og þrjú beitiskip, og síðan tíu tundurspillar – þar á meðal einn pólskur, Piorun, sem hafði tekið þátt í árásum Breta á Bismarck tæpum þrem árum fyrr. Þessum flokki herskipa var stýrt af flotaforingjanum Arthur La Touche Bisset og lýsti hann því síðar að það hefði verið fögur sjón að sjá flugvélar af flugvélamóðurskipum hans hefja sig á loft og stefna svo til árásar gegn rísandi sólu.

> **Árásirnar tókust mjög vel. 120 flugvélar réðust að Tirpitz og margar sprengjur hittu mark sitt. 123 þýskir sjóliðar létu lífið, 329 særðust og skemmdir á Tirpitz voru svo miklar að það tók hálft ár að gera við þær.**

Árásirnar tókust mjög vel. 120 flugvélar réðust að Tirpitz og margar sprengjur hittu mark sitt. 123 þýskir sjóliðar létu lífið, 329 særðust og skemmdir á Tirpitz voru svo miklar að það tók hálft ár að gera við þær. Og þá tóku við nýjar loftárásir og að lokum var Tirpitz endanlega sökkt síðar á árinu, 12. nóvember 1944.

En það sem ég vildi sagt hafa: Meðan Arthur La Touche Bisset stóð og horfði í aðdáun af beitiskipinu, þar sem hann hafði aðsetur, á eftir flugvélunum stefna til árása á Tirpitz fyrir réttum 70 árum, þá var líka niðrá dekki að fylgjast með vélunum fara rétt rúmlega tvítugur sjóliði sem átti að annast um tundurskeytin og hafði því litlu að sinna akkúrat þessa stund – þar var Alistair MacLean kominn, því flaggskip La Touche Bisset í óperasjón Tungsten var einmitt HMS Royalist, og rúmum áratug seinna reisti sjóliðinn ungi íshafssiglingunum og áhöfn bresku fylgdarskipanna þann bautastein sem bókin um Skip hans hátignar Ódysseif óneitanlega er.






ix35

# Vandaður – fjórhjóladrifinn

Hyundai ix35, dísil, beinskiptur - Verð: 5.790.000 kr.
Hyundai ix35, dísil, sjálfskiptur - Verð: 6.390.000 kr.

Fjórhjóladrifinn / hiti í stýri / hiti í fram- og aftursætum / HAC brekkubremsa / bakkmyndavél / fjarlægðarskynjarar að aftan og framan / eldsneytisnotkun 5,5 l/ 100 km*

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun beinskipts ix35 í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM61162

5 ÁRA Ábyrgð Ótakmarkaður Akstur

OPIÐ Í DAG, LAUGARDAG FRÁ 12–16

HYUNDAI NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

BL Hyundai / BL ehf.

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

# Vill lækka skatta á borgarbúa og halda gjöldum í lágmarki

**Halldór Halldórsson**, oddviti sjálfstæðismanna í Reykjavík, segir að bjóða þurfi borgarbúum upp á raunverulega valkosti þegar kemur að íbúalýðræði. Hann telur raunhæft að lækka skatta og gjöld án þess að grípa til blóðugs niðurskurðar.

## SAMEINING SKÓLA

**„Við finnum fyrir sárindum hjá íbúum þar sem þetta hefur verið gert. Fólk er ennþá að tala um þetta og þetta situr í fólki. Þarna var íbúasamráðið ekki nægilegt. Þar var bara eitthvert sýndarsamráð í gangi.“**

## REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR

**„Ég hef lagt áherslu á að höfuðborgin hafi innanlandsflugvöll. Borgin verður að vera með tengingu við landsbyggðina og 72 prósent Reykvíkinga taka undir það og sögðu líka að völlurinn ætti að vera í Vatnsmýrinni.“**

## FYRSTA VERK SEM BORGARSTJÓRI

**„Það væri að fara ítarlega yfir allan rekstur borgarinnar og byrja strax á þeirri vinnu að leita leiða til að hagræða í rekstri og finna leiðir til að lækka álögur á borgarbúa. Svo myndi ég vilja taka upp aðalskipulagið vegna þess að það eru ákveðnir þættir í því sem við viljum endurskoða.“**



„Stóru málin hjá okkur eru skólamál, húsnæðismál og velferðarmál í víðum skilningi þessa orðs. Við leggjum einnig alltaf mikla áherslu á rekstrarmál. Borgarbúar reikna með því að reksturinn sé í lagi og vilja kannski ekki hafa hann sem kosningamál. En auðvitað er markmiðið að halda gjöldum í lágmarki og lækka skatta. Sé það möguleiki þá eigum við alltaf að stefna að því. Það á að vera stefna Sjálfstæðisflokksins að lækka skatta. Það eru 18 sveitarfélög á Íslandi sem ekki eru að nýta hámarksútsvarið og af hverju ætti þá langstærsta sveitarfélagið, þar sem hægt er ná mikilli rekstrarhagkvæmni, ekki að geta lækkað útsvarið? Ég sé ekki annað en að það eigi að vera hægt og það þarf engan blóðugan niðurskurð í rekstri til að gera það. Tækifærin í því liggja mjög víða að mínu mati,“ segir Halldór.

### Auka lóðaframboð

Halldór vill bregðast við húsnæðisvandanum með því að auka lóðaframboð. „Vinstri menn bjuggu til lóðaskort. Þeir hafa verið með skortstefnu í lóðamálum sem hefur haft þær afleðingar í för með sér að lóðakostnaður sem hlutfall af verði íbúðar í fjölbýli hefur farið úr 4 prósentum í 17 prósent. Það hækkar auðvitað kaupverð og leiguverð. Við viljum auka lóðaframboð allverulega og setja meira í hendur einkaðila bæði hvað varðar leigu og íbúðaframkvæmdir,“ segir Halldór. Hann segir að borgin eigi ekki að sjá um þessa hluti. „Það er ekki til verri leigusali og rekstraraðili heldur en sveitarfélag. Ég hef séð það í gegnum tíðina. Auðvitað verður borgin að sinna sínum félagslegu skyldum í gegnum félagsbústaði en það hefur hún reyndar ekki gert á þessu kjörtíambili. Við sjáum þarna mikil tækifæri til að virkja einkamarkaðinn og auka lóðaframboð til að lækka verð.“

### Betri valkosti fyrir borgarbúa

Sjálfstæðismenn vilja beita sér fyrir auknu íbúalýðræði. „Grunnurinn að Betri Reykjavík þar sem fólk er að kjósa kemur frá tíð sjálfstæðismanna og við erum auðvitað áhugasöm um aukið íbúalýðræði. En mér sýnist margt af því sem borgarbúar eru að kjósa um í hverfum sé eitthvað sem ætti að vera sjálfsögð og eðlileg mál. Eitthvað sem borgin ætti bara að sinna og íbúar þyrftu ekki að kjósa um. Af hverju þarf fólk að kjósa um að fjarlægja ónýta girðingu á Geldinganesi ef það býr í Grafarvoginum? Ég myndi vilja sjá betri valkosti fyrir borgarbúa og mér finnst áhugavert að setja meira fjármagn í þetta þar sem íbúar geta forgangsraðað,“ segir Halldór.

### Bæta umhirðu

Halldór vill bæta hreinsun og umhirðu í borginni. „Borgin er skítug. Það er ekki brugðist við nógu snemma, t.d. að sópa götur. Það var hér einn dagur um daginn þar sem mengunin var fjórum sinnum meiri en í Peking. Það mætti gera betur í grasslætti og svona almennri umhirðu. Stundum eru þetta kölluð smáu málin en eru auðvitað í augum borgarbúa risastór mál. Við ætlum að gera miklu betur í þessum málum.“ Halldór segir að hægt sé að virkja þá sem nú þiggja fjárhagsaðstoð og bjóða þeim vinnu við hreinsunarstörf. „Við erum með þá stefnu í velferðarmálum að við viljum hjálpa fólki til sjálfshjálpar. Við sjáum fyrir okkur að geta boðið vinnufæru fólki sem þiggur fjárhagsaðstoð einhvers konar vinnu í staðinn fyrir að vera á fjárhagsaðstoð. Það er mjög mikilvægt. Reisn einstaklingsins verður meiri og fólki líður betur. Kostnaðurinn við að halda borginni hreinni mun þá aukast en það kemur út í minni kostnaði annars staðar,“ segir Halldór.

## FYRRI STÖRF OG MENNTUN

**1980-1996**
- Verkstjóri í fiskvinnslu
- Verkamaður í vegagerð og fiskvinnslu
- Sjómaður
- Sjúkraflutningamaður
- Lögreglumaður
- Rekstur eigin fyrirtækja

**1991** Stúdent frá Verzlunarskóla Íslands

**2012** Viðskiptafræðingur MBA frá HÍ

**2013** MS í mannauðsstjórnun frá HÍ

1980-1996 | 1991 | 1994-1996 | 2006 | 1998-2010 | 2012 | 2013

## STJÓRNMÁLAÞÁTTTAKA

**1994-1996** Bæjarstjórn Grindavíkur

**2006** Formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

**1998-2010** Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

**Höskuldur Kári Schram**
hoskuldur.schram@frettabladid.is



**visir.is**
Viðtalið við Þorleif er hægt að sjá í þættinum **Pólitíkin á visir.is**


Ný & stærri verslun
á Glerártorgi Akureyri
Opnum laugardag kl 10
40% afsláttur af öllum vörum
Opnunartilboð gildir aðeins á Akureyri
Opnunartími
Glerártorgi
Laugardag 10-17
Sunnudag 13-17
FERMINGARTILBOÐ
3 verð á rúmfötum
7.990 kr | 8.990 kr | 9.990 kr
Öllum þykir vænt um náttúruna
Í samstarfi við Rauða krossinn tökum við á móti notuðum rúmfötum frá Lín Design. Við bjóðum þér 15% afslátt af nýrri vöru. Rauði krossinn kemur notaðri vöru áfram til þeirra sem þarfnast hennar.
RAUÐI KROSSINN ÍSLANDI
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri Sími 533 2220 www.lindesign.is

## Konráð og félagar á ferð og flugi 90

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

Róbert var farið að leiðast að vera einn uppi á fjöllum og saknaði vina sinna. Svo var farið að hlýna og komið smá vor í loftið. „Nú held ég að það sé kominn tími til að halda til byggða," sagði hann við sjálfan sig. En það var ekki svo auðvelt. Núna þegar farið var að hlýna var leiðin niður úr fjöllunum orðin öll eitt forarsvað og því ekki auðvelt að rata í gegnum alla þessa drullu.

Getur þú hjálpað Róbert að rata niður úr fjöllunum í gegnum þetta moldardrullu völundarhús og aftur til vina sinna?



## Brandarar

Þrír menn voru úti á báti. Það gerði mikinn storm og báturinn strandaði. Þegar lægði skolaði þeim upp á ströndina. Þeir gengu um fjöruna og fundu þar flösku. Þeir tóku hana upp, drógu úr henni tappann og samstundis skaust andi upp úr henni. Andinn sagði: „Þar sem þið hafið frelsað mig úr flöskunni gef ég hverjum ykkar eina ósk."

Fyrsti maðurinn sagði:
„Ég sakna konunnar minnar og barnabarnanna. Ég vildi að ég væri kominn heim." Púff! Hann hvarf!

Næsti maður sagði:
„Þetta er æðislegt! Ég vildi að ég væri kominn til Havaí og lægi í sólbaði á ströndinni með gómsæta máltíð til að gæða mér á."
Púff. Hann var líka horfinn!

Sá þriðji leit í kringum sig og sagði:
„Veistu, mér finnst svo einmanalegt hérna, ég sakna félaga minna óskaplega. Ég vildi að þeir væru komnir aftur!"








**SAGA MARGRÉT OG REBEKKA HVÖNN** Þær syngja og leika á sviðinu í Hofi milli þess sem þær eru í skólanum.

# Alltaf langað að leika

Saga Margrét Sigurðardóttir Blöndal og Rebekka Hvönn Valsdóttir skiptast á að leika smalann Tuma sem fer á fætur við fyrsta hanagal, í leikritinu Tumi tímalausi sem sýnt er í Hofi á Akureyri. Sýningin byggir á Vísnaplötum Gunnars Þórðarsonar.

**Hvað eruð þið gamlar og í hvaða skóla/skólum eruð þið?**
**Báðar:** „Við erum 10 ára og erum í Brekkuskóla."

**Þekktust þið áður en þið byrjuðuð að æfa leikritið Tuma tímalausa?** **Saga Margrét:** „Já, við erum bekkjarsystur."
**Rebekka Hvönn:** „Við erum búnar að vera saman í skóla í fimm ár og vorum líka saman í leikskóla."

**Leikið þið Tuma alveg eins?**
**Saga Margrét:** Nei, eiginlega ekki, við segjum auðvitað það sama en við leikum ekki eins."
**Rebekka Hvönn:** „Samt næstum því–veit ekki alveg."

**Hvað kom til að þið tókuð þátt í þessu leikriti?** **Rebekka Hvönn:** „Mig langaði bara að prófa eitthvað nýtt, ég æfi dans og langaði líka að leika."
**Saga Margrét:** „Mig hefur alltaf langað að leika svo ég fór í prufur og fékk hlutverkið."

**Var mikið verk að læra allt sem þið þurfið að segja á sviðinu?**
**Saga Margrét:** „Kannski fyrst, en það lagaðist smátt og smátt."



**Í GERVI TUMA** Þær sitja yfir ánum til skiptis inni í Fagradal og láta hugann líða svo langt um dal og fjöll. MYND/LEIKFÉLAGIÐ GRÍMAN

**Rebekka Hvönn:** „Ég hélt það yrði erfitt en það er ekki það mikið mál."

**Syngið þið í leikritinu?** **Saga Margrét:** „Já, við syngjum þrjú lög."
**Rebekka Hvönn:** „Einsöng, mér finnst það rosalega gaman."

**Er gaman að standa á sviði?**
**Saga Margrét:** „Já það er æðislegt!"

**Hafið þið leikið áður?** **Rebekka Hvönn:** „Já, í skólanum."
**Saga Margrét:** „Bara í skólaleikritum."

**Tefur leikritið fyrir skólalærdómnum?** **Rebekka Hvönn:** „Ekki mikið."
**Saga Margrét:** Nei, eiginlega ekki því það er ekki heimalærdómur í Brekkuskóla, en ég æfi líka dans og íshokkí og hef ekki farið mikið á æfingar.

**Eruð þið farnar að spá í hvað þið ætlið að verða?**
**Rebekka Hvönn:** „Stærsti draumur minn er að verða fræg söngkona, ég elska að syngja."
**Saga Margrét:** LEIKKONA!

- gun

# SNILLDARVERÐ

*Í Iceland færðu alla þá gómsætu eftirrétti sem hugurinn girnist*





198 Kr. pk.
JARÐARBER 250 G



348 Kr. pk.
HINDBER 125 G



348 Kr. pk.
BRÓMBER 125 G




198 Kr. stk.
WHEYHEY PRÓTÍNÍS, 150 G
SYKUR OG GLÚTENLAUS



348 Kr. pk.
RIFSBER 125 G




348 Kr. pk.
DJÆF MEÐ TOFFÍFYLLINGU
4 Í KASSA




298 Kr. stk.
TILBOÐSÍS
VANILLU/SÚKKULAÐI, 1 L

**OG ALLT HITT SEM GERIR HELGINA EFTIRMINNILEGA**


148
Ora grænar baunir, 420 g


198
Sticky Toffee ostakaka 455 g


218
Ora gular baunir, 430 g


498 kr. stk
Lúxus kaffi Baunir/malað, 400 g


1698 kr. kg.
Lambahryggur frá Fjallalambi


1898
Ævintýraegg frá Freyju Nr. 10, 740 g

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ENGIHJALLA OG VESTURBERGI

Iceland

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

PIPAR\TBWA • SÍA • 141020

# KROSSGÁTA



## LÁRÉTT
1. Fíflum með röftum (6)
9. Fornfrægur fursti kryddar tilveruna (5)
12. Gaurar og ónytjungar, hvílíkt torleiði! (11)
13. Maula eitthvað ólseigt, mætti halda að það væri gömul bikkja (6)
14. Mín er þjáning og þrældómur sár (5)
15. Myrk í máli hefur keyrt heillað (7)
16. Hlýrategund rýður kjamma (10)
17. Tortryggi fláráðan með hálfum huga (11)
18. Hríf hey og magnað strá (9)
20. Skötuhjú setja mesta móð á ís (12)
21. Af menntun fanga í steintaki (9)
23. Ekki ósvipuð dveljum hjá hinum dauðu (7)
27. Er a gengin til agna í þessu rugli? (7)
29. Hafið geislunareininguna í huga, og biturleikann (7)
30. Makkar eins og þorparar (6)
33. Kjaftagleið getur brosað breitt (7)
35. Fæ skel til að styrkja mína kredithlið (10)
36. Jafnvel hundar drekka jarlsins te (4)
37. Í bólinu með hrognunum (6)
38. Lýsi þetta dægur smjörlíkis meðan sólar nýtur (8)
40. Strýkur og klessukeyrir bílinn (8)
42. Suddahundur og rakkarapakk (6)
43. Steik fyrir bjána? (8)
44. Sú sem hefur góða undirstöðuþekkingu stígur ekki feilspor (6)
45. Segi frá því sem ég hef milli handa (8)
46. Kjaftataug liggur frá hjartanu (4)
47. Kjafta frá klúbbum og rafmagnsvörum (9)

## LÓÐRÉTT
2. Pukrast með pólití (13)
3. Nýt skoðunar og fæ hrós fyrir utan sjónarmiðið (13)
4. Horuð, hissa og – já, frekar rýr semsagt (9)
5. Hvenær skyldi skráma gróa? (7)
6. Herra A er frá Simbabve (6)
7. Sletta í mestu skellurnar á skepnu sem er rándýr (11)
8. Þessi dauði hefur eflaust sína skýringu, ég tilgreini slöngu (11)
9. Óttast að sá úr sér gengni spilli veiði (9)
10. Kvikur en klumsa í meira lagi (9)
11. Toll nú tími, hér eru bæði Kerlingarfjall og landámskall (9)
19. Leik og launa byggingu ótraustra draumahúsa (10)
22. Elfa á búsmala (5)
24. Dóp fyrir klíkuna kostar að jafnaði þetta (11)
25. Veik eftir útbreiðslu en fyrir mat – eru þau með einhverja pest? (11)
26. Dúsum með túttum (6)
28. Menntastofnun kennir klofbragð (10)
31. Púa er ég hörfa úr höfuðstað (9)
32. Þessi askur er gysgildra í rangri röð (9)
33. Vargur og nirfill þótt hellingur sé til (8)
34. Naprar gegnum nætur dimmar nýtist svona:/Hlýju vefur höfuðkolla/heljarinnar grímufrolla (8)
39. Mjaka þú þeim skít er ég bar virðingu fyrir (6)
41. Birta kveikjara (4)

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | F | L | I | M | U | N | A | R | | Æ | | U | | Á | Þ | E | K | K | T |
| T | | E | | E | | Ý | | Ú | R | G | A | N | G | U | R | | R | | Í |
| H | E | I | M | S | K | O | R | T | | I | | D | | M | E | T | O | R | Ð |
| U | | Ð | | S | | R | | U | | S | | I | | | K | | S | | A |
| G | | I | | U | | K | Æ | N | U | G | A | R | Ð | U | R | | S | | H |
| A | L | R | Æ | M | D | A | R | A | | Ö | | B | | | A | M | B | U | R |
| | U | | R | | R | | V | | S | T | R | O | K | N | U | | I | | I |
| F | R | Y | S | T | I | K | I | S | T | U | | Ð | | Ó | N | O | T | I | N |
| | K | | L | | T | | R | | R | | H | I | R | T | A | R | | | G |
| S | U | M | A | R | V | E | Ð | R | I | N | U | | | A | | Ð | | | U |
| | M | | N | | Í | | I | | K | | G | E | R | B | O | L | L | U | R |
| Á | | H | N | I | K | A | Ð | R | I | | A | | | A | | A | | M | |
| B | O | L | A | | U | | | Ó | Ð | A | R | A | | S | T | U | B | B | A |
| A | | A | | H | R | A | T | T | | | F | | | S | | S | | E | |
| T | Ú | Ð | U | R | | F | | A | | | A | R | F | A | G | A | R | Ð | A |
| A | | K | | I | | B | A | R | B | A | R | A | | | O | | | I | |
| S | T | O | P | P | A | R | | B | | F | | F | J | A | R | K | I | N | N |
| A | | L | | L | | O | F | J | A | R | L | A | | | M | | L | | Æ |
| M | A | L | T | A | | T | | Ó | | Á | | L | I | T | A | F | L | Ú | R |
| T | | A | | K | V | I | Ð | R | I | S | T | A | | | R | | I | | Ð |

Lausnarorð síðustu viku var
**UMHVERFISMÁL**

FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni HHhH eftir Laurent Binet frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Áslaug Faaberg, Garðabæ.**




## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist samgöngumannvirki. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 9. apríl næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „5. apríl“.




ÁLNAVÖRUBÚÐIN
Hveragerði
Þegar þú ert á ferðinni...
Waterman regngalli
St. 80-130 - Verð: 8990 kr
Sullumbull & drullumsull...
Splashman stígvél
St. 21-35 - Verð: 5690 kr
Slaskeman regngalli
St. 80-130 - Verð: 7490 kr
DIDRIKSONS 1913
Puffy jakki
St. 90-130 - Verð: 6490 kr
Cathy- & Creed peysa/jakki
St. 130-170 - Verð: 8490 kr
Campo dömu- og herrajakkar
Verð: 18990 kr
Duffy strigaskór
Verð: 10990 kr & 9990 kr
Viox strigaskór - margar týpur til!
Verð: 5790 kr
Duffy
Verð: 10990 kr
SoftWalk Margir litir! Fisléttir!
Verð: 4790 kr
SIXMIX
Verð: 19490 kr
Þú getur pantað og fengið sent
í gegnum Facebook eða síma 483-4517
facebook.com/alnavorubudin
Við sendum hvert á land sem er FRÍTT
OPNUNARTÍMI
Virkir dagar 10-18
Laugar-dagar 10-18
Sunnu-dagar 12-18

## MERKISATBURÐIR

**1940** Alþingi samþykkir að taka upp hægri umferð á Íslandi þann 1. janúar 1941 en horfið var frá þeim áformum vegna hernáms Breta sem óku vinstra megin og gera enn.

**1948** Lög eru sett um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Á þeim byggðist útfærsla fiskveiðilögsögunnar.

**1955** Sir Winston Churchill segir af sér sem forsætisráðherra Breta og dregur sig í hlé frá stjórnmálum vegna heilsubrests, áttræður að aldri.

**1968** Kosningaréttur er lækkaður úr 21 ári í 20 ár.

**1971** Söngleikurinn Hárið er frumsýndur í Glaumbæ.

**1986** Flugvél á leið frá Ísafirði til Reykjavíkur ferst í Ljósufjöllum á Snæfellsnesi og með henni fimm manns, en tveir lifa af.

**1992** Bosnía og Hersegóvína lýsa yfir sjálfstæði frá Júgóslavíu.

**ÞETTA GERÐIST:** 5. APRÍL 1933

## Dönum dæmd yfirráð yfir öllu Grænlandi

**Alþjóðadómstóllinn** í Haag dæmdi Dönum yfirráð yfir öllu Grænlandi þennan dag árið 1933 en Norðmenn höfðu reynt að helga sér hluta þess undir heitinu Land Eiríks rauða.

Land Eiríks rauða var landsvæði á austurströnd Grænlands sem Norðmenn gerðu tilkall til og hernámu 27. júní 1931 í kjölfar deilunnar milli Danmerkur og Noregs um yfirráð Dana yfir Grænlandi.

Norðmenn vildu meina að þeir gætu gert tilkall til strandlengju Austur-Grænlands þar sem landið hefði verið einskismannsland þegar þeir hófu landkönnun og byggingu veiðistöðva þar undir lok 19. aldar.

Noregur sætti sig við dóm Alþjóðadómstólsins og lét landsvæðið eftir. Eftir það nefndu Danir svæðið Land Kristjáns 10. Það er nú hluti af þjóðgarði Grænlands.




✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför okkar ástkæra

**EIRÍKS YNGVA SIGURGEIRSSONAR**
**Miðteigi 7, Akureyri.**

Sérstakar þakkir til Heimahlynningar á Akureyri og starfsfólks Sjúkrahússins á Akureyri fyrir einstaka umönnun og alúð.

**Lísa Björk Sigurðardóttir**
**Lára Halldóra Eiríksdóttir** **Jón Torfi Halldórsson**
**Margrét Eiríksdóttir**
**Hulda Sif Hermannsdóttir** **Jón Valgeir Halldórsson**
**Berglind Hermannsdóttir** **Rolf Hauritz**
**og barnabörn.**



✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna fráfalls ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**SVÖVU ÞORBJARNARDÓTTUR**
**Öldugötu 33 í Reykjavík.**

Kærar þakkir til Heimahjúkrunar og Félagslegrar heimaþjónustu Reykjavíkur.

**Guðný Bernhard** **Reynir Bjarnason**
**Þorbjörg Bernhard**
**Helga Kristín Bernhard** **Gísli Jón Magnússon**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**





Rúnar Geirmundsson | Sigurður Rúnarsson | Elís Rúnarsson | Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990








**TILBOÐSDAGAR**

**legsteinar og fylgihlutir**
**10-50% afsláttur**

**Mikið úrval - Vönduð vinna**

Marmari
Granít
Blágrýti
Gabbró
Líparít

**Steinsmiðjan Mosaik**
**Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is**





Davíð útfararstjóri | Óli Pétur útfararstjóri | Jóhanna Erla guðfræðingur útfararþjónusta

ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Ósvaldssonar ehf

**551 3485 • udo.is**




**ORGANISTINN** „Ég hef alltaf haft gaman af því að umgangast fólk og meðan ég er svo heppinn að hafa orku og ánægju af starfinu þá held ég áfram," segir Jón Stefánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Við orgelið í hálfa öld

**Jón Stefánsson organisti hefur verið stórt númer í starfsemi Langholtskirkju í Reykjavík í hálfa öld. Þar hefur hann óþreytandi leikið við athafnir, stofnað kóra og stjórnað þeim.**

„Það er víst komið að þessu þótt ótrúlegt sé. Svona líður tíminn ef maður lifir af," segir Jón Stefánsson um 50 ára starfsafmæli sitt við Langholtskirkju. Hann tekur vel beiðni um símaviðtal og segir best að hespa því af. Vitnar í gamla sögu. „Það var karl í Mývatnssveitinni að leggja af stað í göngur og sagði: „Það er best að byrja á því að éta nestið, það er þá eitthvað frá."

„Já, það eru fimmtíu ár frá því ég settist fyrst á orgelbekk hér. Það var 4. apríl 1964. Hann fékk hjartaáfall hann Helgi Þorláksson skólastjóri sem var hér organisti á þeim tíma. Þá var hringt í doktor Róbert Abraham Ottósson, söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, og hann beðinn að bjarga málum. Það voru tvær fermingarmessur daginn eftir. Ég var á fyrsta ári í Tónskóla þjóðkirkjunnar og Tónlistarskólanum en var reyndar orðinn nokkuð vanur orgelleik því þegar ég var í fornámi spilaði ég hálfsmánaðarlega í messum hjá Óháða söfnuðinum um eins og hálfs árs skeið. Var líka alinn upp við orgelleik norður í Mývatnssveit, afi var þar organisti. Svo ég sló til þegar til mín var leitað."

Jón kveðst hafa leyst af í Langholtskirkju þar til hann fór norður í Mývatnssveit í sína sumarvinnu. „Ég var oft að vinna í kaupfélaginu en eitt besta sumarið mitt var ég að sjá um netaveiðina fyrir búið í Vogum – meðan veiðiskapur í Mývatni var hlunnindi. Þá var ég oft sex til átta klukkutíma á dag úti á vatni og kom með um 200 bleikjur að landi," rifjar hann upp.

Í ágúst 1964 fékk Jón upphringingu af sóknarnefndarfundi í Langholtssókn, honum var boðin organistastaðan og þáði hana með þökkum. „Hér hef ég svo verið síðan nema tvívegis farið í framhaldsnám, fyrst til München og svo til Vínarborgar."

Skyldi Jón ætla að halda veglega upp á þessi tímamót? „Já, við ætlum að vera með tilstand í messunni á morgun af þessu tilefni. Kórarnir þrír sem ég stjórna fá allir hlutverk í messunni, Gradualekór Langholtskirkju, Graduale Nobili með stóru stelpunum og Kór Langholtskirkju. Aðalhátíðin verður samt í maí þegar tveir síðarnefndu kórarnir flytja Mattheusarpassíuna ásamt tveimur hljómsveitum. Passían er með stærri bitum."

*Það er sem sagt ekkert slegið af.*

„Ekki í bili. Ég hef alltaf haft gaman af því að umgangast fólk og meðan ég er svo heppinn að hafa orku og ánægju af starfinu þá held ég áfram."


gun@frettabladid.is



✝



Elskuleg eiginkona mín og systir okkar,

**ÁSA TULINIUS**
**til heimilis í Álftamýri 40**

verður jarðsungin í Dómkirkjunni þann 9. apríl kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jón Elís Björnsson**
**Magnús J. Tulinius**
**Agla Tulinius**
**og aðrir aðstandendur.**



✝



Elskulegur bróðir okkar og mágur,

**BJARNI HINRIK JÓNASSON**
**áður til heimilis í Hátúni 10a,**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði föstudaginn 21. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til starfsfólks í Hátúni og á Hrafnistu fyrir góða umönnun og hlýhug.

**Sigríður Inga Jónasdóttir**
**Erla Jónasdóttir** **Þórarinn Guðjónsson**
**Helga Jónasdóttir** **Emil Wilhelmsson**
**Ragnar Þór Jónasson** **Sigríður Sigurgeirsdóttir**

# Þiggja skóna þína

Rauði krossinn er með skósöfnunarátak fyrir páska. Hann er með gáma í Sorpu og grenndarstöðvum.

Fólk er hvatt til að taka til í hirslum og geymslum og koma gömlum skófatnaði til Rauða krossins nú fyrir páskana. Ekki þarf að gera sér sérstaka ferð því tekið er á móti skónum í öllum fatagámum félagsins um allt land, á endurvinnslustöðvum Sorpu og grenndarstöðvum á höfuðborgarsvæðinu.



**GÁMAR** Auðvelt er að losa sig við gömlu skóna. MYND/RAUÐI KROSSINN

Hægt er að gefa fatnað og skó og vefnaðarvöru allan ársins hring í söfnunargáma Rauða krossins. Fatnaði er úthlutað til berskjaldaðra um allt land og til aðila erlendis.

- gun

---




†

Ástkærir foreldrar okkar, tengdaforeldar, amma og afi, langamma og langafi eru látin. Jarðarför

**MARGRÉTAR MAGNÚSDÓTTUR**

sem lést 30. mars, er frestað vegna andláts eiginmanns hennar,

**GUÐMUNDAR SIGURÞÓRSSONAR,**

þann 2. apríl. Sameiginleg útför þeirra hjóna verður frá Grafarvogskirkju föstudaginn 11. apríl kl. 11:00. Þeim sem vilja minnast þeirra er bent á Landspítalann.

**Erna Bjargey Guðmundsdóttir** **Rúnar Vernharðsson**
**Sigurþór Guðmundsson** **Ólöf Ásta Þorsteinsdóttir**
**Margrét Rúnarsdóttir**
**Berglind Rúnarsdóttir** **Þráinn Árni Baldvinsson**
**Nanna Björk Rúnarsdóttir** **Björn Unnar Valsson**
**Auður Ýr Sigurþórsdóttir** **Veigar Pálsson**
**Guðmundur Sigurþórsson**
**Bryndís Ýr Sigurþórsdóttir**
**og barnabarnabörn**

---



†

Við þökkum af hjartans einlægni fjölskyldu okkar og vinum sem sýndu okkur einstakan hlýhug, samúð og hjálpsemi við andlát elsku eiginmanns míns og föður okkar,

**EINARS ÞÓRS EINARSSONAR**
**Melgerði 19,**
**Kársnesi, Kópavogi.**

**Steinunn Þórhallsdóttir**
**Fannar Þór, Steinar Þór og Ágústa Ósk.**

---



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GÚSTAF ÞÓR EINARSSON**
**húsasmíðameistari,**
**Tjarnarstíg 1, Seltjarnarnesi,**
**fæddur 12. ágúst 1936,**

lést 5. apríl 2013. Innilegar þakkir færum við öllum sem sýndu okkur hlýhug og samúð á liðnu ári. Útför hans fór fram í kyrrþey að hans ósk 12. apríl 2013.

**Axel Gústafsson** **Kristín Halldórsdóttir**
**Iris Gústafsdóttir**
**Jón E. Gústafsson** **Karolina Lewicka**
**Einar Þór Gústafsson** **Unnur Mjöll S. Leifsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**FRIÐRIK HARALDSSON**
**bakarameistari,**

sem lést 21. mars. sl., verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 9. apríl nk. kl. 13.00. Blóm eru vinsamlega afþökkuð, en þeir sem vilja minnast Friðriks eru beðnir um að láta Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð í Kópavogi njóta þess. Friðrik naut þar einstakrar umhyggju og alúðar starfsfólks, allt fram í andlátið, og fyrir það erum við afar þakklát

**Steina Margrét Finnsdóttir**
**Haraldur Friðriksson** **Ásrún Davíðsdóttir**
**Finnur Þór Friðriksson** **Jóhanna Björnsdóttir**
**Dröfn Friðriksdóttir** **Arnþór Þórðarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**GUNNLAUGS G. EINARSSONAR**
**bifreiðasmiðs,**
**Bjarkarási 21, Garðabæ.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Ljóssins, læknum og hjúkrunarfólki á 11G á Landspítalanum, gjörgæsludeild Borgarspítalans, líknardeild Landspítalans í Kópavogi og heimahjúkrun Karítas fyrir ómetanlegan kærleik og stuðning í veikindum Gunnlaugs.

**Jóna Haraldsdóttir**
**Margrét Gunnlaugsdóttir** **Sigurhans Vignir**
**Halldór Gunnlaugsson** **Hildur Sveinsdóttir**
**Jóna Rut, Tómas, María, Óttar og Rúrik.**

---



†

Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

**HÖSKULDAR SKARPHÉÐINSSONAR**
**skipherra.**

**Magndís Ólafsdóttir**
**Rán Höskuldsdóttir**
**Kolbrá Höskuldsdóttir** **Ólafur Jóhannesson**
**Ingimundur Magnússon** **Ingibjörg Þorsteinsdóttir**
**Magnús Magnússon** **Jóhanna Hafsteinsdóttir**
**Svanbjörg K. Magnúsdóttir** **Sigurður J. Guðmundsson**
**Arnar Magnússon** **Kristbjörg Eyjólfsdóttir**
**Dagrún Njóla Magnúsdóttir** **Einar S. Sigurðsson**
**Brynja Bjarnfjörð Magnúsdóttir** **Ólafur Magni Sverrisson**
**Björk Magnúsdóttir** **Tómas Tómasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN EINARSDÓTTIR**
**Aflagranda 40, Reykjavík**
**(áður Skipholti 32),**

sem lést á Landspítala að morgni 30. mars, verður jarðsungin frá Háteigskirkju fimmtudaginn 10. apríl kl. 13.

**Guðmundur Jón Elíasson** **Sigríður Valsdóttir**
**Elías Freyr Guðmundsson** **Kristbjörg Magdal Kristinsdóttir**
**Valur Árni Guðmundsson** **Lára Hrönn Hlynsdóttir**
**Eva María Guðmundsdóttir**
**Elvar Jón Guðmundsson**
**og langömmubörnin.**

---



†

Okkar elskulega systir, móðir, tengdamóðir, amma og langamma er látin,

**MARÍA SIGRÍÐUR JÚLÍUSDÓTTIR**
**Sóltúni 2,**

áður til heimilis í Sigtúni 35. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Sóltúns, sem annaðist hana af alúð og virðingu.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Okkar ástkæra

**MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR**
**frá Saurstöðum**

andaðist á dvalarheimilinu Grund 25. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ERLA HULDA ÁRNADÓTTIR**
**Pósthússtræti 3 í Keflavík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 26. mars. Útför hennar fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 8. apríl kl. 13.00.

**Valgerður Sigfúsdóttir** **Guðmundur Karlsson**
**Sigurbjörg Ingunn Sigfúsdóttir** **Birgir Pálmason**
**Björg Elsa Sigfúsdóttir**
**Jóhannes Sigfússon** **Lára Ágústa Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elskuleg móðir okkar,

**SIGRÍÐUR SVAVA RUNÓLFSDÓTTIR**
**frá Keflavík,**
**síðast Hörgshlíð 4, Reykjavík,**

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 8. apríl kl. 13.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Runólfur Skaftason**
**Þórunn Skaftadóttir**
**Inga Skaftadóttir** **Birgir V. Sigurðsson**
**Gunnhildur Skaftadóttir** **Guðmundur Magnússon**
**Friðfinnur Skaftason** **Sigríður H. Ingibjörnsdóttir**
**Einar Skaftason** **Lydía Jónsdóttir**
**Páll Skaftason** **Hrund Þórarinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elskulegur eiginmaður, faðir, sonur, tengdasonur, bróðir og mágur,

**SVAVAR GUÐNI GUÐNASON**
**Veghúsum 17,**

sem lést sunnudaginn 30. mars verður jarðsunginn frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 7. apríl klukkan 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning barna hans, 0528-14-403003, kt. 040805-2490.

**Brynhildur Dögg Guðmundsdóttir**
**Karen Dögg, Alexander Guðni og Elvar Breki**
**Guðni B. Svavarsson** **Kristín G. Ólafsdóttir**
**Guðmundur St. Sigmundsson** **Elvira Viktorsdóttir**
**Elín H. Guðnadóttir** **Stefán Einarsson**
**María B. Guðnadóttir**
**Elín Ósk Guðmundsdóttir** **Kristján Karl Kolbeinsson**

---



†

Elskulegur maðurinn minn,

**GARÐAR BORG FRIÐFINNSSON**
**Efstasundi 26,**

er látinn. Jarðarförin hefur farið fram.

**Hulda Sigurðardóttir**
**og aðstandendur.**

---



†

Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**GUÐRÚNAR ÞÓRHALLSDÓTTUR**
**Skúlagötu 44.**

Sérstakar þakkir til Karítas fyrir góða umönnun og hlýju.

**Sigurður Árni Sigurðsson**
**Helga Guðbjörg Sigurðardóttir** **Þórður Ingason**
**Sigríður Lovísa Sigurðardóttir** **Pétur Pétursson**
**Hallveig Sigurðardóttir** **Sig. Oddgeir Sigurðsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



†

Okkar ástkæra

**ÁRILÍA JÓHANNESDÓTTIR**
**frá Brekku, Ingjaldssandi,**

sem lést mánudaginn 31. mars á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju miðvikudaginn 9. apríl kl. 11.00. Jarðsett verður á Ingjaldssandi.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.**

---



†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**EYJÓLFS ÁRNA KRISTINSSONAR**
**skipstjóra,**
**áður Kirkjuvegi 19, Keflavík.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun og umhyggju.

**Kristinn Eyjólfsson** **Karítas Bergmann**
**Stefanía Eyjólfsdóttir** **Guðmundur Karl Ólafsson**
**Þóra Eyjólfsdóttir**
**Ólafur Eyjólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍSLANDSLAMB
1398
krónur kg
Íslandslamb
Grill-lamba sirloinsneiðar
2013
SLÁTRAÐ
1498
krónur kg.
Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum FROSIÐ
2013
SLÁTRAÐ
1259
krónur kg.
Kaupfél. Skagf. Heilt lambalæri FROSIÐ
Eingöngu sneiðar úr miðlæri
1998
krónur kg
Kjarnafæði
Grill lambalærissneiðar
1. flokkur
Cocoa Puffs
498
krónur 465g
Ali
BAYONNE skinka
1259
krónur kg.
Ali Bayonne-skinka 1.flokkur
HAMBORGAR HRYGGUR
BÓNUS
1259
krónur kg.
Bónus Hamborgarhryggur
1398
krónur kg.
Kjarnafæði Brasilískar
Grill-grísakótilettur
úrbeinaðar
Honey Cheerios
598
krónur565g
300 KR. VERÐLÆKKUN
26%
TILBOÐ
SVEITA
1098
kr. kg
Skagfirskur Mjúkur sveitabiti
VERÐ ÁÐUR 1398 KR.KG
MERRILD
Specialristet kaffe
398
kr. 400g
MERRILD Specialristed kaffe
HOMEBLEST
198
krónur 300g
Homeblest kex 300g
Doritos
198
kr. 170g
Smiths
BUGLES
198
kr. 125g
6 FYRIR 4
792
kr kippan
25 ára
BÓNUS
ÞÚ KAUPIR
FJÓRAR
2L PEPSI
& FÆRÐ
TVÆR 2L
FRÍTT MEÐ
Coca-Cola
198
kr. 1.5 ltr.
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
25 ára
BÓNUS
1989 - 2014
Við eigum afmæli í apríl
BÓNUS 25 ára
Til hamingju!
Þú hefur unnið
10.000 kr.
GJAFAKORT
Upplýsingar á skrifstofu Bónus í síma 527 9000.
Gleðilega páska
1kg
1998
kr. 1 kg.
Leynist glaðningur?
Leynist glaðningur í Bónus 1 kg. egginu þínu ?
100 stk. af 10.000 kr. úttektarkorti í Bónus
eða 25 stk. Dolse Gusto kaffivélar
Vanillu ís 2
Súkkulaði ís 2
Jarðarberja ís 2
359
kr. 2 ltr.
Bónus ís 3 teg. 2 ltr.
459
kr. 170g.
Bónus Hangiálegg
198
kr. 1 kg.
Bónus kornbrauð 1 kg.
TILBÚNIR BÓNUSRÉTTIR SEM AÐEINS ÞARF AÐ HITA UPP HEIMA: FYRIR 3-4
998
kr. bakkinn
1. KJÚKLINGA HEILSURÉTTUR
2. KJÚKLINGUR OG NÚÐLUR
3. MEXÍKÓSKT BURRITOS
4. ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
5. PASTA CARBONARA
6. ÍTALSKT LASAGNE
159
kr 4 stk.
X-Large
159
kr 5 stk.
120 gramma hamborgari í brauði aðeins 200 KR
359
kr 10 stk.
1598
kr 10 stk. 120g
Bónus Pylsubrauð 5 stk
Bónus Pylsur 10 stk 485g
Kjarnafæði Frosnir nautgripaborgarar 120g
Bónus XL hamborgarabrauð
Ferskt íslenskt salat
398
kr. 125g
BÓNUS FERSKT LAMBHAGASALAT 125g
Íslensk vistvæn ræktun - Betra bragð
BÓNUS GRÍSAKÓTILETTUR & GRÍSAHNAKKI
BÓNUS
15 stykki
359
kr 15 stk.
Bónus Kleinur 15 stk.
BÓNUS KAFFI
359
kr 500g.
SALERNISPAPPÍR
9 rúllur
MJÚKUR
698
kr. 9 stk.
1259
krónur kg.
BÓNUS Kryddaðar grísakótilettur
1259
krónur kg.
BÓNUS Kryddaðar úrb. grísahnakkasneiðar
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00




KL. 19:45
**Ísland Got Talent**
Undanúrslitin halda áfram á sunnudagskvöld og verða í beinni útsendingu.

# Meiriháttar sunnudagur

KL. 13:00
**Mín skoðun Mikael Torfason**
Sanngjarn og heiðarlegur umræðuþáttur um þjóðmál og fréttir líðandi stundar í umsjá Mikaels Torfasonar.




KL. 21:15
**Mr. Selfridge**
Dramaþættir um auðmanninn Harry Selfridge leikinn af Jeremy Piven.



KL. 22:00
**The Following**
Önnur þáttaröðin af þessum magnaða spennutrylli með Kevin Bacon í aðalhlutverki.



KL. 22:50
**Shameless**
Þriðja þáttaröðin af þessum bráðskemmtilegu gamanþáttum með William H. Macy í aðalhlutverki.



BÍÓ | KL. 22:00
**Source Code**
Spennumynd með Jake Gyllenhaal og Michelle Monaghan í aðalhlutverkum.



KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | 9 | 7 | | 6 | |
| 2 | | | 6 | 5 | | | 1 | |
| 9 | | 4 | | 3 | | | | |
| | | 8 | | 2 | | | 5 | 7 |
| 1 | | 2 | | | | | | |
| | 3 | 6 | | | 9 | 2 | | |
| 8 | | 3 | | | 1 | 7 | | |
| | | | 5 | | | | 4 | |
| | | | 8 | | | 9 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | 1 | | 6 | | 3 |
| | | | | | | | 9 | |
| | 5 | 6 | 4 | | 9 | | 2 | 7 |
| | | | 2 | 4 | | | | |
| | 2 | 4 | | | | | 3 | 6 |
| | 6 | 7 | 9 | | 8 | | | 1 |
| 6 | 8 | 3 | | | 5 | | 7 | |
| | 9 | | | | | | 6 | |
| 2 | | 5 | | | 7 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | | | 3 | | | 7 |
| 3 | 5 | | 7 | 9 | | | 6 | |
| 6 | | 8 | | | 5 | | | 3 |
| | | 9 | | | 8 | | 4 | |
| | | | 4 | | | | 7 | |
| 2 | | | | | | | | 8 |
| | 4 | | | | | | 8 | 1 |
| | | | | 1 | 7 | | | |
| 9 | | | 2 | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 4 | 8 | 2 | 5 | 6 | 3 | 7 |
| 7 | 5 | 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 1 |
| 8 | 6 | 3 | 7 | 9 | 1 | 5 | 2 | 4 |
| 9 | 7 | 6 | 1 | 5 | 8 | 2 | 4 | 3 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 3 | 4 | 9 | 7 | 5 |
| 3 | 4 | 5 | 9 | 7 | 2 | 1 | 6 | 8 |
| 5 | 1 | 7 | 2 | 6 | 3 | 4 | 8 | 9 |
| 4 | 2 | 9 | 5 | 8 | 7 | 3 | 1 | 6 |
| 6 | 3 | 8 | 4 | 1 | 9 | 7 | 5 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 1 | 7 | 8 | 3 | 6 | 9 | 4 |
| 8 | 6 | 3 | 9 | 2 | 4 | 7 | 1 | 5 |
| 4 | 7 | 9 | 5 | 6 | 1 | 2 | 3 | 8 |
| 3 | 9 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 5 | 1 |
| 1 | 2 | 7 | 8 | 4 | 5 | 3 | 6 | 9 |
| 5 | 8 | 6 | 3 | 1 | 9 | 4 | 7 | 2 |
| 6 | 3 | 2 | 1 | 9 | 8 | 5 | 4 | 7 |
| 7 | 1 | 8 | 4 | 5 | 6 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 4 | 5 | 2 | 3 | 7 | 1 | 8 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 | 5 | 1 | 9 |
| 5 | 6 | 4 | 8 | 9 | 1 | 3 | 7 | 2 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 3 | 5 | 8 | 6 | 4 |
| 6 | 2 | 7 | 9 | 5 | 4 | 1 | 8 | 3 |
| 8 | 4 | 3 | 1 | 2 | 7 | 9 | 5 | 6 |
| 9 | 1 | 5 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 7 |
| 1 | 5 | 2 | 4 | 7 | 3 | 6 | 9 | 8 |
| 3 | 7 | 6 | 5 | 8 | 9 | 4 | 2 | 1 |
| 4 | 8 | 9 | 6 | 1 | 2 | 7 | 3 | 5 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Yfirburðir eru ekki hæfileiki. Þeir eru viðhorf.“

*Ralph Marston*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** hæfileiki, **6.** mannþyrping, **8.** meðal, **9.** blaður, **11.** tveir eins, **12.** orðrómur, **14.** gistihús, **16.** í röð, **17.** viður, **18.** hætta, **20.** klaki, **21.** land í asíu.

**LÓÐRÉTT 1.** eins, **3.** fisk, **4.** sumbl, **5.** kraftur, **7.** sammála, **10.** arinn, **13.** sigað, **15.** dó, **16.** tæki, **19.** nafnorð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gáfa, **6.** ös, **8.** lyf, **9.** mas, **11.** ll, **12.** umtal, **14.** hótel, **16.** tu, **17.** tré, **18.** ógn, **20.** ís, **21.** laos.

**LÓÐRÉTT: 1.** sömu, **3.** ál, **4.** fylleri, **5.** afl, **7.** samhuga, **10.** stó, **13.** att, **15.** lést, **16.** tól, **19.** no.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

Pontus Carlsson (2.491), Fjölni, hafði hvítt gegn Guðmundi Kjartanssyni (2.441), TR, á Íslandsmóti skákfélaga fyrir skemmstu.

**Hvítur á leik:**



**28. Rf6! Df8** (28.…exf6 29. Dxf6+ Kg8 30. Hxd8) **29. Hd7! Bxd7 30. Hxd7 c5 31. Bxc5 Rc6 32. Bxe7! Rxe7 33. Rd5 He8 34. Df6+ Kg8 35. Rxe7+ Hxe7 36. Hxe7** og svartur gafst upp.

**www.skak.is:** Íslandsmót grunnskólasveita fer fram í dag.

# HLJÓMAHÖLL

# ÞÉR ER BOÐIÐ
## Á OPNUNARHÁTÍÐ
# HLJÓMAHALLAR

**Sunnudaginn 6. apríl** verður **Hljómahöll** í Reykjanesbæ opin frá **kl. 14:00-19:00** og verða fjölmargir tónlistarviðburðir í húsinu.

Hátíðin hefst með því að Forskóli Tónlistarskóla Reykjanesbæjar ásamt Lúðrasveit skólans koma fram kl. 14.

Á meðal þeirra sem koma fram eru hljómsveitin Eldar, Kvennakór Suðurnesja, Karlakór Keflavíkur, Eldey – kór eldri borgara og Harmonikkufélag Suðurnesja. Auk þess verður röð kennaratónleika á vegum Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.

**Verið velkomin!**

**Hljómahöll** er ný tónlistar- og menningarmiðstöð í Reykjanesbæ. Hlutverk hennar er að vera mikilvægur vettvangur fjölskrúðugs mannlífs, ráðstefnuhalds, funda og menningarviðburða í **Reykjanesbæ.** Hið sögufræga félagsheimili **Stapi** er hluti af **Hljómahöll** og þjónar áfram sínu hlutverki eins og áður. Auk þess er nýtt **Rokksafn Íslands** hluti af **Hljómahöll** en því er ætlað að verða aðdráttarafl fyrir innlenda og erlenda ferðamenn sem vilja kynnast og upplifa popp- og rokksögu Íslands. Í húsi **Hljómahallar** hefur **Tónlistarskóli Reykjanesbæjar** einnig fengið nýtt og glæsilegt kennsluhúsnæði. Með tilkomu **Hljómahallar** er lagður grunnur að auknum atvinnutækifærum í skapandi greinum á Reykjanesi.

# Íslenskir karlar voru klæddir eins og Mozart

**Félag um 18. aldar fræði heldur málþing og hóf í Þjóðmenningarhúsinu í dag klukkan 13.30. Tvær konur flytja erindi og Spilmenn Ríkínís sjá um tónlistina.**

„Ég ætla að ræða um samband Íslands og Evrópu á seinni hluta 18. aldar. Hvaða samskipti áttu sér stað og hvaða áhrif bárust frá Evrópu til Íslands,“ segir Anna Agnarsdóttir, prófessor í sagnfræði við HÍ, um erindi sem hún heldur á málþingi Félags um 18. aldar fræði í Þjóðmenningarhúsinu í dag. Tilefnið er að 20 ár eru liðin frá því félagið var stofnað.

„Ísland var vissulega landfræðilega einangrað á 18. öld en evrópsk áhrif bárust þó til Íslands,“ segir Anna og nefnir sem dæmi að Almenna bænaskráin frá 1795 sé greinilega skrifuð undir áhrifum frá orðræðu frönsku byltingarinnar. „Íslendingar sendu Danakonungi þessa bænaskrá, krafan var að fá frjálsa verslun við Evrópu en hann var nú ekki aldeilis á því og húðskammaði helstu embættismenn þjóðarinnar.“

Anna nefnir líka erlenda vísindaleiðangra sem hér voru á ferð, tvo franska og einn breskan. Einnig danska vísindamenn sem ekki létu sér nægja að skoða landið heldur skrifuðu líka um það. „Margar ferðalýsingar á vísindalegum grunni komu út og þær voru þýddar á ensku, frönsku, þýsku og hollensku,“ útskýrir hún.



**PRÓFESSORINN** Ísland var vissulega landfræðilega einangrað á 18. öld en var samt hluti af Evrópu og evrópsk áhrif bárust fljótlega til Íslands,“ segir Anna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Klæðnaður Íslendinga í lok 18. aldar er eitt af því sem Anna minnist á. „Á myndum sjást íslenskir karlar klæddir eins og Mozart enda ferðuðust þeir utan en mér sýnist þeir ekki hafa keypt nýjustu tísku á konurnar sínar!“

Auk Önnu flytur Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri á Árnastofnun, erindi á málþinginu og talar um söngfróð sálmaskáld. Loks munu Spilmenn Ríkínís flytja íslenska tónlist frá 17. og 18. öld og boðið verður upp á léttar veigar og aðrar veitingar. gun@frettabladid.is





Heildarljóðasafn Gerðar Kristnýjar, eins ástsælasta skálds okkar tíma




www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu






Sérstætt verk fyrir fagurkera

Vel til fallið sem gjöf til vina, ættingja eða viðskiptavina...
Mappa með 6 myndum eftir Tryggva Ólafsson, Gallerí Fold gefur út í 50 tölusettum eintökum.

GuðjónÓ VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Tryggvi lætur þrykkja myndir sínar hjá GuðjónÓ.

Gallerí Fold · Rauðarárstígur 12 - 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

LISTMUNASALA fold ART GALLERY

# Asíuveisla í apríl á Café Lingua

Allir viðburðir á Café Lingua í apríl verða helgaðir asískum málum og menningu.

Hægt verður að skyggnast inn í víetnamskan og japanskan tungumála- og menningarheim á þeim samkomum sem fram undan eru í apríl á Café Lingua. Ekki síst má kynnast fjölbreyttum tungumálafjársjóði Filippseyja en þar eru töluð á milli 150 og 175 tungumál. Einnig er indversk bíómynd í Bíói Paradís á dagskrá.

Fyrsta uppákoma mánaðarins verður á mánudaginn, 7. apríl, klukkan 17.30 í aðalsafninu, Tryggvagötu 15. Þá mun Lieu Thúy Thi bera saman íslenska tungumálið og það víetnamska og segja frá hefðum og siðum í Víetnam, en landið á sér langa og ríka sögu. Lieu mun bjóða upp á víetnamskt kaffi og íslenskar kleinur.

Eitt af markmiðum Café Lingua er að skapa forvitni um menningu og tungumál og virkja þau mál sem hafa ratað til Íslands með fólki hvaðanæva að og auðga mannlíf og samfélag. Um leið er hugmyndin að beina sjónum borgarbúa að heiminum í kringum okkur.

Vorið 2014 er Café Lingua unnið í samstarfi Borgarbókasafns Reykjavíkur við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Háskóla Íslands, Bíó Paradís, Menningarmiðstöðina Gerðuberg og aðra.

Það eru allir velkomnir og aðgangur ókeypis. **- gun**



**VÍETNÖMSK STEMNING** Sagt verður frá víetnömskum hefðum og siðum á mánudaginn í Café Lingua. MYND/ÚR EINKASAFNI



**EIN SVIÐSMYNDA SAFNSINS** Þeir eru spekingslegir, Snorri Sturluson og félagar.




# Flytur úr Öskjuhlíð vestur á Grandagarð

Sögusafnið sem hefur verið í einum hitaveitutankanna undir Perlunni frá árinu 2002 er nú flutt á Fiskislóð á Grandagarði 2 í veglegra húsnæði.

Sögusafnið, eða Saga Museum, er meðal vinsælla viðkomustaða erlendra ferðamanna sem heimsækja Reykjavík. Frá opnun þess árið 2002 hefur það verið rekið í einum af hitaveitutönkunum í Öskjuhlíð. Nú er safnið komið í stærra húsnæði á Grandagarði, næst Sjóminjasafninu, bátahöfninni og slippnum, nánar tiltekið í gamla Ellingsenhúsinu.

Safnið rekur sögu íslensku þjóðarinnar frá pöpum, Hrafna-Flóka og Ingólfi Arnarsyni gegnum árhundruð að aftöku Jóns Arasonar. Sýningin er átján sviðsmyndir í samtímahíbýlum atburða og þar í eru eðlilegar myndastyttur fólks í fatnaði hvers tíma í trúverðugri stærð.

Aðalhöfundur sýningarinnar er Ernst Backman sem endurgerði sögupersónur Íslandssögunnar og mótaði þær þannig að þær virðast af holdi og blóði. Sviðsetningin er líka unnin af Ernst, fjölskyldu hans og dætrum. með aðstoð færustu vísindamanna og þjóðfræðinga.

Heimasíða safnsins er http://www.sagamuseum.is/

**- gun**

### ➜ Meðal persóna og atburða á sýningunni

- Papar
- Hrafna-Flóki
- Ingólfur Arnarson
- Skalla-Grímur og Egill
- Melkorka Mýrkjartansdóttir
- Leifur heppni
- Alþingi
- Guðmundur góði
- Örlygsstaðabardagi
- Svarti dauði
- Jón Arason

# John O'Conor við píanóið

„Það er sérstakt fagnaðarefni að fá þennan snilling hingað til lands," segir Jónas Ingimundarson píanóleikari kampakátur um kollega sinn John O'Conor sem verður heiðursgestur Við slaghörpuna í Salnum í dag klukkan 16.

„John O´Conor hefur ferðast um allar álfur og komið fram í öllum þeim konserthúsum sem máli skipta austan hafs og vestan og leikið einleik með öllum stærstu hljómsveitum heims," fræðir Jónas mig um og heldur áfram: „Þrátt fyrir allt sitt spil er John O'Conor starfsamur prófessor í Írlandi, Bandaríkjunum og Japan og heldur meistaranámskeið fyrir framúrskarandi nemendur gjarnan í tengslum við tónleikahald sitt."

Jónas Ingimundarson verður sjötugur á árinu og John O'Conor leikur hér í tilefni þess. **- gun**



**JOHN O'CONOR** Píanósnillingurinn leikur verk eftir Beethoven og Schubert í Salnum. MYND/ÚR EINKASAFNI



# Leggja undir sig Keiluhöllina

## Lebowski-aðdáendur tileinka hátíðina Philip Seymour Hoffman sem lést á árinu.

„Við ætlum að tileinka hátíðina í ár Philip Seymor Hoffman sem lést á árinu og þeir sem mæta fá fallegan bol með mynd af Hoffman,“ segir Svavar Jakobsson, skemmtanastjóri Big Lebowski-hátíðarinnar sem fram fer í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð í kvöld. Þetta er í áttunda skiptið sem hátíðin er haldin.

„Það er alltaf kjarnahópur sem mætir, í fyrra mættu um 85 manns en árið þar á undan mættu um 120 manns, það eru margir Big Lebowski-aðdáendur á Íslandi.“

Uppruna hátíðarinnar má rekja til vinahóps Svavars sem hélt mikið upp á myndina. „Við höfðum gaman af myndinni og héldum sjálfir svona Big Lebowski-kvöld. Vorum í sloppum og horfðum á myndina með Hvítan Rússa í hendinni en svo vatt þetta upp á sig og nú er þessi vinahópshittingur orðinn að árlegum viðburði sem er alltaf að stækka,“ útskýrir Svavar.

Hátíðin hefst klukkan 20.00 en á meðal dagskrárliða á hátíðinni er Lebowski Pub Quiz og Keila. „Við horfum á myndina og fáum okkur Hvítan Rússa.“ - glp



**SKEMMTANASTJÓRARNIR** Ólafur Jakobsson og Svavar Jakobsson stýra skemmtuninni. MYND/EINKASAFN




# LAUGARDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**05. APRÍL 2014**

### Leiklist

**20.00** Leikfélagið Hugleikur frumsýnir nýjan íslenskan söngleik í Tjarnarbíói í kvöld, um er að ræða 30 ára afmælissýningu félagsins. Sýningin hefst klukkan 20.00.

### Dansleikir

**22.00** Hinir einu sönnu Greifar ætla skemmta á skemmtistaðnum Spot í kvöld. Húsið opnar klukkan 22.00.

**23.30** SSSól, hin frábæra tónleika- og ballhljómsveit ætlar að slá upp balli á Græna hattinum í kvöld klukkan 23.30

### Málþing

**13.00** Málþing verður haldið á Landnámssýningunni í Aðalstræti 16 og hefst klukkan 13.00 og stendur til 16.00.

### Tónlist

**16.00** Ragnar Bjarnason, Jón Ólafsson og Valgeir Guðjónsson fletta í söngbók og ferilskrá Ragga, spá í spilin, spila lögin, spjalla og slá á létta strengi ef einhverjir finnast. Tónleikarnir fara fram í Eyrarbakkakirkju.

**16.00** Við slaghörpuna í hálfa öld. Tónleikaröð Jónasar Ingimundarsonar í Salnum. Tónleikaröðin er skipulögð af Jónasi Ingimundarsyni píanóleikara sem minnist þess á árinu að fimmtíu ár eru liðin frá því hann hóf þátttöku í opinberu tónlistarlífi. Tónleikarnir hefjast klukkan 16.00.

**17.00** Úrslitakvöld Músíktilraunanna fer fram í Norðurljósasalnum í Hörpu í kvöld og hefst klukkan 17.00.

**20.00** Reiðmenn Vindanna halda tónleika á Græna Hattinum í kvöld klukkan 20.00.

**21.00** Tónlistarmaðurinn Rúnar Þórisson verður með tónleika á Bar 11 í kvöld. Rúnar gaf nýlega út plötuna Sérhver Vá sem hefur verið að fá frábæra dóma að undanförnu. En hljómsveit Rúnars skipa þau Lára Rúnarsdóttir, Arnar Gíslason, Guðni Finnsson, Birkir Rafn Gíslason og Margrét Rúnarsdóttir. Húsið opnar klukkan 21.00 og aðgangur er ókeypis.

**22.00** KK hóar saman nokkrum vinum og halda þeir tónleika á Café Rosenberg sem hefjast klukkan 22.00. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

**22.00** Audio Nation verður með tónleika á Kaffi Rós í Hveragerði í kvöld og hefjast þeir klukkan 22.00, þar verður nýja platan spiluð og er aðgangur ókeypis. Að loknum tónleikum mun Rokksveit Jonna Ólafs leika fyrir dansi.

### Listamannaspjall

**15.00** Listamannaspjall í tengslum við sýninguna Hljómfall litar og línu fer fram í dag klukkan 15.00 í Hafnarhúsinu. Spjallið hefst klukkan 15.00 og fer fram á íslensku. Aðgangur á sýninguna er 1.300 kr. Frítt er fyrir handhafa Menningarkortsins.

### Fyrirlestrar

**11.00** Einn kunnasti sérfræðingur Evrópu í öryggis- og alþjóðastjórnmálum, François Heisburg, heldur fyrirlestur um evruna og Evrópusambandið á vegum Rannsóknaseturs um nýsköpun og hagvöxt (RNH) og Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í dag klukkan 11 til 12 í Odda, stofu O-202, í Háskóla Íslands. Fundurinn verður fluttur á ensku. Tómas Ingi Olrich, fyrrverandi menntamálaráðherra og sendiherra í París, stjórnar fundinum. Að honum standa auk RNH og Alþjóðamálastofnunar samtökin Þjóðráð og Heimssýn.



### Markaðir

**12.00** Í dag verður Herrafataverzlun Kormáks og Skjaldar með fatamarkað á Kex Hostel. Alls konar föt á grín verði. Einnig munu starfsmenn búðarinnar selja föt úr sínum einkaskápum á kostakjörum. Buxur, jakkar, skyrtur, skór. Vesti, hattar, sixpensarar og fleira gómsætt. Opið frá 12 til 17.

### Samkoma

**13.30** U3A Reykjavík stendur fyrir gönguferð um slóðir Bríetar Bjarnhéðinsdóttur ritstjóra í Þingholtunum. Kaffi og skemmtan í Hannesarholti að lokinni göngu. Nauðsynlegt að skrá sig fyrirfram í gönguna í síma 666-7810 eða 551-6603. Allir velkomnir. Mæting er klukkan 13.30.

# SUNNUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**06. APRÍL 2014**

### Listasmiðja

**15.00** Í dag klukkan 15.00 mun Marteinn Sigurgeirsson vera með ljósmyndasmiðju í Borgarbókasafni, Tryggvagötu 15.



### Félagsvist

**14.00** Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð í dag klukkan 14.00. Allir velkomnir.

### Kvikmyndir

**15.00** Klukkan 15.00 verður rússneska kvikmyndin Jelena sýnd í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105. Mynd þessi var gerð á árinu 2011 og hlaut margvíslega alþjóðlega viðurkenningu á sínum tíma. Leikstjóri er Andrej Zvjagintsév. Rússneska. Enskur texti. Aðgangur ókeypis.

### Kynningar

**13.00** Í dag efna Listasafn Árnesinga og Bókasafnið í Hveragerði í þriðja sinn til sameiginlegs viðburðar þar sem uppspretta hugmynda er skoðuð. Í þetta sinn hefst dagskráin í Bókasafninu við Sunnumörk, klukkan 13.00. Þar mun Hlíf Arndal, forstöðumaður bókasafnsins, kynna sýningu á málverkum Grétu Berg og steinum sem voru uppspretta þeirra verka. Hlíf mun einnig ræða ýmsar kveikjur að bókaskrifum og segja frá bókum þar sem Hveragerði kemur við sögu.

### Dansleikir

**20.00** Dansað verður i félagsheimili eldri borgara i Stangarhyl 4 í Reykjavík í kvöld klukkan 20.00 til 23.00. Danshljómsveitin Klassík leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er 1.500 krónur fyrir félagsmenn en 1.800 fyrir gesti. Allir velkomnir.

### Tónlist

**16.00** Ragnar Bjarnason, Jón Ólafsson og Valgeir Guðjónsson fletta í söngbók og ferilskrá Ragga, spá í spilin, spila lögin, spjalla og slá á létta strengi ef einhverjir finnast. Tónleikarnir fara fram í Eyrarbakkakirkju.

**16.00** Í dag klukkan 16.00 mun hin hæfileikaríka Ástríður Alda Sigurðardóttir halda einleikstónleika á píanó í Salnum. Eru tónleikarnir liður í tónleikaröðinni Klassík í Salnum sem hóf göngu sína í fyrrahaust.

**16.00** Lúðrasveitin Svanur og Diddú munu sameina krafta sína og spila saman nokkur óperuverk í Norðurljósasal Hörpu þann í dag kl 16.00.

**20.00** Lára Bryndís Eggertsdóttir þenur Noack-orgel Langholtskirkju til hins ítrasta á tónleikum sínum í dag kl. 20.00. Efnisskrá tónleikanna spannar allt frá barokktónlist 18. aldar til kraftmikillar franskrar nútímatónlistar.

**20.00** Karlakór Hreppamanna heldur tónleika í Gamlabíói í kvöld klukkan 20.00 undir heitinu Nú sigla svörtu skipinn, í Gamlabíói.



### Leiðsögn

**14.00** Í dag klukkan 14.00 verður boðin ókeypis barnaleiðsögn í Þjóðminjasafni Íslands. Safnkennari mun ganga með börnunum gegnum grunnsýningu Þjóðminjasafnsins, Þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár. Leiðsögnin er um 45 mínútur að lengd.

**14.30** Birgitta Spur, stofnandi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, verður með leiðsögn ætlaða börnum um sýninguna Börn að Leik, í dag klukkan 14.30 í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnestanga.

### Listamannaspjall

**15.00** Í dag klukkan 15.00 verður Unnar Örn með listamannaspjall um sýningu sína, Brotabrot úr afrekasögu óeirðar: II hluti, en í sýningunni hefur Unnar Örn gert Listasafn ASÍ að vettvangi óeirðar.

### Samkoma

**19.00** Spilað verður bridds í Breiðfirðingabúð í dag klukkan 19.00. Allir velkomnir.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

# Hljómar vígja Hljómahöllina

**Mikil opnunarhátíð fer fram í dag þegar Hljómahöllin verður formlega opnuð.**

„Við erum stolt af því að Hljómar opni Hljómahöllina,“ segir Tómas Young, framkvæmdastjóri Hljómahallarinnar, sem er nýtt tónlistar- og menningarhús í Reykjanesbæ. Húsið verður formlega opnað í dag og af því tilefni verður blásið til veglegrar opnunarhátíðar. Húsið verður opið landsmönnum sunnudaginn 6. apríl á milli klukkan 14 og 19 en þá fara fram fjölmargir tónlistarviðburðir og húsið í heild sinni til sýnis.

Á opnunarhátíðinni koma fram auk Hljóma listamenn á borð við Valdimar Guðmundsson, Elízu Newman, Magnús og Jóhann og Magnús Kjartansson. „Þetta eru allt listamenn sem eru fæddir og uppaldir á svæðinu og því við hæfi að þessir listamenn komi fram og opni Höllina,“ bætir Tómas við.

Hlutverk Hljómahallar er að vera mikilvægur vettvangur fjölskrúðugs mannlífs, ráðstefnuhalds, funda og menningarviðburða í Reykjanesbæ. Félagsheimilið Stapi er hluti af Hljómahöll og þjónar áfram sínu hlutverki. Auk þess er nýtt Rokksafn Íslands og Tónlistarskóli Reykjanesbæjar hluti af Hljómahöll. **- glp**




**HLJÓMAHÖLLIN** Formleg opnunarhátíð fer fram í dag og kemur fjöldi listamanna fram. MYND/EINKASAFN




## Þrá að syngja í Game of Thrones

**Óma Rómar** söngur **900-9506**

Fullt nafn: **Harpa Björk Birgisdóttir, Hulda Margrét Birkisdóttir, Jón Gauti Skarphéðinsson, Ólafur Freyr Birkisson**

***Af hverju á fólk að kjósa ykkur?***
*Af því að við bjóðum upp á eitthvað nýtt og þorum að vera öðruvísi. Við erum að taka eitthvað alíslenskt og setja það í nýjan búning, hressa upp á það.*

***Hver er draumurinn?***
*Að fá að syngja í Game of Thrones því það væri bara svo svalt!*

***Uppáhaldslistamaður/menn?***
*Harpa: Guðmundur Óli Gunnarsson, stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands með meiru.*
*Hulda: RadioHead*
*Jón Gauti: Daft Punk, Prodigy, MSTRKRFT, Pendulum, Úlfur úlfur*
*Óli: AC/DC, Queen, Rammstein*

***Hvaða lag takið þið í karókí?***
*Harpa: Lady in Red*
*Hulda: I Love Rock and Roll*
*Jón Gauti: Climax með Usher*
*Óli: The Boys are Back in Town*

***Jón Jónsson eða Þórunn Antonía?***
*Harpa og Óli: Þórunn Antonía.*
*Hulda: Jón Jónsson.*
*Jón Gauti: Jón ef hann hefði hárið hennar Þórunnar.*



## Tekur Elvis í karókí

**Ásta Birna** söngur **900-9503**

Fullt nafn: **Ásta Birna Orellana Björnsdóttir**
Aldur: **31 árs**
Starf: **Mamma, skrifstofudama og námsmaður**

***Af hverju á fólk að kjósa þig?***
*Af því að ég yrði þeim óendanlega þakklát! Það að fá að syngja hefur alltaf reynst mér svo fjarlægur draumur vegna sviðskrekks, en þessi reynsla hefur gefið mér miklu meira en ég þorði nokkurn tímann að vona.*

***Hver er draumurinn?***
*Ég er að upplifa hann núna. Söngur og tónlist er mér allt á eftir fjölskyldunni.*

***Uppáhaldslistamaður/menn?***
*Á í rauninni engan uppáhalds, það eru bara svo rosalega margir flottir þarna úti, en ef ég yrði að velja þá væru það Adele, Eva Cassidy, Bubbi og Vilhjálmur Vilhjálmsson.*

***Hvaða lag tekur þú í karókí?***
*Love Me Tender með Elvis, sjúklega einfalt en svo yndislega fallegt!*

***Hvaða minning stendur upp úr úr Ísland Got Talent?***
*Þegar ég kláraði lagið mitt í Austurbænum, fólkið stóð upp og klappaði. Svo byrjuðu dómararnir að tala og ég var engan veginn undirbúin fyrir þau hlýju orð sem þau létu falla. Þetta var það erfiðasta sem ég hef gert á ævinni, en jafnframt það skemmtilegasta.*



## „Þú ert komin með fjögur glæsileg Já!“

**Laufey Lín** söngur og píanó **900-9504**

Fullt nafn: **Laufey Lín Jónsdóttir**
Aldur: **14 ára**

***Af hverju á fólk að kjósa þig?***
*Til að hjálpa draumi mínum að rætast.*

***Hver er draumurinn?***
*Að verða söngkona og tónlistarmaður og ferðast um heiminn.*

***Uppáhaldslistamaður/menn?***
*Erfitt að velja, en Ella Fitzgerald, Alicia Keys, Beyonce og Jacqueline Du Pre standa upp úr þessa dagana.*

***Hvaða minning stendur upp úr úr Ísland Got Talent?***
*Þegar Þórunn Antonía sagði: „Þú ert komin með fjögur glæsileg Já!“*

***Jón Jónsson eða Þórunn Antonía?***
*Það er ómögulegt að velja, þau eru bæði í miklu uppáhaldi hjá mér!*



# BERJAST Í BEINNI ÚTSENDINGU

Annar undanúrslitaþáttur af Ísland Got Talent er í beinni útsendingu á Stöð 2 annað kvöld. Fréttablaðið kynntist aðeins betur keppendunum sjö sem kljást um að komast í úrslitaþáttinn.

## Bubbi tilbað mig sem jójó gúrú

**Páll** jójó **900-9505**

Fullt nafn: **Páll Valdimar Guðmundsson Kolka**
Aldur: **22 ára**
Starf: **Pitsubakari/vaktstjóri og Jójómeistari**

***Af hverju á fólk að kjósa þig?***
*Ef fólki finnst atriðið mitt flott þá ætti það að kjósa það.*

***Hver er draumurinn?***
*Draumurinn breytist í sífellu en akkúrat núna er það að starta jójósenu á Íslandi.*

***Uppáhaldslistamaður/menn?***
*Svo margir ... Akkúrat núna er það Mammút í tónlist. Hef alltaf verið mikill Van Gogh-aðdáandi í myndlist, Starry Night er eitt af mínum uppáhaldsverkum.*

***Hvað er erfiðast við atriðið þitt?***
*Fellibylur í húfu eða corocoro, þetta eru jójóslangurorð fyrir erfiðustu trikkin mín í atriðunu.*

***Hvaða minning stendur upp úr úr Ísland Got Talent?***
*Bubbi að tilbiðja mig á sviði sem jójó gúrú.*



## Rosaánægð með hvort annað

**Höskuldur og Margrét** dans **900-9507**

Fullt nafn: **Höskuldur Þór Jónsson og Margrét Hörn Jóhannsdóttir**
Aldur: **15 ára**

***Uppáhaldsmatur?***
*Höskuldur: Humar og nautalundir með sósunni hennar mömmu.*
*Margrét: Eggaldinrúllurnar hans pabba og kjúklingaréttur hennar mömmu.*

***Besta minningin í Ísland Got Talent?***
*Fjögur STÓR JÁ.*

***Af hverju á fólk að kjósa ykkur?***
*Ef fólki finnst atriðið okkar flott, þá hjálpar hvert einasta atkvæði til í því að láta framtíðardrauma okkar rætast.*

***So You Think You Can Dance eða Dancing with the Stars?***
*Okkur finnst skemmtilegra að horfa á So You Think You Can Dance, þar sem þar er meiri fjölbreytni og værum alveg til í að taka þátt í þeirri keppni. En við værum líka sjálf alveg til í að dansa við stjörnurnar í Dancing with the Stars.*

***Bubbi eða Þorgerður Katrín?***
*Nei takk ... við erum rosa ánægð með hvort annað.*








## Gígantískur styrkur

**Ásta Kristín** súlufimi **900-9501**

Fullt nafn: **Ásta Kristín Marteinsdóttir**
Aldur: **22 ára.**
Starf: **Aðstoðarþjálfari hjá Pole Sport, dúla og mamma.**

***Hver er draumurinn?***
*Draumurinn minn er að geta lifað á því að gera það sem ég elska að gera og það sem ég elska að gera er að sýna listir á súlu.*

***Uppáhaldslistamaður/menn?***
*Mínar helstu fyrirmyndir eru bara hinir og þessir úr súluheiminum, það er enginn uppáhalds en alveg fullt af fólki samt sem áður sem ég lít upp til.*

***Hvað er erfiðast við atriðið þitt?***
*Styrkurinn sem þarf til þess að gera svona rútínu er gígantískur þannig að ég myndi segja að æfingarnar séu það erfiðasta.*



## Bæði hæfur rappari og kynvera

**Helga Haralds** söngur **900-9502**

Fullt nafn: **Helga Haraldsdóttir**
Aldur: **21 árs**

***Hver er draumurinn?***
*Að eignast bolabít af því hann lætur og hrýtur eins og ég.*

***Hvaða lag tekur þú í karókí?***
*Ég mundi taka P.I.M.P. Þar get ég bæði sýnt fram á það að ég sé gríðarlega hæfur rappari en á sama tíma kynvera.*

***Hvaða minning stendur upp úr úr Ísland Got Talent?***
*Þegar ég faðmaði Auðun Blöndal fyrst. Það var vandræðilegt en þess virði!*

***Jón Jónsson eða Þórunn Antonía?***
*Við yrðum svooo gott tríó!*



# SUMAR - LAGERSALA
## mið. 2. apríl - þri. 8. apríl

# Á ÚTIVISTAR- & GOLFFATNAÐI

# ALLT AÐ AFSLÁTTUR 80%



**STORMUR** -80%
Dömu vindjakki.
**Verð: 3.398 kr**
~~Verð: 27.990 kr~~



**SIGRA** -70%
Dömu 2ja laga golfjakki.
**Verð: 9.990 kr**
~~Verð: 34.990 kr~~



**RÖKKVA** -60%
Dömu/herra golfbuxur.
**Verð: 9.990 kr**
~~Verð: 16.990 kr~~



**HARKA** -60%
Herra cotton canvas jakki.
**Verð: 7.996 kr**
~~Verð:19.990 kr~~



**DIMMA** -70%
Herra golfbuxur.
**Verð 3.990 kr.**
~~Verð 13.990 kr.~~



**STORMUR** -80%
Herra vindjakki.
**Verð 3.398 kr.**
~~Verð: 16.990 kr.~~

**OPNUNARTÍMI LAGERSÖLU**
**2. apríl - 8. apríl**

| | |
|---|---|
| Virka daga | kl. 12:00 - 19:00 |
| Laugardag | kl. 11:00 - 18:00 |
| Sunnudag | kl. 12:00 - 18:00 |

**FACTORY STORE**
Nýbýlavegur 6 - 200 Kópavogur - s: 412 5869



ZO•ON ICELAND

www.zo-on.is

Tilboðin gilda frá 1. apríl - 8.apríl 2014


KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
FRÁBÆRT VERÐ!
ÍSLENSKT
1398 kr. kg
Krónu Hamborgarhryggur
31% afsláttur
1498 kr. kg
Verð áður ~~2197~~ kr. kg
Grísalundir
ÍSLENSKT
GRÍSAKJÖTS-ÚTSALA
25% afsláttur
30% afsláttur
23% afsláttur
ÍSLENSKT
749 kr. kg
Verð áður ~~998~~ kr. kg
Grísasíður pörusteik
ÍSLENSKT
1189 kr. kg
Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísahnakki úrbeinaðar sneiðar
ÍSLENSKT
998 kr. kg
Verð áður ~~1298~~ kr. kg
Grísahryggur m/pöru
26% afsláttur
25% afsláttur
20% afsláttur
ÍSLENSKT
1098 kr. kg
Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Grísagúllas
ÍSLENSKT
1098 kr. kg
Verð áður ~~1469~~ kr. kg
Grísakótilettur
ÍSLENSKT
679 kr. kg
Verð áður ~~849~~ kr. kg
Grísahakk
Krónan Árbæ · Krónan Bíldshöfða · Krónan Breiðholti · Krónan Granda · Krónan Hvaleyrarbraut · Krónan Lindum · Krónan Mosfellsbæ · Krónan Reykjavíkurvegi · Krónan Vallakór · Krónan Akranesi · Krónan Reyðarfirði · Krónan Selfossi · Krónan Vestmannaeyjum
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is



# Páskatvenna

4x2L Coke, Coke light eða Coke zero og Freyju rísegg nr. 4*




**1398** kr. tvennan

Páskatvenna

* Gildir um 4x2L Coke®, Coke light® eða Coke zero® á meðan birgðir endast.

facebook.com/kronan.is



# 15% afsláttur af öllu kaffi

# KAFFI dagar

STANDA TIL 9. APRÍL



# KAFFILEIKUR

## Veglegir vinningar

6 x Dolce Gusto Piccolo kaffivél
1 x Dolce Gusto Circolo

Margar veglegar gjafakörfur frá Lavazza, BKI, Te & kaffi, Kaffitár og Gevalia

**Kíktu á facebook-síðu Krónunnar til að taka þátt, dregið út daglega í heila viku!**

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# FÖNDRAÐU KOMDU SKIPULAGI Á SNÚRURNAR



**EINSTAKLEGA SNIÐUGT**
Um að gera að nýta gamlar þvottaklemmur í þetta verkefni.

**Það er fátt leiðinlegra en að vera með snúrur út um allt í flækju. Hér er einföld leið til að koma skipulagi á heyrnartólasnúrurnar. Ekki skemmir fyrir að auðvelt er að framkvæma verkefnið með hlutum sem finnast heima fyrir.**

1 **Athugið hvort endi heyrnartólasnúrunnar passi í gatið á hefðbundinni þvottaklemmu.**

2 **Finnið tvær þvottaklemmur sem eru ekki í notkun.**

3 **Skreytið þvottaklemmurnar, annaðhvort með límbandi eða litum.**

4 **Límið þvottaklemmurnar saman, og látið götin á þeim snúa hvort frá öðru. Með götum er átt við þau sem eru á þeim enda sem klemman er.**

5 **Leyfið líminu að þorna alveg – jafnvel yfir nótt.**

6 **Vefjið snúrunni um þvottaklemmurnar. Leikur einn!**

** Fengið af Buzzfeed.com*

*Lumar þú á einföldu og skemmtilegu verkefni sem hægt er að framkvæma sjálfur? Sendu það endilega á okkur á netfangið liljakatrin@frettabladid.is*

**visir.is**
Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á Lífinu á Visir.is



# Gælt við punginn

**?** Kæra Sigga Dögg. Stóra ástin í lífi mínu vill að ég sleiki punginn á honum en ég get ekki hugsað mér það því hann er svo loðinn. Af hverju vilja karlmenn láta kyssa eða gæla við punginn? Við stundum oft munnmök, bæði hann við mig og ég við hann, og við kyssum hvort annað frá hvirfli niður til táar. En ég vil ekki fá hár í munninn svo ég vil ekki gæla við punginn.

**SVAR** Sumir karlmenn vilja láta gæla við punginn og aðrir ekki, og þinn elskhugi er greinilega einn af þeim sem það kýs. Ef þér þykir eitthvað ógeðfellt í kynlífi þá er það alltaf þinn réttur að kjósa að taka ekki þátt í því. Ef þú ert alfarið á móti því að snerta punginn þá getur hann séð um það á meðan þið stundið kynlíf. Ef þú getur hugsað þér að gæla við hann með höndunum þá er hægt að örva punginn þannig og þá ættu hárin ekki að trufla þig á neinn hátt. Þú gætir prófað að setja smá sleipiefni á hendurnar og nuddað punginn til að gera upplifunina enn ánægjulegri. Ef þig langar að veita honum munnmök á punginn og hárin eru eina fyrirstaðan þá getur þú beðið hann um að fjarlægja þau, hvort sem er með vaxi eða rakstri. Þetta þurfið þið aðeins að ræða saman og velta fyrir ykkur möguleikunum og komast að niðurstöðu sem ykkur hugnast. Gangi ykkur vel.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is








## Sundföt fyrir sumarið

Á heimasíðu tískumerkisins Nasty Gal, nastygal.com, er hægt að finna ótalmörg, skemmtileg og flippuð sundföt fyrir sumarið. Bæði er hægt að kaupa þar bikiní og sundboli og er verðið á bilinu tíu til tuttugu þúsund krónur.

Sophia Amoruso stofnaði Nasty Gal árið 2006 en fyrst um sinn seldi hún aðeins „vintage“-vörur á uppboðssíðunni eBay. Í dag er merkið hins vegar orðið heimsþekkt og afar vinsælt og ekki skemmir fyrir að það sendir vörur til Íslands.

- lkg



**EKKERT AÐ PESSU** Geggjaður, hvítur sundbolur.


Málþing Náttúrulækningafélags Íslands – 8. apríl 2014

# Máttur matarins!

*Gott mataræði – betri heilsa - meiri lífsgæði*

Fræðslunefnd Náttúrulækningafélags Íslands efnir til málþings á Icelandair hótel Reykjavík Natura, þingsal 1, þriðjudaginn 8. apríl 2014 kl. 19:30.



- *Getur matur skapað sjúkdóma?*
- *Er sykur eitur fyrir líkamann?*
- *Má varast sjúkdóma með mataræði?*
- *Er matur vanmetinn sem leið til bættrar heilsu?*
- *Samsetning matarins, skiptir hún máli?*


Axel Sigurðsson


Sif Garðarsdóttir


Ragna B. Ingólfsdóttir


Tryggvi Þorgeirsson


Geir Gunnar Markússon


Sólveig Eiríksdóttir

Frummælendur:

Axel Sigurðsson, hjartalæknir
Má varast hjarta- og æðasjúkdóma með mataræði?

Sif Garðarsdóttir, heilsumarkþjálfi frá IIN
Rétta leiðin

Ragna Björg Ingólfsdóttir, ólympíufari og áður atvinnumaður í badminton
Breytt mataræði – sem leið til árangurs í íþróttum?

Tryggvi Þorgeirsson, læknir og lýðheilsufræðingur
Máttur skynseminnar í matarvali

**Fundarstjóri:** Geir Gunnar Markússon, næringarfræðingur á Heilsustofnun NLFÍ.
Auk frummælenda situr fyrir svörum Sólveig Eiríksdóttir á Gló.

Allir velkomnir. Aðgangseyrir kr. 2.000.
Frítt fyrir félagsmenn.



NÁTTÚRULÆKNINGAFÉLAG ÍSLANDS NLFÍ

Berum ábyrgð á eigin heilsu

## Húnarnir tóku forystuna



**KÖRFUBOLTI** Njarðvík komst í 1-0 forystu í einvíginu gegn Grindavík í undanúrslitum Dominos-deildar karla í körfubolta í gærkvöldi með sigri á Íslands- og bikarmeisturunum í Röstinni, 81-73.

Grindavík var mest 13 stigum yfir, 53-40, í þriðja leikhluta en Njarðvíkingar unnu upp muninn og komust yfir um miðjan síðasta fjórðunginn, 62-65. Þeir litu ekki um öxl eftir það og lönduðu sætum útisigri.

Tracy Smith Jr. virðist vera að vakna undir körfunni hjá Njarðvík en hann bauð upp á tröllatvennu með 19 stigum og 18 fráköstum en Ólafur Ólafsson var stigahæstur heimamanna með 18 stig auk þess sem hann tók 7 fráköst.

„Þetta er bara einn áfangi. Við ætlum ekki að tapa okkur. Það er virkilega sterkt að koma hingað og ná í þennan sigur en ef við ætlum að láta þetta telja þá verðum við að spila vel á mánudaginn,“ sagði Einar Árni, þjálfari Njarðvíkur. - tom

## Austurríkismenn lagðir að Ásvöllum

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar í íslenska landsliðinu í handbolta unnu þriggja marka sigur á Patreki Jóhannessyni og lærisveinum hans frá Austurríki, 37-34, í vináttulandsleik sem fram fór á Ásvöllum í Hafnarfirði í gærkvöld.

Eins og lokatölurnar gefa til kynna var mikið skorað og lítið um varnir og þ.a.l. lítið um markvörslu. Einbeitingarleysi gerði sér viðvart hjá báðum liðum og var stór hluti markanna skoraður úr hraðaupphlaupum.

Ísland var marki yfir í hálfleik, 18-17, en byrjaði svo vel í síðari hálfleik og náði fimm marka forskoti, 24-19. Austurríkismenn svöruðu því með fjórum mörkum í röð og þurfti Aron Kristjánsson að taka leikhlé. Forskotið var þó alltaf Íslendinga.

Aron Pálmarsson var frábær í leiknum en hann skoraði 10 mörk úr 11 skotum. Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 8 mörk og Arnór Atlason skoraði 7 mörk úr 7 skotum. Fullkomin skotnýting.

Liðin mætast öðru sinni í íþróttahúsinu í Ólafsvík á morgun. - tom



**FRÁBÆR** Aron Pálmarsson skoraði 10 mörk í 11 skotum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Komu ekki alltaf hreint fram við mig

Jakob Örn Sigurðarson lauk sínu fimmta tímabili með Sundsvall Dragons í vikunni. Mikið hefur gengið á hjá Drekunum en liðið er í miklum fjárhagsvandræðum og segir Jakob það hafa haft sín áhrif. Hann verður áfram hjá félaginu svo framarlega sem það stendur við sitt.

**KÖRFUBOLTI** „Þetta verður ansi langt sumarfrí. Maður verður að finna sér eitthvað að gera,“ segir Jakob Örn Sigurðarson, landsliðsmaður í körfubolta, í viðtali við Fréttablaðið en Jakob og félagar hans í sænska úrvalsdeildarliðinu Sundsvall Dragons voru sendir í sumarfrí á miðvikudagskvöldið. Liðið tapaði þá í fjórða leik átta liða úrslita deildarinnar gegn Uppsala Basket en einvígið fór 3-1 fyrir Uppsala.

„Við enduðum tveimur stigum fyrir ofan þá í deildinni en þeir voru mun betri en við í þessari seríu. Þeir voru betri í öllum leikjunum. Við náðum eiginlega bara að stela einum sigri. Í heildina eru þeir með betri mannskap og fleiri góða leikmenn,“ segir Jakob Örn, sem tapaði með Sundsvall í þriðja skiptið á fimm árum í átta liða úrslitum.

„Þetta gerist alltaf annað hvert ár. Fyrsta árið töpuðum við í 8-liða, svo fórum við í úrslit og unnum, eftir það töpuðum við í 8-liða, svo fórum við aftur í úrslit í fyrra og nú þetta aftur. Ef við förum ekki alla leið finnst okkur greinilega bara betra að láta henda okkur út strax,“ segir Jakob Örn kátur í bragði og hrærir í súpu sem hann er að elda fyrir fjölskylduna.

### Mjög erfitt fyrir áramót

Mikið gekk á hjá Drekunum á tímabilinu en félagið er í miklum fjárhagsvandræðum. Í lok október kom tilkynning frá sænska körfuknattleikssambandinu þar sem sagt var að Sundsvall fengi þrjá mánuði til að koma fjármálum sínum í lag ellegar fengi félagið ekki að taka þátt í deildinni næsta vetur. Með liðinu leika tveir aðrir Íslendingar, Hlynur Bæringsson og Ægir Þór Steinarsson.

„Þetta er búið að vera bölvað strögl – jafnt innan sem utan vallar. Kaninn fór heim eftir fjóra leiki og við spiluðum þetta bara á okkur Íslendingunum og Svíum. Það var mikið af ungum strákum sem var hent í djúpu laugina. Miðað við það getum við verið sáttir við árangurinn í deildinni,“ segir Jakob Örn, en utan vallar áttu leikmennirnir eðlilega erfitt.

„Þetta var aðallega erfitt fyrir jól, svona fyrst þegar þetta gerðist og í svona einn og hálfan mánuð eftir það. Eftir jól komumst við yfir þetta og byrjuðum að spila vel. Þá voru menn hættir að spá í þetta en menn eru samt alltaf að tala um þetta sín á milli. Það var í gangi allt árið.“

### Svikin loforð

Þrátt fyrir erfiðleika í fjármálum stóðu forsvarsmenn Drekanna við sitt þegar kom að útborgun í hverjum mánuði en það skiptir fjölskyldumann eins og Jakob miklu máli. „Þeir borguðu alltaf sitt og ég gerði auðvitað mitt. Þegar maður er með fjölskyldu hugsar maður fyrst um hana,“ segir hann.

Jakob er búinn að vera hjá Sundsvall í fimm ár og hefur liðið vel enda lykilmaður og algjör stjarna í deildinni. Samskiptin hafa verið góð á milli hans og yfirmanna félagsins en breyting varð á þegar þeir sögðu ekki alltaf satt og rétt frá í tengslum við peningamál félagsins.

„Það var nú stundum ekkert komið hreint og beint fram við mann. Það er svona það sem maður er helst svekktur með. Það var alltaf sagt að nú færi eitthvað að gerast eins og með styrktaraðila en það gerðist ekkert. Ég er búinn að vera hérna í fimm ár og fannst ég verðskulda meiri hreinskilni. Fyrstu árin hérna hafa verið fín en þetta er svona fyrsta árið sem mér fannst maður ekki vera að hugsa um alveg réttu hlutina. Maður var að láta hluti sem ekki eiga að hafa áhrif á mann gera það. Sérstaklega þar sem maður er með fjölskyldu,“ segir Jakob Örn.

### Verður samt áfram

Þrátt fyrir samskiptabresti og erfiðleika utan vallar ætlar Jakob að vera áfram hjá Sundsvall á næsta tímabili hafi félagið áhuga og tök á því að halda honum.

„Ég er með samning út apríl núna og svo út næsta tímabil. Í rauninni verð ég áfram nema þeir geri ekki upp við mig. Ég er með klausu í samningnum um að ef þeir standi ekki við sitt innan ákveðins tíma geti ég farið. Eins og er þá verð ég áfram hjá liðinu – það er bara undir þeim komið hvað þeir gera. Ef þeir standa sig þá verð ég áfram,“ segir Jakob, sem hefur annars ekki miklar áhyggjur af því að finna sér nýtt lið í Svíþjóð enda árlega kjörinn einn af bestu leikmönnum deildarinnar.

„Maður kíkir ekkert í kringum sig þegar maður er með samning í körfuboltanum. Þetta er kannski aðeins öðruvísi en í öðrum íþróttum. Ég er samt alveg rólegur og hef engar áhyggjur af því ef ég þarf að finna mér lið í Svíþjóð. Ég er held ég með alveg nógu gott orðspor hérna í Svíþjóð og ætti að geta fundið mér nýtt lið,“ segir Jakob Örn Sigurðarson. tom@frettabladid.is



**ERFITT** Jakob Örn Sigurðarson er kominn í sumarfrí eftir erfitt tímabil utan vallar í Sundsvall. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Rosalega ánægður fyrir hans hönd



„Það var rosalega gaman að fylgjast með honum,“ segir Jakob Örn um bróður sinn, Matthías Orra Sigurðarson, sem spilaði með ÍR í Dominos-deildinni í vetur og stóð sig frábærlega á sínu fyrsta ári sem byrjunarliðsmaður í efstu deild.

Matthías Orri fékk stórt hlutverk í ÍR-liðinu sem leikstjórnandi en hann spilaði ríflega 35 mínútur í leik og skoraði 16,8 stig að meðaltali auk þess sem hann var 7. stoðsendingahæstur í deildinni með 6,7 slíkar að meðaltali í leik.

„Ég er rosalega ánægður fyrir hans hönd. Hann var svolítið vonsvikinn í byrjun að geta ekki spilað fyrir KR en hann má vera stoltur af tímabilinu og ég held hann hafi komið mörgum á óvart. Mér finnst þetta mjög góð frammistaða á fyrsta tímabili,“ segir Jakob Örn um hinn 19 ára gamla bróður sinn.

ÍR-liðið spilaði einstaklega vel eftir áramót og var með fjórða besta árangurinn í deildinni auk þess sem það fór alla leið í bikarúrslitin þar sem það tapaði fyrir Grindavík.

„Hann fékk mikið traust og spilaði mikið fyrir áramót. Þetta var svona upp og niður hjá honum fyrir jól en af því hann fékk að spila mikið varð hann bara betri,“ segir Jakob Örn Sigurðarson.


# Röggi ehf.

Smiðshöfða 12 110 Reykjavík S: 586 8000

Eigum til á lager hinar vinsælu Robland sambyggðu vélar á góðum verðum.

Grunnverð 1.189.834 bjóðum 15% afslátt á vélum og aukahlutum framm að páskum.

**Fullt að flottum vörum á góðu verði fyrir iðnaðinn og handverkið.**




# Við ætlum að vinna

Ísland mætir Ísrael ytra í undankeppni HM 2015.

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið komst klakklaust á leiðarenda eftir langt ferðalag til Ísraels í vikunni en stelpurnar mæta Ísraelum í undankeppni HM 2015 klukkan 17.30 í dag. Þetta er þriðji leikur Íslands í undankeppninni og getur liðið skotist upp í annað sæti riðilsins með sigri.

„Leikmenn hafa verið að ná úr sér mestu ferðaþreytunni en nú eru allir frískir fyrir leikinn,“ sagði Freyr í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Það hefur komið á óvart hversu góðar aðstæðurnar eru. Við æfðum á velli í morgun sem er líklega sá besti sem ég hef stigið fæti á og þá er vel hugsað um okkur að öllu leyti,“ bætti hann við.

Ísland er talsvert hærra skrifað en lið Ísraels en Freyr varar við vanmati. „Við göngum í þetta verkefni með það fyrir augum að vinna þennan leik. Það verður ekki auðvelt enda liðið með sex stig í riðlinum og hefur ýmislegt fram að færa,“ segir Freyr. „Við þurfum að nálgast leikinn með virðingu fyrir andstæðingnum. En ég trúi því að ef við höldum einbeitingu allan leikinn og höfum trú á okkar eigin getu þá munum við klára þetta verkefni.“

Stelpurnar mæta næst Möltu ytra á fimmtudaginn. - esá



**GOTT Í ÍSRAEL** Það fer vel um landsliðið í hitanum í Ísrael. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## ÚRSLIT

### VINÁTTULANDSLEIKUR

**ÍSLAND - AUSTURRÍKI 37-34 (18-17)**

**Mörk Íslands (skot):** Aron Pálmarsson 10 (11), Guðjón Valur Sigurðsson 8/2 (10/2), Arnór Atlason 7 (7), Þórir Ólafsson 3 (5), Kári Kristján Kristjánsson 2 (2), Bjarki Már Gunnarsson 2 (3), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (5), Róbert Gunnarsson 1 (2), Stefán Rafn Sigurmannsson 1 (2), Snorri Steinn Guðjónsson 1 (3).

### DOMINO'S-DEILD KARLA

**UNDANÚRSLIT, 1. LEIKUR**

**GRINDAVÍK - NJARÐVÍK 73-81 (41-34)**

**Grindavík:** Ólafur Ólafsson 18/7 fráköst, Jóhann Á. Ólafsson 16/6 fráköst, Ómar Ö. Sævarsson 14/14 fráköst, Sigurður G. Þorsteinsson 10/14 fráköst, Lewis Clinch Jr. 10/5 fráköst, Jón Axel Guðmundsson 3, Hilmir Kristjánsson 2.

**Njarðvík:** Tracy Smith Jr. 19/18 fráköst, Elvar Már Friðriksson 18/10 stoðsendingar, Hjörtur H. Einarsson 16, Logi Gunnarsson 13/4 fráköst, Ólafur H. Jónsson 7/5 fráköst, Ágúst Orrason 6.

**visir.is**

Meira um leiki gærkvöldsins




| Sunnudag 19:45

# Taktu þátt og kjóstu besta atriðið!

Á sunnudagskvöldið sjáum við næstu sjö atriði sem eru komin áfram í Ísland Got Talent. Þátturinn verður í beinni útsendingu og þú getur haft áhrif með símakosningu á meðan þátturinn stendur yfir. Ekki missa af frábærum atriðum, stórskemmtilegum dómurum og spennandi símakosningu!

**Hverjir komast áfram á sunnudagskvöldið?**

Þeir sem taka þátt í símakosningunni eiga möguleika á því að vinna glæsilegt 50" LG sjónvarp frá Sjónvarpsmiðstöðinni og frábæran LG G Flex snjallsíma. Öll símanúmer sem hringt er úr fara í pott og haft verður samband við vinningshafa.

**Í hvert skipti sem þú kýst aukast vinningslíkurnar!**

ÞÚ GETUR LÍKA UNNIÐ!




Fáðu þér áskrift! 365.IS

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 13.00
### Mikael Torfason – mín skoðun



Þjóðmálaþáttur í umsjá Mikaels Torfasonar, aðalritstjóra fréttamiðla 365, í opinni dagskrá. Í þættinum verða mikilvæg samfélagsmál krufin og þau rædd frá öllum hliðum. Sanngjarn og heiðarlegur þáttur fyrir alla sem láta sig þjóðmál á Íslandi varða. Meðal sérfræðinga þáttarins eru þau Elliði Vignisson, Svandís Svavarsdóttir, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Katrín Júlíusdóttir og Vigdís Hauksdóttir.

## Í KVÖLD



### Ísland Got Talent
**STÖÐ 2 KL. 19.45** Glæsilegur íslenskur sjónvarpsþáttur þar sem leitað er að hæfileikaríkustu einstaklingum landsins. Kynnir keppninnar er sjónvarpsmaðurinn góðkunni Auðunn Blöndal en dómarar eru Bubbi Morthens, Þórunn Antonía Magnúsdóttir, Jón Jónsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.



### Modern Family
**STÖÐ 2 GULL** kl. **19.25** Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.



### Real Sociedad - Real Madrid
**STÖÐ 2 SPORT** kl. **17.30** Bein útsending frá leik Real Sociedad og Real Madrid í spænsku úrvalsdeildinni.

## Bylgjan kl. 10.00
### Sprengisandur



Á Sprengisandi er leitað svara við spurningum sem brenna á þjóðinni. Þáttur sem vitnað er í. Stjórnmálamenn, sérfræðingar og spekingar eru tíðir gestir á Sprengisandi. Sigurjón M. Egilsson ræðir mál sem skipta okkur öll máli.






## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**10.05 Victorious**
**10.30 Nágrannar**
**12.15 60 mínútur**
**13.00 Mikael Torfason – mín skoðun** Þjóðmálaþáttur í umsjá Mikaels Torfasonar, aðalritstjóra fréttamiðla 365, í opinni dagskrá. Í þættinum verða mikilvæg samfélagsmál krufin og þau rædd frá öllum hliðum. Sanngjarn og heiðarlegur þáttur fyrir alla sem láta sig þjóðmál á Íslandi varða. Meðal sérfræðinga þáttarins eru þau Elliði Vignisson, Svandís Svavarsdóttir, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Katrín Júlíusdóttir og Vigdís Hauksdóttir.
**13.50 Spurningabomban**
**14.40 Heimsókn**
**15.05 Modern Family**
**15.35 Léttir sprettir**
**16.05 Um land allt**
**16.40 Geggjaðar græjur**
**17.00 Ísland Got Talent**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Sportpakkinn**
**19.10 Steindinn okkar**
**19.45 Ísland Got Talent**
**21.00 Mr. Selfridge** *(8:10)*
**21.50 The Following** *(11:15)* Önnur þáttaröðin af þessum spennandi þáttum en síðasta þáttaröð endaði í mikilli óvissu um afdrif fjöldamorðingjans Carroll og einnig söguhetjunnar Ryan Hardy.
**22.35 Shameless** *(3:12)*
**23.30 60 mínútur**
**00.15 Mikael Torfason – mín skoðun**
**01.00 Daily Show: Global Edition**
**01.25 Nashville**
**02.10 The Politician's Husband**
**03.10 The Americans**
**03.55 American Horror Story: Asylum**
**04.40 Red Lights**

## STÖÐ 3

**06.15 Tónlistarmyndbönd**
**10.45 Simpson-fjölskyldan**
**11.05 Friends**
**11.30 Mindy Project**
**11.50 Suburgatory**
**12.10 Glee**
**12.55 Hart of Dixie**
**13.35 Gossip Girl**
**14.20 The Carrie Diaries**
**15.00 Pretty Little Liars**
**15.45 Top 20 Funniest**
**16.30 Amazing Race**
**17.15 Lying Game**
**17.55 Men of a Certain Age**
**18.40 The New Normal**
**19.00 Bob's Burgers**
**19.25 American Dad** *(12:18)*
**19.45 The Cleveland Show** *(10:22)*
**20.05 Unsupervised** *(12:13)*
**20.25 Brickleberry** *(2:13)*
**20.45 Bored to Death** *(3:8)*
**21.10 The League** *(6:13)*
**21.30 Deception** *(5:11)*
**22.10 Glee 5**
**22.50 The Vampire Diaries**
**23.30 Bob's Burgers**
**23.50 American Dad**
**00.10 The Cleveland Show**
**00.30 Unsupervised**
**00.50 Brickleberry**
**01.10 Bored to Death**
**01.35 The League**
**01.55 Deception**
**02.40 Tónlistarmyndbönd**

## SPORT *besta sætið*

**10.20 AZ Alkmaar - Benfica**
**12.00 Evrópudeildarmörkin 2013/2014**
**12.50 Barcelona - Real Betis**
**14.30 Barein** Bein útsending
**17.30 Real Sociedad - Real Madrid** Bein útsending
**19.10 NBA: Bballography. Auerbach**
**19.35 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Dortmund**
**21.15 Meistaradeildin - meistaramörk**
**21.45 Barein**
**00.05 Meistaradeild Evrópu: PSG - Chelsea**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.00 Hull - Swansea**
**10.40 Man. City - Southampton**
**12.20 Everton - Arsenal** Bein útsending
**14.50 West Ham - Liverpool** Bein útsending
**17.00 Newcastle - Man. Utd.**
**18.40 Everton - Arsenal**
**20.20 West Ham - Liverpool**
**22.00 Chelsea - Stoke**
**23.40 Cardiff - Crystal Palace**
**01.20 Aston Villa - Fulham**

## Krakkastöðin

**07.00** Skógardýrið Húgó **07.23** Latibær **07.47** Ævintýraferðin **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Hvellur keppnisbíll **09.55** UKI **10.00** Brunabílarnir **10.22** Ævintýri Tinna **10.47** Hello Kitty **10.52** Tom and Jerry **11.00** Skógardýrið Húgó **11.22** Latibær **11.46** Ævintýraferðin **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Hvellur keppnisbíll **13.55** UKI **14.00** Brunabílarnir **14.23** Ævintýri Tinna **14.45** Hello Kitty **14.53** Tom and Jerry **15.00** Skógardýrið Húgó **15.22** Latibær **15.46** Ævintýraferðin **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Hvellur keppnisbíll **17.55** UKI **18.00** Brunabílarnir **18.23** Ævintýri Tinna **18.45** Hello Kitty **18.53** Tom and Jerry **19.00** Dýrafjör **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**18.05 Strákarnir**
**18.35 Friends**
**19.00 Seinfeld**
**19.25 Modern Family** *(4:24)*
**19.50 Two and a Half Men** *(8:23)*
**20.15 Viltu vinna milljón?** *(24:30)*
**21.00 Twenty Four** *(6:24)*
**21.40 Twenty Four** *(7:24)*
**22.25 Krøniken**
**23.30 Ørnen**
**00.30 Ally McBeal**
**01.15 Viltu vinna milljón?**
**01.55 Krøniken**
**03.00 Ørnen**
**04.00 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**09.50 Office Space**
**11.20 The Marc Pease Experience**
**12.45 Try Seventeen**
**14.20 Good Night, and Good Luck**
**15.55 Office Space**
**17.25 The Marc Pease Experience**
**18.50 Try Seventeen**
**20.25 Good Night, and Good Luck**
**22.00 Source Code**
**23.35 The Vow**
**01.20 James Dean**
**02.55 Source Code**

## RÚV

**07.00 Morgunstundin okkar**
**10.15 Alla leið** *(1:5)*
**11.00 Sunnudagsmorgunn**
**12.10 Skólahreysti** *(1:6)*
**12.55 Söngkeppni framhaldsskólanna 2014**
**14.25 Fum og fát**
**14.30 Svipmyndir frá Noregi**
**14.40 Meistaramót Íslands í badminton** Bein útsending frá úrslitum á Meistaramóti Íslands í badminton sem fram fer í Hafnarfirði.
**16.40 Leiðin á HM í Brasilíu** *(5:16)*
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 Stella og Steinn**
**17.33 Friðþjófur forvitni**
**17.56 Skrípin**
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Hvolpafjör**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.40 Landinn** Frétta- og þjóðlífsþáttur í umsjón fréttamanna um allt land. Ritstjóri er Gísli Einarsson og um dagskrárgerð sér Karl Sigtryggsson.
**20.10 Brautryðjendur** *(8:8)*
**20.40 Stundin** *(3:6) (The Hour II)*
**21.35 Afturgöngurnar** *(8:8)*
**22.30 Ástarsorgir** *(Kærestesorger)*
**00.30 Sunnudagsmorgunn**
**01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**11.45 Dr. Phil**
**13.45 Once Upon a Time**
**14.30 7th Heaven**
**15.10 90210**
**15.50 Parenthood**
**16.35 Friday Night Lights**
**17.15 Ice Cream Girls**
**18.00 The Good Wife**
**18.50 Hawaii Five-0**
**19.40 Judging Amy** *(10:23)*
**20.25 Top Gear** *(4:7)*
**21.15 Law & Order** *(9:22)*
**22.00 The Walking Dead** *(14:16)* Þættir sem hafa slegið öll fyrri áhorfsmet áskriftarstöðva í Bandaríkjunum.
**22.45 The Biggest Loser - Ísland**
**00.35 Elementary**
**01.25 Scandal**
**02.10 Pig Farm**
**03.00 Beauty and the Beast**
**03.45 The Walking Dead**
**04.30 The Tonight Show**
**05.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV **12.25** Vitesse - AFC Ajax **14.25** Vitesse - AFC Ajax **16.25** Borussia Dortmund - Vfl Wolfsburg **18.25** Heerenveen - PSV Eindhoven **20.25** Vitesse - AFC Ajax **22.25** RKC Waalwijk - AFC Ajax **00.25** Motors TV

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **13.00** LPGA Tour 2014 **16.00** Golfing World 2014 **17.00** PGA Tour 2014 **22.00** LPGA Tour 2014

## ÍNN

**14.00** Frumkvöðlar **14.30** Eldhús meistaranna **15.00** Vafrað um Vesturland **15.30** Stormað um Hafnarfjörð **16.00** Hrafnaþing **17.00** Stjórnarráðið **17.30** Skuggaráðuneytið **18.00** Árni Páll **18.30** Tölvur,tækni og kennsla. **19.00** Fasteignaflóran **19.30** Á ferð og flugi **20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín **22.00** Hrafnaþing **23.00** Reykjavíkurrölt **23.30** Eldað með Holta

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


FIND NEW ROADS™
CHEVROLET
FÁÐU MEIRA...
CRUZE
2.890.000.-
LT BENSÍN 1.8L
BEINSKIPTUR
Bíll á mynd: Chevrolet Cruze LTZ
BESTU KAUPIN!
ÖRYGGI OG RÍKULEGUR
STAÐALBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI
Fjölskyldubíllinn Cruze og metsölubíllinn Spark eru með ríkulegan staðalbúnað og jafnframt á sérlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn.
SPARK
1.790.000.-
LS BENSÍN 1.0L
BEINSKIPTUR
2014 IIHS TOP SAFETY PICK+
Chevrolet Spark hlaut hæstu einkunn í sínum flokki hjá Bílaöryggis-stofnun Bandaríkjanna
Bíll á mynd: Chevrolet Spark LTZ
Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.
Nánari upplýsingar á benni.is
Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000
Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330
Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# DAGSKRÁ

LAUGARDAGUR

## Selena Gomez



„Ég er mannleg og er ekki fullkomin. Ég geri mistök eins og aðrir en reyni að halda þeim út af fyrir mig, það er hluti af minni vinnu. Ég reyni að vera góð fyrirmynd fyrir krakkana.“

*Leikkonan Selena Gomez leikur eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni Another Cinderella Story sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld klukkan 19.45.*

## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

**MATTHÍAS MATTHÍASSON** TÓNLISTARMAÐUR



**Slaka mig niður** Ég horfi svolítið mikið á sjónvarp en er þó mest í þáttunum. Það er orðið standard að taka einn þátt á kvöldin eftir annasaman daga og slaka sig niður.



1 **Game of Thrones.** Þetta eru epískir og stórir, alvöru þættir. Ég kann vel við allan eldinn og sérstaklega vel við drekana því ég er mikill drekaunnandi.



2 **Breaking Bad.** Mér leist ekkert á þetta til að byrja með en gaf þessu séns og fíla þá nú í botn. Frábær leikur og vel skrifaðir þættir.



3 **Walking Dead.** Þetta eru frábærir dramaþættir og eru mjög vel skrifaðir. Þeir eru spennandi frá upphafi til enda og halda manni á tánum.

## FM 957 kl. 16.00

### Íslenski listinn



Íslenski listinn færir þér 20 vinsælustu lög landsins, lög líkleg til vinsælda, lög sem voru á toppnum fyrir 10 árum og fleira skemmtilegt. Þórunn Antonía stýrir Íslenska listanum.


Miðstöð íslenskra bókmennta

auglýsir eftir umsóknum um Nýræktarstyrki

Umsóknarfrestur rennur út 22. apríl 2014

Nýræktarstyrkir eru sérstakir styrkir til útgáfu á nýjum íslenskum skáldskap. Styrkjunum er ætlað að styðja við útgáfu á fyrstu verkum nýrra höfunda. Hér er átt við skáldverk í víðri merkingu þess orðs, sögur, ljóð, leikrit, eða eitthvað allt annað og leitað er eftir breidd og fjölbreytni í umsóknum.

Eyðublöð og nánari upplýsingar er að finna á www.islit.is

Miðstöð íslenskra bókmennta
Hverfisgötu 54, 101 Reykjavík, www.islit.is, s.552 8500





## STÖÐ 2

**06.10** **The Simpsons**
**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**10.15** **Tommi og Jenni**
**10.40** **Scooby-Doo!**
**11.00** **Batman**
**11.25** **Big Time Rush**
**11.50** **Bold and the Beautiful**
**13.35** **Ísland Got Talent**
**14.55** **Lífsstíll**
**15.15** **Stóru málin**
**15.50** **Steindinn okkar**
**16.30** **ET Weekend**
**17.15** **Íslenski listinn**
**17.45** **Sjáðu**
**18.15** **Hókus Pókus**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.55** **Modern Family**
**19.15** **Lottó**
**19.20** **Two and a Half Men** *(12:22)*
**19.45** **Another Cinderella Story**
**21.15** **Snitch** Spennumynd frá 2013 með Dwayne Johnson, Barry Pepper, Jon Bernthal og Susan Sarandon í aðalhlutverkum. Myndin er byggð á sönnum atburðum og fjallar um vörubílstjóra sem leggur allt í sölurnar til að bjarga unglingssyni sínum frá því að lenda í fangelsi fyrir dópsölu.
**23.10** **Immortals**
**01.00** **Harry Brown**
**02.40** **As Good as Dead**
**04.10** **Echelon Conspiracy**
**05.50** **Modern Family**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Slaktaumatölt**
**11.55** **Barein - Æfing 3** Bein útsending
**13.00** **Meistaradeild Evrópu: Man. Utd. - Bayern Munchen**
**14.50** **Formula 1 2014 - Tímataka** Bein útsending
**16.30** **Meistaradeildin - meistaramörk**
**17.00** **Evrópudeildarmörkin 2013/2014**
**17.50** **Real Sociedad - Real Madrid** Bein útsending
**20.00** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**20.25** **Barcelona - Real Betis**
**22.10** **NBA Special: Reggie Miller** Skemmtilegur heimildarþáttur frá NBA.
**23.00** **Indiana - Chicago**
**00.45** **Formula 1 2014 - Tímataka**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.05** **Messan**
**10.35** **Match Pack**
**11.05** **Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**11.35** **Man. City - Southampton** Bein útsending
**13.50** **Newcastle - Man. Utd.** Bein útsending
**16.20** **Chelsea - Stoke** Bein útsending
**18.30** **Cardiff - Crystal Palace**
**20.10** **Aston Villa - Fulham**
**21.50** **Hull - Swansea**
**23.30** **Norwich - WBA**
**01.10** **Newcastle - Man. Utd.**

## BÍÓ

**08.30** **The Big Year**
**10.10** **Life**
**12.00** **Bride and Prejudice**
**13.50** **Art of Getting By**
**15.15** **The Big Year**
**16.55** **Life**
**18.45** **Bride and Prejudice**
**20.35** **Art of Getting By**
**22.00** **Take This Waltz**
**23.55** **The Mesmerist**
**01.25** **Extract**
**02.55** **Take This Waltz**

## STÖÐ 3

**11.15** **Simpson-fjölskyldan**
**11.35** **Friends**
**12.00** **Mindy Project**
**12.20** **Suburgatory**
**12.40** **Glee**
**13.25** **Hart of Dixie**
**14.05** **Gossip Girl**
**14.50** **The Carrie Diaries**
**15.30** **Pretty Little Liars**
**16.15** **The Cleveland Show**
**16.35** **Junior Masterchef Australia**
**17.20** **American Idol**
**19.00** **Jamie's 30 Minute Meals**
**19.25** **Raising Hope** *(8:22)*
**19.50** **The Neighbors** *(20:22)*
**20.10** **Cougar town 4** *(14:15)*
**20.30** **Memphis Beat** *(7:10)*
**21.10** **Dark Blue**
**21.55** **Giv'em Hell Malone**
**23.25** **Universal Soldier Day of Reckoning**
**01.20** **Unsupervised**
**01.40** **Brickleberry**
**02.00** **Bored to Death**
**02.20** **The League**
**02.40** **Deception**
**03.20** **Jamie's 30 Minute Meals**
**03.45** **Raising Hope**
**04.05** **The Neighbors**
**04.25** **Cougar town 4**
**04.45** **Memphis Beat**
**05.30** **Dark Blue**

## Krakkastöðin

*__07.00__ Áfram Diego, áfram! __07.24__ Svampur Sveinsson __07.45__ Hvellur keppnisbíll __07.55__ UKI __08.00__ Ævintýri Tinna __08.25__ Brunabílarnir __08.47__ Hello Kitty __08.52__ Tom and Jerry __09.00__ Skógardýrið Húgó __09.23__ Latibær __09.47__ Ævintýraferðin __10.00__ Dóra könnuður __10.24__ Mörgæsirnar frá Madagaskar __10.46__ Doddi litli og Eyrnastór __10.55__ Sumardalsmyllan __11.00__ Áfram Diego, áfram! __11.24__ Svampur Sveinsson __11.45__ Hvellur keppnisbíll __11.55__ UKI __12.00__ Ævintýri Tinna __12.22__ Brunabílarnir __12.45__ Hello Kitty __12.53__ Tom and Jerry __13.00__ Skógardýrið Húgó __13.22__ Latibær __13.46__ Ævintýraferðin __14.00__ Dóra könnuður __14.24__ Mörgæsirnar frá Madagaskar __14.45__ Doddi litli og Eyrnastór __14.55__ Sumardalsmyllan __15.00__ Áfram Diego, áfram! __15.24__ Svampur Sveinsson __15.45__ Hvellur keppnisbíll __15.55__ UKI __16.00__ Ævintýri Tinna __16.22__ Brunabílarnir __16.45__ Hello Kitty__16.53__ Tom and Jerry __17.00__ Skógardýrið Húgó __17.22__ Latibær __17.46__ Ævintýraferðin __18.00__ Dóra könnuður __18.24__ Mörgæsirnar frá Madagaskar __18.45__ Doddi litli og Eyrnastór __18.55__ Sumardalsmyllan __19.00__ Ferðin til tunglsins __20.25__ Sögur fyrir svefninn*

## GULL

**17.15** **Strákarnir**
**17.45** **Friends**
**18.10** **Seinfeld**
**18.35** **Modern Family**
**19.00** **Two and a Half Men** *(7:23)*
**19.25** **The Practice** *(11:13)*
**20.10** **Footballers Wives** *(7:9)*
**21.00** **Twenty Four** *(4:24)*
**21.40** **Twenty Four** *(5:24)*
**22.25** **Entourage** *(6:12)*
**22.55** **Krøniken**
**23.55** **Ørnen**
**00.50** **The Practice**
**01.35** **Footballers Wives**
**02.25** **Entourage**
**02.55** **Tónlistarmyndbönd**

## Golfstöðin

**08.00** Golfing World 2014 **08.50** PGA Tour 2014 **11.50** Golfing World 2014 **12.40** LPGA Tour 2014 **15.40** Golfing World 2014 **16.30** Inside The PGA Tour 2014 **17.00** PGA Tour 2014 **22.00** LPGA Tour 2014

## RÚV

**07.00** **Morgunstundin okkar**
**10.20** **Stundin okkar**
**10.50** **Útsvar**
**11.50** **Brautryðjendur** *(Katrín Þorkelsdóttir og Dóra Hlín Ingólfsdóttir)*
**12.20** **Kiljan**
**13.00** **Söngkeppni framhaldsskólanna 2014** *(Undankeppni)*
**16.00** **Mit New York - Bjarke Ingels** *(Mín New York - Bjarke Ingels)*
**16.10** **Svipmyndir frá Noregi**
**16.15** **Fum og fát**
**16.20** **Landsleikur í handbolta karla** *(Ísland - Austurríki)* Seinni vináttulandsleikur Íslands og Austurríkis í handbolta karla.
**18.00** **Táknmálsfréttir**
**18.05** **Violetta**
**18.54** **Lottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.20** **Veðurfréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.40** **Alla leið** *(1:5)*
**20.30** **Söngkeppni framhaldsskólanna 2014** *(Úrslit)* Úrslit Söngkeppni framhaldsskólanna í beinni útsendingu úr Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Tólf framhaldsskólar víðsvegar að af landinu keppa til úrslita og kynnar verða hinir landskunnu hraðfréttamenn Benedikt Valsson og Fannar Sveinsson.
**22.05** **Hraðfréttir**
**22.15** **Leyndarlíf í Peacock**
**23.45** **Efnin**
**01.25** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**10.55** **Dr. Phil**
**12.15** **Judging Amy**
**13.00** **The Voice**
**15.15** **Top Chef**
**16.05** **Got to Dance**
**16.55** **Sean Saves the World**
**17.20** **The Biggest Loser - Ísland**
**19.20** **7th Heaven**
**20.00** **Once Upon a Time** *(13:22)* s
**20.45** **Beauty and the Beast** *(2:22)*
**21.25** **90210** *(13:22)*
**22.15** **The Social Network**
**00.15** **Trophy Wife**
**00.40** **Blue Bloods**
**01.25** **Californication**
**01.55** **Friday Night Lights**
**02.40** **Hawaii Five-0**
**03.30** **The Tonight Show**
**05.10** **The Borgias**
**05.55** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV **13.00** Bundesliga Highlights Show *(3.15)* **13.50** Dutch League - Highlights 2014 *(8.25)* **14.25** RKC Waalwijk - AFC Ajax **16.25** Borussia Dortmund - Vfl Wolfsburg **18.25** Heerenveen - PSV Eindhoven **20.35** Heerenveen - PSV Eindhoven **22.35** Borussia Dortmund - Vfl Wolfsburg **00.35** Motors TV

## ÍNN

**17.00** Reykjavíkurrölt **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Reykjavíkurrölt **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið **22.00** Árni Páll **22.30** Tölvur,tækni og kennsla. **23.00** Fasteignaflóran **23.30** Á ferð og flugi **00.00** Hrafnaþing

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

ego dekor

# NÝ SENDING AF HÚSGÖGNUM



EMORY tungusófi
Stærð: 310x164cm
Verð: 215.100,-



MADISON tungusófi
Stærð: 286x164cm
Verð: 188.100,-



NEW ENGLAND tungusófi
Stærð: 290x165cm
Verð: 199.750,-



STÆKKANLEG HNOTUBORÐ
160(248)x100cm Verð: 189.900,-
200(288)x110cm Verð: 209.000,-



CALISTO tungusófi
Stærð: 290x188cm
Verð: 212.400,-



SONATA armstóll
Verð: 29.900,-



ARIANA stóll
Verð: 32.900,-



DEVON stóll
Verð: 19.800,-



CHANARAL armstóll
Verð: 45.000,-

Opið mán-fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

### ÞJÓÐVERJAR HRIFNIR AF HERÐI SVEINSSYNI

Högni Egilsson, Sigtryggur Magnason, sviðakjammar og tónlistarhúsið Harpa prýða heila opnu í nýjasta tölublaði Rolling Stone Magazine í Þýskalandi. Myndaþátturinn er eftir ljósmyndarann Hörð Sveinsson, en sá hefur skapað sér nafn í Þýskalandi. Hann lauk til að mynda nýverið við myndband tónlistarmannsins Rea Garvey, sem gefinn er út í Þýskalandi. Hörður hefur látið að sér kveða í myndbandagerð og ljósmyndun á Íslandi og leikstýrði meðal annars myndbandi Hjaltalín við lagið I Feel You sem vakti mikla athygli. - ósk





„Eiginlega. Orðum þetta þannig að ég hef fengið fullnægingu í háloftunum. Ein. Og með einhverjum."

– FYRIRSÆTAN MIRANDA KERR ÞEGAR HÚN VAR SPURÐ Í BRESKA GQ HVORT HÚN VÆRI MEÐLIMUR Í HÁLOFTAKLÚBBNUM.

### VINSÆLUSTU VERKIN SÝND Á ÍTALÍU

Í kvöld sýnir Íslenski dansflokkurinn í Bolzano á Ítalíu. Boðið verður upp á þrjú ólík verk sem öll hafa slegið í gegn hjá áhorfendum og gagnrýnendum. Verkin eru Svanurinn eftir Láru Stefánsdóttur sem nýlega lét af störfum sem listrænn stjórnandi flokksins, Farangur eftir Valgerði Rúnarsdóttur sem frumsýnt var í febrúar síðastliðnum og verkið Grosstadtsafari eftir Norðmanninn Jo Strömgren sem samið hefur nokkur verk fyrir flokkinn á undanförnum árum. - ebg



### BLENDIN-APPIÐ VÆNTANLEGT

Íslenska djamm-appið Blendin verður aðgengilegt fyrir iPhone- og Android-notendur 11. apríl. Davíð Örn Símonarson, Kristján Ingi Mikaelsson, Ásgeir Vísir og Daníel Björn Sigurbjörnsson standa á bak við Blendin. Appið gerir þér kleift að fylgjast með hvar vinir þínir eru á djamminu. Fólk tékkar sig inn á skemmtistaði og þá er einnig hægt að sjá hvar manneskjan er inni á staðnum með hjálp GPS-tækninnar. - glp












# Nýtt barn, ný vinna

**Hallgrímur Ólafsson er bjartsýnn maður og lítur á uppsögn sína hjá Borgarleikhúsinu sem tækifæri auk þess sem hann á von á barni með unnustu sinni.**

„Það er bara spennandi að breyta til," segir leikarinn Hallgrímur Ólafsson en samningi hans við Borgarleikhúsið var rift í vikunni. „Þetta gerist oft þegar nýir leikhússtjórar byrja," bætir Hallgrímur við. Hann útskrifaðist frá Leiklistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2007 og fékk í kjölfarið fastráðningu hjá Leikfélagi Akureyrar. Þar var hann í ár og fyrir uppsögnina hafði hann verið fastráðinn hjá Borgarleikhúsinu síðan árið 2008.

„Maður er náttúrulega alltaf hissa þegar manni er sagt upp. En ég leit bara á þetta sem tækifæri, ég hef alveg verið að hugsa þetta í vetur," segir leikarinn sem velti því fyrir sér hvort það hefði verið kominn tími til þess að breyta til. „Það langar alla til að leika í Þjóðleikhúsinu," segir Hallgrímur en honum barst samningstilboð frá Þjóðleikhúsinu tæpum sólarhring eftir að honum var sagt upp.

Varðandi uppsögnina sjálfa segist Hallgrímur skilja þörf á breytingum mjög vel.

„Breytingar eru af hinu góða eins og dæmin sanna," segir Hallgrímur. „Minn tími í Borgarleikhúsinu var frábær og ég er búinn að vinna í mjög skemmtilegum verkefnum þar," en hinn ungi leikari lék meðal annars í sýningum á borð við Fólkið í blokkinni, Hótel Volkswagen, Gullregn og Óskasteinar.

Hallgrímur á nú von á öðru barni sínu með unnustu sinni, Matthildi Magnúsdóttur, en hann á eitt barn fyrir. „Þetta er rosalega spennandi," segir Hallgrímur sem á von á barninu í ágúst.

„Ég á eina fimmtán ára stelpu og síðan eigum við Matthildur saman einn þriggja ára strák," segir leikarinn knái sem hlakkar til framtíðarinnar.

baldvin@frettabladid.is



**JÁKVÆÐUR** Hallgrímur Ólafsson og unnusta eiga von á barni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Maður er náttúrulega alltaf hissa þegar manni er sagt upp. En ég leit bara á þetta sem tækifæri, ég hef alveg verið að hugsa þetta í vetur.**
>
> *Hallgrímur Ólafsson*

# Fer í buffalo-skónum á Selfoss

**Erpur Eyvindarson ætlar að gefa 800 Bar einstaka rommflösku en á staðnum er komið mikið safn með munum úr tónlistarsögunni. Hann kemur fram með nýrri hljómsveit.**

„Blaz er allavega kominn í buffalo-skóna og klár á Selfoss," segir rapparinn Erpur Eyvindarson, betur þekktur sem Blaz Roca en hann kemur fram á 800 Bar Selfossi í kvöld. Hann ætlar þó ekki aðeins að halda tónleika þar, því hann ætlar að afhenda staðnum einstaka rommflösku til ættleiðingar, en staðurinn er kominn með gott safn af merkilegum munum úr tónlistarlistarsögu Íslands. „Það er hellingur af flottu stöffi þarna. Þetta er að verða eitt flottasta tónlistarsafn landsins, til dæmis er mínípilsið sem Einar Ágúst klæddist í Eurovision á safni staðarins," bætir Erpur við.

„Þegar listamaður kemur að spila hjá okkur, þá kemur hann með hlut með sér. Ætlunin er að búa til flott safn sem hefur að geyma merkilega hluti úr tónlistarsögunni og því gott að fá þessa einstöku rommflösku frá Erpi, hann er jú andlit rommsins á Íslandi," segir Eiður Birgisson, eigandi 800 bars.

Erpur kemur fram með nýrri sveit sinni, Clanroca, og fleiri félögum.

800 Bar brann árið 2012 en hefur nú verið opnaður í sömu byggingu og Hótel Selfoss og er í mikilli sókn. „Ég ætli að brenna 800 Bar niður aftur í kvöld," bætir Erpur við léttur í lundu.

- glp



**FERÐABÚINN** Hanni Bach, trommari Skítamórals, afhendir hér Erpi Eyvindarsyni lyklana að borginni, Buffalo-skóna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# FLUG OG LEIKHÚS

**GULLNAR STUNDIR MEÐ FLUGFÉLAGI ÍSLANDS OG LEIKFÉLAGI AKUREYRAR**

Flug og miði
á Gullna hliðið
á aðeins
**26.250 kr.**
Takmarkaður sætafjöldi

Leikfélag Akureyrar kynnir:

## GULLNA HLIÐIÐ

eftir Davíð Stefánsson



Flug,
gisting í eina nótt
í tveggja manna herbergi
á Icelandair hótel Akureyri
og miði á Gullna hliðið
Verð frá
**33.950 kr.**
á mann

**FLUGFELAG.IS** | **VINGUMST:** facebook.com/flugfelag.islands

**FLUGFÉLAG ÍSLANDS MÆLIR MEÐ GULLNA HLIÐINU**, klassískri leiksýningu hjá Leikfélagi Akureyrar. Bókaðu leikhús-tilboð okkar norður, flugsæti og leikhússæti, hlið við hlið á sérdeilis upplífgandi tilboði. Lyftu upp sálinni með ljúfri kvöldstund í höfuðstað Norðurlands.

**PÁSKASÝNINGAR**

| | |
|---|---|
| 16. apríl | 20:00 |
| 17. apríl | 20:00 |
| 19. apríl | 20:00 |

Bókaðu með því að senda póst á **hopadeild@flugfelag.is** eða í síma **570 3075**.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ÍSLENSKA/SIA.IS FLU 68591 04/14

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla og Vesturbergi
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## NÆRMYND



## Willum Þór Þórsson

**Þingmaður Framsóknarflokksins**
**ALDUR** 51 árs

Willum Þór Þórsson alþingismaður komst í fréttirnar á dögunum þegar hann lagði fram frumvarp um að lögleiða fjárhættuspil á Íslandi en frumvarpið tekur mið af dönskum lögum.

Willum er einstaklega heill maður en hann þjálfaði mig í fótbolta samfleytt í sjö ár og þá nær maður að kynnast mönnum ágætlega. Hann er samkvæmur sjálfum sér og gríðarlega metnaðargjarn. Ef það er hægt að sigra á Alþingi þá treysti ég engum manni betur til þess. Hann stefnir á sigur og ég efast ekki um að minn maður láti meira í sér heyra á næstu misserum. Hann verður góður fyrir okkur Íslendinga á þingi.



***Guðmundur Benediktsson***
*Íþróttafréttamaður og vinur.*

Í fyrsta lagi er hann fallegur maður að utan sem innan og með gott hjartalag. Það er ekki fyrir tilviljun að hann hefur verið kosinn tvisvar með kynþokkafyllstu lærin á Íslandi. Hann er mikill markaskorari, sérstaklega þegar það kemur að því að búa til börn. Hann er mjög metnaðargjarn og þolir illa að tapa svo þegar maður spilaði við hann þegar við vorum yngri þá var hann mjög sniðugur að breyta reglunum svo að hann ynni.



***Stefán Arnarson***
*Íþróttafulltrúi KR og vinur.*

Hann er frábær fjölskyldufaðir og vinur vina sinna. Hann er hlýr og traustur með stórt hjarta. Willum virðist hafa endalausa ást að gefa sínum. Það er alltaf líf og fjör kringum hann og hann þrífst á því að hafa mikið að gera. Hann býr yfir mikilli réttlætiskennd og er bara einstakur maður í alla staði.



***Ása Brynjólfsdóttir***
*eiginkona.*


LG
BOGIÐ OLED SJÓNVARP
Heimsins fyrsta bogna OLED sjónvarpið
LG Life's Good
Sjónvarpsmiðstöðin
SÍÐUMÚLA 2 • WWW.SM.IS





Nýtt

**DRÖNA** kassar B33×D38, H33cm. Ýmsir litir **995,-/stk.**



Nýtt

**FÖRBLUFFAD** skaftpottur 1l. Gyllt/brúnt **2.990,-**



Nýtt

**ÅFJÄRDEN** handklæði B40×L70cm. Túrkís **1.290,-**
*Einnig til í fleiri stærðum og litum*



Nýtt

895,-

**TJENA** kassi með loki B27×D35, H20cm. Gult
*Einnig til bleikt og svart*

# Litríkt vor með nýjum áherslum



Nýtt

**OTTIL** púðaver B50×L50cm. Marglitt **1.990,-**
*Einnig til í fleiri litum*



Nýtt

**TUSENSKÖNA** rúmteppi B150×L250cm. Dökkgrátt **8.990,-**
*Einnig til B250×L250cm 13.990,-*



Nýtt

**SATSNING** línan. Túrkís
Skál Ø11, H8cm **495,-**
Kanna 21cl, H8cm **495,-**
*Einnig til svart*



Nýtt

**HYFS** kassar
Grátt **1.290,-/3 í setti**



Nýtt

995,-/4 í pk.

**OMFATTANDE** bjórglös 56cl. Glært gler



Nýtt

**FYEBO** borðlampi
Innbyggð LED lýsing
Túrkís **4.690,-**
*Einnig til hvítt og rautt*



Nýtt

395,-/stk.

**SINNLIG** ilmkerti í glasi H7,5cm. Ýmsir litir



Nýtt

**INGEBORG** handklæði B70×L140cm. Hvítt/túrkís
*Einnig til í fleiri stærðum*



Nýtt

**LILLARYD** rammi
Mynd B10×H15cm
Hvítt/gult **1.290,-**



Nýtt

**PALLRA** hirsla með loki. 100% endurunninn pappi Ø22, H15cm. Gult **2.990,-**



**SINNLIG** ilmsprittkerti. Appelsínugult **595,-/30 í pk.** *Einnig til í fleiri litum*



Nýtt

**OFFENTLIG** bakki. Ø43cm
Marglitt **1.690,-**

VEITINGASTAÐURINN

150,-
KYNNINGARTILBOÐ
Nýkreistur gulrótasafi ~~295,-~~



Nýtt

795,-

**KAVALKAD** steikarpanna Teflonhúðað. Ø24cm. Svart
*Hentar fyrir allar tegundir af hellum, nema spanhellur*

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2014